ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

Nr. 44

23. árgangur

18.8.2016

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2016/EES/44/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) . . . 1

2016/EES/44/02 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 218/2009 frá 11. mars 2009 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) . . . 42

2016/EES/44/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur (2014/350/ESB) . . . 81

2016/EES/44/04 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (2014/391/ESB) . . . 120

2016/EES/44/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. október 2014 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi (2014/738/ESB). . . . 151

2016/EES/44/06 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/877 frá 4. júní 2015 um breytingu á ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur. . . . 196

2016/EES/44/07 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1936 frá 8. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011. . . . 198

2016/EES/44/08 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1958 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 . . . 201

2016/EES/44/09 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1959 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 . . . 204

2016/EES/44/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/107 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki sýbútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 . . . 207

2016/EES/44/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/108 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki 2-bútanon, peroxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 209

2016/EES/44/12 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/109 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9 210

2016/EES/44/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/130 frá 1. febrúar 2016 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum 212

2016/EES/44/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/355 frá 11. mars 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi gelatín, kollagen og mikið unnar afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis 214

2016/EES/44/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2294 frá 9. desember 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til þess að fastsetja nýjan virkan hóp fóðuraukefna 221

2016/EES/44/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/46 frá 18. janúar 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir oxadixýl og spínetóram í eða á tilteknum afurðum 223

2016/EES/44/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/53 frá 19. janúar 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir díetófenkarb, mesótrión, metósúlam og pírimífosmetýl í eða á tilteknum afurðum 237

2016/EES/44/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/60 frá 19. janúar 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórpýrifos í eða á tilteknum afurðum 265

2016/EES/44/19 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/67 frá 19. janúar 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, klórþalóníl, dífenýlamín, flóníkamíð, flúasínam, flúoxastróbín, halauxifenmetýl, própamókarb, próþíókónasól, þíaklópríð og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum 282

2016/EES/44/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/75 frá 21. janúar 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosetýl í eða á tilteknum afurðum 331

2016/EES/44/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/143 frá 18. janúar 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar COS-OGA, serevísan, kalsíumhýdroxíð, lesitín, víðibörk, edik, frúktósa, pepínómósaíkveiru af stofni CH2, einangur 1906, *Verticillium albo-atrum*, einangur WCS850 og *Bacillus amyloliquefaciens* subsp. *plantarum*, stofn D747. 344

2016/EES/44/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/71 frá 26. janúar 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-metýlsýklóprópen, flóníkamíð, flútríafól, indólýlediksýru, indólýlsmjörsýru, petoxamíð, pírimíkarb, próþíókónasól og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum 347

2016/EES/44/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1005 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir blý í tilteknum matvælum 394

2016/EES/44/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1006 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í matvælum 399

2016/EES/44/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/54 frá 19. janúar 2016 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu gamma-glútamýlvalýlglýsíns á skrá Sambandsins yfir bragðefni 402

2016/EES/44/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/55 frá 19. janúar 2016 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni 405

2016/EES/44/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/56 frá 19. janúar 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu 408

2016/EES/44/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/263 frá 25. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar fyrirsögn matvælaflokks 12.3 „Edik“. 411

2016/EES/44/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/441 frá 23. mars 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun stevíólglýkósíða (E 960) sem sætuefni í sinnep 413

2016/EES/44/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/178 frá 10. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins 415

2016/EES/44/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/129 frá 1. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið „hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt)“ 418

2016/EES/44/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/460 frá 30. mars 2016 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni 420

2016/EES/44/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/314 frá 4. mars 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 428

2016/EES/44/34 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (endurútgefin) 431

2016/EES/44/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/103 frá 27. janúar 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) 441

2016/EES/44/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/7 frá 5. janúar 2016 um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda 445

2016/EES/44/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/8 frá 5. janúar 2016 þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi 464

2016/EES/44/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2010 frá 11. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1708/2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs. 470

2016/EES/44/39 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. maí 2014 um viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi (2014/314/ESB) 472

2016/EES/44/40 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. apríl 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 µvar í ostrum (OsHV-1 µVar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu (2014/250/ESB). 493

2016/EES/44/41 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/887 frá 9. júní 2015 um viðurkenningu á áætluninni Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB 495

2016/EES/44/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 frá 20. febrúar 2015 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 498

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 216/2009 **2016/EES/44/01**

frá 11. mars 2009

um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur (endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2597/95 frá 23. október 1995 um að aðildarríki, sem stunda fiskveiðar á tilteknum svæðum utan Norður-Atlantshafs, leggi fram aflaskýrslur ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Þar eð um frekari breytingar verður að ræða ætti að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Evrópubandalagið er aðili að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

3) Í bókuninni sem ráð Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gerðu sín á milli er kveðið á um að framkvæmdastjórnin veiti Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna þær hagskýrslur sem farið er fram á.

4) Í samræmi við nálægðarregluna er einungis hægt að ná markmiðum fyrirhugaðra aðgerða á grundvelli réttargerðar Bandalagsins, þar sem það er eingöngu á færi framkvæmdastjórnarinnar að skipuleggja nauðsynlega samræmingu á tölfræðilegum upplýsingum innan Bandalagsins, en söfnun fiskveiðihagskýrslna og skipulagning á nauðsynlegum innviðum til að þróa og vakta áreiðanleika þessara hagskýrslna eru fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna.

5) Nokkur aðildarríki hafa farið fram á heimild til að leggja fram gögn sem eru með öðru sniði eða á öðrum miðli en mælt er fyrir um í V. viðauka (sem jafngildir Statlant-spurningalistunum).

6) Nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þessa reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um að beita framkvæmdarvaldi sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

7) Einkum ætti framkvæmdastjórnin að hafa heimild til að aðlaga skrár yfir fiskisvæði, eða deilisvæðahluta þeirra, og tegundir. Samþykkja verður ráðstafanir þessar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB þar eð þær eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hvert aðildarríki skal leggja fram gögn til framkvæmdastjórnarinnar um aflatölur skipa, sem eru skráð í því aðildarríki sem stundar fiskveiðar utan Norður-Atlantshafs, eða sigla undir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 16.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2009.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 13.11.1995, bls. 1.

([3]) Sjá VII. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

fána þess, að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna ([5]).

Aflatölurnar skulu innihalda allar fiskafurðir sem er landað eða umskipað á sjó, á hvaða formi sem er, en undanskilið er brottkast á afla við veiðar, neysla afla um borð eða notkun afla sem beitu um borð. Gögnin skulu gefin upp í lönduðu eða umskipuðu magni, reiknað í lifandi vigt, námunduð að næsta tonni.

2. gr.

1. Gögnin sem leggja á fram skulu vera aflatölur á helstu fiskisvæðum og deilisvæðahlutum þeirra sem skráð eru í I. viðauka, lýst í II. viðauka og skilgreind í III. viðauka. Í IV. viðauka eru skráðar tegundirnar sem á að leggja fram gögn fyrir vegna helstu fiskisvæða.

2. Gögn fyrir hvert almanaksár skulu lögð fram innan sex mánaða frá lokum almanaksársins.

3. Hafi skip aðildarríkja, sem falla undir 1. mgr., ekki veitt á einu af helstu fiskisvæðum á almanaksárinu, skal aðildarríkið upplýsa framkvæmdastjórnina um það. Þegar fiskveiðar hafa verið stundaðar á einu af helstu fiskisvæðunum þarf þó einungis að leggja fram gögn um tegundir/samsetningu deilisvæðahluta þar sem aflinn er skráður, á árlegu tímabili framlagningarinnar.

4. Ekki er nauðsynlegt að auðkenna gögn við framlagningu sérstaklega vegna tegunda sem skipta litlu máli, sem eru skip aðildarríkjanna veiða, en hægt er að telja þau með í samanlögðum lið, að því tilskildu að þyngd afurðanna sé ekki meiri en 5% af þyngd árlegs heildarafla á því helsta fiskisvæði.

5. Framkvæmdastjórnin getur breytt skránum yfir fiskisvæði, eða deilisvæðahluta þeirra, og tegundir.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

3. gr.

Aðildarríki skal hafa heimild til að nota sýnatökuaðferðir til að fá aflatölur frá þeim hluta flotans þar sem heildarsöfnun gagna myndi fela í sér óhóflega beitingu á stjórnsýslumeðferðum, nema þegar ákvæði sem samþykkt hafa verið samkvæmt sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni mæla gegn því. Upplýsingar um sýnatökuaðferðirnar, ásamt upplýsingum um hlutfall heildargagna sem fengin eru með slíkum aðferðum, skulu vera í skýrslunni sem aðildarríkið leggur fram skv. 1. mgr. 6. gr.

4. gr.

Aðildarríki skulu uppfylla skyldur sínar skv. 1. og 2. gr. með því að leggja fram gögnin á segulnæmum geymslumiðli á því sniði sem gefið er upp í V. viðauka.

Aðildarríki mega leggja fram gögn sem eru á því sniði sem lýst er í VI. viðauka.

Aðildarríki geta lagt gögnin fram á öðru sniði eða á öðrum miðli að fengnu fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun ráðsins 72/279/EBE [6], hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu leggja fram ítarlega skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 14. nóvember 1996 um það hvernig gögn um afla eru fengin og tilgreina hve dæmigerð og áreiðanleg þau eru. Framkvæmdastjórnin skal taka saman samantekt um þessar skýrslur til umræðna innan þar til bærs vinnuhóps nefndarinnar.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á upplýsingum, sem veittar eru skv. 1. mgr., innan þriggja mánaða frá því þær eru gerðar.

3. Skoða skal aðferðafræðilegar skýrslur, tiltækileika gagna og áreiðanleika gagna sem vísað er til í 1. mgr. og önnur tengd álitaefni sem tengjast beitingu þessarar reglugerðar, einu sinni á ári innan þar til bærs vinnuhóps nefndarinnar.

7. gr.

1. Reglugerð (EB) nr. 2597/95 er hér með felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skal lesa þær með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	A. VONDRA
forseti.	*formaður.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR HELSTU FISKISVÆÐI FAO OG DEILISVÆÐAHLUTA ÞEIRRA SEM SKYLT ER AÐ LEGGJA FRAM GÖGN UM

(Lýsingar á þessum svæðum og deilisvæðahlutum er að finna í II. viðauka)

MIÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 34)

34.1.1. Stranddeilisvæðið við Marokkó

34.1.2. Deilisvæðið við Kanaríeyjar og Madeira

34.1.3. Stranddeilisvæðið við Sahara

34.2. Svæðishluti í norðurúthafi

34.3.1. Stranddeilisvæðið undan Grænhöfða

34.3.2. Deilisvæðið við Grænhöfðaeyjar

34.3.3. Deilisvæðið Sherbro

34.3.4. Deilisvæðið við Vestur-Gíneuflóa

34.3.5. Deilisvæðið við Mið-Gíneuflóa

34.3.6. Deilisvæðið við Suður-Gíneuflóa

34.4.1. Deilisvæðið við Suðvestur-Gíneuflóa

34.4.2. Deilisvæði í suðvesturúthafi

MIÐJARÐARHAF OG SVARTAHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 37)

37.1.1. Deilisvæðið Balear-eyjar

37.1.2. Deilisvæðið Líonflói

37.1.3. Deilisvæðið Sardinía

37.2.1. Deilisvæðið Adríahaf

37.2.2. Deilisvæðið Jónahaf

37.3.1. Deilisvæðið Eyjahaf

37.3.2. Deilisvæðið fyrir botni Miðjarðarhafs (Levant)

37.4.1. Deilisvæðið Marmarahaf

37.4.2. Deilisvæðið Svartahaf

37.4.3. Deilisvæðið Asóvshaf

SUÐVESTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 41)

41.1.1. Deilisvæðið Amasón

41.1.2. Deilisvæðið Natal

41.1.3. Deilisvæðið Salvador

41.1.4. Deilisvæði í norðurúthafi

41.2.1. Deilisvæðið Santos

41.2.2. Deilisvæðið Rio Grande

41.2.3. Deilisvæðið Platense

41.2.4. Deilisvæði í miðúthafi

41.3.1. Deilisvæðið Norður-Patagónía

41.3.2. Deilisvæðið Suður-Patagónía

41.3.3. Deilisvæði í suðurúthafi

SUÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 47)

47.1.1.	Deilisvæðið Palmeirinhashöfði
47.1.2.	Deilisvæðið Salinashöfði
47.1.3.	Deilisvæðið Cunene
47.1.4.	Deilisvæðið Krosshöfði
47.1.5.	Deilisvæðið Óraníufljót
47.1.6.	Deilisvæðið Góðrarvonarhöfði
47.2.1.	Deilisvæðið Mið-Agulhas
47.2.2.	Deilisvæðið Austur-Agulhas
47.3.	Svæðishluti í suðurúthafi
47.4.	Svæðishlutinn Tristan da Cunha
47.5.	Svæðishlutinn Sankti Helena og Ascension

VESTUR-INDLANDSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 51)

51.1.	Svæðishlutinn Rauðahaf
51.2.	Svæðishlutinn Persaflói
51.3.	Svæðishlutinn Vestur-Arabíuflói
51.4.	Svæðishlutinn Austur-Arabíuflói, Lakkadíveyjar og Srí Lanka
51.5.	Svæðishlutinn Sómalía, Kenya og Tansanía
51.6.	Svæðishlutinn sundið milli Madagaskar og Mósambík
51.7.	Svæðishluti í úthafi
51.8.1.	Deilisvæðið Marion- og Edwardeyjar
51.8.2.	Deilisvæðið Sambesí

II. VIÐAUKI

MIÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 34)

Í III. viðauka A eru mörk og svæðishlutar, deilisvæði og deilisvæðahlutar Miðaustur-Atlantshafs (helsta fiskisvæði 34 (Miðaustur-Atlantshaf)). Lýsing á svæðinu og svæðishlutum þess, deilisvæðum og deilisvæðahlutum fylgir með. Í Miðaustur-Atlantshafi eru öll hafsvæði Atlantshafsins með línu sem hér segir:

frá punkti við flóðmörk Norður-Afríku á 5º36′ vestlægrar lengdar í suðvesturátt eftir flóðmörkum með ströndinni að punkti á Ponta do Padrão (6º04′36″ suðlægrar breiddar 12º19′48″ austlægrar lengdar); þaðan eftir kompáslínu í norðvesturátt að punkti á 6º00′ suðlægrar breiddar og 12º00′ austlægrar lengdar; þaðan í hávestur eftir 6º00′ suðlægrar breiddar að 20º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að miðbaug; þaðan í hávestur að 30º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 5º00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 40º00′ vestlægrar lengdar, þaðan í hánorður að 36º00′ norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að Punta Marroqui á 5º36′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að upphafspunkti á strönd Afríku.

Miðaustur-Atlantshafi er skipt í deilisvæðahluta sem hér segir:

Svæðishluti norðurstrandar (svæðishluti 34.1)

a) *Stranddeilisvæðið við Marokkó (deilisvæði 34.1.1)*

Hafsvæðið milli 36º00′ norðlægrar breiddar og 26º00′ norðlægrar breiddar, og austan línu sem er dregin í hásuður frá 36º00′ norðlægrar breiddar eftir 13º00′ vestlægrar lengdar að 29º00′ norðlægrar breiddar, og þaðan í suðvesturátt eftir kompáslínu að punkti á 26º00′ norðlægrar breiddar og 16º00′ vestlægrar lengdar.

b) *Deilisvæðið við Kanaríeyjar og Madeira (deilisvæði 34.1.2)*

Hafsvæðið milli 36º00′ norðlægrar breiddar og 26º00′ norðlægrar breiddar, og milli 20º00′ vestlægrar lengdar og línu sem er dregin frá 36º00′ norðlægrar breiddar eftir 13º00′ vestlægrar lengdar að 29º00′ norðlægrar breiddar, og þaðan eftir kompáslínu að punkti á 26º00′ norðlægrar breiddar og 16º00′ vestlægrar lengdar.

c) *Stranddeilisvæðið við Sahara (deilisvæði 34.1.3)*

Hafsvæðið milli 26º00′ norðlægrar breiddar og 19º00′ norðlægrar breiddar og austan 20º00′ vestlægrar lengdar.

Svæðishluti í norðurúthafi (svæðishluti 34.2)

Hafsvæðið milli 36º00′ norðlægrar breiddar og 20º00′ norðlægrar breiddar og milli 40º00′ vestlægrar lengdar og 20º00′ vestlægrar lengdar.

Svæðishluti suðurstrandar (svæðishluti 34.3)

a) *Stranddeilisvæðið undan Grænhöfða (deilisvæði 34.3.1)*

Hafsvæðið milli 19º00′ og 9º00′ norðlægrar breiddar, og austan 20º00′ vestlægrar lengdar.

b) *Deilisvæðið við Grænhöfðaeyjar (deilisvæði 34.3.2)*

Hafsvæðið milli 20º00′ norðlægrar breiddar og 10º00′ norðlægrar breiddar, og milli 30º00′ vestlægrar lengdar og 20º00′ vestlægrar lengdar.

c) *Deilisvæðið Sherbro (deilisvæði 34.3.3)*

Hafsvæðið milli 9º00′ norðlægrar breiddar og miðbaugs, og milli 20º00′ vestlægrar lengdar og 8º00′ vestlægrar lengdar.

d) *Deilisvæðið við Vestur-Gíneuflóa (deilisvæði 34.3.4)*

Hafsvæðið norðan miðbaugs, og milli 8º00′ vestlægrar lengdar og 3º00′ austlægrar lengdar.

e) *Deilisvæðið við Mið-Gíneuflóa (deilisvæði 34.3.5)*

Hafsvæðið norðan miðbaugs, og austan 3º00′ austlægrar lengdar.

f) *Deilisvæðið við Suður-Gíneuflóa (deilisvæði 34.3.6)*

Hafsvæðið milli miðbaugs og 6º00′ suðlægrar breiddar, og austan 3º00′ austlægrar lengdar. Deilisvæðinu tilheyrir einnig hafsvæðið við mynni Kongófljóts suður af 6º00′ suðlægrar breiddar innan línu sem er dregin frá punkti við Ponta do Padrão (6º04′36″ suðlægrar breiddar og 12º19′48″ austlægrar lengdar) eftir kompáslínu í norðvesturátt að punkti við 6º00′ suðlægrar breiddar og 12º00′ austlægrar lengdar, og þaðan í háaustur eftir 6º00′ suðlægrar breiddar að strönd Afríku og þaðan með strönd Afríku að upphafspunkti við Ponta do Padrão.

Svæðishluti í suðurúthafi (svæðishluti 34.4)

a) *Deilisvæðið við Suðvestur-Gíneuflóa (deilisvæði 34.4.1)*

Hafsvæðið milli miðbaugs og 6º00′ suðlægrar breiddar, og milli 20º00′ vestlægrar lengdar og 3º00′ austlægrar lengdar.

b) *Deilisvæði í suðvesturúthafi (deilisvæði 34.4.2)*

Hafsvæðið milli 20º00′ norðlægrar breiddar og 5º00′ norðlægrar breiddar, og milli 40º00′ vestlægrar lengdar og 30º00′ vestlægrar lengdar; hafsvæðið milli 10º00′ norðlægrar breiddar og miðbaugs, og milli 30º00′ vestlægrar lengdar og 20º00′ vestlægrar lengdar.

MIÐJARÐARHAF OG SVARTAHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 37)

I III. viðauka B eru sýnd mörk og svæðishlutar og deilisvæði Miðjarðarhafs og Svartahafs (helsta fiskisvæði 37). Lýsing á þessu svæði og deilisvæðahlutum þess fylgir með.

Undir skýrslusvæði Miðjarðarhafs og Svartahafs falla hafsvæðin a) Miðjarðarhaf; b) Marmarahaf; c) Svartahaf og d) Asovshaf. Með hafsvæðum er einnig átt við ísölt lón og önnur svæði þar sem fiskar og aðrar sjávarlífverur eru ríkjandi. Vestur- og suðausturmörk eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

a) vesturmörk: lína í hásuður eftir 5º36′ vestlægrar lengdar frá Punta Marroqui á strönd Afríku;

b) suðausturmörk: norðurmynni Súesskurðar (Miðjarðarhaf).

SVÆÐISHLUTAR OG DEILISVÆÐI SKÝRSLUSVÆÐIS MIÐJARÐARHAFS

Vesturhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.1) skiptist í eftirtalin deilisvæði:

a) *Balear-eyjar (deilisvæði 37.1.1)*

Hafsvæðið í vesturhluta Miðjarðarhafs sem markast af línu sem byrjar við strönd Afríku á landamærum Alsírs og Túnis og er í hánorður að 38º00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 8º00′ austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 41º20′ norðlægrar breiddar; þaðan í vesturátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins á austurmörkum landamæra Frakklands og Spánar; þaðan með spænsku ströndinni að Punta Marroqui; þaðan í hásuður eftir 5º36′ vestlægrar lengdar með strönd Afríku; þaðan í austurátt að strönd Afríku að upphafspunkti.

b) *Líonflói (deilisvæði 37.1.2)*

Hafsvæðið í norðvesturhluta Miðjarðarhafs sem markast af línu sem byrjar á strönd meginlandsins á austurmörkum landamæra Frakklands og Spánar og er í austurátt eftir kompáslínu að 8º00′ austlægrar lengdar og 41º20′ norðlægrar breiddar; þaðan í norðurátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins við landamæri Frakklands og Ítalíu; þaðan í suðvesturátt eftir strönd Frakklands að upphafspunkti.

c) *Sardinía (deilisvæði 37.1.3)*

Tyrrenahaf og aðliggjandi hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á strönd Afríku á landamærum Alsírs og Túnis og er í hánorður að 38º00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 8º00′ austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að 41º20′ norðlægrar breiddar; þaðan í norðurátt eftir kompáslínu að strönd meginlandsins á landamærum Frakklands og Ítalíu; þaðan eftir strönd Ítalíu að 38º00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir 38º00′ norðlægrar breiddar að strönd Sikileyjar; þaðan með norðurströnd Sikileyjar að Trapani; þaðan eftir kompáslínu að Bonhöfða; þaðan í vesturátt með strönd Túnis að upphafspunkti.

Vesturhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.2) skiptist í eftirtalin deilisvæði:

a) *Adríahaf (deilisvæði 37.2.1)*

Adríahaf norðan línu frá landamærum Albaníu og Montenegró (Svartfjallalands) á austurströnd Adríahafs í hávestur að Garganohöfða á strönd Ítalíu.

b) *Jónahaf (deilisvæði 37.2.2)*

Miðhluti Miðjarðarhafs og aðliggjandi hafsvæði, mörkuð af línu sem byrjar á 25°00′ austlægrar lengdar á strönd Norður-Afríku og er í hánorður að 34°00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að 23°00′ austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Grikklands; þaðan með vesturströnd Grikklands og strönd Albaníu að landamærum Albaníu og Montenegró (Svartfjallalands); þaðan í hávestur að Garganohöfða á strönd Ítalíu; þaðan með strönd Ítalíu að 38°00′ norðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir 38°00′ norðlægrar breiddar að strönd Sikileyjar; þaðan með norðurströnd Sikileyjar að Trapani; þaðan eftir kompáslínu frá Trapani að Bonhöfða; þaðan í austurátt með strönd Norður-Afríku að upphafspunkti.

Austurhluti Miðjarðarhafs (svæðishluti 37.3) skiptist í eftirtalin deilisvæði:

a) *Eyjahaf (deilisvæði 37.3.1)*

Eyjahaf og aðliggjandi hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á suðurströnd Grikklands á 23°00′ austlægrar lengdar og er í hásuður að 34°00′ norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að 29°00′ austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Tyrklands; þaðan með vesturströnd Tyrklands að Kum Kale; þaðan eftir kompáslínu frá Kum Kale að Hellashöfða, þaðan með ströndum Tyrklands og Grikklands að upphafspunkti.

b) *Svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs (Levant) (deilisvæði 37.3.2)*

Miðjarðarhaf austan línu sem byrjar á strönd Norður-Afríku á 25°00′ austlægrar lengdar og er í hánorður að 34°00′ norðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að 29°00′ austlægrar lengdar; þaðan í hánorður að strönd Tyrklands; þaðan með ströndum Tyrklands og annarra landa við austurhluta Miðjarðarhafs að upphafspunkti.

Svartahaf (svæðishluti 37.4.) skiptist í eftirtalin deilisvæði:

a) *Marmarahaf (deilisvæði 37.4.1)*

Marmarahaf markast í vestri af línu frá Hellashöfða að Kum Kale við mynni Hellusunds; í austri af línu yfir Bospórussund frá Kumdere.

b) *Svartahaf (deilisvæði 37.4.2)*

Svartahaf og aðliggjandi hafsvæði markast í suðvestri af línu yfir Bospórussund frá Kumdere og markast í norðaustri af línu frá Takilodda á Kerchskaga að Panagijaodda á Tamanskaga.

c) *Asovshaf (deilisvæði 37.4.3)*

Asovshaf norðan línu meðfram suðurmynni Kerchsunds og byrjar við Takilodda á 45°06′N and 36°27′A á Kerchskaga, og er þvert yfir sundið að Panagijaodda á 45°08′N og 36°38′A á Tamanskaga.

SUÐVESTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 41)

Í III. viðauka C eru sýnd mörk og deilisvæðahlutar í Suðvestur-Atlantshafi (helsta fiskisvæði 41).

Lýsing á þessum svæðum fylgir.

Suðvestur-Atlantshaf (helsta fiskisvæði 41) er skilgreint sem hafsvæði sem markast af línu sem byrjar á strönd Suður-Ameríku með breiddarbaug 5°00′ norðlægrar breiddar að lengdarbaug á 30°00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að miðbaug; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 20°00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 50°00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 50°00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 60°00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 67°16′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að punkti á 56°22′S 67°16′V; þaðan í háaustur eftir línu á 56°22′S að punkti á 65°43′V; eftirfarandi lína sameinar punktana á 55°22′S 65°43′V, 55°11′S 66°04′V, 55°07′S 66°25′V; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Suðvestur-Atlantshafi er skipt í eftirtalin deilisvæði:

Deilisvæðið Amasón (deilisvæði 41.1.1)

Allt hafsvæðið sem markast af línu sem byrjar á strönd Suður-Ameríku á 5º00′ norðlægrar breiddar og liggur eftir þessum breiddarbaug þar til hann skerst við lengdarbaug á 40º00′ vestlægrar lengdar, þaðan í hásuður að punkti þar sem þessi lengdarbaugur sker strönd Brasilíu; þaðan í norðvesturátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæðið Natal (deilisvæði 41.1.2)

Hafsvæðið sem markast af línu í hánorður frá strönd Brasilíu með lengdarbaug á 40º00′ vestlægrar lengdar þar til hún sker miðbaug; þaðan í háaustur eftir miðbaug að lengdarbaug á 32º00′V; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 10º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur þar sem breiddarbaugur á 10º00′S sker strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæðið Salvador (deilisvæði 41.1.3)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 10º00′ suðlægrar breiddar þangað til hún sker lengdarbaug á 35º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 20º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæði í norðurúthafi (deilisvæði 41.1.4)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 5º00′N 40º00′V að lengdarbaug á 30º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að miðbaug; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 20º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 20º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 35º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 10º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 32º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að miðbaug; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 40º00′ vestlægrar lengdar, þaðan í hánorður að upphafspunkti.

Deilisvæðið Santos (deilisvæði 41.2.1)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 20º00′ suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 39º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 29º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæðið Rio Grande (deilisvæði 41.2.2)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 29º00′ suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 45º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 34º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæðið Platense (deilisvæði 41.2.3)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 34º00′ suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 40º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæði í miðúthafi (deilisvæði 41.2.4)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 20º00′S 39º00′V að lengdarbaug á 20º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 40º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur að lengdarbaug á 50º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 34º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 45º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að breiddarbaug á 29º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í háaustur að lengdarbaug á 39º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að upphafspunkti.

Deilisvæðið Norður-Patagónía (deilisvæði 41.3.1)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 40º00′ suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 48º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að strönd Suður-Ameríku; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæðið Suður-Patagónía (deilisvæði 41.3.2)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá strönd Suður-Ameríku á 48º00′ suðlægrar breiddar þangað sem hún sker lengdarbaug á 50º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 60º00′ suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að lengdarbaug á 67º16′ vestlægrar lengdar; þaðan í hánorður að punkti á 56º22′S 67º16′V; þaðan eftir kompáslínu sem tengir punktana á 56º22′S 65º43′V; 55º22′S 65º43′V; 55º11′S 66º04′V; 55º07′S 66º25′V; þaðan í norðurátt með strönd Suður-Ameríku að upphafspunkti.

Deilisvæði í suðurúthafi (deilisvæði 41.3.3)

Hafsvæðið sem markast af línu í háaustur frá 40º00′S 50º00′V að lengdarbaug á 20º00′ vestlægrar lengdar; þaðan í hásuður að breiddarbaug á 50º00′ suðlægrar breiddar, þaðan í hánorður að upphafspunkti.

SUÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 47)

Í III. viðauka D eru sýnd mörk og deilisvæðahlutar í Suðaustur-Atlantshafi. Lýsing á svæði ICSEAF-samningsins fylgir.

Suðaustur-Atlantshaf (helsta fiskisvæði 47) er hafsvæðin sem markast af línu er byrjar á punkti 6º04′36″ suðlægrar breiddar og 12º19′48″ austlægrar lengdar; þaðan í norðvesturátt eftir kompáslínu að punkti þar sem hún sker lengdarbaug á 12º austlægrar lengdar við breiddarbauginn á 6º suðlægrar breiddar; þaðan í hávestur eftir þeim breiddarbaug að lengdarbaug 20º vestur; þaðan í hásuður eftir þeim lengdarbaug að breiddarbaug á 50º suðlægrar breiddar, þaðan í háaustur eftir þeim breiddarbaug að lengdarbaug á 30º austlægrar lengdar; þaðan í hánorður eftir þeim lengdarbaug að strönd meginlands Afríku; þaðan í vesturátt með ströndinni að upphafspunkti.

Suðaustur-Atlantshafi (helsta fiskisvæði 47) er skipt í eftirtalin svæði:

Svæðishluti vesturstrandar (svæðishluti 47.1)

a) *Deilisvæðið Palmeirinhashöfði (deilisvæði 47.1.1)*

Hafsvæðið milli 6º00′ suðlægrar breiddar og 10º00′ suðlægrar breiddar, og austan 10º00′ austlægrar lengdar. Frá þessu deilisvæði er fráskilið hafsvæðið við mynni Kongófljóts, þ.e. hafsvæðið norðaustan línunnar sem er dregin frá Ponta do Padrão (6º04′36″S og 12º19′48″A) að punkti á 6º00′S og 12º00′A.

b) *Deilisvæðið Salinashöfði (deilisvæði 47.1.2)*

Hafsvæðið milli 10º00′ suðlægrar breiddar og 15º00′ suðlægrar breiddar, og austan 10º00′ austlægrar lengdar.

c) *Deilisvæðið Cunene (deilisvæði 47.1.3)*

Hafsvæðið milli 15º00′ suðlægrar breiddar og 20º00′ suðlægrar breiddar og austan 10º00′ austlægrar lengdar.

d) *Deilisvæðið Krosshöfði (deilisvæði 47.1.4)*

Hafsvæðið milli 20º00′ suðlægrar breiddar og 25º00′ suðlægrar breiddar og austan 10º00′ austlægrar lengdar.

e) *Deilisvæðið Óraníufljót (deilisvæði 47.1.5)*

Hafsvæðið milli 25º00′ suðlægrar breiddar og 30º00′ suðlægrar breiddar og austan 10º00′ austlægrar lengdar.

f) *Deilisvæðið Góðrarvonarhöfði (deilisvæði 47.1.6)*

Hafsvæðið milli 30º00′ suðlægrar breiddar og 40º00′ suðlægrar breiddar, og milli 10º00′ austlægrar lengdar og 20º00′ austlægrar lengdar.

Strandsvæðishlutinn Agulhas (svæðishluti 47.2)

a) *Deilisvæðið Mið-Agulhas (deilisvæði 47.2.1)*

Hafsvæðið norðan 40º00′ suðlægrar breiddar og milli 20º00′ austlægrar lengdar og 25º00′ austlægrar lengdar.

b) *Deilisvæðið Austur-Agulhas (deilisvæði 47.2.2)*

Hafsvæðið norðan 40°00′ suðlægrar breiddar og milli 25°00′ austlægrar lengdar og 30°00′ austlægrar lengdar.

Svæðishluti í suðurúthafi (svæðishluti 47.3)

Hafsvæðið milli 40°00′ suðlægrar breiddar og 50°00′ suðlægrar breiddar, og milli 10°00′ austlægrar lengdar og 30°00′ austlægrar lengdar.

Strandsvæðishlutinn Tristan da Cunha (svæðishluti 47.4)

Hafsvæðið milli 20°00′ suðlægrar breiddar og 50°00′ suðlægrar breiddar, og milli 20°00′ vestlægrar lengdar og 10°00′ austlægrar lengdar.

Svæðishlutinn Sankti Helena og Ascension (svæðishluti 47.5)

Hafsvæðið milli 6°00′ suðlægrar breiddar og 20°00′ suðlægrar breiddar og milli 20°00′ vestlægrar lengdar og 10°00′ austlægrar lengdar.

VESTUR-INDLANDSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 51)

Vestur-Indlandshaf skiptist í megindráttum í:

a) Rauðahaf;

b) Adenflóa;

c) Persaflóa;

d) Arabíuflóa;

e) þann hluta Indlandshafs, ásamt Mósambíksundi, sem er milli lengdarbaugs 30°00′A og 80°00′A og norður af línu við straumaskil í Suður-Íshafi auk hafsvæðisins umhverfis Srí Lanka.

Í III. viðauka E eru sýnd mörk og deilisvæðahlutar í Vestur-Indlandshafi (helsta fiskisvæði 51).

Mörk Vestur-Indlandshafs eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

– mörk við Miðjarðarhaf: norðurmynni Súesskurðar,

– vesturmörk: lína sem byrjar á austurströnd Afríku á 30°00′ austlægrar lengdar og er í hásuður að 45°00′ suðlægrar breiddar,

– austurmörk: kompáslína sem byrjar á suðausturströnd Indlands (Calimere-oddi) og er í norðausturátt þar sem hún sker punkt á 82°00′ austlægrar lengdar 11°00′ norðlægrar breiddar, þaðan í háaustur að lengdarbaug 85°00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 3°00′N; þaðan í hávestur að lengdarbaug 80°00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 45°00′S,

– suðurmörk: lína eftir breiddarbaug 45°00′S frá 30°00′ austlægrar lengdar til 80°00′ austlægrar lengdar.

Vestur-Indlandshafi er skipt á eftirfarandi hátt:

Svæðishlutinn Rauðahaf (svæðishluti 51.1)

– Norðurmörk: norðurmynni Súesskurðar.

– Suðurmörk: kompáslína frá landamærum Eþíópíu og lýðveldisins Djibútí á strönd Afríku, þvert yfir mynni Rauðahafsins, að landamærum fyrrverandi Arabalýðveldisins Jemen og fyrrverandi Alþýðulýðveldisins Jemen á Arabíuskaga.

Svæðishlutinn Persaflói (svæðishluti 51.2)

Mynni Persaflóa er lokað af línu sem byrjar á norðurodda Ras Musandam og er í háaustur að strönd Írans.

Svæðishlutinn Vestur-Arabíuflói (svæðishluti 51.3)

Austur- og suðurmörk eru lína frá landamærum Írans og Pakistans á strönd Asíu í hásuður að breiddarbaug 20º00′N; þaðan í háaustur að lengdarbaug 65º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 10º00′N; þaðan í hávestur að strönd Afríku; önnur mörk á úthafi eru sameiginleg svæðishlutum 51.1 og 51.2 (sjá hér að framan).

Svæðishlutinn Austur-Arabíuflói, Lakkadíveyjar og Srí Lanka (svæðishluti 51.4)

Markalínan byrjar á strönd Asíu á landamærum Írans og Pakistans, er í hásuður að breiddarbaug 20º00′N; þaðan í háaustur að lengdarbaug 65º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 10º00′S; þaðan í háaustur að lengdarbaug 80º00′A; þaðan í hánorður að breiddarbaug 3º00′N; þaðan í háaustur að lengdarbaug 85º00′A; þaðan í hánorður að breiddarbaug 11º00′N; þaðan í hávestur að lengdarbaug 82º00′A; þaðan eftir kompáslínu í suðvesturátt að suðausturströnd Indlands.

Svæðishlutinn Sómalía, Kenya og Tansanía (svæðishluti 51.5)

Markalínan byrjar á strönd Sómalíu á 10º00′N og er í háaustur að lengdarbaug 65º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 10º00′S; þaðan í hávestur að lengdarbaug 45º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 10º28′S; þaðan í hávestur að austurströnd Afríku milli Ras Mwambo (til norðurs) og Mwamboþorps (til suðurs).

Svæðishlutinn sundið milli Madagaskars og Mósambíks (svæðishluti 51.6)

Markalínan byrjar á austurströnd Afríku milli Ras Mwambo (til norðurs) og Mwamboþorps (til suðurs) á 10º28′ suðlægrar breiddar, er í háaustur að lengdarbaug 45º00′A; þaðan í hánorður að breiddarbaug 10º00′S; þaðan í háaustur að lengdarbaug 55º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 30º00′S; þaðan í hávestur að lengdarbaug 40º00′A; þaðan í hánorður að strönd Mósambíks.

Svæðishluti í úthafi (Vestur-Indlandshaf) (svæðishluti 51.7)

Línan byrjar á 10º00′ suðlægrar breiddar og 55º00′ austlægrar lengdar, er í háaustur að lengdarbaug 80º00′A; þaðan í hásuður að breiddarbaug 45º00′S; þaðan í hávestur að lengdarbaug 40º00′A; þaðan í hánorður að breiddarbaug 30º00′S; þaðan í háaustur að lengdarbaug 55º00′A; þaðan í hánorður að upphafspunkti á breiddarbaug 10º00′S.

Svæðishlutinn Mósambík (svæðishluti 51.8)

Svæðishlutinn er hafsvæðið norðan breiddarbaugs 45º00′S og milli lengdarbauganna 30º00′A og 40º00′A. Því er skipt upp í tvö deilisvæði.

Deilisvæðið Marion- og Edwardeyjar (deilisvæði 51.8.1)


Hafsvæðið milli breiddarbaugs á 40º00′S og 50º00′S og lengdarbauganna á 30º00′A og 40º00′A.

Deilisvæðið Sambesí (deilisvæði 51.8.2)


Hafsvæðið norðan breiddarbaugs 40º00′S og milli lengdarbauganna 30º00′A og 40º00′A.

III. VIÐAUKI


A: MIÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 34)




B: MIÐJARÐARHAF OG SVARTAHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 37)




C: MIÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 41)



D: SUÐAUSTUR-ATLANTSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 47)



E: VESTUR-INDLANDSHAF (HELSTA FISKISVÆÐI 51)



IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TEGUNDIR SEM SKYLT ER AÐ LEGGJA FRAM GÖGN UM, FLOKKAÐ EFTIR HELSTU FISKISVÆÐUM

Afli þeirra tegunda sem eru taldar upp hér á eftir hefur verið skráður í opinberar hagtölur. Aðildarríkin skulu leggja fram gögn yfir hverja tilgreinda tegund ef þau eru fyrir hendi. Ef ekki er hægt að tilgreina tegund skal safna saman gögnunum og leggja fram undir þeim lið sem líkist tegundinni mest.

Athugasemd:

ót. a. = Ótalið annars staðar.

MIÐAUSTUR-ATLANTSHAF (helsta fiskisvæði 34)

Íslenskt heiti	Þriggja stafa tákn	Vísindaheiti
Áll	ELE	*Anguilla anguilla*
Augnasíld, ót. a.	SHZ	*Alosa* spp.
Belgsíld	ILI	*Ilisha africana*
Flatfiskar ót. a.	FLX	*Pleuronectiformes*
Langhverfur	LEF	*Bothidae*
Sólflúra	SOL	*Solea solea*
Senegalsólflúra	CET	*Dicologoglossa cuneata*
Sólflúrur, ót. a.	SOX	*Soleidae*
Tunguflúrur, ót. a.	TOX	*Cynoglossidae*
Stórkjafta, öfugkjafta	MEG	*Lepidorhombus whiffiagonis*
Stórkjöftur, ót. a.	LEZ	*Lepidorhombus* spp.
Litla brosma	GFB	*Phycis blennoides*
Skeggþorskur	BIB	*Trisopterus luscus*
Kolmunni	WHB	*Micromesistius poutassou*
Lýsingur	HKE	*Merluccius merluccius*
Senegallýsingur	HKM	*Merluccius senegalensis*
Lýsingur, ót. a.	HKX	*Merluccius* spp.
Þorskfiskar, ót. a.	GAD	*Gadiformes*
Sjógranar, ót. a.	CAX	*Ariidae*
Hafáll	COE	*Conger conger*
Hafálar, ót. a.	COX	*Congridae*
Snípufiskur	SNS	*Macroramphosus scolopax*
Serkir	ALF	*Beryx* spp.
Pétursfiskur	JOD	*Zeus faber*
Silfurpétur	JOS	*Zenopsis conchifer*
Galtarfiskar	BOR	*Caproidae*
Botnlægir borrar, ót. a.	DPX	*Perciformes*
Stórbassi	GPD	*Epinephelus marginatus*
Hvíti vartari, hvíti barri	GPW	*Epinephelus aeneus*
Bassar, ót. a.	GPX	*Epinephelus* spp.
Blákarpi	WRF	*Polyprion americanus*
Bassar, vartarar ót. a.	BSX	*Serranidae*
Dílavartari, dílabarri	SPU	*Dicentrarchus punctatus*
Vartari	BSS	*Dicentrarchus labrax*
Augnafiskar, ót. a.	BIG	*Priacanthus* spp.
Glyrnir, ót. a.	APO	*Apogonidae*
Flögufiskar	TIS	*Branchiostegidae*
Rúbínfiskar, o.s.frv.	EMT	*Emmelichthyidae*

Íslenskt heiti	Þriggja stafa tákn	Vísindaheiti
Glefsarar, ót. a.	SNA	*Lutjanus* spp.
Glefsarar, hrifsarar, ót. a.	SNX	*Lutjanidae*
Miðjarðarhafsrýtari	GBR	*Plectorhinchus mediterraneus*
Bastarðsrýtari	BGR	*Pomadasys incisus*
Blettarýtari	BUR	*Pomadasys jubelini*
Augnarýtari	GRB	*Brachydeuterus auritus*
Rýtarar, ót. a.	GRX	*Haemulidae (= Pomedasyidae)*
Baulfiskar	DRU	*Sciaena* spp.
Korfi, þokubaulari	COB	*Umbrina cirrosa*
Baulfiskur	MGR	*Argyrosomus regius*
Pelabaulari	DRS	*Pteroscion peli*
Kapteinsbaulari, lagakrókur	CKL	*Pseudotolithus brachygnatus*
Senegalbaulari	PSS	*Pseudotolithus senegalensis*
Nígeríubaulari	PSE	*Pseudotolithus elongatus*
Vestur-afríkubaularar	CKW	*Pseudotolithus* spp.
Baulungar, baulfiskar, ót. a.	CDX	*Sciaenidae*
Kólguflekkur	SBR	*Pagellus bogaraveo*
Roðaflekkur	PAC	*Pagellus erythrinus*
Spánarflekkur	SBA	*Pagellus acarne*
Deplaflekkur	PAR	*Pagellus bellottii*
Flekkir, ót. a.	PAX	*Pagellus* spp.
Sargarategundir, ót. a.	SRG	*Diplodus* spp.
Glyrnuflekkur	DEL	*Dentex macrophthalmus*
Tannaflekkur	DEC	*Dentex dentex*
Angóluflekkur	DEA	*Dentex angolensis*
Kongóflekkur	DNC	*Dentex congoensis*
Flekkir, ót. a.	DEX	*Dentex* spp.
Bláflekkur	BRB	*Spondyliosoma cantharus*
Oflátungur	SBS	*Oblada melanura*
Blettaflekkur	BSC	*Pagrus caeruleostictus*
Brotflekkur	RPG	*Pagrus pagrus*
Gullflekkur	SBG	*Sparus aurata*
Brotflekkir, ót. a.	SBP	*Pagrus* spp.
Stórglyrnir	BOG	*Boops boops*
Kólguflekkir, ót. a.	SBX	*Sparidae*
Drjólar	PIC	*Spicara* spp.
Sæskeggir	MUX	*Mullus* spp.
Afríkuskeggur (vestur-afríkuskeggur)	GOA	*Pseudopeneus prayensis*
Sæskeggir, rauðskeggir, ót. a.	MUM	*Mullidae*
Sigðarfiskur	SIC	*Drepane africana*
Blökufiskar	SPA	*Ephippidae*
Borrar, ót. a.	PRC	*Percoidei*
Oddsporður	BRD	*Brotula barbata*
Læknafiskar	SUR	*Acanthuridae*
Knurrar, ót. a.	GUX	*Triglidae*
Gikkfiskar	TRI	*Balistidae*
Skötuselur	MON	*Lophius piscatorius*
Skötuselir, ót. a.	ANF	*Lophiidae*
Nálgeddur, ót. a.	BEN	*Belonidae*

Íslenskt heiti	Þriggja stafa tákn	Vísindaheiti
Flugfiskar, ót. a.	FLY	*Exocoetidae*
Barrakúðar	BAR	*Sphyraena* spp.
Hausröndungur	MUF	*Mugil cephalus*
Risaþræðingur	TGA	*Polydactylus quadrifilis*
Afrískur þráðuggi	GAL	*Galeoides decadactylus*
Kóngaþræðingur	PET	*Pentanemus quinquarius*
Þræðingjar, ót. a.	THF	*Polynemidae*
Uppsjávarborrar, ót. a.	PPX	*Perciformes*
Vígablámi	BLU	*Pomatomus saltatrix*
Foringjafiskur	CBA	*Rachycentron canadum*
Brynstirtla	HOM	*Trachurus trachurus*
Brynstirtlur og hrossamakríll, ót. a.	JAX	*Trachurus* spp.
Brynstirtlutegundir	SDX	*Decapterus* spp.
Hrossastirtla	CVJ	*Caranx hippos*
Blettabrynstirtla	HMY	*Caranx rhonchus*
Brynstirtlutegundir, ót. a.	TRE	*Caranx* spp.
Afríkukollfiskur	LUK	*Selene dorsalis*
Sýlingar	POX	*Trachinotus* spp.
Randalóðsar, ót. a.	AMX	*Seriola* spp.
Gaffalmakríll	LEE	*Lichia amia*
Bumbustirtla	BUA	*Chloroscombrus chrysurus*
Gullmakríll	DOL	*Coryphaena hippurus*
Blái smjörfiskur	BLB	*Stromateus fiatola*
Hveðnar	BUX	*Stromateidae*
Silfurbokki	BOF	*Albula vulpes*
Gullsardínella	SAA	*Sardinella aurita*
Madeirusardínella	SAE	*Sardinella maderensis*
Sardínellur	SIX	*Sardinella* spp.
Bongafiskur	BOA	*Ethmalosa fimbriata*
Sardína	PIL	*Sardina pilchardus*
Ansjósa	ANE	*Engraulis encrasicolus*
Síldartegundir, ót. a.	CLU	*Clupeoidei*
Rákungur	BON	*Sarda sarda*
Rákaleysingi	BOP	*Orcynopsis unicolor*
Riddaramakríll	WAH	*Acanthocybium solandri*
Afríkumakríll	MAW	*Scomberomorus tritor*
Barðamakríll og túnmakríll	FRZ	*Auxis thazard, A. rochei*
Bláuggatúnfiskur	BFT	*Thunnus thynnus*
Hvíti túnfiskur	ALB	*Thunnus alalunga*
Guluggatúnfiskur	YFT	*Thunnus albacares*
Glyrnutúnfiskur	BET	*Thunnus obesus*
Túnfiskar ót. a.	TUN	*Thunnini*
Sagskötur	SAW	*Pristidae*
Seglfiskur	SAI	*Istiophorus albicans*
Oddnefur	BUM	*Makaira nigricans*
Hvítmerlingur	WHM	*Tetrapturus albidus*
Merlingar, kyrrahafsseglfiskar, spjótfiskar	BIL	*Istiophoridae*
Sverðfiskur	SWO	*Xiphias gladius*
Makrílafiskar, ót. a.	TUX	*Scombroidei*

Íslenskt heiti	Þriggja stafa tákn	Vísindaheiti
Þráðbendill	LHT	*Trichiurus lepturus*
Marbendill	SFS	*Lepidopus caudatus*
Stinglax	BSF	*Aphanopus carbo*
Stinglaxar, ót. a.	CUT	*Trichiuridae*
Spánarmakríll	MAS	*Scomber japonicus*
Makríll	MAC	*Scomber scombrus*
Makrílar, ót. a.	MAZ	*Scomber* spp.
Makrílar og skyldar tegundir, ót. a.	MKX	*Scombroidei*
Skotthákur	ALV	*Alopias vulpinus*
Augnaskotthákur	BTH	*Alopias superciliosus*
Makrílháfar	MAK	*Isurus* spp.
Bláháfur (mannætuháfur)	BSH	*Prionace glauca*
Silkiháfur	FAL	*Carcharhinus falciformis*
Sleggjuháfur	SPZ	*Sphyrna zygaena*
– *Tölfræðilegt ICES-deilisvæði XIV a*

Hafsvæði afmarkað af línu frá landfræðilegu norðurheimskauti eftir lengdarbaugnum á 40°00′ V að norðurströnd Grænlands; þaðan í austur- og suðurátt meðfram strönd Grænlands að punkti á Savary-höfða (Cape Savary) á 68°30′ N; þaðan í hásuður eftir lengdarbaugnum á 27°00′ V að 68°00′ N; þaðan í háaustur að 11°00′ V; þaðan í hánorður að landfræðilegu norðurheimskauti.

– *Tölfræðilegt ICES-deilisvæði XIV b*

Hafsvæði afmarkað af línu frá punkti á suðurströnd Grænlands á 44°00′ V; þaðan í hásuður að 59°00′ N; þaðan í háaustur að 27°00′ V; þaðan í hánorður að punkti á Savary-höfða (Cape Savary) á 68°30′ N; þaðan í suðvesturátt meðfram strönd Grænlands að upphafspunkti.

– ICES-deilisvæðishluti XIV b 1

Sá hluti deilisvæðis XIV b sem liggur innan línu milli eftirfarandi hnita:

Breiddargráða	Lengdargráða
59,00 N	27,00 V
59,00 N	36,77 V
59,35 N	36,50 V
59,50 N	36,35 V
59,75 N	36,16 V
60,00 N	35,96 V
60,25 N	35,76 V
60,55 N	35,50 V
60,75 N	35,37 V
61,00 N	35,15 V
61,25 N	34,97 V
61,50 N	34,65 V
61,60 N	34,50 V
61,75 N	34,31 V
61,98 N	34,00 V
62,25 N	33,70 V
62,45 N	33,53 V
62,50 N	33,27 V
62,56 N	33,00 V
62,69 N	32,50 V
62,75 N	32,30 V
62,87 N	32,00 V
63,03 N	31,50 V
63,25 N	31,00 V
63,31 N	30,86 V
63,00 N	30,61 V
62,23 N	29,87 V
61,79 N	29,25 V
61,44 N	28,61 V

Breiddargráða	Lengdargráða
61,06 N	27,69 V
60,85 N	27,00 V
59,00 N	27,00 V

– ICES-deilisvæðishluti XIV b 2

Sá hluti deilisvæðis XIV b sem liggur ekki innan deilisvæðahluta XIV b 1.

IV. VIÐAUKI

Snið fyrir framlagningu á aflatölum fyrir Norðaustur-Atlantshaf

Segulnæmir geymslumiðlar

Tölvusegulbönd: Níu spora með massaþéttleika upp á 1600 eða 6250-BPI og EBCDIC eða ASCII kóðun, helst ómerkt. Ef þau eru merkt ætti einnig að vera kóði í lok skrárinnar.

Disklingar: MS-DOS-snið, 3,5″ 720 K eða 1,4 MB diskar eða 5,25″ 360 K eða 1,2 MB diskar.

Færslusnið

Númer bætis	Liður	Athugasemdir
1 til 4	Land (ISO þriggja stafa kóði)	t.d. FRA = France
5 til 6	Ár	t.d. 90 = 1990
7 til 8	Aðalfiskisvæði FAO	27 = Norðaustur-Atlantshaf
9 til 15	Deilisvæði	t.d. IV a = ICES-deilisvæði IV a
16 til 18	Tegund	Þriggja stafa tákn
19 til 26	Afli	Tonn

Athugasemdir:

a) Alla reiti fyrir númer ætti að hægrisetja með eyðum fremst. Alla reiti fyrir alstafi ætti að vinstrisetja með eyðum aftast.

b) Aflinn er gefinn upp í lönduðu magni, reiknað í lifandi vigt, námundað upp að næsta tonni.

c) Magn (19 til 26 bæti) undir hálfri einingu skal skráð sem „-1“.

d) Óþekkt magn (19 til 26 bæti) skal skráð sem „-2“.

———

V. VIÐAUKI

SNIÐ FYRIR FRAMLAGNINGU Á AFLATÖLUM FYRIR NORÐAUSTUR-ATLANTSHAF Á SEGULNÆMUM GEYMSLUMIÐLUM

A. **Snið**

Leggja ber gögnin fram sem mislanga reiti með tvípunkti (:) milli skýrsluliða. Eftirfarandi skýrsluliðir skulu vera í hverjum reit:

Reitur	Athugasemdir
Land	þriggja stafa tákn (t.d. FRA = Frakkland)
Ár	t.d. 2001 eða 01
Aðalfiskisvæði FAO	27 = Norðaustur-Atlantshaf
Deilisvæði	t.d. IV a = ICES-deilisvæði 4 a
Tegund	Þriggja stafa tákn
Afli	Tonn

a) Aflinn er gefinn upp í lönduðu magni, reiknað í lifandi vigt.

b) Aflamagn undir hálfri einingu er skráð sem „-1“.

c) Landskóði:

Austurríki	AUT
Belgía	BEL
Búlgaría	BGR
Kýpur	CYP
Tékkland	CZE
Þýskaland	DEU
Danmörk	DNK
Spánn	ESP
Eistland	EST
Finnland	FIN
Frakkland	FRA
Bretland	GBR
England og Wales	GBRA
Skotland	GBRB
Norður-Írland	GBRC
Grikkland	GRC
Ungverjaland	HUN
Írland	IRL
Ísland	ISL
Ítalía	ITA
Litáen	LTU
Lúxemborg	LUX
Lettland	LVA
Malta	MLT
Holland	NLD
Noregur	NOR
Pólland	POL
Portúgal	PRT

Rúmenía	ROU
Slóvakía	SVK
Slóvenía	SVN
Svíþjóð	SWE
Tyrkland	TUR

B. **Sending gagna til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna**

Senda ber gögnin á rafrænu formi (til dæmis sem viðhengi með tölvupósti) að svo miklu leyti sem unnt er.

Að öðrum kosti er hægt að leggja fram skrá á 3,5” HD-disklingi.

VI. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3880/91 (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1991, bls. 1.)	
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1637/2001 (Stjtíð. EB L 222, 17.8.2001, bls. 20.)	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. EB L 284, 31.10. 2003, bls. 1.)	Aðeins 4. liður I. viðauka.
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 448/2005 (Stjtíð. EB L 74, 19.3.2005, bls. 5.)	

VII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 3880/91	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
Fyrsta undirgrein 4. gr.	Fyrsta málsgrein 4. gr.
—	Önnur málsgrein 4. gr.
Önnur undirgrein 4. gr.	Þriðja málsgrein. 4. gr.
1. og 2. mgr. 5. gr.	1. og 2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
1. og 2. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr.
3. mgr. 6. gr.	—
4. mgr. 6. gr.	3. mgr. 6. gr.
—	7. gr.
7. gr.	8. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/44/03**

frá 5. júní 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur

(tilkynnt með númeri C(2014) 3677)

(2014/350/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/567/EB ([2]) var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir textílvörur, sem eru í gildi til 30. júní 2014.

4) Í því skyni að endurspegla betur nýjustu tækni sem er á markaði fyrir þennan vöruflokk, og til að taka tillit til nýsköpunar á tímabilinu, þykir rétt að breyta umfangi vöruflokksins og setja endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir.

5) Viðmiðanirnar miða einkum að því að tilgreina vörur sem hafa minni umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, sem fela í sér tilteknar úrbætur sem leiða til þess að þær eru: fengnar úr sjálfbærari landbúnaði og skógrækt, framleiddar á skilvirkari máta m.t.t. auðlinda- og orkunotkunar, framleiddar með hreinni vinnsluferlum sem menga minna, framleiddar með því að nota minna af hættulegum efnum, hannaðar og tilgreindar með gæði og endingu að leiðarljósi. Settar hafa verið viðmiðanir vegna framangreindra þátta við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílefni og vörum sem sýna fram á bætt nothæfi í tengslum við þessa þætti ætti að koma á framfæri. Því er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna vöruflokksins „textílefni“.

6) Endurskoðuðu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.

7) Þessi ákvörðun ætti því að koma í stað ákvörðunar 2009/567/EB.

8) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir textílvörur á grundvelli viðmiðananna sem eru settar fram í ákvörðun 2009/567/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/567/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur (Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 70).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „textílvörur“ fellur:

a) Textílfatnaður og fylgihlutir: fatnaður og fylgihlutir sem eru hið minnsta 80%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum, ofnum, óofnum eða prjónuðum.

b) Textílvörur til innanhússnota: textílvörur til nota innanhúss sem eru hið minnsta 80%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum, ofnum, óofnum eða prjónuðum.

c) Trefjar, garn, efni [áður vefnaður] og prjónaðir klæðisdúkar: ætlað til notkunar í textílfatnað og fylgihluti og textílvörur til innanhússnota, þ.m.t. húsgagnaáklæði og dýnuver, fyrir ásetningu styrktarklæðningar (e. *backings*) og meðhöndlunar sem tengist fullunnu vörunni.

d) Hlutar sem eru ekki úr trefjum: rennilásar, hnappar og annar aukabúnaður sem er hluti af vörunni. Himnur, yfirborðsmeðferðarefni og plasthúðun.

e) Hreingerningavörur: vörur úr ofnu eða óofnu efni, ætlaðar til blaut- eða þurrhreinsunar á yfirborðum og þurrkunar á eldhússáhöldum.

2. Eftirtaldar vörur teljast ekki til vöruflokksins „textílvörur“:

a) vörur sem ætlað er að farga eftir eina notkun,

b) gólfefni sem falla undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/967/EB ([3]),

c) efni sem er hluti af mannvirkjum sem ætluð eru til notkunar utandyra.

3. Fatnaður, efni og trefjar sem innihalda eftirfarandi þætti heyra ekki undir vöruflokkinn.

a) raftæki eða þætti sem eru óaðskiljanlegur hluti af rafrás,

b) búnað eða gegndreypt efni sem eru hönnuð til að nema eða bregðast við breytingum á umhverfisskilyrðum.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „textíltrefjar“: náttúrulegar trefjar, gervitrefjar og tilbúnar beðmistrefjar,

b) „náttúrulegar trefjar“: baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi, hör og aðrar basttrefjar, ull og aðrar hyrnistrefjar,

c) „gervitrefjar“: trefjar úr akrýl, elastani, pólýamíði, pólýester og pólýprópýleni,

d) „tilbúnar beðmistrefjar“: trefjar úr lýósell, módal og viskósa.

3. gr.

Þegar um er að ræða „textílfatnað og fylgihluti“ og „textílvörur til innanhússnota“ þarf ekki að taka fylliefni, fóður, bólstrun, himnur eða yfirborðsmeðferðarefni úr trefjum sem falla undir gildissvið þessarar ákvörðunar með í útreikningum á hundraðshluta textíltrefja.

4. gr.

Fylliefni sem eru ekki búin til úr textíltrefjum skulu samræmast takmörkunum sem eru skráðar í viðmiðun 10, sem er sett fram í viðaukanum, og eru viðkomandi hjálparefnum, yfirborðsvirkum efnum, sæfiefnum og formaldehýði.

5. gr.

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöru sem fellur undir vöruflokkinn „textílvörur“, sem er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun eru settar fram í viðaukanum.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/967/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr textílefnum (Stjtíð. ESB L 332, 17.12.2009, bls. 1).

6. gr.

Viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

7. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „016“ notað fyrir vöruflokkinn „textílvörur“.

8. gr.

Ákvörðun 2009/567/EB er felld úr gildi.

9. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „textílvörur“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/567/EB eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun. Umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

2. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/567/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur, og undirflokkana sem þær eru flokkaðar í, eru sem hér segir:

Textíltrefjar

1. Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi
2. Hör og aðrar basttrefjar
3. Ull og aðrar hyrnistrefjar
4. Akrýl
5. Elastan
6. Pólýamíð
7. Pólýester
8. Pólýprópýlen
9. Tilbúnar beðmistrefjar (lýósell, módal og viskósa)

Efnisþættir og fylgihlutir

10. Fylliefni
11. Efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúðun og himnur
12. Fylgihlutir

Íðefni og vinnsluferli

13. Skrá yfir efni sem sæta takmörkunum
14. Útskipting hættulegra efna við litun, prentun og frágang
15. Orkunýtni þvottar, þurrkunar og herslu
16. Meðhöndlun losunar í andrúmsloft og vatn

Notagildi

17. Breyting á stærð í þvotti og við þurrkun
18. Litheldni í þvotti
19. Litheldni gegn svita (súrum og basískum)
20. Litheldni við núning í votu ástandi
21. Litheldni við núning í þurru ástandi
22. Litheldni gegn ljósi
23. Þvottaþol hreingerningavara
24. Þol efna gegn hnökrum og sliti
25. Ending virkni

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

26. Grundvallarreglur og réttindi við vinnu
27. Takmörkun á sandblástri deníms

Stuðningsupplýsingar

28. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Í 1. viðbæti er einnig skráin yfir efni sem sæta takmörkunum sem um getur í viðmiðun 13. Þar eru skráðar takmarkanir sem gilda um hættuleg efni sem heimilt er að nota við framleiðslu textílvara og geta verið í fullunnu vörunni.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB endurspegla afurðir með mesta vistvænleika textílefna á markaðnum. Þó að notkun á efnavörum og losun mengunarefna séu hluti af framleiðsluferlinu er tryggt að notkun slíkra efna í vöru sem ber umhverfismerki ESB er takmörkuð eftir því sem er tæknilega mögulegt án þess að hafa áhrif á nothæfi vörunnar.

Ef þess er nokkur kostur útilokar viðmiðunin, eða takmarkar eins og kostur er, styrkleika nokkurra efna (sem þörf er á vegna sérstakrar virkni og eiginleika) sem eru tilgreind sem hættuleg eða hugsanlega hættuleg fyrir heilbrigði manna og umhverfið og heimilt er að nota við framleiðslu textílefna. Undanþága er eingöngu veitt fyrir notkun slíks efnis í vöru sem ber umhverfismerkið ef efnið er nauðsynlegt til þess að væntingar neytenda um nothæfi vörunnar eða tilskildar kröfur varðandi hana séu uppfylltar (t.d. vegna eldtefjandi eiginleika) og ef ekki standa til boða staðgöngukostir sem eru í notkun og sannprófaðir.

Undanþágur eru metnar á grundvelli varúðarreglunnar og með tilliti til vísinda- og tækniþekkingar, einkum ef öruggari vörur eru aðgengilegar á markaðnum.

Í því skyni að tryggja neytendum hátt öryggisstig er krafist vöruprófunar vegna hættulegra efna sem eru háð takmörkunum. Framleiðsluferli textílefna sæta einnig ströngum skilyrðum til að verjast vatns- og loftmengun og til að lágmarka váhrif á vinnuafl. Sannprófun þess að farið sé að viðmiðunum er sett fram á máta sem veitir neytendum hátt öryggisstig, endurspeglar raunhæfa möguleika umsækjenda til að afla upplýsinga frá aðfangakeðjunni og útilokar möguleikann á að umsækjendur „fljóti með“.

Mat og sannprófun

Þess er krafist að umsækjandinn leggi fram eftirfarandi upplýsingar um vöruna, eða vörurnar, og aðfangakeðju þeirra til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar:

Tafla 1

Yfirlit yfir kröfur vegna mats og sannprófunar

Viðmiðanir	Heimild sannprófunar
a) Viðmiðanir fyrir textíltrefjar: Heildarefnasamsetning vörunnar, eða varanna, þar sem textíltrefjar, efnisþættir og fylgihlutir eru tilgreind og sýnt fram á reglufylgni.	Framleiðendur trefja og efnisþátta, hráefnis- og íðefnabirgjar þeirra og prófunarstofur sem starfa í samræmi við tilgreindu prófunaraðferðirnar.
b) Íðefni og vinnsluferli: Efnin, uppskriftirnar og tæknin sem er notuð við framleiðslu og gefa vörunni sértæka eiginleika og virkni á stigum spuna, formeðhöndlunar, litunar, prentunar og frágangs, sem og við meðhöndlun vegna losunar lofts og skólps,	Framleiðslustaðir, íðefnabirgjar þeirra og prófunarstofur sem starfa í samræmi við tilgreindu prófunaraðferðirnar. Ef nauðsyn krefur skal framkvæma árlega greiningarprófun á vöru á meðan leyfið er í gildi og niðurstöðurnar lagðar fyrir viðeigandi þar til bæran aðila til sannprófunar.
c) Notagildi: Nothæfi vörunnar, eða varanna, eins og það er skilgreint með sértækum prófunaraðferðum sem taka á litheldni við tilgreind skilyrði, þoli gegn hnökrum og sliti og endingu virkni sem felur í sér fælingu, gerir straufrítt (e. *easy-care*) og veitir eldtefjandi eiginleika,	Prófunarstofur sem vinna í samræmi við tilgreindar prófunaraðferðir.
d) Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja: Birgjar sem umsækjandi velur til að sjá um sníðar, saumaskap og frágang (e. *cut/make/trim*) hlíti skilgreindum stöðlum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.	Óháðir sannprófendur eða skrifleg sönnunargögn sem byggjast á úttekt á framleiðslustöðum þar sem sníðar, saumaskapur og frágangur fer fram.

Hver viðmiðun hefur að geyma ítarlegar kröfur um sannprófun þar sem krafist er að umsækjandi taki saman yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur og önnur gögn í tengslum við vöruna, eða vörurnar, og aðfangakeðju þeirra.

Gildi leyfanna byggir á sannprófun við umsókn og, ef svo er tilgreint í viðmiðun 13, vöruprófunum sem skulu lagðar fyrir þar til bæra aðila til sannprófunar. Tilkynna skal þar til bærum aðilum um skipti á birgjum eða framleiðslustöðvum sem varða vörurnar sem leyfi er fyrir ásamt því að leggja fram stuðningsupplýsingar til sannprófunar á því að áfram sé farið að skilyrðum leyfisins.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna prófanir á rannsóknarstofum sem eru vottaðar samkvæmt ISO 17025 og sannprófanir sem eru framkvæmdar af aðilum sem eru vottaðir samkvæmt EN 45011 eða jafngildum alþjóðlegum staðli.

Sú viðmiðunareining sem miða ber ílag og frálag við er 1 kg af textílvöru við staðalskilyrði (rakastig 65% ± 4% og 20 °C ± 2 °C, en þessi staðalskilyrði eru tilgreind í ISO 139 Textiles — standard atmospheres for conditioning and testing).

Ef umsækjandinn notar vottunarkerfi til að leggja fram óháðar sannprófanir skal kerfið, sem verður fyrir valinu, og tengd kerfi vegna faggildingar sannprófenda uppfylla almennu kröfurnar í EN 45011 og ISO 17065. Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir og vettvangsheimsóknir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé að viðmiðunum, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS, ISO 14001 og ISO 50001, er beitt (athugasemd: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI ESB

Umsækjendur skulu sýna fram á að farið sé að viðmiðunum að því er varðar efnis- og íðefnasamsetningu, framleiðslustaði og notagildi varanna sem þeir óska eftir að beri umhverfismerkið.

1. VIÐMIÐANIR FYRIR TEXTÍLTREFJAR

Í þessum þætti eru settar fram trefjasértækar viðmiðanir fyrir eftirfarandi gerðir trefja:

a) Náttúrulegar trefjar: Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi, hör og aðrar basttrefjar, ull og aðrar hyrnistrefjar.

b) Gervitrefjar: Trefjar úr akrýl, elastani, pólýamíði, pólýester og pólýprópýleni.

c) Tilbúnar beðmistrefjar: lýósell, módal og viskósi.

Ekki þarf að fylgja viðmiðunum fyrir tiltekna gerð trefja ef þær trefjar nema minna en 5% af heildarþyngd vörunnar eða ef þær eru hluti af bólstrun eða fóðri. Að undanskildu pólýamíði og pólýester þarf ekki að fylgja þessum viðmiðunum fyrir:

a) alla vöruna ef hún inniheldur trefjar með endurunnu innihaldi sem nemur a.m.k. 70% af heildarþyngd allra trefja í vörunni miðað við þyngd,

b) einstakar trefjar sem mynda hluta af vörunni með umhverfismerkið og innihalda a.m.k. 70% endurunnið efni miðað við þyngd.

Trefjar með endurunnu innihaldi eru, í þessu samhengi, skilgreindar sem trefjar sem eru upprunnar úr úrgangi sem fellur til við framleiðslu (þ.m.t. úrgangur úr framleiðslu fjölliða og trefja, afskurður frá textíl- og fataiðnaði) og úrgangi frá neytendum (textílefni og allar gerðir trefja og textílvara, auk úrgangs sem er ekki úr textílefnum, þ.m.t. flöskur úr pólýetýlentereþalati og fiskinet).

Endurunnið innihald skal, að undanskildum flöskum úr pólýetýlentereþalati sem eru notaðar við framleiðslu á pólýesteri, uppfylla kröfur í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í viðmiðun 13. Þær skulu fela í sér árlegar, handahófskenndar greiningarprófanir á tilgreindum hópum efna.

Mat og sannprófun fyrir endurunnið innihald: endurunnið innihald skal vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Það skal sannprófað með óháðri vottun þriðja aðila á aðfangakeðjunni eða með gögnum sem birgjar hráefnis og uppvinnsluaðilar leggja fram. Ef þess er krafist í viðmiðun 13 skulu trefjaframleiðendur og birgjar hráefnis leggja fram yfirlýsingar og niðurstöður úr prófunum rannsóknarstofu.

Viðmiðun 1. Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi (*þ*.m.t. glansull)

Baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi (hér á eftir nefnt baðmull) skulu innihalda lágmarksmagn af annað hvort lífrænni baðmull (sjá viðmiðun 1a) eða baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum (sjá viðmiðun 1b). Auk þess skal:

— öll hefðbundin baðmull, og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, samræmast takmörkununum á varnarefnum í viðmiðun 1c,

— öll hefðbundin baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum vera af óerfðabreyttum yrkjum að því er varðar framleiðslustaðal 1a, lífræn vara,

— öll lífræn baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum vera rekjanleg að fullu í samræmi við viðmiðun 1d,

— fatnaður fyrir börn sem eru yngri en 3 ára innihalda að lágmarki 95% lífræna baðmull.

Á vörum sem uppfylla sértæk viðmiðunarmörk vegna innihalds af lífrænni baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum er heimilt að birta viðbótartexta, við hlið umhverfismerkisins, með fullyrðingu um innihaldið Leiðbeiningar eru gefnar í viðmiðun 28.

1a. Framleiðslustaðall fyrir lífræna vöru

Rækta skal að lágmarki 10% baðmullarinnar samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([4]), landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun (e. *US National Organic Programme (NOP)*) eða sambærilegum lagalegum skuldbindingum sem eru fastsettar af viðskiptaaðilum ESB, að undanskildum vörunum sem eru tilgreindar hér á eftir. Innihald af lífrænni baðmull getur verið lífrænt ræktuð baðmull eða baðmull ræktuð á umbreytingartímabili.

Að minnsta kosti 95% af baðmullarinnihaldi eftirfarandi vara skal vera lífræn baðmull: Stuttermabolir, kvenbolir, hversdagsskyrtur, gallabuxur, náttfatnaður, nærfatnaður og sokkar.

Mat og sannprófun: Óháður eftirlitsaðili skal votta að lífrænt innihald hafi verið framleitt í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun eða þær sem eru fastsettar af öðrum viðskiptaaðilum. Sannprófun fyrir hvert upprunaland skal lögð fram árlega.

Óerfðabreytt baðmullaryrki skal sannprófa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1830/2003 ([5]).

1b. Baðmullarframleiðsla í samræmi við meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum

Rækta skal að lágmarki 20% baðmullarinnar í samræmi við meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum í skilningi áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um samþættar varnir gegn skaðvöldum, eða kerfum samþættrar stjórnunar við ræktun sem fela í sér meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum, og baðmullin skal samræmast takmörkununum vegna varnarefna í viðmiðun 1c.

Fyrir eftirtaldar vörur skal sá hluti baðmullar sem skal ræktaður í samræmi við meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum, eins og þær eru skilgreindar hér að ofan, vera að lágmarki 60%: Stuttermabolir, kvenbolir, hversdagsskyrtur, gallabuxur, náttfatnaður, nærfatnaður og sokkar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram sönnunargögn fyrir því að baðmullin sé ræktuð af bændum sem hafa tekið þátt í formlegum þjálfunaráætlunum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eða opinberum áætlunum um samþættar varnir gegn skaðvöldum og samþætta stjórnun við ræktun og/eða sem hafa gengist undir úttekt sem hluti af vottuðu kerfi þriðja aðila um samþættar varnir gegn skaðvöldum. Sannprófun skal annað hvort lögð fram árlega fyrir hvert land eða á grundvelli vottorða fyrir alla balla af baðmull, sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem eru keyptir til að framleiða vöruna.

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara, sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum, og um breytingu á tilskipun 2001/18/EB (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.)

Ekki er nauðsynlegt að hlíta takmörkuninni á varnarefnum vegna kerfa þar sem notkun efnanna, sem eru skráð í viðmiðun 1c, er bönnuð og ef annað hvort eru framkvæmdar prófanir eða aflað yfirlýsinga um að efnin séu ekki notuð frá bændum, og/eða framleiðendahópum bænda, sem eru sannprófaðar með vettvangsheimsóknum eftirlitsaðila sem eru faggiltir af hálfu ríkisstjórna eða viðurkenndum vottunarkerfum fyrir lífræna ræktun eða samþættar varnir gegn skaðvöldum.

Óerfðabreytt baðmull, ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum, sem er notuð með lífrænni baðmull skal sannprófuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1830/2003. Kerfi samþættra varna gegn skaðvöldum með útilokun á erfðabreyttri baðmull skulu viðurkennd sem sönnun fyrir reglufylgni vegna innihalds sem er ræktað með samþættum vörnum gegn skaðvöldum.

1c. Takmarkanir á varnarefnum sem gilda um hefðbundna baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum

Öll baðmull sem er notuð í textílvörur með umhverfismerkinu, að undanskilinni lífrænni baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum sem er undanskilin í 1b, skal ræktuð án þess að nokkur eftirtalinna efna séu notuð:

Alaklór, aldíkarb, aldrín, kamfeklór (toxafen), kaptafól, klórdan, 2,4,5-T, klórdímeform, klórbensílat, sýpermetrín, DDT, díeldrín, dínóseb og sölt þess, endósúlfan, endrín, glýfosúlfat, heptaklór, hexaklórbensen, hexaklórsýklóhexan (allar hverfur), metamídófos, metýl-o-dematón, metýlparaþíón, mónókrótófos, neónikótínóíð (klóþíanidín, imídaklópríð, þíametoxam), paraþíón, fosfamídón, pentaklórfenól, þíófanex, tríafanex, tríasófos

Baðmull skal í heildina ekki innihalda meira en 0,05 milljónarhluta efnanna sem eru tilgreind hér á undan.

Mat og sannprófun: Gera skal prófun á baðmull fyrir efnunum sem eru tilgreind. Leggja skal fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum, eins og við á:

— US EPA 8081 B (lífræn klórvarnarefni, útdráttur sem byggist á úthljóðs- eða Soxhlet-tækni og óskautuðum leysum (ísóoktan eða hexan)),

— US EPA 8151 A (klóraðir illgresiseyðar, þar sem metanól er notað),

— US EPA 8141 B (lífræn fosfórsambönd),

— US EPA 8270 D (hálfrokgjörn, lífræn efnasambönd).

Prófanir skulu gerðar á sýnum af óunninni baðmull frá hverju upprunalandi og áður en hún fer í nokkra blautvinnslu. Prófanir skulu gerðar fyrir hvert upprunaland á eftirfarandi grundvelli:

i. Ef aðeins ein framleiðslueining af baðmull er notuð árlega skal taka sýni úr balla sem er valinn af handahófi,

ii. Ef tvær eða fleiri framleiðslueiningar af baðmull eru notaðar árlega skal taka samsett sýni úr 5% ballanna.

Ekki er farið fram á prófun á baðmull ef hún er vottuð með kerfi fyrir samþættar varnir gegn skaðvöldum sem leggur bann við notkun tilgreindu efnanna.

1d. Kröfur um rekjanleika sem gilda um lífræna baðmull og baðmull sem er ræktuð með samþættum vörnum gegn skaðvöldum

Öll baðmull sem er ræktuð samkvæmt framleiðslustöðlum fyrir lífræna ræktun og samþættar varnir gegn skaðvöldum og baðmull sem er notuð við framleiðslu á textílvöru með umhverfismerkinu skal vera rekjanleg frá sannprófun framleiðslustaðalsins a.m.k. til framleiðslu hrávefnaðar (e. *greige fabric*).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að kröfum um lágmarksinnihald baðmullar, annað hvort að því er varðar magnið af baðmull sem er keypt árlega eða baðmullarblönduna sem er notuð við framleiðslu fullunnu vörunnar, eða varanna, og samkvæmt hverri vörulínu:

i. Á ársgrundvelli: Leggja skal fram viðskiptaskrár og/eða reikninga sem skjalfesta magn baðmullar sem er keypt árlega frá bændum eða framleiðendahópum, og/eða heildarþyngd vottaðra balla, allt að framleiðslu hrávefnaðarins.

ii. Á grundvelli fullunninnar vöru: Leggja skal fram gögn frá spunastiginu og/eða framleiðslustigi efnisins. Öll gögn skulu vísa til eftirlitsstofnunar eða vottunaraðila baðmullar í hinum mismunandi formum.

Viðmiðun 2. Hör og annars konar basttrefjar (*þ*.m.t. hampur, júta og ramí)

2a. Hör og annars konar basttrefjar skulu feygðar við umhverfisskilyrði og án inntekinnar varmaorku.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu, frá bændunum eða hreinsistöðvunum sem afhenda trefjarnar, um hvaða feygiaðferð eru notuð.

2b. Ef feyging fer fram í vatni skal skólpið úr feygilaugunum meðhöndlað þannig að efnafræðileg súrefnisþörf (COD) eða heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) minnki um a.m.k. 75% fyrir hamptrefjar og um a.m.k. 95% fyrir hör og aðrar basttrefjar.

Mat og sannprófun: ef feygt er í vatni skal umsækjandi leggja fram prófunarskýrslu þar sem sýnt er fram á reglufylgni og sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060 (efnafræðileg súrefnisþörf).

Viðmiðun 3. Ull og aðrar hyrnistrefjar (*þ*.m.t. ull af sauðum og lömbum og hár af kameldýrum, alpökum og geitum)

3a. Styrkleiki útsníklalyfja í óunninni ull áður en hún er þvegin skal ekki fara yfir heildarsummurnar sem eru gefnar upp í töflu 2.

Þessar kröfur eiga ekki við ef unnt er að leggja fram skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hvaða bændur hafa framleitt a.m.k. 75% af viðkomandi ull eða hyrnistrefjum ásamt óháðri sannprófun, byggðri á vettvangsheimsóknum, á því að efnin sem eru tilgreind hér á undan hafi ekki verið notuð á akrana eða dýrin sem um er að ræða.

Tafla 2

Samanlagðar takmarkanir á styrkleika útsníklalyfja í ull

Hópar útsníklalyfja	Viðmiðunarmörk, heildarsumma
γ-hexaklórsýklóhexan (lindan), α-hexaklórsýklóhexan, β-hexaklórsýklóhexan, δ-hexaklórsýklóhexan, aldrín, díeldrín, endrín, p,p'-DDT, p,p'-DDD	0,5 milljónarhluti
Sýpermetrín, deltametrín, fenvalerat, sýhalótrín, flúmetrín	0,5 milljónarhluti
Díasínón, própetamfos, klórfenvinfos, díklórfenþíón, klórpýrífos, fenklórfos	2 milljónarhlutar
Díflúbensúrón, tríflúmúrón, dísýklaníl	2 milljónarhlutar

Ullarþvottastöðvar sem starfrækja vatnskerfi með lokaðri hringrás án losunar skólps og sem brjóta niður fyrrnefnd útsníklalyf, sem kunna að vera til staðar í leifum og eðju frá þvotti, með bruna eru undanþegnar kröfum vegna prófunar á ull en verða að fara að a.m.k. tveimur ráðstafananna í 3c.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal annað hvort leggja fram framangreind skjöl eða taka saman prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: Drög Alþjóðlegu ullartextílsamtakanna (IWTO) að prófunaraðferð 59. Prófunin skal gerð á sölueiningum óunninnar ullar, eftir upprunalandi (ef hún er blönduð) og áður en hún fer í blautvinnslu. Fyrir hverja vinnslueiningu skal a.m.k. prófa eitt samsett sýni úr mörgum einingum frá hverju upprunalandi. Samsett sýni skal samanstanda af:

i. ullartrefjum frá a.m.k. 10 framleiðslueiningum frá bónda völdum af handahófi innan sölueininganna, eða,

ii. ef það eru innan við 10 sölueiningar innan vinnslueiningarinnar, einu samsettu sýni frá hverjum bónda sem afhendir vinnslueiningarnar.

Að öðrum kosti má leggja fram vottorð um prófun á efnaleifum fyrir allar sölueiningar í vinnslueiningu.

Ef undanþága er í gildi skal umsækjandinn leggja fram staðfestingu á tilhögun á þvottastöðinni og niðurstöðum rannsóknarstofuprófana sem sýna fram á niðurbrot útsníklalyfja sem kunna að vera til staðar í leifum og eðju frá þvotti.

3b. Við ullarþvott skal lágmarka efnafræðilega súrefnisþörf í frárennsli með því að hámarka fjarlægingu óhreininda og endurheimt fitu og síðan meðhöndlun að því gildi sem er tilgreint í töflu 3, hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar. Eftirfarandi mörk efnafræðilegrar súrefnisþarfar skulu gilda um þvott á grófri og fínni óþveginni ull. Fín ull er skilgreind sem merínóull, ≤ 23,5 míkron að þvermáli.

Tafla 3

Gildi fyrir efnafræðilegra súrefnisþörf í frárennsli endanlegrar losunar frá ullarþvotti

Tegund ullar	Endanleg losun út í umhverfið (efnafræðileg súrefnisþörf í grömmum fyrir hvert kíló af óþveginni ull)
Gróf ull	25 g/kg
Fín ull	45 g/kg

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur sem tengjast þessari viðmiðun og byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu ullarþvottastöðvarinnar eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar. Samræmi við þessa viðmiðun skal grundvallast á mánaðarlegu meðaltali sex næstliðna mánaði fyrir umsóknina.

3c. Ullarþvottastöðvar skulu a.m.k. grípa til einnar af eftirfarandi ráðstöfunum til að endurheimta verðmæti úr oxaðri fitu, trefjum, ullarsvita (e. *suint*) eða eðju sem fellur til á þvottastöðinni sem er notuð fyrir ullarvörurnar með umhverfismerkinu:

i. endurheimt m.t.t. sölu sem efnahráefni,

ii. framleiðsla á moltu eða tilbúnum áburði í vökvaformi,

iii. framleiðsla á vörum á borð við byggingarefnivið,

iv. meðhöndlun og endurnýtingu orku með loftfirrðu niðurbroti eða brennslu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslu og fylgibréf með úrgangsflutningi til staðfestingar á tegund og umfangi úrgangs sem er endurheimtur og aðferðinni sem er notuð.

Viðmiðun 4. Akrýl

4a. Losun akrýlnítríls út í andrúmsloftið (við fjölliðun og þar til framleidd hefur verið lausn sem spinna má úr), gefin upp sem ársmeðaltal, skal vera minni en 1,0 g/kg af framleiddum trefjum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu frá framleiðanda, eða framleiðendum, trefjanna.

4b. Losun N,N-dímetýlasetamíðs (127-19-5) á vinnustað í andrúmsloft við fjölliðun og spuna skal ekki fara yfir 10,0 milljónarhluta leiðbeinandi viðmiðunarmarka fyrir váhrif í starfi.

Mat og sannprófun: losunargildi skulu mæld á þeim vinnslustigum sem efnin eru notuð, gefin upp sem 8 klst. meðalgildi (meðalgildi vaktar). Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur og vöktunargögn frá framleiðanda, eða framleiðendum, trefjanna sem sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun.

Viðmiðun 5. Elastan

5a. Ekki skal nota lífræn tinsambönd við framleiðslu á trefjunum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda, eða framleiðendum, trefjanna um að efnin séu ekki notuð.

5b. Losun eftirfarandi efna á vinnustað í andrúmsloft við fjölliðun og spuna skal ekki fara yfir eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi:

i. difenýlmetan-4,4'-díísósýanat (101-68-8) 0,005 milljónarhluti

ii. tólúen-2,4-díísósýanat (584-84-9) 0,005 milljónarhluti

iii. N,N-dímetýlasetamíð (127-19-5) 10,0 milljónarhlutar

Mat og sannprófun: losunargildi skulu mæld á þeim vinnslustigum sem efnin eru notuð, gefin upp sem 8 klst. meðalgildi (meðalgildi vaktar). Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur og vöktunargögn frá framleiðanda, eða framleiðendum, trefjanna sem sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun

Viðmiðun 6. Pólýamíð (eða nælon)

Vörur úr pólýamíði skulu uppfylla a.m.k. einn framleiðslustaðlanna sem eru skráðir í undirviðmiðunum 6a og 6b.

Á öllum vörum sem uppfylla viðmiðunarlágmörk vegna endurunnins innihalds er heimilt að birta viðbótartexta, við hlið umhverfismerkisins, með fullyrðingu um innihald. Leiðbeiningar eru gefnar í viðmiðun 28.

6a. Framleiðslustaðall 1: Lágmark endurunnins innihalds:

Trefjar skulu framleiddar með næloninnhaldi sem er a.m.k. 20% endurunnið úr úrgangi sem fellur til við framleiðslu og/eða úrgangi frá neytendum.

Mat og sannprófun: endurunnið innihald skal vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Það skal sannprófað með óháðri vottun á aðfangakeðjunni eða gögnum sem birgjar og vinnsluaðilar leggja fram.

6b. Framleiðslustaðall 2: Losun N_2O frá framleiðslu á einliðum.

Losun N_2O í andrúmsloft við framleiðslu á einliðum, gefin upp sem ársmeðaltal, skal ekki vera meiri en 9,0 g N_2O/kg af kaprólaktami (fyrir nælon-6) eða adipínsýru (fyrir nælon-6,6).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram skjöl eða prófunarskýrslur, sem sýna fram á samræmi við viðmiðunina og byggjast á vöktunargögnum, ásamt samræmisyfirlýsingu frá framleiðanda, eða framleiðendum, trefjanna og hráefnisbirgjum þeirra.

Viðmiðun 7. Pólýester

Textílvörur sem eru fyrst og fremst til sölu til neytenda skulu vera í samræmi við undirviðmiðanir a og b. Textílvörur sem eru fyrst og fremst til sölu til viðskiptavina úr atvinnulífinu eða hjá hinu opinbera skulu vera í samræmi við a og *annað hvort* b eða c.

Á öllum vörum sem uppfylla viðmiðunarlágmörk vegna endurunnins innihalds er heimilt að birta viðbótartexta, við hlið umhverfismerkisins, með þeirri fullyrðingu um innihaldið. Leiðbeiningar eru gefnar í viðmiðun 28.

7a. Magn antímons í pólýestertrefjum skal ekki fara yfir 260 milljónarhluta. Pólýestertrefjar sem eru framleiddar úr endurunnum flöskum úr pólýetýlentereþalati eru undanþegnar þessari kröfu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annað hvort leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum: beinni ákvörðun með frumeindagleypnimælingu eða rafgasmassagreiningu. Prófunin skal gerð á samsettu sýni af óunnum trefjum áður en þær fara í blautvinnslu. Leggja skal fram yfirlýsingu fyrir trefjar sem eru framleiddar úr endurunnum flöskum úr pólýetýlentereþalati.

7b. Trefjar skulu framleiddar með lágmarksinnihaldi af pólýetýlentereþalati sem er endurunnið úr úrgangi sem fellur til við framleiðslu og/eða úrgangi frá neytendum. Stutttrefjar skulu að lágmarki innihalda 50% og heilþræðir að lágmarki 20%. Örtrefjar eru undanþegnar þessari kröfu og skulu þess í stað fylgja gildum sem eru gefin í c.

Mat og sannprófun: endurunnið innihald skal vera rekjanlegt til uppvinnslu hráefnisins. Það skal sannprófað með óháðri vottun á aðfangakeðjunni eða gögnum sem birgjar og vinnsluaðilar leggja fram.

7c. Losun lífrænna rokefna við framleiðslu pólýesters, gefin upp sem ársmeðaltal, þ.m.t. bæði losun frá upptökum og dreifð losun, skal ekki vera meiri en 1,2 g/kg fyrir pólýetýlentereþalatflögur og 10,3 g/kg fyrir heilþræði.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram vöktunargögn og/eða prófunarskýrslur sem sýna fram á samræmi við EN 12619 eða staðla með jafngildum prófunaraðferðum. Leggja skal fram mánaðarlegt meðaltal heildarlosunar lífrænna efnasambanda frá framleiðslustöðum vara með umhverfismerkinu fyrir a.m.k. sex næstliðna mánuði fyrir umsóknina.

Viðmiðun 8. Pólýprópýlen

Ekki skal nota fastlitarefni sem innihalda blý.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að efnin séu ekki notuð.

Viðmiðun 9. Tilbúnar beðmistrefjar (*þ*.m.t. viskósa, módal og lýósell)

Undirviðmiðanir fyrir framleiðslu mauks

9a. Að lágmarki 25% trefjamauks skal framleitt úr viði sem er ræktaður samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógarstjórnunar í skilningi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Afgangur trefjamauksins skal vera úr trefjum sem eru fengnar með löglegri skógrækt og af löglegum plantekrum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal útvega gild aðfangakeðjuvottorð frá trefjaframleiðandanum, eða -framleiðendunum, vottuð af óháðum aðilum, sem sýna fram á að viðartrefjarnar séu ræktaðar samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógarstjórnunar og/eða hafi löglegan uppruna. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun.

Framleiðandi trefjanna skal sýna fram á að ferlum áreiðanleikakannana hafi verið fylgt, eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 ([6]), til að ganga úr skugga um að timbur sé löglega höggvið. Gild leyfi samkvæmt áætlun Evrópusambandsins um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT) eða samningi Sameinuðu þjóðanna um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) og/eða vottun þriðja aðila skulu tekin gild sem sönnunargögn um löglegan uppruna.

9b. Mauk sem er framleitt úr baðmullardún skal, að lágmarki, annað hvort uppfylla kröfur viðmiðunar 1a eða 1b fyrir baðmull.

Mat og sannprófun: eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

9c. Mauk sem er notað við framleiðslu trefja skal bleikja án þess að notast við hreint klór. Heildarmagn klórs og lífrænna klórsambanda (lífræn halógensambönd (OX)) skal ekki vera yfir 150 milljónarhlutum í tilbúnum trefjum eða ekki yfir 0,170 kg á hvert loftþurrkað tonn mauks í skólpi frá framleiðslu mauks (áseyg, lífræn halógensambönd (AOX)).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir fram á að kröfur vegna annað hvort lífrænna halógensambanda eða áseygra, lífrænna halógensambanda séu uppfylltar, með viðeigandi prófunaraðferðum: OX: ISO 11480 (stýrður bruni og örrafhleðslugreining (e. *microcoulometry*)).

AOX: ISO 9562

9d) Að lágmarki 50% mauksins sem er notað við framleiðslu á trefjum skal keypt frá sellulósaverksmiðjum (e. *dissolving pulp mills*) sem endurheimta verðmæti úr vökva sem fellur til við vinnslu annað hvort með:

i. framleiðslu raforku og gufu á staðnum

ii. framleiðslu aukaafurða í formi íðefna.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir birgja mauks sem útvega hráefnið sem er notað við framleiðslu trefjanna og það hlutfall mauks sem þeir afhenda. Leggja skal fram gögn og staðfestingu þess efnis að sá hluti birgja sem krafist er búi yfir viðeigandi búnaði til orkuframleiðslu og/eða uppsettum kerfum fyrir endurheimt og framleiðslu aukaafurða við viðkomandi framleiðslustaði.

Undirviðmiðanir fyrir framleiðslu trefja

9e. Við framleiðslu viskósu- og módaltrefja skal brennisteinsinnihald úr losun brennisteinssambanda út í andrúmsloftið, gefið upp sem ársmeðaltal, ekki fara yfir eftirfarandi nothæfisgildi í töflu 4.

Tafla 4

Losunargildi brennisteins fyrir viskósa- og módaltrefjar

Tegund trefja	Nothæfisgildi (g S/kg)
Stutttrefja	30 g/kg
Heilþráður	
— Þvottur í lotum	40 g/kg
— Samþættur þvottur	170 g/kg

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

2. VIÐMIÐANIR FYRIR EFNISÞÆTTI OG FYLGIHLUTI

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda um efnisþætti og fylgihluti sem eru hluti af fullunninni vöru.

Viðmiðun 10. Fylliefni

10a. Fylliefni úr textíltrefjum skulu vera í samræmi við viðmiðanirnar fyrir textíltrefjar (1.–9.) eftir því sem við á.

10b. Fylliefni skulu vera í samræmi við kröfur í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum vegna sæfiefna og formaldehýðs í textílefnum (sjá 1. viðbæti).

10c. Þvottaefni og önnur efni, sem eru notuð til að þvo fylliefni (dún, fjaðrir, náttúrulegar trefjar eða gervitrefjar), skulu vera í samræmi við kröfur í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum að því er varðar hjálparefni og þvottaefni, mýkingarefni og bindla í textílefnum (sjá 1. viðbæti).

Mat og sannprófun: eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

Viðmiðun 11. Efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúðun og himnur

11a. Efnisþættir úr pólýúretani skulu vera í samræmi við textíltrefjaviðmiðanir 5a, varðandi lífrænt tin, og 5b, varðandi váhrif arómatískra díísósýanata og dímetýlasetamíða á vinnustöðum.

11b. Efnisþættir úr pólýester skulu vera í samræmi við textíltrefjaviðmiðanir 7a og 7c varðandi antímoninnihald og losun lífrænna rokefna við fjölliðun.

11c. Fjölliður skulu samræmast takmörkun í v. lið g-liðar í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í 1. viðbæti við þessa ákvörðun.

Mat og sannprófun: eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun og/eða í 1. viðbæti við þessa ákvörðun.

Viðmiðun 12. Fylgihlutir

Efnisþættir úr málmi og plasti, s.s. rennilásar, hnappar og festingar, skulu vera í samræmi við kröfur vegna fylgihluta í skránni fyrir efni sem sæta takmörkunum (sjá 1. viðbæti).

Mat og sannprófun: eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

3. VIÐMIÐANIR FYRIR ÍÐEFNI OG VINNSLUFERLI

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda, þar sem það er tilgreint, um eftirfarandi framleiðslustig:

i. Spuna

ii. Samsetningu efnis

iii. Formeðhöndlun

iv. Litun

v. Prentun

vi. Frágang

vii. Sníðar, saumaskap og frágang

Ef annað er ekki tilgreint gilda þessar viðmiðanir, þ.m.t. kröfurnar um prófanir af handahófi, einnig um trefjar með endurunnið innihald.

Viðmiðun 13. Skrá yfir efni sem sæta takmörkunum

13a. Almennar kröfur

Fullunna varan og uppskriftirnar, sem eru notaðar við framleiðslu fullunnu vörunnar, skulu ekki innihalda hættulegu efnin sem eru tilgreind í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum við eða yfir tilgreindum styrkleikamörkum eða samkvæmt tilgreindu takmörkununum. Skrána yfir efni sem sæta takmörkunum er að finna í 1. viðbæti. Takmarkanirnar í skránni skulu ganga framar undanþágunum sem eru skráðar í viðmiðun 14, töflu 6.

Birgjum og aðilum sem bera ábyrgð á þeim stigum framleiðslu sem fela í sér spuna, litun, prentun og frágang skal tilkynnt um skrána yfir efni sem sæta takmörkunum. Sannprófunar- og prófunarkröfur eru tilgreindar í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum fyrir hvert framleiðslustig og hverja fullunna vöru.

Þar sem þess gerist þörf skal framkvæma rannsóknarstofuprófanir, byggðar á slembisýnatöku, fyrir hverja framleiðslulínu. Prófun skal framkvæma árlega á meðan leyfið er í gildi í því skyni að sýna fram á áframhaldandi samræmi við skrána yfir efni sem sæta takmörkunum.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við skrána yfir efni sem sæta takmörkunum, studda gögnum sem eiga við um efnin og uppskriftirnar sem eru notuð við framleiðslu á fullunnu vörunni. Kröfurnar eru tilgreindar í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum og þær fela í sér yfirlýsingar sem er aflað hjá aðilum sem bera ábyrgð á viðkomandi framleiðslustigum, yfirlýsingar frá íðefnabirgjum og niðurstöður rannsóknarstofugreininga á sýnum úr fullunnu vörunni. Yfirlýsingar sem er aflað af framleiðslustigum skulu studdar öryggisblöðum fyrir uppskriftir og, ef nauðsyn krefur, yfirlýsingum frá íðefnabirgjum. Öryggisblöð skulu fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar í 2., 3., 9., 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([7]) (Leiðbeiningar um samantekt öryggisblaða). Öryggisblöðum sem eru ekki fyllt út að fullu skulu fylgja yfirlýsingar frá íðefnabirgjum.

7 () Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Framkvæma skal greiningu á fullunnu vörunni á rannsóknarstofu, á þann hátt að hún gefi sanna mynd af vörulínunum sem leyfi er fyrir, ef svo er tilgreint í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum og samkvæmt prófunaraðferðunum sem eru tilgreindar. Þar sem þess gerist þörf skal framkvæma prófun fyrir hverja framleiðslulínu, byggða á slembisýnatöku, við umsókn og einu sinni á ári þar eftir og niðurstöðurnar í kjölfarið tilkynntar viðkomandi þar til bærum aðila. Prófunargögn sem aflað er í þeim tilgangi að sýna fram á samræmi við skrá yfir efni sem sæta takmörkunum í iðnaðinum, og við önnur kerfi, skulu samþykkt ef prófunaraðferðirnar eru jafngildar og hafa verið gerðar á dæmigerðu sýni af fullunnu vörunni.

Neikvæðar niðurstöður úr prófun á gildistíma leyfisins skulu hafa í för með sér endurprófun á vörulínunni sem um ræðir. Ef neikvæðar niðurstöður koma fram í annað sinn skal afturkalla leyfið fyrir vörulínuna. Krafist er aðgerða til úrbóta til þess að leyfið taki gildi að nýju.

13b. Sérlega varasöm efni

Fullunnin vara þ.m.t. allir efnisþættir eða aukabúnaður skulu ekki, án sérstakrar undanþágu, innihalda efni sem:

i. uppfylla viðmiðanir í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

ii. eru tilgreind samkvæmt málsmeðferðinni sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem komið er á fót skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni.

Þetta á við um efni sem eru notuð til að gefa fullunnu vörunni virkni og um efni sem hafa verið vísvitandi notuð í framleiðslusamsetningunni.

Ekki skal veita undanþágu þegar um er að ræða efni sem uppfylla annað þessara tveggja skilyrða og sem eru fyrir hendi í textílhlut, eða í einsleitum hluta flókins textílhlutar, í styrk sem nemur meira en 0,10% (massahlutfall).

Mat og sannprófun: Efni og uppskriftir sem notuð eru á hverju framleiðslustigi skulu skimuð með hliðsjón af nýjustu útgáfu skráarinnar yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni og er gefin út af Efnastofnun Evrópu. Umsækjandinn skal taka saman samræmisyfirlýsingar vegna hvers framleiðslustigs sem eru studdar gögnum úr skimun.

Þegar undanþága hefur verið veitt skal umsækjandinn sýna fram á að notkun efnisins sé í samræmi við styrkleikamörkin og undanþáguskilyrðin sem eru sett fram í skránni yfir efni sem sæta takmörkunum.

Viðmiðun 14. Útskipting hættulegra efna sem eru notuð í litun, prentun og frágangi

Efni sem eru notuð á textílefni og prjónaða klæðisdúka meðan á litun, prentun og frágangi stendur og verða eftir á fullunnu vörunni og uppfylla viðmiðanirnar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]) eða tilskipun ráðsins 67/548/EB ([9]), fyrir flokkun samkvæmt hættuflokkununum eða hættusetningunum sem eru tilgreindar í töflu 5, skulu ekki notuð án sérstakrar undanþágu. Þessar takmarkanir gilda einnig um sérvirk efni (e. *functional substances*) sem eru felld inn í tilbúnar trefjar við framleiðslu þeirra.

14a. Takmarkanir vegna hættuflokkana

Hættuflokkanir sem valda takmörkunum eru tilgreindar í töflu 5. Nýjustu flokkunarreglurnar sem Evrópusambandið hefur samþykkt skulu ganga framar skráðu hættusetningunum. Umsækjendur skulu því ganga úr skugga um að allar flokkanir séu byggðar á nýjustu flokkunarreglunum.

Notkun efna eða blandna sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar, verða fyrir efnabreytingum), þannig að tilgreind hætta hverfur, eru undanþegnar kröfunum hér að framan. Undir þetta falla fjölliður sem hefur verið breytt til að fella inn í þær virkni og einliður eða íblöndunarefni sem fá samgild tengi við fjölliður.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Tafla 5

Hættuflokkanir og hættusetningar og undirflokkun þeirra samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem valda takmörkunum

Bráð eiturhrif	
Undirflokkur 1 og 2	Undirflokkur 3
H300 Banvænt við inntöku (H28)	H301 Eitrað við inntöku (H25)
H310 Banvænt í snertingu við húð (H27)	H311 Eitrað í snertingu við húð (H24)
H330 Banvænt við innöndun (H23/26)	H331 Eitrað við innöndum (H23)
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg (H65)	ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu (H39/41)

Sértæk eiturhrif á marklíffæri	
Undirflokkur 1	Undirflokkur 2
H370 Skaðar líffæri (H39/23, H39/24, H39/25, H39/26, H39/27, H39/28)	H371 Getur skaðað líffæri (H68/20, H68/21, H68/22)
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (H48/25, H48/24, H48/23)	H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (H48/20, H48/21, H48/22)

Næming öndunarfæra og húðnæming	
Undirflokkur 1A	Undirflokkur 1B
H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (H43)	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (H43)
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun (H42)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun (H42)

Krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða eiturhrif á æxlun	
Undirflokkur 1A, 1B	Undirflokkur 2
H340 Getur valdið erfðagöllum (H46)	H341 Grunað um að valda erfðagöllum (H68)
H350 Getur valdið krabbameini (H45)	H351 Grunað um að valda krabbameini (H40)
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun (H49)	
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi (H60)	H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi (H62)
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (H61)	H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (H63)
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (H60, H60/61)	H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (H62/63)

Bráð eiturhrif	
Undirflokkur 1 og 2	Undirflokkur 3
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði (H60/63)	H362 Getur skaðað börn á brjósti (H64)
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi (H61/62)	

Hættulegt fyrir vatnsumhverfi	
Undirflokkur 1 og 2	Undirflokkur 3 og 4
H400 Mjög eitrað lífi í vatni (H50)	H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif (H52/53)
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif (H50/53)	H413 Getur valdið langvinnum áhrifum á líf í vatni (H53)
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif (H51/53)	

Hættulegt ósonlaginu	
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu (H59)	

14b) Undanþágur sem gilda um efnahópa fyrir textílefni

Í samræmi við 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 eru efnahóparnir í töflu 6 sérstaklega undanþegnir kröfunum sem eru settar fram í viðmiðun 14a og í samræmi við undanþáguskilyrðin sem lýst er í töflu 6. Kveðið er á um öll skilyrði fyrir undanþágu vegna tilgreindu hættuflokkananna fyrir hvern efnahóp. Þessar undanþágur gilda einnig um efni sem er bætt út í tilbúnar gervitrefjar og beðmistrefjar við framleiðslu þeirra.

Tafla 6

Undanþegnar hættuflokkanir fyrir hvern efnahóp

Efni sem gefa fullunni vörunni virkni		
Efnahópur	Undanþegnar hættuflokkanir	Skilyrði undanþágu
i. Leysilitarefni fyrir litun og prentun án fastlitarefna	H301, H311, H331, H317, H334	Í því skyni að lágmarka váhrif á starfsfólk skulu litunarstöðvar og prentsmiðjur notast við ryklausar samsetningar leysilitarefna eða sjálfvirka skömmtun leysilitarefna.
	H411, H412, H413	Leysilitunarvinnsla þar sem notast er við hvarfgjarna leysiliti, jafnleysiliti, kerleysiliti (e. *vat dyes*) eða brennisteinsleysiliti með þessum flokkunum skulu a.m.k. uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum: — notaðir séu leysilitir með mikla sækni, — tíðni gallaðra vara sé haldið innan við 3,0%, — notaður sé tækjabúnaðar við litaðhæfingu (e. *colour matching*), — notaðar séu staðlaðar verklagsreglur við leysilitunarvinnsluna, — notuð sé fjarlæging litarefna til að meðhöndla skólp í samræmi við viðmiðun 16a. Litun á spunalausnum (e. *solution dyeing*) og/eða stafræn prentun eru undanþegin þessum skilyrðum.

ii. Eldtefjandi efni	H317 (1B), H373, H411, H412, H413	— Varan þarf að vera ætluð til notkunar sem krefst þess að uppfylltar séu brunavarnarkröfur í innkaupastöðlum og -reglum ISO, EN, aðildarríkis eða hjá hinu opinbera. — Varan skal uppfylla kröfur um endingu virkni (sjá viðmiðun 25)
	Veitt er undanþága fyrir H351 vegna notkunar samverkandi efnisins antímonþríoxíðs til yfirborðsmeðferðar á bakhlið textílvara til innanhússnota.	— Varan þarf að vera ætluð til notkunar sem krefst þess að uppfylltar séu brunavarnarkröfur í innkaupastöðlum og -reglum ISO, EN, aðildarríkis eða hjá hinu opinbera. — Losun í andrúmsloft á vinnustað þar sem eldtefjandi efnið er borið á textílvöruna skal miðast við viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem nema 0,50 mg/m^3 á hverjar átta klukkustundir.
iii. Ljósvirk bleikiefni	H411, H412, H413	Ljósvirk bleikiefni má einungis nota í eftirfarandi tilvikum: — við prentun með hvítum lit, — til að fá bjartari liti í einkennisbúningum og vinnufatnaði, — sem íblöndunarefni við framleiðslu á pólýamíði og pólýester með endurunnu innihaldi.
iv. Fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti	H413	— Fæliefnið og niðurbrotsefni þess skulu vera auðlíf-brjótanleg og/eða lífbrjótanleg í eðli sínu og þau skulu ekki safnast saman í lífverum í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaseti. — Varan skal uppfylla kröfur um endingu virkni (sjá viðmiðun 25)

Aðrar efnaleifar sem kunna að vera fyrir hendi í fullunnu vörunni

v. Hjálparefni sem samanstanda af: burðarefnum, sléttiefnum, dreifiefnum, yfirborðsvirkum efnum, þykkingarefnum, bindiefnum	H301, H311, H331, H371, H373, H317 (1B), H334, H411, H412, H413, ESB-H070	Uppskriftir skulu settar þannig fram að notuð séu sjálfvirk skömmtunarkerfi og vinnsluferli skulu fylgja stöðluðum verklagsreglum. Efni sem eru flokkuð með H311, H331, H317 (1B) skulu ekki vera til staðar í fullunnu vörunni í styrkleika yfir 1,0%. (þyngdarhlutfall).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal afla samræmisyfirlýsinga frá öllum framleiðslustöðum þar sem litun, prentun og frágangur fer fram og, ef þörf krefur, íðefnabirgjum þeirra. Þar skal því lýst yfir að eftirfarandi efni, ef þau eru notuð í uppskriftum fyrir framleiðsluna, ásamt öllum sérvirkum efnum sem eru notuð og geta orðið eftir á fullunnu vörunni, uppfylla ekki viðmiðanir fyrir flokkun með einni eða fleiri hættuflokkunum eða hættusetningum sem eru tilgreindar í töflu 5:

— sæfiefni

— leysilitarefni og fastlitarefni

— burðarefni (hjálparefni), sléttiefni og dreifiefni

— ljósvirk bleikiefni

— þykkingarefni vegna prentunar, bindiefni og mýkiefni til notkunar við prentun

— víxltengiefni (úr frágangsefnum sem gera vöruna straufría og úr prentun)

— eldtefjandi efni og samverkandi efni

— fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti

— mýkingarefni

Ef efni eru undanþegin í töflu 6 skal fullyrðingin sérstaklega tilgreina þau undanþegnu efni og innihalda sannanir því til stuðnings sem sýna hvernig skilyrðin fyrir undanþágunni skulu uppfyllt.

Ef framleiðslusamsetningarnar innihalda efni sem bera tilgreindar hættuflokkanir er gerð krafa um prófun á fullunnu vörunni á rannsóknarstofu vegna V. undanþágu fyrir hjálparefni.

Eftirfarandi tæknilegar upplýsingar skulu lagðar fram fyrir hvert efni til stuðnings yfirlýsingunni um hvort það fái flokkun eða ekki:

i. Þegar um er að ræða efni sem hafa ekki verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða ekki enn hlotið samræmda flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar sem uppfylla kröfurnar sem eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð.

ii. Þegar um er að ræða efni sem eru skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla ekki kröfur varðandi flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar byggðar á skráningarskjölum efnareglnanna (REACH) sem staðfesta að efnið fái ekki flokkun.

iii. Þegar um er að ræða efni með samræmda flokkun eða sjálfsflokkun: öryggisblöð ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir, eða ef efnið hefur verið sjálfsflokkað, skal leggja fram upplýsingar sem skipta máli vegna hættuflokkunar efnanna samkvæmt ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

iv. Ef um er að ræða blöndur; öryggisblöð ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir skal leggja fram útreikninga sem voru notaðir við flokkun blöndunnar samkvæmt reglunum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ásamt viðeigandi upplýsingum um hættuflokkun blöndunnar samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Öryggisblöð skulu fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar í 2., 3., 9., 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (kröfur um samantekt öryggisblaða). Öryggisblöðum sem eru ekki fyllt út að fullu skulu fylgja yfirlýsingar frá íðefnabirgjum.

Viðmiðun 15. Orkunýtni þvottar, þurrkunar og herslu

Umsækjandinn skal sýna fram á að orkunotkun við þvotta-, þurrkunar- og hersluskref í tengslum við litunar-, prentunar- og frágangsskref vegna vara með umhverfismerkinu séu mæld og viðmiðunarmerkt sem hluti af stjórnunarkerfi fyrir orkunotkun og losun koltvísýrings.

Enn fremur skal umsækjandinn sýna fram á að framleiðslustaðir vinni á grundvelli lágmarksfjölda bestu, fáanlegu tækni að því er varðar orkunýtnar tækniaðferðir eins og tilgreint er í töflu 7 og 3. viðbæti við þessa ákvörðun.

Tafla 7

Orkunýtnar tækniaðferðir við þvott, skolun og þurrkun

Svið bestu, fáanlegrar tækni	Framleiðslumagn	
	< 10 tonn á dag	> 10 tonn á dag
1. Almenn orkustjórnun	Tvær tækniaðferðir	Þrjár tækniaðferðir
2. Þvottur og skolun	Ein tækniaðferð	Tvær tækniaðferðir
3. Þurrkun og hersla á strekk- og frágangsgrind (e. *stenter frame*)	Ein tækniaðferð	Tvær tækniaðferðir

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal taka saman skýrslur vegna orkustjórnunarkerfa frá öllum framleiðslustöðum þar sem litun, prentun og frágangur fer fram. ISO 50001, eða sambærileg kerfi fyrir losun koltvísýrings, skulu tekin gild sem sönnun fyrir orkustjórnunarkerfunum.

Sönnunin um að bestu, fáanlegu tækni sé beitt skal a.m.k. fela í sér ljósmyndir frá vettvangi, tæknilýsingu fyrir hverja tækniaðferð og mat á þeim orkusparnaði sem náðst hefur.

Viðmiðun 16. Meðhöndlun losunar í andrúmsloft og vatn

16a. Losun á skólpi frá blautvinnslu

Efnafræðileg súrefnisþörf má ekki mælast hærri en sem nemur 20 g á hvert kíló af unnum textílefnum í skólpi sem er losað út í umhverfið. Þessi krafa gildir um vefnað, litun, prentun og frágang við framleiðslu á vörunni eða vörunum. Þátturinn sem krafan tekur til skal mældur neðan við skólphreinsistöð og/eða neðan skólphreinsistöðvar utan starfsstöðvarinnar sem tekur við skólpi frá þessum vinnslustöðum.

Ef frárennslið er meðhöndlað á staðnum og losað beint í yfirborðsvatn skal það einnig uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. pH-gildið skal vera á bilinu 6,0 til 9,0 (nema pH-gildi viðtökuvatnsins sé utan þessara marka)

ii. hitinn skal vera lægri en 35 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara).

Ef gerð er krafa um fjarlægingu litarefna sem skilyrði fyrir undanþágu í viðmiðun 14 skal miða við eftirfarandi litrófsgleypnistuðla:

i. 436 nm (á gulu sviði) 7 m-1

ii. 525 nm (á rauðu sviði) 5 m-1

iii. 620 nm (á bláu sviði) 3 m-1

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram ítarleg skjöl og prófunarskýrslur, byggðar á ISO 6060 og ISO 7887 eins og við á, auk þess að sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals sex næstliðinna mánaða fyrir umsóknina, ásamt samræmisyfirlýsingu. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.

16b. Losun í andrúmsloft frá prent- og frágangsvinnslu.

Heildarlosun lífrænna efnasambanda, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 1999/13/EB ([10]), frá framleiðslustöðum þar sem litun og frágangur fer fram við framleiðslu á vöru(m) með umhverfismerkinu skal ekki vera yfir 100,0 mg C/Nm^3.

([10]) Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum (Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1).

Ef yfirborðsmeðferð og þurrkun textílefna gefa færi á endurheimt og endurnotkun leysa skulu losunarmörkin vera 150 mg/Nm^3.

Í frágangsvinnslu textílefna felst herðing með hita, litun með hita (e. *thermosoling*), yfirborðsmeðferð og gegndreyping, þ.m.t. viðkomandi búnaður til þurrkunar (frágangsvél (e. *stenter*)).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á samræmi við EN 12619 eða aðra jafngilda staðla. Leggja skal fram mánaðarlegt meðaltal heildarlosunar lífrænna efnasambanda frá framleiðslustöðum fyrir sex næstliðnu mánuðina fyrir umsóknina. Ef endurheimt og endurnýting leysa er framkvæmd skal leggja fram vöktunargögnin til sönnunar á rekstri þeirra kerfa.

4. NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda um hálfunnin efni og prjónavöru og um fullunnu vöruna.

Viðmiðun 17. Breyting á stærð í þvotti og við þurrkun

Breyting á stærð eftir þvott og þurrkun, hvort sem það er við hitastig eða aðstæður á heimilum eða í iðnaði, skal ekki vera meiri en tilgreint er í töflu 8.

Tafla 8

Vikmörk fyrir breytingar á stærð í þvotti og við þurrkun

Textílvara eða gerð efnis	Breyting á stærð í þvotti og við þurrkun
Prjónaefni	± 4,0%
Grófprjónað efni	± 6,0%
Tvöfalt prjón (e. *interlock*)	± 5,0%
Ofin efni:	
— Baðmull og baðmullarblöndur	± 3,0%
— Ullarblöndur	± 2,0%
— Gervitrefjar	± 2,0%
Sokkar og sokkavörur	± 8,0%
Baðlín, þ.m.t. handklæðafrotteefni og fínriffluð efni.	± 8,0%
Ofin bólstrunarefni sem unnt er að fjarlægja og þvo — Gardínur og húsgagnaáklæði	± 2,0%
— Dýnuver	± 3,0%
Óofin efni	
— Dýnuver	± 5,0%
— Öll önnur efni	± 6,0%

Þessi viðmiðun gildir ekki um:

a) trefjar eða garn,

b) vörur sem eru greinilega merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða sambærilegri merkingu,

c) húsgagnaáklæði sem ekki er unnt að fjarlægja og þvo.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á þeim stöðlum sem hæfa vörunni.

Fyrir heimilisþvott skal nota EN ISO 6330 með EN ISO 5077 sem hér segir: Þrír þvottar við það hitastig sem tilgreint er á vörunni með þurrkun í þurrkara eftir hverja þvottalotu.

Fyrir þvott í atvinnuskyni í iðnaðarþvottahúsum skal nota ISO 15797 með EN ISO 5077 við 75 °C að lágmarki eða eins og tilgreint er í staðlinum fyrir samsetningu trefja og bleikingar. Þurrkun skal vera eins og tilgreint er á merkimiða vörunnar.

Fyrir dýnuver sem hægt er að fjarlægja og þvo skal í staðinn nota EN ISO 6330 með EN 25077. Sjálfgefin skilyrði skulu vera þvottur 3A (60 °C) og þurrkun C (þurrkað flatt) nema annað sé tekið fram á merkimiða vörunnar.

Viðmiðun 18. Litheldni í þvotti

Litheldni í þvotti skal vera a.m.k. 3–4 stig, að því er varðar litabreytingu, og a.m.k. 3–4 stig að því er varðar litasmit.

Þessi viðmiðun gildir ekki um vörur sem eru merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða annarri sambærilegri merkingu (að því marki sem venja er að merkja slíkar vörur þannig), um hvítar vörur eða vörur, sem eru hvorki litaðar né áprentaðar, eða um húsgagnaáklæði sem ekki má þvo.

Mat og sannprófun: fyrir heimilisþvott skal umsækjandinn leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á prófunaraðferðinni: ISO 105 C06 (einn þvottur, við hitastig sem er tilgreint á vörunni, með perbóratþvottadufti).

Fyrir þvott í atvinnuskyni í iðnaðarþvottahúsum skal nota ISO 15797 með EN ISO 105 C06 við 75 °C að lágmarki eða eins og tilgreint er í staðlinum fyrir samsetningu trefja og bleikingar.

Viðmiðun 19. Litheldni gegn svita (súrum og basískum)

Litheldni gegn svita (súrum og basískum) skal vera a.m.k. stig 3–4 (litabreyting og litasmit). Þó er stig 3 leyfilegt ef um er að ræða efni sem er hvort tveggja dökkt að lit (staðalstyrkur > 1/1) og úr endurunninni ull. Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar né um húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðar til skreytingar innanhúss.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 E04 (súr og basískur, samanburður við fjöltrefjaefni).

Viðmiðun 20. Litheldni við núning í votu ástandi

Litheldni við núning í votu ástandi skal vera a.m.k. stig 2–3. Þó er stig 2 leyfilegt fyrir indígólitað dením.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur eða vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 X12.

Viðmiðun 21. Litheldni við núning í þurru ástandi

Litheldni við núning í þurru ástandi skal vera a.m.k. stig 4. Þó eru stig 3–4 leyfileg fyrir indígólitað dením.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar né um gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðir til skreytingar innanhúss.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 X12.

Viðmiðun 22. Litheldni gegn ljósi

Litheldni efna, sem eru ætluð í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld, gegn ljósi skal a.m.k. vera 5 stig. Fyrir allar aðrar vörur skal litheldni gegn ljósi vera a.m.k. 4 stig.

Þó eru 4 stig leyfileg ef um er að ræða efni sem er ætluð í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld og eru hvort tveggja ljós að lit (staðalstyrkur < 1/12) og innihalda meira en 20% ull eða aðrar hyrnistrefjar eða meira en 20% hör eða aðrar basttrefjar.

Þessi krafa gildir ekki fyrir dýnuver, dýnuhlífar né nærfatnað.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 B02.

Viðmiðun 23. Þvottaþol og gleypni hreingerningavara

Samkvæmt viðkomandi prófunarbreytum, sem eru tilgreindar í töflum 9 og 10, skulu hreingerningavörur þola þvott og vera gleypnar. Prófunin sem er tilgreind fyrir gleypni gildir ekki um vörur úr tvinnuðu garni (e. *twisted yarn*).

Tafla 9

Gildi og breytur fyrir þvottaþol hreingerningavara

Hreingerningavörur úr textíl eða gerð efnis	Fjöldi þvotta	Hitastig	Vísun í prófun EN ISO 6630
Ofnar og óofnar vörur til vothreinsunar	80	40 °C	Aðferð 4N
Örtrefjavörur til afþurrkunar	200	40 °C	Aðferð 4N
Vörur úr endurunnum textíltrefjum	20	30 °C	Aðferð 3G
Þveglar til að þrífa gólf	200	60 °C	Aðferð 6N
Klútar til að þrífa gólf	5	30 °C	Aðferð 3G

Tafla 10

Gildi og breytur fyrir gleypni hreingerningavara

Hreingerningavörur úr textíl eða gerð efnis	Hraði vökvagleypni
Vörur úr endurunnum textíltrefjum	≤ 10 sekúndur
Vörur úr örtrefjum til að hreinsa yfirborð og gólf	≤ 10 sekúndur
Ofnar og óofnar vörur til vothreinsunar	≤ 10 sekúndur
Vörur til að þrífa gólf	≤ 10 sekúndur

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð, eins og við á: EN ISO 6330 og EN ISO 9073-6. Prófun samkvæmt EN ISO 6330 skal gerð með þvottavél af A gerð fyrir allar vörur og efni.

Viðmiðun 24. Þol efna gegn hnökrum og sliti

Óofin efni og prjónaður fatnaður, fylgihlutir og ábreiður úr ull, ullarblöndum og pólýester (þ.m.t. flísefni), skulu hafa þol gegn hnökrum sem er metið a.m.k. sem 3.

Ofin efni úr baðmull sem eru notuð í flíkur skulu hafa þol gegn hnökrum sem er metið a.m.k. sem 3. Sokkabuxur og legghlífar úr pólýamíði skulu búa yfir mótstöðu gegn hnökrum sem er metið a.m.k. sem 2.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram skýrslur úr prófunum sem eru framkvæmdar á viðeigandi hátt miðað við undirstöðuefnið:

— Prjónaðar og óofnar vörur: ISO 12945-1 Aðferð sem framkallar hnökrun í kassa

— Ofin efni: ISO 12945-2 Martindale aðferð

Viðmiðun 25. Ending virkni

Frágangsefni, meðhöndlanir og íblöndunarefni sem gefa textílvörunni vatns-, olíu- og blettavörn, eldtefjandi eiginleika og gera hana straufría (einnig nefnt krumpuvörn eða varanleg pressun) þegar hún er í notkun skulu hafa endingu í samræmi við gildin og þættina sem eru sett fram í undirviðmiðunum 25a, b og c.

Neytendum skulu veittar leiðbeiningar um hvernig viðhalda megi virkni frágangsefna sem notuð eru á vöruna að því er varðar fæliefni fyrir vatn, olíu og bletti.

Textíltrefjar, efni og himnur sem ljá fullunnu vörunni eðlislæga virknieiginleika eru undanþegin þessum kröfum.

Mat og sannprófun: að því er varðar vörur sem búa yfir eðliseiginleikum skulu umsækjendur leggja fram prófunarskýrslur sem sýna fram á sambærilegt eða bætt nothæfi í samanburði við önnur efni sem nota má sem frágangsefni.

25a. Virkni vatns-, olíu og blettafæliefna

Vatnsfæliefni skulu halda virkni sem nemur 80 af 90 eftir 20 lotur heimilisþvotta og -þurrkunar í þurrkara við 40 °C eða eftir 10 lotur iðnaðarþvottar og -þurrkunar við a.m.k. 75 °C.

Olíufæliefni skulu viðhalda virkni sem nemur 3,5 af 4,0 eftir 20 lotur heimilisþvotta og -þurrkunar í þurrkara við 40 °C eða eftir 10 lotur iðnaðarþvottar og -þurrkunar við a.m.k. 75 °C.

Blettafæliefni skulu viðhalda virkni sem nemur 3,0 af 5,0 eftir 20 lotur heimilisþvotta og -þurrkunar í þurrkara við 40 °C eða eftir 10 lotur iðnaðarþvottar og -þurrkunar við a.m.k. 75 °C.

Lækka má hitastig niður í 60 °C við iðnaðarþvott á fatnaði með límdum saumum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram skýrslur úr prófunum sem byggjast á eftirfarandi stöðlum, eins og við á fyrir vöruna:

Fyrir allar vörur: ISO 6330 fyrir lotur heimilisþvotta eða ISO 15797 fyrir lotur iðnaðarþvotta með:

— vatnsfæliefni: ISO 4920

— olíufæliefni: ISO 14419

— blettafæliefni: ISO 22958

25b. Eldtefjandi virkni

Vörur sem þola þvott skulu halda virkni sinni eftir 50 lotur iðnaðarþvotta og -þurrkunar í þurrkara við 75 °C að lágmarki. Vörur sem þola ekki þvott skulu halda virkni sinni eftir prófun sem felur í sér gegnbleytingu.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram skýrslur úr prófunum sem byggjast á eftirfarandi stöðlum, eins og við á fyrir vöruna:

ISO 6330 fyrir lotur heimilisþvotta eða ISO 10528 fyrir lotur iðnaðarþvotta, með EN ISO 12138 í báðum tilvikum. Nota skal BS 5651 eða sambærilegan staðal ef um er að ræða textílefni sem ekki er unnt að fjarlægja.

25c. Straufrítt (einnig nefnt krumpuvarið eða varanlega pressað)

Vörur úr náttúrulegum trefjum skulu ná gildinu SA-3 fyrir sléttleika efnis og vörur úr blöndu náttúrulegra trefja og gervitrefja gildinu SA-4 fyrir sléttleika efnis eftir 10 lotur heimilisþvottar og þurrkunar í þurrkara við 40 °C.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslur úr prófunum sem voru framkvæmdar samkvæmt prófunaraðferð ISO 7768 til að meta hve slétt efni virðist vera eftir þvott.

5. **VIÐMIÐANIR FYRIR SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA**

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda um þau framleiðslustig vefnaðarvara sem fela í sér sníðar, saumaskap og frágang.

Viðmiðun 26. Grundvallarreglur og réttindi við vinnu

Umsækjendur skulu tryggja að allir framleiðslustaðir, sem framleiða vöru, eða vörur, sem leyfin ná yfir, þar sem sníðar, saumaskapur og frágangur fer fram, virði þær grundvallarreglur og réttindi við vinnu sem lýst er í grunnstöðlum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnumála, hnattrænu samkomulagi SÞ um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki. Að því er varðar sannprófun skal vísa í eftirfarandi grunnstaðla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnumála:

029 Nauðungarvinna eða skylduvinna

087 Félagafrelsi og verndun þess

098 Beiting grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega

100 Jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf

105 Afnám nauðungarvinnu

111 Misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs

155 Öryggi og heilbrigði við vinnu

138 Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu

182 Bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana

Þessir staðlar skulu sendir á framleiðslustaði fullunnu vörunnar, þar sem sníðar, saumaskapur og frágangur fer fram.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á sannprófun þriðja aðila á reglufylgni með notkun óháðrar sannprófunar eða skriflegra sönnunargagna vegna framleiðslustaða þar sem sníðar, saumaskapur og frágangur fer fram í aðfangakeðju leyfða vara þeirra, þ.m.t. vettvangsheimsóknir úttektaraðila meðan á sannprófunarferlinu fyrir umhverfismerki stendur. Þetta skal fara fram við umsókn og síðan meðan leyfið er í gildi ef nýir framleiðslustaðir bætast við.

Viðmiðun 27. Takmörkun á sandblástri á denimi.

Ekki er heimilt að nota handvirkan eða vélvirkan sandblástur til að fá fram máða áferð á denimi.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um alla framleiðslustaði sem framleiða denimvörur með umhverfismerkinu ásamt sönnunargögnum, skriflegum og í formi ljósmynda, um aðra kosti til að kalla fram máða áferð á denimi.

Viðmiðun 28. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Valkvæði merkimiðinn með textareit má innihalda orðalag sem er valið úr eftirfarandi:

— Sjálfbærari framleiðsla trefja (eða texti sem er valinn úr töflu 11 hér að neðan)

— Framleiðsluferli sem menga minna

— Takmarkanir vegna hættulegra efna

— Prófað með tilliti til endingar

Tafla 11

Texti sem heimilt er að birta við hlið umhverfismerkisins með hliðsjón af vöruinnihaldi

Trefjar sem eru notaðar	Forskrift vegna framleiðslu	Texti sem heimilt er að birta
Baðmullartrefjar	Yfir 50% lífrænt innihald	Framleitt með xx% af lífrænni baðmull
	Yfir 95% lífrænt innihald	Framleitt með lífrænni baðmull
	Yfir 70% innihaldsins er ræktað með samþættum vörnum gegn skaðvöldum	Baðmull ræktuð með minni notkun varnarefna
Tilbúnar beðmistrefjar	Yfir 25% vottað, sjálfbært mauk	Framleitt með xx% við úr sjálfbærum skógum
	Yfir 95 % vottað, sjálfbært mauk	Framleitt með við úr sjálfbærum skógum
Pólýamíð	Yfir 20% endurunnið innihald	Framleitt með xx% af endurunnu næloni
	Yfir 95% endurunnið innihald	Framleitt úr endurunnu næloni
Pólýester	Yfir 50% endurunnið innihald	Framleitt með xx% af endurunnu pólýester
	Yfir 95% endurunnið innihald	Framleitt með endurunnu pólýester

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

1. viðbætir

SKRÁ YFIR EFNI SEM SÆTA TAKMÖRKUNUM VEGNA TEXTÍLEFNA SEM BERA UMHVERFISMERKI ESB

Skrá yfir efni sem sæta takmörkunum vegna umhverfismerkis ESB samanstendur af takmörkunum sem gilda um eftirfarandi framleiðslustig í aðfangakeðju textílefnanna:

a) spuna trefja og garns

b) bleikingu og formeðhöndlun

c) litunarstöðvar

d) prentvinnslu

e) frágangsvinnslu

f) öll framleiðslustig

g) fullunnu vöruna

Nokkrar takmarkanir í g-lið eiga einnig við um fullunnu vöruna og gætu útheimt greiningarprófun.

a) *Takmarkanir sem gilda um spuna og vefnað trefja og garns*

Efnahópur	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Kröfur vegna sannprófunar
i. Límsterkjublöndur sem eru bornar á trefjar og garn Notkunarsvið: Spunavinnsla	Minnst 95% (miðað við þurrvigt) af efnisþáttunum skulu vera auðlífbrjótanlegir. Í öllum tilvikum skal tekið tillit til summu hvers efnisþáttar.	Auðlífbrjótanlegt: 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga.	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum sem er studd niðurstöðum úr OECD- eða ISO-prófunum. Prófunaraðferð: OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, (2) OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408
ii. Íblöndunarefni fyrir spunalausnir, spunaíblöndunarefni og undirbúningsefni (þ.m.t. kembiolíur, spunafrágangsefni og spunaolíur) Notkunarsvið: Frumspuni	Minnst 90% (miðað við þurrvigt) af efnisþáttunum skulu vera auðlífbrjótanlegir, lífbrjótanlegir í eðli sínu eða þess eðlis að hægt sé að fjarlægja þá í skólphreinsistöðvum. Í öllum tilvikum skal tekið tillit til summu hvers efnisþáttar.	Auðlífbrjótanlegt: Sjá skilgreiningu við ii. lið a-liðar Efni sem eru lífbrjótanleg í eðli sínu: 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga. Fjarlægjanleiki (e. *eliminability*): 80% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirgi sem er studd niðurstöðum úr OECD- eða ISO-prófunum Prófunaraðferð: Sjá ii. lið a-liðar fyrir prófanir fyrir auðlífbrjótanleika. Viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir efni sem eru lífbrjótanleg í eðli sínu: ISO 14593, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B, ISO 9888, OECD 302 C Prófun á fjarlægjanleika: OECD 303A/B ISO 11733

b) *Takmarkanir sem gilda um bleikingu*

Efnahópur	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Kröfur vegna sannprófunar
Bleiking á garni, efnum og fullunnum vörum Notkunarsvið: Allar gerðir trefja	Óheimilt er að nota klórefni til bleikingar á nokkru garni, efnum, prjónuðum klæðisdúkum eða fullunninni vöru að undanskildum tilbúnum beðmistrefjum.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing fyrir hvert framleiðslustig um sig um að bleikiefni séu ekki notuð

c) *Takmarkanir sem gilda um litunarstöðvar*

Efnahópur	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Kröfur vegna sannprófunar
i. Halógenuð burðarefni Notkunarsvið: Pólýester, ullarblöndur með pólýester, akrýl og pólýamíði ef dreifuleysilitir eru notaðir.	Ekki skal nota halógenuð efni til að hraða litun (burðarefni) við litun á gervitrefjum og -efnum eða ullarblöndum með pólýester. Dæmi um burðarefni eru 1,2-díklórbensen, 1,2,4-tríklórbensen, klórfenoxýetanól.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum.
ii. Asólitir Notkunarsvið: Notkun lita úr 2. viðbæti á akrýl, baðmull, pólýamíð, ullartrefjar, prjónaefni og efni.	Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í arómatísk amín sem vitað er að séu krabbameinsvaldandi. Í 2. viðbæti er skrá yfir arýlamín sem eru háð takmörkunum og viðmiðunarskrá yfir asóliti sem geta klofnað í þessi arýlamín. Nota ætti hið síðarnefnda til leiðbeiningar vegna leysilita sem skulu ekki notaðir. Viðmiðunarmörkin fyrir arýlamín skulu gilda um fullunnu vöruna.	30 mg/kg fyrir hvert amín([1])	Sannprófun: Prófun á fullunninni vöru skal framkvæmd eins og tilgreint er. Prófunaraðferð: EN 14362-1 og 3.
iii. Leysilitir með CMR-efnum Notkunarsvið: Allar vörur.	Ekki skal nota leysiliti með efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni) Í 2. viðbæti er skrá yfir leysiliti með CMR-efnum sem skal ekki nota.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum.
iv. Leysilitir sem kunna að vera næmandi Notkunarsvið: pólýester, akrýl, pólýamíð Teygjanlegur fatnaður eða nærfatnaður í snertingu við húð	Ekki skal nota leysiliti sem kunna að vera næmandi. Í 2. viðbæti er skrá yfir leysiliti sem eru næmandi og ekki skal nota.		Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum.

Efnahópur	Umfang takmörkunar	Viðmiðunarmörk	Kröfur vegna sannprófunar
v. Leysilitir með krómlitfesti Notkunarsvið: Ull, pólýamíð	Ekki skal nota eftirfarandi leysiliti með krómlitfesti:	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum.
vi. Leysilitir úr málmflókum Notkunarsvið: Pólýamíð, ull, beðmistrefjar	Leysiliti með málmflókum sem eru að meginhluta úr kopar, blýi, krómi og nikkeli skal eingöngu nota við litun á: — ullartrefjum — pólýamíðtrefjum — blöndu ullar og/eða pólýamíðs með tilbúnum beðmistrefjum.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirginum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum.

([1]) Grípa ætti til aðgerða til að forðast falsjákvæðar niðurstöður vegna 4-amínóasóbensens.

d) *Takmarkanir sem gilda um prentvinnslu*

Prentun			
i. Leysilitir og fastlitarefni	Leysilitir og fastlitarefni sem eru notuð við prentun á textílefni með umhverfismerkinu skulu samræmast takmörkununum sem gilda um litunarstöðvar (þáttur c í þessum viðbæti).	Sjá takmarkanir vegna litunarstöðvar (þáttur c)	Sannprófun: Eins og tilgreint er fyrir litunarstöðvar
ii. Prentfarfi Notkunarsvið: Við prentun	Prentfarfi skal ekki innihalda meira en 5% af lífrænum rokefnum. Meðal þeirra geta verið: — alifatísk vetniskolefni (C10 — C20) — einliður á borð við akrýlöt, vínýl asetöt, stýren — einliður á borð við akrýlnítríl, akrýlamíð, bútadíen — alkóhól, esterar, fjölalkóhól — formaldehýð — fosfórsýruesterar — bensen sem óhreinindi úr stærri vetniskolefnum — ammoníak (t.d. niðurbrot þvagefnis, efnahvarf bíúrets)	< 5,0% innihald lífrænna rokefna, þyngdarhlutfall	Sannprófun: Yfirlýsing frá umsækjanda þess efnis að engin prentun hafi átt sér stað eða Yfirlýsing frá prentara sem er studd öryggisblöðum og/eða útreikningum fyrir prentfarfann.
iii. Plastisólbindiefni Notkunarsvið: Við prentun	Ekki skal nota „plastisól“ íblöndunarefni í bindiefni við prentun, þ.m.t. PVC og þalöt sem sæta takmörkunum.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá umsækjanda þess efnis að engin prentun hafi átt sér stað eða Yfirlýsing frá íðefnabirgjum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum fyrir íblöndunarefni.

e) *Takmarkanir sem gilda um frágangsvinnslu*

Frágangsefni, meðhöndlun og íblöndunarefni sem veita virkni			
i. Frágangsefni með sæfiefni sem eru notuð til að gefa fullunnu vörunum sæfandi eiginleika. Notkunarsvið: Allar vörur	Sæfivörur skulu ekki vera hluti af trefjum, efni eða fullunnu vörunni í því skyni að gefa sæfandi eiginleika. Algeng dæmi um slíkt eru tríklósan, nanó-silfur, lífræn sinksambönd, lífræn tinsambönd, efnasambönd díklórfenýls (esterar), afleiður bensimídasóls og ísóþíasólínón.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá umsækjanda um að efnin séu ekki notuð
ii. Þol efnis gegn því að þæfast eða hlaupa Notkunarsvið: Þar sem efnin eru notuð.	Halógenuð efni eða efnablöndur skal aðeins nota á ullarlyppur og lausa, þvegna ull.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá vinnsluaðilum ullar um efnin séu ekki notuð.
iii. Meðhöndlun með fæliefnum fyrir vatn, bletti og olíu Notkunarsvið: Þar sem efnin eru notuð til að veita þá virkni.	Ekki skal beita meðhöndlun með flúor til að veita vatns-, bletta- eða olíufælingu. Það tekur til meðhöndlunar með perflúoruðum og fjölflúoruðum efnum. Flúorlausu meðhöndlunarefnin skulu vera auðlífbrjótanleg og ekki safnast saman í lífverum í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaseti. Þau skulu enn fremur uppfylla ákvæði um notagildi í viðmiðun 25a.	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum fyrir fæliefnin sem eru notuð, lögð fram af aðilum sem annast fullvinnslu. Prófunaraðferð: Á ekki við
iv. Eldtefjandi efni Notkunarsvið: Þar sem efnin eru notuð og eins og tilgreint er fyrir samverkandi efni.	Ekki skal nota eftirfarandi eldtefjandi efni efni: HBCDD — hexabrómsýklódódekan PeBDE — pentabrómdífenýleter OcBDE — oktabrómdífenýleter DecaBDE — dekabrómdífenýleter PBBs — fjölbrómuð bífenýl TEPA —tris(asirídínýl)fosfínoxíð TRIS — tris(2,3-díbrómprópýl)fosfat TCEP — tris(2-klóretýl)fosfat paraffín, C10–C13, klóruð (SCCP)	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum
	Samverkandi efnið antímonþríoxíð (H351) er undanþegið vegna notkunar sem samverkandi efni til yfirborðsmeðferðar á bakhlið textílvara til innanhússnota eingöngu ef það er skilyrði að varan hafi eldtefjandi eiginleika og ef viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi á vinnustað eru uppfyllt.	0,50 mg/m^3 viðmiðunar-mörk fyrir meðalgildi átta klukkustunda vaktar	Sannprófun: Ef antímonþríoxíð er notað skulu aðilar sem annast yfirborðsmeðhöndlun leggja fram vöktunargögn.

f) *Takmarkanir sem gilda um öll framleiðslustig*

Sérlega varasöm efni			
i. Efni sem hafa verið færð í skrá Efnastofnunar Evrópu yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni. Notkunarsvið: Allar vörur.	Sérlega varasöm efni sem eru tilgreind skv. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (Efnareglugerðin) og teljast uppfylla viðmiðun 57. gr. þeirrar reglugerðar og eru tilgreind í skrá yfir efni sem til greina kemur að skrá síðar í XIV. viðauka efnareglugerðarinnar („skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni“) sem er í gildi þegar umsóknin er lögð fram, skulu ekki vera til staðar í fullunnu vörunni, annað hvort til að gefa fullunni vörunni virkni eða efni sem hafa verið vísvitandi notuð á framleiðslustigum, nema undanþága hafi verið veitt. Núgildandi skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni má nálgast á vefslóðinni: http://echa.europa.eu/web/guest/candidate-list-table Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í þessari viðmiðun að því er varðar efni sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og hafa verið færð í skrána sem kveðið er á um í 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sem eru fyrir hendi í hlutnum, eða einhverjum einsleitum hluta af honum, í styrk sem er yfir 0,10%.	Á ekki við	Sannprófun: Samræmisyfirlýsing frá hverju framleiðslustigi og viðkomandi íðefnabirgjum.
Yfirborðsvirk efni, mýkingarefni og bindlar			
ii. Öll yfirborðsvirk efni, mýkingarefni og bindlar Notkunarsvið: Öll blautvinnsla	Að minnsta kosti 95% mýkingarefna, bindla og yfirborðsvirkra efna, miðað við þyngd, skulu vera: — auðlífbrjótanleg við loftháðar aðstæður eða — lífbrjótanleg í eðli sínu og/eða — fjarlægjanleg í skólphreinsistöðvum. Nota skal síðustu endurskoðun gagnasafnsins fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna sem viðmiðunarpunkt fyrir lífbrjótanleika: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirgi sem er studd öryggisblöðum og/eða niðurstöðum úr OECD- eða ISO-prófunum Prófunaraðferð: Sjá límsterkju- og spunaefni (i./ii. liðir a-liðar í 1. viðbæti
iii. Ójónuð og plúshlaðin yfirborðsvirk efni Notkunarsvið: Öll blautvinnsla	Öll ójónuð og plúshlaðin yfirborðsvirk efni skulu vera auðlífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður Nota skal gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna sem viðmiðunarpunkt fyrir lífbrjótanleika: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing af öryggisblöðum og/eða frá íðefnabirgi sem er studd niðurstöðum úr OECD- eða ISO-prófunum Prófunaraðferð: EN ISO 11734, ECETOC nr. 28 OECD 311

Sérlega varasöm efni			
Hjálparefni			
iv. Hjálparefni í efnablöndum og samsetningum. Notkunarsvið: Allar vörur.	Ekki skal nota eftirfarandi efni í neinar efnablöndur eða samsetningar sem eru notaðar í textílefni og eru háð viðmiðunarmörkum fyrir tilvist efna í fullunnu vörunni: Nónýlfenól, blandaðar hverfur 25154-52-3 4-nónýlfenól 104-40-5 4-nónýlfenól, greinótt 84852-15-3 Oktýlfenól 27193-28-8 4-oktýlfenól 1806-26-4 4-tert-oktýlfenól 140-66-9 Alkýlfenóletoxýlöt (APEO) og afleiður þeirra: Pólýoxýetýlað oktýlfenól 9002-93-1 Pólýoxýetýlað nónýlfenól 9016-45-9 Pólýoxýetýlað p-nónýlfenól 26027-38-3	25 mg/kg heildarsumma	Sannprófun: Prófun á fullunninni vöru skal framkvæmd eins og tilgreint er fyrir alkýlfenól. Prófunaraðferð: Leysisútdráttur og síðan vökvaskiljun og massagreining
	Eftirfarandi efni skal ekki nota í neinar efnablöndur eða samsetningar textílefna: bis(vetnað tólgaralkýl)dímetýlammóníumklóríð (DTDMAC) dísterýldímetýlammóníumklóríð (DSDMAC) dí(hert tólgar)dímetýlammóníumklóríð (DHTDMAC) etýlendíamíntetraasetat (EDTA) díetýlentríamínpentaasetat (DTPA) 4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól 1-metýl-2-pýrrólídón nítrílótríediksýra (NTA)	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing frá íðefnabirgjunum um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum fyrir öll framleiðslustig.

g) *Takmarkanir sem gilda um fullunnu vöruna*

i. Efni á skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni sem eru undanþegin. Notkunarsvið: Elastan, akrýl	N,N-dímetýlasetamíð (127-19-5) Eftirfarandi viðmiðunarmörk gilda um fullunnar vörur sem innihalda elastan og akrýl:		Sannprófun: Prófun á fullunninni vöru Prófunaraðferð: Leysisútdráttur, gas- og massagreining eða vökvaskiljun og massagreining
	— Vörur fyrir ungbörn og börn yngri en þriggja ára	0,001% þyngdarhlutfall	
	— Vörur sem eru beinni snertingu við húð	0,005% þyngdarhlutfall	
	— Fatnaður sem er í takmarkaðri snertingu við húð og textílvörur til innanhússnota	0,005% þyngdarhlutfall	
ii. Formaldehýðleifar Notkunarsvið: Allar vörur. Sértæk skilyrði gilda um straufrían fatnað (einnig nefndur krumpuvarinn eða varanlega pressaður)	Eftirfarandi viðmiðunarmörk gilda um formaldehýðleifar úr frágangsefnum sem gera vöruna straufría:		Sannprófun: Prófun á fullunnum straufríum vörum. Krafist er yfirlýsingar um að efnið sé ekki notað fyrir allar aðrar vörur. Prófunaraðferð: EN ISO 14184-1.
	— Vörur fyrir ungbörn og börn yngri en þriggja ára	16 milljónarhlutar	
	— Allar vörur sem eru í beinni snertingu við húð	16 milljónarhlutar	
	— Fatnaður sem er í takmarkaðri snertingu við húð og textílvörur til innanhússnota	75 milljónarhlutar	
iii. Sæfiefni notuð til að verja textílefni meðan á flutningi og geymslu stendur. Notkunarsvið: Allar vörur	Eingöngu er leyfilegt að nota sæfiefni sem eru leyfð samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 528/2012 ([2]). Umsækjendur skulu hafa hliðsjón af nýjustu leyfisskránni: http://ec.europa.eu/environment/biocides/annexi_and_ia.htm Eftirfarandi tiltekin sæfiefni sæta takmörkunum: — Klórfenól (sölt þeirra og esterar) — Fjölklóruð bífenýl (PCB) — Lífræn tinsambönd, þ.m.t. tríbútýltin (TBT), trífenýltin (TPhT), díbútýltin (DBT) og díoktýltin (DOT) — Dímetýlfúmarat (DMFu)	Á ekki við	Sannprófun: Yfirlýsing um að efnin hafi ekki verið notuð fyrir flutning og geymslu, studd öryggisblöðum.

iv. Útdraganlegir málmar Notkunarsvið: Allar vörur sem hafa önnur viðmiðunarmörk sem gilda fyrir ungbörn og börn yngri en þriggja ára.	Eftirfarandi viðmiðunarmörk gilda um vörur sem eru ætlaðar ungbörnum og börnum yngri en þriggja ára:	mg/kg	Sannprófun: Prófun á fullunninni vöru Prófunaraðferð: Útdráttur — EN ISO 105-E04-2013 (súr svitalausn) Greining — rafmassagreining eða rafgasljósgreining
	Antímon (Sb)	30,0	
	Arsen (As)	0,2	
	Kadmíum (Cd)	0,1	
	Króm (Cr)		
	— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	1,0	
	— Öll önnur textílefni	0,5	
	Kóbalt (Co)	1,0	
	Kopar (Cu)	25,0	
	Blý (Pb)	0,2	
	Nikkel (Ni)		
	— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	1,0	
	— Öll önnur textílefni	0,5	
	Kvikasilfur (Hg)	0,02	
	Eftirfarandi viðmiðunarmörk gilda um allar aðrar vörur, þ.m.t. textílvörur til innanhússnota:	mg/kg	Sannprófun: Prófun á fullunninni vöru Prófunaraðferð: Útdráttur — DIN EN ISO 105-E04-2013 (súr svitalausn) Greining — rafmassagreining eða rafgasljósgreining
	Antímon (Sb)	30,0	
	Arsen (As)	1,0	
	Kadmíum (Cd)	0,1	
	Króm (Cr)		
	— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	2,0	
	— Öll önnur textílefni	1,0	
	Kóbalt (Co)		
	— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	4,0	
	— Öll önnur textílefni	1,0	
	Kopar (Cu)		
	Blý (Pb)	50,0	
	Nikkel (Ni)	1,0	
	Kvikasilfur (Hg)	1,0 0,02	

v. Efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúðun og himnur Notkunarsvið: Þar sem efnið er hluti af efnisskipan textílefnisins	Fjölliður skulu ekki innihalda eftirfarandi þalöt: DEHP (bis(2-etýlhexýl)þalat BBP (bútýlbensýlþalat) DBP (díbútýlþalat) DMEP (bis2-metoxýetýl)þalat DIBP (díísóbútýlþalat) DIHP (dí-C6-8-greinótt alkýlþalöt) DHNUP dí-C7-11-greinótt alkýlþalöt DHP dí-n-hexýlþalat	Heildarsumma 0,10% (þyngdar-hlutfall)	Sannprófun: Yfirlýsing frá framleiðanda fjölliða um að efnin séu ekki notuð, studd öryggisblöðum fyrir mýkiefnin sem eru notuð í samsetningunni. Ef upplýsingarnar liggja ekki fyrir getur verið gerð krafa um prófun. Prófunaraðferð: EN ISO 14389
	Himnur og plasthúð úr flúorfjölliðum má nota í útifatnað og í tæknilegan útivistarfatnað. Ekki er heimilt að nota perflúoroktansýru við framleiðsluna né lengri raðkvæmi hennar eins og þau eru skilgreind af Efnahags- og framfarastofnuninni.		Sannprófun: Samræmisyfirlýsing frá framleiðanda himna og plasthúðunar að því er varðar fjölliðuframleiðsluna.
vi. Fylgihlutir á borð við hnappa, hnoð og rennilása Notkunarsvið: Þar sem fylgihlutirnir eru hluti af fatnaðinum	Fyrir fylgihluti úr málmi:		Sannprófun: Prófun á samsetningu efnisþátta úr málmi. Prófunaraðferðir: Fyrir flæði nikkels EN 12472-2005 EN 1811-1998+A1-2008 Fyrir aðra málma Greining — gas- og rafmassagreining
	Flæðimörk gilda um málmblöndur sem innihalda nikkel sem eru í beinni og langvarandi snertingu við húð.	Nikkel 0,5 µg/cm^2 á viku	
	Gera skal frekari prófanir vegna eftirfarandi málma, sem eftirfarandi viðmiðunarmörk skulu gilda fyrir:		
	Blý (Pb)	90 mg/kg	
	Kadmíum (Cd)		
	— vörur sem eru ætlaðar ungbörnum og börnum yngri en þriggja ára	50 mg/kg	
	— allar aðrar vörur, þ.m.t. textílvörur til innanhússnota	100 mg/kg	
	Króm (Cr) ef krómhúðun er til staðar	60 mg/kg	
	Kvikasilfur (Hg)	60 mg/kg	
	Ekki skal nota eftirfarandi þalöt í neina plast-fylgihluti: — DEHP (bis(2-etýlhexýl)þalat — BBP (bútýlbensýlþalat) — DBP (díbútýlþalat) — DMEP (bis2-metoxýetýl)þalat — DIBP (díísóbútýlþalat) — DIHP (dí-C6-8-greinótt alkýlþalöt) — DHNUP (dí-C7-11-greinótt alkýlþalöt) — DHP (dí-n-hexýlþalat) Ekki skal nota eftirfarandi þalöt í barnafatnað ef hætta er á að fylgihluturinn sé settur í munninn, t.d. sleðar á rennilásum: — DINP (dí-ísónónýlþalat) — DIDP (dí-ísódekýlþalat) — DNOP (dí-n-oktýlþalat)	Á ekki við	Sannprófun: Leggja skal fram öryggisblað fyrir samsetningu plastsins.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).
(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

2. viðbætir

TAKMARKANIR VEGNA LEYSILITA

a) *Krabbameinsvaldandi arómatísk amín*

Arýlamín	CAS-númer
4-amínódífenýl	92-67-1
Bensidín	92-87-5
4-klór-o-tólúidín	95-69-2
2-naftýlamín	91-59-8
o-amínó-asótólúen	97-56-3
2-amínó-4-nítrótólúen	99-55-8
4-klóranilín	106-47-8
2,4-díamínóanísól	615-05-4
4,4′-díamínódífenýlmetan	101-77-9
3,3′-díklórbensidín	91-94-1
3,3′-dímetoxýbensidín	119-90-4
3,3′-dímetýlbensidín	119-93-7
3,3’-dímetýl-4,4’-díamínódífenýlmetan	838-88-0
p-kresidín	120-71-8
4,4’-metýlen-bis(2-klóranilín)	101-14-4
4,4′-oxýdíanilín	101-80-4
4,4′-þíódíanilín	139-65-1
o-tólúidín	95-53-4
2,4-díamínótólúen	95-80-7
2,4,5-trímetýlanilín	137-17-7
4-amínóasóbensen	60-09-3
o-anísidín	90-04-0
2,4-xýlidín	95-68-1
2,6-xýlidín	87-62-7

b) *Viðmiðunarskrá yfir leysiliti sem geta klofnað í krabbameinsvaldandi arómatísk amín*

Dreifuleysilitir	
Disperse Orange 60	Disperse Yellow 7
Disperse Orange 149	Disperse Yellow 23

Dreifuleysilitir		
Disperse Red 151	Disperse Yellow 56	
Disperse Red 221	Disperse Yellow 218	
Grunnleysilitir		
Basic Brown 4	Basic Red 114	
Basic Red 42	Basic Yellow 82	
Basic Red 76	Basic Yellow 103	
Basic Red 111		
Sýruleysilitir		
CI Acid Black 29	CI Acid Red 24	CI Acid Red 128
CI Acid Black 94	CI Acid Red 26	CI Acid Red 115
CI Acid Black 131	CI Acid Red 26:1	CI Acid Red 128
CI Acid Black 132	CI Acid Red 26:2	CI Acid Red 135
CI Acid Black 209	CI Acid Red 35	CI Acid Red 148
CI Acid Black 232	CI Acid Red 48	CI Acid Red 150
CI Acid Brown 415	CI Acid Red 73	CI Acid Red 158
CI Acid Orange 17	CI Acid Red 85	CI Acid Red 167
CI Acid Orange 24	CI Acid Red 104	CI Acid Red 170
CI Acid Orange 45	CI Acid Red 114	CI Acid Red 264
CI Acid Red 4	CI Acid Red 115	CI Acid Red 265
CI Acid Red 5	CI Acid Red 116	CI Acid Red 420
CI Acid Red 8	CI Acid Red 119:1	CI Acid Violet 12
Jafnleysilitir		
Direct Black 4	Basic Brown 4	Direct Red 13
Direct Black 29	Direct Brown 6	Direct Red 17
Direct Black 38	Direct Brown 25	Direct Red 21
Direct Black 154	Direct Brown 27	Direct Red 24
Direct Blue 1	Direct Brown 31	Direct Red 26
Direct Blue 2	Direct Brown 33	Direct Red 22
Direct Blue 3	Direct Brown 51	Direct Red 28
Direct Blue 6	Direct Brown 59	Direct Red 37
Direct Blue 8	Direct Brown 74	Direct Red 39
Direct Blue 9	Direct Brown 79	Direct Red 44

Dreifuleysilitir		
Direct Blue 10	Direct Brown 95	Direct Red 46
Direct Blue 14	Direct Brown 101	Direct Red 62
Direct Blue 15	Direct Brown 154	Direct Red 67
Direct Blue 21	Direct Brown 222	Direct Red 72
Direct Blue 22	Direct Brown 223	Direct Red 126
Direct Blue 25	Direct Green 1	Direct Red 168
Direct Blue 35	Direct Green 6	Direct Red 216
Direct Blue 76	Direct Green 8	Direct Red 264
Direct Blue 116	Direct Green 8,1	Direct Violet 1
Direct Blue 151	Direct Green 85	Direct Violet 4
Direct Blue 160	Direct Orange 1	Direct Violet 12
Direct Blue 173	Direct Orange 6	Direct Violet 13
Direct Blue 192	Direct Orange 7	Direct Violet 14
Direct Blue 201	Direct Orange 8	Direct Violet 21
Direct Blue 215	Direct Orange 10	Direct Violet 22
Direct Blue 295	Direct Orange 108	Direct Yellow 1
Direct Blue 306	Direct Red 1	Direct Yellow 24
Direct Brown 1	Direct Red 2	Direct Yellow 48
Direct Brown 1:2	Direct Red 7	
Direct Brown 2	Direct Red 10	

c) *Leysilitir með CMR-efnum eða sem kunna að vera næmandi*

Leysilitir sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun		
Dreifuleysilitir sem kunna að vera næmandi		
C.I. Acid Red 26	C. I. Direct Black 38	C.I. Disperse Blue 1
C.I. Basic Red 9	C. I. Direct Blue 6	C.I. Disperse Orange 11
C.I. Basic Violet 14	C. I. Direct Red 28	C. I. Disperse Yellow 3
C.I. Disperse Blue 1	C.I. Disperse Blue 124	C.I. Disperse Red 11
C.I. Disperse Blue 3	C.I. Disperse Brown 1	C.I. Disperse Red 17
C.I. Disperse Blue 7	C.I. Disperse Orange 1	C.I. Disperse Yellow 1
C.I. Disperse Blue 26	C.I. Disperse Orange 3	C.I. Disperse Yellow 3
C.I. Disperse Blue 35	C.I. Disperse Orange 37	C.I. Disperse Yellow 9
C.I. Disperse Blue 102	C.I. Disperse Orange 76	C.I. Disperse Yellow 39
C.I. Disperse Blue 106	C.I. Disperse Red 1	C.I. Disperse Yellow 49

3. viðbætir

BESTA, FÁANLEG TÆKNI Á SVIÐI ORKUNÝTNI VIÐ ÞVOTT, ÞURRKUN OG HERSLU

Svið	Aðferðir bestu, fáanlegrar tækni
1. Almenn orkustjórnun	1.1 Notkunarmæling (e. *sub-metering*)
	1.2 Vöktun vinnslu og sjálfvirk stjórnkerfi fyrir flæði, rúmmál áfyllingar, hitastig og tímastillingu
	1.3 Einangrun pípulagna, ventla og flansa
	1.4 Tíðnistýrðir rafmagnshreyflar og -dælur
	1.5 Lokuð hönnun (e. *closed design*) véla til að draga úr gufutapi
	1.6 Endurnotkun/endurvinnsla vatns og vökva í framleiðslulotum
	1.7 Varmaendurheimt, t.d. úr skolvatni, með þéttingu gufu, útblásturslofti frá vinnslu, bruna lofttegunda
2. Þvottur og skolun	2.1 Notkun á kælivatni sem vinnsluvatn
	2.2 Þvotti með yfirfalli skipt út fyrir þvott með afrennsli/innstreymi
	2.3 Notkun á „snjalltækni“ við skolun með stýringu á vatnsflæði og gagnstreymi
	2.4 Uppsetning varmaskipta
3. Þurrkun og hersla á strekk- og frágangsgrindum	3.1 Kjörnýting loftstreymis
	3.2 Einangrun hólfa
	3.3 Uppsetning skilvirkra brennarakerfa
	3.4 Uppsetning varmaendurvinnslukerfa

Athugasemd:

Litið skal svo á að nýjar aðferðir bestu, fáanlegrar tækni, sem yfirvöld aðildarríkja Evrópusambandsins vísa í og mæla með eftir birtingardag tilvísunarskjals framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um bestu, fáanlegu tækni fyrir textílefni (BREF) (2003), séu til viðbótar þeim sem eru tilgreindar hér á undan.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/44/04**

frá 23. júní 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur

(tilkynnt með númeri C(2014) 4083)

(2014/391/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/598/EB ([2]) var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir rúmdýnur sem gilda til 30. júní 2014.

4) Í því skyni að endurspegla betur nýjustu tækni sem er á markaði fyrir þennan vöruflokk, og til að taka tillit til nýsköpunar síðustu ára, þykir rétt að breyta umfangi vöruflokksins og setja endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir.

5) Endurskoðuðu viðmiðanirnar, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks. Markmiðið með þessum viðmiðunum er að notuð séu efni sem framleidd eru á sjálfbærari hátt (að teknu tilliti til nálgunar sem felur í sér greiningu á vistferli), takmörkun á notkun hættulegra efnasambanda og á framlagi dýna til loftmengunar innanhúss, og að stuðla að endingarbetri vöru í háum gæðaflokki sem er auðvelt að gera við og hluta í sundur.

6) Þessi ákvörðun ætti því að koma í stað ákvörðunar 2009/598/EB.

7) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir rúmdýnur á grundvelli viðmiðananna sem eru settar fram í ákvörðun 2009/598/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „rúmdýnur“ falla vörur til notkunar innanhúss sem eru ætlaðar til að sofa eða hvílast á, gerðar úr áklæði yst og fylltar með mismunandi efnum og sem setja má á rúmgrind með botni eða eru hannaðar til að vera frístandandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/598/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur (Stjtíð. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 65).

2. Til vöruflokksins teljast ekki rúmbotnar úr viði, bólstraðir rúmbotnar, vindsængur og vatnsdýnur og ekki heldur dýnur sem eru flokkaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 93/42/EBE ([3]).

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „dýna í ungbarnarúm“: dýna sem er innan við 1400 mm að lengd,

2) „fjarlægjanlegt efni“: efni sem sýnir 80% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 303A/B, ISO 11733,

3) „efni sem er lífbrjótanlegt í eðli sínu“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 14593, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B, ISO 9888, OECD 302 C,

4) „auðlífbrjótanlegt efni“: efni sem sýnir 70% niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni innan 28 daga eða 60% af fræðilegu hámarki súrefnisþurrðar eða koltvísýringsmyndunar innan 28 daga ef beitt er einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408,

5) „hálfrokgjarnt, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband sem skolast út í gasgreiningarsúlu milli n-hexadekans (að því undanskildu) og n-dókósans (að því meðtöldu) og með suðumark sem er hærra en u.þ.b. 287 °C, ef mælingin er gerð í hárpípusúlu sem er húðuð með 5% fenýl/95% metýlpólýsíloxani,

6) „mjög rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband sem skolast út í gasgreiningarsúlu á undan n-hexadekani og með suðumark sem er lægra en u.þ.b. 68 °C, ef mælingin er gerð í hárpípusúlu sem er húðuð með 5% fenýl/95% metýlpólýsíloxani,

7) „rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: sérhvert lífrænt efnasamband sem skolast út í gasgreiningarsúlu á milli n-hexans og n-hexadekans, og að þeim meðtöldum, með suðumark sem er u.þ.b. á bilinu 68 °C til 287 °C, ef mælingin er gerð í hárpípusúlu sem er húðuð með 5% fenýl/95% metýlpólýsíloxani.

3. gr.

Vara skal falla undir vöruflokkinn „rúmdýnur“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanir sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í þágu stjórnsýslu er kenninúmerið „014“ notað fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“.

6. gr.

Ákvörðun 2009/598/EB er felld úr gildi.

([3]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „rúmdýnur“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/598/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „rúmdýnur“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun 2009/598/EB eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

Þessar umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2009/598/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna prófanir sem eru vottaðar samkvæmt ISO 17025 og sannprófanir sem eru framkvæmdar af aðilum sem eru viðurkenndir samkvæmt EN 45011 eða jafngildum alþjóðlegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Skilyrði er að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins eða landanna þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur:

1. Latexkvoða
2. Pólýúretankvoða (PUR)
3. Vír og gormar
4. Kókostrefjar
5. Textílefni (efni og trefjar notað sem dýnuáklæði og/eða fylliefni)
6. Lím og límefni
7. Eldtefjandi efni
8. Sæfiefni
9. Mýkiefni
10. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
11. Losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (hálfrokgjarnra, rokgjarnra, mjög rokgjarnra) úr dýnunum
12. Tæknilegar kröfur
13. Hönnun með tilliti til sundurhlutunar og endurheimtar efna
14. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB
15. Viðbótarupplýsingar fyrir neytendur

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB endurspegla vörur með mesta vistvænleika rúmdýna á markaðnum.

Þó að notkun á efnavörum og losun mengunarefna séu hluti af framleiðsluferlinu eru ekki notuð hættuleg efni, ef þess er nokkur kostur, eða takmörkuð við það lágmark sem er nauðsynlegt til að veita dýnunni fullnægjandi virkni og uppfylla á sama tíma stranga gæða- og öryggisstaðla. Því er veitt undanþága, háð skilyrðum, í undantekningartilvikum vegna tiltekinna efna eða efnahópa í því skyni að yfirfæra ekki álag á umhverfið á önnur stig vistferilsins eða önnur umhverfisáhrif og eingöngu ef engir aðrir vænlegir valkostir eru fyrir hendi á markaðnum.

Viðmiðun 1. Latexkvoða

Athugasemd: Aðeins þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur ef latexkvoðan nemur meira en 5% af heildarþyngd dýnunnar.

1.1. *Efni sem sæta takmörkunum*

Styrkur efnanna sem eru tilgreind hér að neðan skal ekki fara yfir eftirtalin gildi í latexkvoðunni:

Efnahópur	Efni	Viðmiðunargildi (milljónarhluti)	Skilyrði vegna mats og sannprófunar
Klórfenól	mónó- og díklórfenól (sölt og esterar)	1	A
	Önnur klórfenól	0,1	A
Þungmálmar	As (arsen)	0,5	B
	Cd (kadmíum)	0,1	B
	Co (kóbalt)	0,5	B
	Cr (króm), heildarmagn	1	B
	Cu (kopar)	2	B
	Hg (kvikasilfur)	0,02	B
	Ni (nikkel)	1	B
	Pb (blý)	0,5	B
	Sb (antímon)	0,5	B
Varnarefni (*)	aldrín	0,04	C
	o,p-DDE	0,04	C
	p,p-DDE	0,04	C
	o,p-DDD	0,04	C
	p,p-DDD	0,04	C
	o,p-DDT	0,04	C
	p,p-DDT	0,04	C
	díasínón	0,04	C
	díklórfenþíón	0,04	C
	díklórvos	0,04	C
	dieldrín	0,04	C

Efnahópur	Efni	Viðmiðunargildi (milljónarhluti)	Skilyrði vegna mats og sannprófunar
	endrín	0,04	C
	heptaklór	0,04	C
	heptaklórepoxíð	0,04	C
	hexaklórbensen	0,04	C
	hexaklórsýklóhexan	0,04	C
	α-hexaklórsýklóhexan	0,04	C
	β-hexaklórsýklóhexan	0,04	C
	γ-hexaklórsýklóhexan (lindan)	0,04	C
	δ-hexaklórsýklóhexan	0,04	C
	malaþíón	0,04	C
	metoxýklór	0,04	C
	mírex	0,04	C
	paraþíónetýl	0,04	C
	paraþíónmetýl	0,04	C
Önnur sértæk efni sem eru háð takmörkunum	bútadíen	1	D

(*) Gildir eingöngu fyrir kvoður sem eru samansettar úr 20% náttúrulegu latexi að lágmarki, miðað við þyngd.

Mat og sannprófun:

A. Fyrir klórfenól skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Mala skal 5 grömm af sýni og klórfenól dregin út sem fenól (pentaklórfenól), natríumsalt (SPP) eða esterar. Greina skal útdráttinn með gasgreiningu. Tilvist efnis skal staðfest með massagreini eða rafeindahremmingu.

B. Fyrir þungmálma skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Efni úr möluðu sýni er skolað út í samræmi við DIN 38414-SE, eða jafngilt próf, í hlutföllunum 1:10. Síuvökvinn sem verður til skal síaður gegnum 0,45 µm himnusíu (við þrýsting ef nauðsyn krefur). Lausnin sem fæst skal rannsökuð með tilliti til innihalds þungmálma með rafgasljósgreiningu (ICP-OES), einnig þekkt sem rafgasgeislunargreining (ICP-AES), eða með frumeindagleypnimælingu með hýdríð- eða kaldgufutækni.

C. Fyrir varnarefni skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Dregin eru út 2 grömm af sýni í úthljóðsbaði með hexan/díklórmetanblöndu (85/15). Útdrátturinn er hreinsaður með því að hræra hann með asetónítríl eða með ásogsgreiningu yfir flórísíl. Mælingar og magnákvörðun eru ákvarðaðar með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með rafeindahremmingu eða gasgreiningu með massagreiningu. Framkvæma skal prófun fyrir varnarefnum á latexkvoðu sem inniheldur að lágmarki 20% náttúrulegt latex.

D. Fyrir bútadíen skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Eftir mölun og vigtun latexkvoðunnar skal taka sýni úr kollrúmi. Innihald bútadíens skal ákvarðað með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með logajónunargreiningu.

1.2. *Losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda* (hálfrokgjörn, rokgjörn, mjög rokgjörn)

Styrkur efnanna sem eru tilgreind hér að neðan, í rýminu, reiknaður út með aðferð fyrir prófunarklefa, skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi eftir 24 klst.

Efni	Viðmiðunarmörk (mg/m^3)
1,1,1-tríklóretan	0,2
4-fenýlsýklóhexen	0,02
koldísúlfið	0,02
formaldehýð	0,005
nítrósamín (*)	0,0005
stýren	0,01
tetraklóretýlen	0,15
tólúen	0,1
tríklóretýlen	0,05
vínýlklóríð	0,0001
vínýlsýklóhexen	0,002
arómatísk vetniskolefni (heildarmagn)	0,3
rokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	0,5

(*) N-nítrósódímetýlamín (NDMA), N-nítrósódíetýlamín (NDEA), N-nítrósómetýletýlamín (NMEA), N-nítrósódí-i-própýlamín (NDIPA), N-nítrósódí-n-própýlamín (NDPA), N-nítrósódí-n-bútýlamín (NDBA), N-nítrósópýrrólídínón (NPYR), N-nítrósópíperídín (NPIP), N-nítrósómorfólín (NMOR).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Greining í prófunarklefa skal framkvæmd í samræmi við staðalinn ISO 16000-9. Innpakkaða sýnið skal geymt við stofuhita í a.m.k. 24 klukkustundir. Að þeim tíma liðnum eru umbúðirnar teknar utan af sýninu sem þegar í stað er flutt í prófunarklefann. Sýnið er sett í sýnahaldara þar sem loft leikur um það frá öllum hliðum. Loftskilyrði skulu stillt samkvæmt ISO 16000-9. Að því er varðar samanburð á niðurstöðum prófana skal svæðissértækur loftræstistuðull (q = n/1) vera 1. Loftræstihraðinn skal vera á milli 0,5 og 1. Klukkustundarlöng sýnataka á lofti skal gerð 24 ± 1 klst. eftir að klefinn er hlaðinn; fyrir greiningu á formaldehýði og öðrum aldehýðum með DNPH-hylki og fyrir greiningu á öðrum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum með Tenax TA. Lengd sýnatöku fyrir önnur efnasambönd má vera lengri en skal vera lokið innan 30 klst.

Greining á formaldehýði og öðrum aldehýðum skal vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-3. Nema annað sé tilgreint skal greining á öðrum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-6.

Prófanir sem eru gerðar í samræmi við staðalinn CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni.

Greiningin á nítrósamínum skal gerð með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með varmaorkugreiningu (GC-TEA) í samræmi við aðferðina BGI 505-23 (áður ZH 1/120.23) eða jafngildri aðferð.

1.3. *Leysilitir*

Ef leysilitir eru notaðir skal uppfylla viðmiðun 5.5.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal annað hvort leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda frauðsins um að leysilitir séu ekki notaðir eða, ef þeir eru notaðir, yfirlýsingu um að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt fylgiskjölum.

Viðmiðun 2. Pólýúretankvoða (PUR)

Athugasemd: Aðeins þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur ef pólýúretanfrauðið nemur meira en 5% af heildarþyngd dýnunnar.

2.1. *Efni sem sæta takmörkunum*

Styrkur efnanna sem eru tilgreind hér að neðan skal ekki fara yfir eftirtalin gildi í pólýúretanfrauðinu:

Efnahópur	Efni (upphafsstafaorð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Skilyrði fyrir mat og sannprófun
Sæfiefni	Efni sem eru háð takmörkunum samkvæmt viðmiðun 8.1	Ekki bætt við af ásetningi	A
Þungmálmar	(AS) arsen	0,2 milljónarhlutar	B
	Cd (kadmíum)	0,1 milljónarhlutar	B
	Co (kóbalt)	0,5 milljónarhlutar	B
	Cr (króm), heildarmagn	1,0 milljónarhlutar	B
	Cr VI (króm VI)	0,01 milljónarhlutar	B
	Cu (kopar)	2,0 milljónarhlutar	B
	Hg (kvikasilfur)	0,02 milljónarhlutar	B
	Ni (nikkel)	1,0 milljónarhlutar	B
	Pb (blý)	0,2 milljónarhlutar	B
	Sb (antímon)	0,5 milljónarhlutar	B
	Se (selen)	0,5 milljónarhlutar	B

Efnahópur	Efni (upphafsstafaorð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Skilyrði fyrir mat og sannprófun
Mýkiefni	díísónónýlþalat (DINP, 28553-12-0)	0,01% (massahlutfall)(summa)	C
	dí-n-oktýlþalat (DNOP, 117-84-0)		
	dí(2-etýlhexýl)þalat (DEHP, 117-81-7)		
	díísódekýlþalat (DIDP, 26761-40-0)		
	bútýlbensýlþalat (BBP, 85-68-7)		
	díbútýlþalat (DBP, 84-74-2)		
	þalöt	Ekki bætt við af ásetningi	A
TDA og MDA	2,4-tólúendíamín (2,4-TDA, 95-80-7)	5,0 milljónarhlutar	D
	4,4′-díamínódífenýlmetan	5,0 milljónarhlutar	D
	(4,4’-MDA, 101-77-9)		
Efni úr lífrænum tinsamböndum	tríbútýltin (TBT)	50 milljarðshlutar	E
	díbútýltin (DBT)	100 milljarðshlutar	E
	mónóbútýltin (MBT)	100 milljarðshlutar	E
	tetrabútýltin (TeBT)	—	—
	mónóoktýltin (MOT)	—	—
	díoktýltin (DOT)	—	—
	trísýklóhexýltin (TcyT)	—	—
	trífenýltin (TPhT)	—	—
	summa	500 milljarðshlutar	E
Önnur sértæk efni sem eru háð takmörkunum	klóruð eða brómuð díoxín eða fúrön	Ekki bætt við af ásetningi	A
	klóruð vetniskolefni (1,1,2,2-tetraklóretan, pentaklóretan, 1,1,2-tríklóretan, 1,1-díklóretýlen)	Ekki bætt við af ásetningi	A

Efnahópur	Efni (upphafsstafaorð, CAS-númer, tákn frumefnis)	Viðmiðunarmörk	Skilyrði fyrir mat og sannprófun
	klóruð fenól (PCP, TeCP, 87-86-5)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	hexaklórsýklóhexan (58-89-9)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	mónómetýldíbrómdífenýlmetan (99688-47-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	mónómetýldíklórdífenýlmetan (81161-70-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	nítríð	Ekki bætt við af ásetningi	A
	fjölbrómuð bífenýl (PBB, 59536-65-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	pentabrómdífenýleter (PeBDE, 32534-81-9)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	oktabrómdífenýleter (OBDE, 32536-52-0)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	fjölklóruð bífenýl (PCB, 1336-36-3)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	fjölklóruð terfenýl (PCT, 61788-33-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	tris(2,3-díbrómprópýl)fosfat (TRIS, 126-72-7)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	trímetýlfosfat (512-56-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	tris(asirídínýl)fosfínoxíð (TEPA, 545-55-1)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP, 115-96-8)	Ekki bætt við af ásetningi	A
	dímetýlmetýlfosfonat (DMMP, 756-79-6)	Ekki bætt við af ásetningi	A

Mat og sannprófun:

A. Fyrir sæfiefni, þalöt og önnur tiltekin efni sem eru háð takmörkunum skal umsækjandinn leggja fram yfirlýsingu, studda yfirlýsingum frá framleiðendum frauðsins, þar sem staðfest er að skráðu efnunum hafi ekki verið bætt í samsetningu frauðsins af ásetningi.

B. Fyrir þungmálma skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Efni úr möluðu sýni er skolað út í samræmi við DIN 38414-SE, eða jafngilt próf, í hlutföllunum 1:10. Síuvökvinn sem verður til skal síaður gegnum 0,45 µm himnusíu (við þrýsting ef nauðsyn krefur). Lausnin sem fæst skal rannsökuð með tilliti til innihalds þungmálma með litrófsmælingu á útgeislun frumeinda með rafgasgeislunargreiningu (ICP-AES eða ICP-OES), eða með frumeindagleypnimælingu með hýdríð- eða kaldgufutækni.

C. Fyrir heildarmagn mýkiefna skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Sýnið skal vera samsett úr 6 hlutum sem skulu teknir undan hliðum sýnisins (að hámarki 2 cm frá yfirborðinu). Útdráttur skal gerður með díklórmetani með fullgiltri aðferð og greiningu í kjölfarið með gas- og massagreiningu (GC/MS) eða háþrýstivökvaskiljun með útfjólubláum ljósi (HPLC/UV).

D. Fyrir TDA og MDA skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Sýnið skal vera samsett úr 6 hlutum sem skulu teknir undan hliðum sýnisins (að hámarki 2 cm frá yfirborðinu). Útdráttur skal gerður með 1% ediksúrri vatnslausn. Útdrátturinn skal endurtekinn fjórum sinnum á sama frauðsýninu með rúmmáls/þyngdarhlutfallinu 1:5 í hvert skipti. Útdrættirnir skulu sameinaðir, þynntir upp í þekkt rúmmál, síaðir og greindir með háþrýstivökvaskiljun og greiningu með útfjólublárri ljósi (HPLC-UV) eða með massagreiningu (HPLC-MS). Ef gerð er greining með háþrýstivökvaskiljun og útfjólublárri ljósi (HPLC-UV) og grunur leikur á truflun í henni skal endurgreina með háþrýstivökvaskiljun með massagreiningu (HPLC-MS).

E. Fyrir efni úr lífrænum tinsamböndum skal umsækjandinn leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Sýnið skal vera samsett úr 6 hlutum sem skulu teknir undan hliðum sýnisins (að hámarki 2 cm frá yfirborðinu). Útdrátturinn skal gerður í úthljóðsbaði í 1 klukkustund við stofuhita. Útdráttarefnið skal vera blanda sem er samsett á eftirfarandi hátt: 1750 ml metanól + 300 ml ediksýra + 250 ml jafnalausn (pH 4,5). Jafnalausnin skal innihalda 164 g natríumasetat í 1200 ml af vatni og 165 ml ediksýru, þynnt með vatni að 2000 ml. Eftir útdrátt skulu afleiður myndaðar úr alkýltinefnaformunum með því að bæta lausn af natríumtetraetýlbórati í tetrahýdrófúran (THF). Afleiðan skal dregin út með n-hexani og sýnið gangast undir annan útdrátt. Báðum hexanútdráttunum skal blandað saman og þeir notaðir við ákvörðun á lífrænu tinsamböndunum með gasgreiningu og tilvist efnis staðfest með massavalvísri greiningu í SIM-stillingu.

2.2. *Losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda* (hálfrokgjörn, rokgjörn, mjög rokgjörn)

Styrkur efnanna sem eru tilgreind hér að neðan, í rýminu, reiknaður út með aðferð fyrir prófunarklefa, skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi eftir 72 klst.

Efni (CAS-nr.)	Viðmiðunarmörk (mg/m^3)
formaldehýð (50-00-0)	0,005
tólúen (108-88-3)	0,1
stýren (100-42-5)	0,005
öll greinanleg efnasambönd sem flokkast í undirflokka C1A og C1B samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([1])	0,005
summa allra greinanlegra efnasambanda sem flokkast í undirflokka C1A og C1B samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008	0,04
arómatísk kolvatnsefni	0,5
rokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	0,5

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með niðurstöðum eftirfarandi prófunaraðferðar. Frauðsýninu er komið fyrir á botni losunarprófunarklefa og haft í 3 daga við 23 °C hita við 50% rakastig, með loftskiptihraðanum n sem nemur 0,5 á klst. og stuðlinum L fyrir klefahleðslu sem nemur 0,4 m^2/m^3 (= samtals sá flötur sýnis sem kemst í snertingu við loft í hlutfalli við mál klefans að undanskildum þéttibrúnum og bakhlið) í samræmi við ISO 16000-9 og ISO 16000-11. Klukkustundarlöng sýnataka skal gerð 72 ± 2 klst. eftir að klefinn er hlaðinn, annars vegar með Tenax Ta fyrir greiningu á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum og hins vegar með DNPH-hylki fyrir greiningu á formaldehýði. Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda er fönguð í rör með íseyga efninu Tenax TA og síðan greind með gas- og massagreiningu eftir afsog með hitun í samræmi við ISO 16000-6. Niðurstöðurnar eru hálfmegindlegar, gefnar upp sem jafngildi tólúens. Gefnir eru upp allir tilgreindir einstakir efnisþættir frá styrkleikamörkum ≥ 1 $\mu g/m^3$. Heildargildi rokgjarnra, lífrænna efnasambanda er summa allra efnisþátta af styrkleika sem er ≥ 1 $\mu g/m^3$ og sem skolast út milli rástíma n-hexan (C6) að n-hexadekan

(C16), að báðum meðtöldum. Summa allra greinanlegra efnasambanda sem flokkast í undirflokka C1A eða C1B, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, er summa allra þessara efna af styrkleika sem er ≥ 1 μg/m^3. Ef niðurstöður úr prófunum eru yfir mörkum samkvæmt staðli þarf að framkvæma efnissértæka magnákvörðun. Formaldehýð má ákvarða með því að safna sýni af loftinu í DNPH-hylki og greina það síðan með háþrýstivökvaskiljun með útfjólubláu ljósi (HPLC/UV) í samræmi við ISO 16000-3.

Prófanir sem eru gerðar í samræmi við staðalinn CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni.

Athugasemd:

— Rúmmál klefa skal vera 0,5 eða 1 m^3.

— Eitt sýni (25 cm × 20 cm × 15 cm) skal notað í 0,5 m^3 prófunarklefa og standa lóðrétt á einni 20 cm × 15 cm hlið.

— Tvö sýni (25 cm × 20 cm × 15 cm) skulu notuð í 1 m^3 prófunarklefa og standa lóðrétt á einni 20 cm × 15 cm hlið; í þessu tilfelli skal báðum sýnunum komið fyrir í prófunarklefanum með 15 cm á milli sýnanna.

2.3. *Leysilitir*

Ef leysilitir eru notaðir skal uppfylla viðmiðun 5.5.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal annað hvort leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda frauðsins um að leysilitir séu ekki notaðir eða, ef þeir eru notaðir, yfirlýsingu um að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt fylgiskjölum.

2.4. *Heildarklóríninnihald ísósýanata*

Ef blandaðar tólúendíísósýanathverfur eru notaðar í framleiðslu á pólýúretanfrauðinu, skal heildarklórinnihald þessara ísósýanata ekki vera meira en 0,07% miðað við þyngd.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal annað hvort leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda frauðsins um að efnið sé ekki notað eða niðurstöður prófana sem eru gerðar eru í samræmi við ASTM D4661-93 eða jafngildar aðferðir.

2.5. *Þanefni*

Ekki skal nota halógenuð lífræn efnasambönd sem þanefni né hjálparþanefni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda frauðsins um að efnið séu ekki notuð.

Viðmiðun 3. Vír og gormar

Athugasemd: Aðeins þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur ef þyngd víra og gorma er yfir 5% af heildarþyngd dýnunnar.

3.1. *Fituhreinsun*

Ef notaðir eru lífrænir leysar við fituhreinsun og/eða hreinsun á vírum og/eða gormum verður að nota lokað hreinsi-/fituhreinsikerfi.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þar um frá framleiðanda víra og/eða gorma

3.2. *Galvanhúðun*

Yfirborð gorma má ekki vera galvanhúðað.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þar um frá framleiðanda víra og/eða gorma.

Viðmiðun 4. Kókostrefjar

Athugasemd: Aðeins þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur ef kókostrefjar nema meira en 5% af heildarþyngd dýnunnar.

Taka skal tillit til viðmiðunar fyrir latexkvoðu ef kókostrefjaefnið er gúmmíborið með latexi.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að gúmmíbornar kókostrefjar séu ekki notaðar eða leggja fram prófunarskýrslur eins og krafist er í viðmiðun 1. fyrir latexkvoðu.

Viðmiðun 5. Textílefni (efni og trefjar notað sem dýnuáklæði og/eða fylliefni)

Athugasemdir:

1) Uppfylla skal allar kröfurnar (5.1 til 5.11.) fyrir dýnuáklæðið (þ.e. ver).

2) Fylliefni (þ.e. efni til bólstrunar) skulu uppfylla kröfu 5.1. Ef ull er notuð sem fylliefni skal uppfylla kröfur 5.1, 5.2 og 5.8.

3) Öll textílefni sem hafa fengið umhverfismerki ESB, eins og fastsett er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB ([4]), teljast sjálfkrafa uppfylla kröfur 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.6, 5.7, 5.8, 5.10 og 5.11. Til þess að dýnur geti fengið umhverfismerki ESB skal þó sýna fram á að viðmiðun 5.9 sé einnig uppfyllt að því er varðar dýnuáklæðið.

5.1. *Almennar kröfur um hættuleg efni (þ.m.t. eldtefjandi efni, sæfiefni og mýkiefni) (Notkunarsvið: öll textílefni)*

Öll textílefni*:* öll textílefni skulu uppfylla viðmiðun 7 (eldtefjandi efni), 8 (sæfiefni), 9 (mýkiefni) og 10 (hættuleg efni).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fylgiskjölunum sem krafist er í viðkomandi viðmiðunum (7., 8., 9. og 10.).

5.2. *Hjálparefni í efnablöndum og samsetningum (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er og fylliefni úr ull)*

Öll áklæði*:* Eftirfarandi efni skulu ekki notuð í neinar efnablöndur eða samsetningar við framleiðslu dýnuáklæðum. Uppfylla skal ákvæði um tilvist alkýlfenóla og alkýlfenóletoxýlata í áklæðinu.

Fylliefni úr ull: Alkýlfenól og alkýlfenóletoxýlöt skulu ekki notuð í neinum efnablöndum eða samsetningum við framleiðslu fylliefna úr ull og fara skal að viðmiðunarmörkum fyrir tilvist þeirra í fylliefninu.

Efni (CAS-nr./upphafsstafaorð)	Viðmiðunarmörk (mg/kg)	Skilyrði fyrir mati og sannprófun
alkýlfenól: — nónýlfenól, blandaðar hverfur (25154-52-3) — 4-nónýlfenól (104-40-5) — 4-nónýlfenól, greinótt (84852-15-3) — oktýlfenól (27193-28-8) — 4-oktýlfenól (1806-26-4) — 4-tert-oktýlfenól (140-66-9)	25 (summa)	A
alkýlfenóletoxýlöt og afleiður þeirra: — pólýoxýetýlað oktýlfenól (9002-93-1) — pólýoxýetýlað nónýlfenól (9016-45-9) — pólýoxýetýlað p-nónýlfenól (26027-38-3)		

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur (Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45).

Efni (CAS-nr./upphafsstafaorð)	Viðmiðunarmörk (mg/kg)	Skilyrði fyrir mati og sannprófun
bis(vetnað tólgaralkýl)dímetýlammóníumklóríð (DTDMAC)	Ekki notað	B
dísterýldímetýlammóníumklóríð (DSDMAC)		
dí(hert tólgar)dímetýlammóníumklóríð (DHTDMAC)		
etýlendíamíntetraasetat (EDTA)		
díetýlentríamínpentaasetat (DTPA)		
4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól		
1-metýl-2-pýrrólídón		
nítrílótríediksýra (NTA)		

Mat og sannprófun:

A. Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með niðurstöðum úr prófuninni á fullunnu vörunni sem skal framkvæmd með leysisútdrætti með vökvaskiljun og massagreiningu (LC–MS) í kjölfarið.

B. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi um efnin séu ekki notuð, studda öryggisblöðum fyrir öll framleiðslustig.

5.3. *Yfirborðsvirk efni, mýkingarefni og bindlar í blautvinnslu (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Öll yfirborðsvirk efni, mýkingarefni og bindlar: Að minnsta kosti 95% yfirborðsvirkra efna, mýkingarefna og bindla, miðað við þyngd, skulu uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) þau skulu vera auðlífbrjótanleg við loftháðar aðstæður,

b) þau skulu vera lífbrjótanleg í eðli sínu eða fjarlægjanleg í skólphreinsistöðvum.

Ójónuð og plúshlaðin yfirborðsvirk efni: Öll ójónuð og plúshlaðin yfirborðsvirk efni skulu einnig vera auðlífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

Nota skal síðustu endurskoðun gagnasafnsins fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna sem viðmiðunarpunkt fyrir lífbrjótanleika:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn í formi öryggisblaða og yfirlýsinga frá birgjum.

Mat og sannprófun allra yfirborðsvirkra efna, mýkingarefna og bindla skulu studd niðurstöðum viðeigandi OECD- eða ISO-prófana fyrir:

— Auðlífbrjótanleika (OECD 301 A, ISO 7827, OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 301 D, ISO 10708, OECD 301 E, OECD 301 F, ISO 9408)

— Eðlislægan auðlífbrjótanleika (ISO 14593, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B, ISO 9888, OECD 302 C)

— Möguleika á fjarlægingu (OECD 303A/B, ISO 11733)

Mat og sannprófun allra ójónaðra og plúshlaðinna, yfirborðsvirkra efna skulu studd niðurstöðum viðeigandi OECD- eða ISO-prófana (ISO 11734, Evrópumiðstöð rannsókna á umhverfiseiturhrifum og eiturefnafræði (ECETOC) nr. 28 (júní 1988), OECD 311).

5.4. *Bleiking á mauki, garni, efnum og fullunnum vörum (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Óheimilt er að nota klórefni til bleikingar á nokkru garni, efnum eða fullunnum vörum að undanskildum tilbúnum beðmistrefjum.

Mauk sem er notað við framleiðslu tilbúinna beðmistrefja (t.d. viskósa) skal bleikja án þess að notast við hreint klór. Heildarmagn klórs og lífrænna klórsambanda (lífræn halógensambönd (OX)) skal ekki vera yfir 150 milljónarhlutum í tilbúnum trefjum eða ekki yfir 0,170 kg á hvert loftþurrkað tonn mauks í skólpi frá framleiðslu mauks (áseyg, lífræn halógensambönd (AOX)).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi um að klórbleikiefni séu ekki notuð.

Fyrir tilbúnar beðmistrefjar skal umsækjandinn leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir fram á að kröfur vegna annað hvort lífrænna halógensambanda eða áseygra, lífrænna halógensambanda séu uppfylltar, með viðeigandi prófunaraðferðum:

— OX: ISO 11480 (stýrður bruni og örrafhleðslugreining)

— AOX: ISO 9562

5.5. *Leysilitir (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Eftirfarandi takmarkanir gilda um leysiliti.

Notkun leysilita í textílefni skal einnig samræmast viðmiðun 10 um hættuleg efni og því gilda viðkomandi undanþáguskilyrði. Undanþáguskilyrði eiga við um meðhöndlun leysilita í litunarstöðinni, leysilitunarferlið og fjarlægingu litarefna úr skólpi frá litunarstöðvum.

<table>
<tr><th>Efnahópur</th><th colspan="2">Viðmiðun</th><th>Mat og sannprófun</th></tr>
<tr><td>i. Halógenuð burðarefni</td><td colspan="2">Ef dreifuleysilitir eru notaðir er óheimilt að nota halógenuð efni til að hraða litun (burðarefni) á pólýester-, akrýl- eða pólýamíðtrefjum, og efnum sem eru búin til úr þessum trefjum, eða á ullarblöndum með pólýester (sem dæmi um burðarefni má nefna: 1,2-díklórbensen, 1,2,4-tríklórbensen, klórfenoxýetanól).</td><td>A</td></tr>
<tr><td>ii. Asólitir</td><td colspan="2">Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í arómatísk amín, sem er vitað að eru krabbameinsvaldandi, í akrýl-, baðmullar-, pólýamíð- og ullartrefjar og efni sem eru búin til úr þessum trefjum. Viðmiðunarmörk fyrir innihald hvers arýlamíns í fullunnu vörunni skulu vera 30 mg/kg.

<table>
<tr><th>Arýlamín</th><th>CAS-númer</th></tr>
<tr><td>4-amínódífenýl</td><td>92-67-1</td></tr>
<tr><td>bensidín</td><td>92-87-5</td></tr>
<tr><td>4-klór-o-tólúidín</td><td>95-69-2</td></tr>
<tr><td>2-naftýlamín</td><td>91-59-8</td></tr>
<tr><td>o-amínó-asótólúen</td><td>97-56-3</td></tr>
<tr><td>2-amínó-4-nítrótólúen</td><td>99-55-8</td></tr>
<tr><td>p-klóranilín</td><td>106-47-8</td></tr>
<tr><td>2,4-díamínóanísól</td><td>615-05-4</td></tr>
</table></td><td>B</td></tr>
</table>

Efnahópur	Viðmiðun		Mat og sannprófun
	4,4′-díamínódífenýlmetan	101-77-9	
	3,3′-díklórbensidín	91-94-1	
	3,3′-dímetoxýbensidín	119-90-4	
	3,3′-dímetýlbensidín	119-93-7	
	3,3’-dímetýl-4,4’-díamínódífenýlmetan	838-88-0	
	p-kresidín	120-71-8	
	4,4’-metýlen-bis-(2-klóranilín)	101-14-4	
	4,4′-oxýdíanilín	101-80-4	
	4,4′-þíódíanilín	139-65-1	
	o-tólúidín	95-53-4	
	2,4-díamínótólúen	95-80-7	
	2,4,5-trímetýlanilín	137-17-7	
	o-anisidín (2-metoxýanilín)	90-04-0	
	2,4-xýlidín	95-68-1	
	2,6-xýlidín	87-62-7	
	4-amínóasóbensen	60-09-3	
	Eftirfarandi er viðmiðunarskrá yfir asóliti sem geta klofnað í arýlamín.		
	Dreifuleysilitir sem geta klofnað í arómatísk amín		
	Disperse Orange 60	Disperse Yellow 7	
	Disperse Orange 149	Disperse Yellow 23	
	Disperse Red 151	Disperse Yellow 56	
	Disperse Red 221	Disperse Yellow 218	
	Basískir leysilitir sem geta klofnað í arómatísk amín		
	Basic Brown 4	Basic Red 114	
	Basic Red 42	Basic Yellow 82	
	Basic Red 76	Basic Yellow 103	
	Basic Red 111		

Efnahópur	Viðmiðun			Mat og sannprófun
	Súrir leysilitir sem geta klofnað í arómatísk amín			
	CI Acid Black 29	CI Acid Red 24	CI Acid Red 128	
	CI Acid Black 94	CI Acid Red 26	CI Acid Red 115	
	CI Acid Black 131	CI Acid Red 26:1	CI Acid Red 128	
	CI Acid Black 132	CI Acid Red 26:2	CI Acid Red 135	
	CI Acid Black 209	CI Acid Red 35	CI Acid Red 148	
	CI Acid Black 232	CI Acid Red 48	CI Acid Red 150	
	CI Acid Brown 415	CI Acid Red 73	CI Acid Red 158	
	CI Acid Orange 17	CI Acid Red 85	CI Acid Red 167	
	CI Acid Orange 24	CI Acid Red 104	CI Acid Red 170	
	CI Acid Orange 45	CI Acid Red 114	CI Acid Red 264	
	CI Acid Red 4	CI Acid Red 115	CI Acid Red 265	
	CI Acid Red 5	CI Acid Red 116	CI Acid Red 420	
	CI Acid Red 8	CI Acid Red 119:1	CI Acid Violet 12	
	Jafnleysilitir sem geta klofnað í arómatísk amín			
	Direct Black 4	Basic Brown 4	Direct Red 13	
	Direct Black 29	Direct Brown 6	Direct Red 17	
	Direct Black 38	Direct Brown 25	Direct Red 21	
	Direct Black 154	Direct Brown 27	Direct Red 24	
	Direct Blue 1	Direct Brown 31	Direct Red 26	
	Direct Blue 2	Direct Brown 33	Direct Red 22	
	Direct Blue 3	Direct Brown 51	Direct Red 28	
	Direct Blue 6	Direct Brown 59	Direct Red 37	
	Direct Blue 8	Direct Brown 74	Direct Red 39	
	Direct Blue 9	Direct Brown 79	Direct Red 44	
	Direct Blue 10	Direct Brown 95	Direct Red 46	
	Direct Blue 14	Direct Brown 101	Direct Red 62	
	Direct Blue 15	Direct Brown 154	Direct Red 67	

Efnahópur	Viðmiðun			Mat og sannprófun
	Direct Blue 21	Direct Brown 222	Direct Red 72	
	Direct Blue 22	Direct Brown 223	Direct Red 126	
	Direct Blue 25	Direct Green 1	Direct Red 168	
	Direct Blue 35	Direct Green 6	Direct Red 216	
	Direct Blue 76	Direct Green 8	Direct Red 264	
	Direct Blue 116	Direct Green 8,1	Direct Violet 1	
	Direct Blue 151	Direct Green 85	Direct Violet 4	
	Direct Blue 160	Direct Orange 1	Direct Violet 12	
	Direct Blue 173	Direct Orange 6	Direct Violet 13	
	Direct Blue 192	Direct Orange 7	Direct Violet 14	
	Direct Blue 201	Direct Orange 8	Direct Violet 21	
	Direct Blue 215	Direct Orange 10	Direct Violet 22	
	Direct Blue 295	Direct Orange 108	Direct Yellow 1	
	Direct Blue 306	Direct Red 1	Direct Yellow 24	
	Direct Brown 1	Direct Red 2	Direct Yellow 48	
	Direct Brown 1:2	Direct Red 7		
	Direct Brown 2	Direct Red 10		

iii. Leysilitir með CMR-efnum	Ekki skal nota leysiliti sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni) í nein efni og trefjar.		A
	Leysilitir sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun	CAS-númer	
	C.I. Acid Red 26	3761-53-3	
	C.I. Basic Red 9	569-61-9	
	C.I. Basic Violet 14	632-99-5	
	C.I. Direct Black 38	1937-37-7	
	C.I. Direct Blue 6	2602-46-2	
	C.I. Direct Red 28	573-58-0	
	C.I. Disperse Blue 1	2475-45-8	
	C.I. Disperse Orange 11	82-28-0	
	C.I. Disperse Yellow 3	2832-40-8	

Efnahópur	Viðmiðun		Mat og sannprófun
iv. Leysilitir sem kunna að vera næmandi	Ekki skal nota leysiliti sem kunna að vera næmandi í akrýl-, pólýamíð- og pólýestertrefjar og efni úr þessum trefjum.		A
	Dreifuleysilitir sem kunna að vera næmandi	CAS-númer	
	C.I. Disperse Blue 1	2475-45-8	
	C.I. Disperse Blue 3	2475-46-9	
	C.I. Disperse Blue 7	3179-90-6	
	C.I. Disperse Blue 26	3860-63-7	
	C.I. Disperse Blue 35	12222-75-2	
	C.I. Disperse Blue 102	12222-97-8	
	C.I. Disperse Blue 106	12223-01-7	
	C.I. Disperse Blue 124	61951-51-7	
	C.I. Disperse Brown 1	23355-64-8	
	C.I. Disperse Orange 1	2581-69-3	
	C.I. Disperse Orange 3	730-40-5	
	C.I. Disperse Orange 37	12223-33-5	
	C.I. Disperse Orange 76	13301-61-6	
	C.I. Disperse Red 1	2872-52-8	
	C.I. Disperse Red 11	2872-48-2	
	C.I. Disperse Red 17	3179-89-3	
	C.I. Disperse Yellow 1	119-15-3	
	C.I. Disperse Yellow 3	2832-40-8	
	C.I. Disperse Yellow 9	6373-73-5	
	C.I. Disperse Yellow 39	12236-29-2	
	C.I. Disperse Yellow 49	54824-37-2	
v. Leysilitir með krómlitfesti	Óheimilt er að nota leysiliti með krómlitfesti í pólýamíð- og ullartrefjar og efni úr þeim trefjum.		A
vi. Leysilitir úr málmflókum	Leysiliti úr málmflókum sem eru að grunni til úr kopar, blýi, krómi eða nikkeli skal eingöngu nota við litun á ull, pólýamíði eða blöndu þessara trefja með tilbúnum beðmistrefjum (t.d. viskósa).		A

Mat og sannprófun:

A. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi um að efnin séu ekki notuð, studda öryggisblöðum.

B. Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með niðurstöðum prófunarinnar á fullunnu vörunni. Gera skal prófun á innihaldi asólita í fullunnu vörunni samkvæmt EN 14362-1 og 14362-3. Viðmiðunarmörk fyrir hvert arýlamín er 30 mg/kg. (*Aths.*: falsjákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar tilvist 4-amínóasóbensens og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

5.6. *Útdraganlegir málmar (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Eftirfarandi viðmiðunarmörk skulu gilda:

Málmur	Viðmiðunarmörk (mg/kg)	
	Áklæði á dýnur í ungbarnarúm	Allar aðrar vörur
antímon (Sb)	30,0	30,0
arsen (As)	0,2	1,0
kadmíum (Cd)	0,1	0,1
króm (Cr)		
— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	1,0	2,0
— Öll önnur textílefni	0,5	1,0
kóbalt (Co)		
— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	1,0	4,0
— Öll önnur textílefni	1,0	1,0
kopar (Cu)	25,0	50,0
blý (Pb)	0,2	1,0
nikkel (Ni)		
— Textílefni lituð með málmflókaleysilitum	1,0	1,0
— Öll önnur textílefni	0,5	1,0
kvikasilfur (Hg)	0,02	0,02

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með niðurstöðum prófunarinnar á fullunnu vörunni til sannprófunar á viðmiðunarmörkunum. Prófanirnar skulu fela í sér útdrátt samkvæmt ISO 105-E04 (súr svitalausn) og tilvist efnis staðfest með rafgasmassagreiningu (ICP-MS) eða rafgasgeislunargreiningu (ICP-OES, einnig nefnd ICP-AES).

5.7. *Fæliefni fyrir vatn, bletti og olíu (Notkun: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Ekki skal beita meðhöndlun með flúor til að veita vatns-, bletta- eða olíufælingu. Það tekur til meðhöndlunar með perflúoruðum og fjölflúoruðum kolefnum.

Flúorlausu meðhöndlunarefnin skulu vera auðlífbrjótanleg og ekki safnast saman í lífverum í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaseti. Þau skulu enn fremur uppfylla viðmiðun 10 um hættuleg efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi um að efnin séu ekki notuð, studda öryggisblöðum, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10.

5.8. *Losun á skólpi frá blautvinnslu (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er og fylliefni úr ull)*

Efnafræðileg súrefnisþörf má ekki mælast hærri en sem nemur 20 g á hvert kíló af unnum textílefnum í skólpi sem er losað út í umhverfið. Þessi krafa gildir um vefnað, litun, prentun og frágang við framleiðslu á vörunni eða vörunum. Þátturinn sem krafan tekur til skal mældur neðan við skólphreinsistöð eða neðan skólphreinsistöðvar utan starfsstöðvarinnar sem tekur við skólpi frá þessum vinnslustöðum.

Ef frárennslið er meðhöndlað á staðnum og losað beint í yfirborðsvatn skal það einnig uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. pH-gildið skal vera á bilinu 6 til 9 (nema pH-gildi viðtökuvatnsins sé utan þessara marka)

ii. hitinn skal vera lægri en 35 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara)

Ef gerð er krafa um fjarlægingu litarefna sem skilyrði fyrir undanþágu í viðmiðun 10 a skal miða við eftirfarandi litrófsgleypnistuðla:

i. 7 m^{-1} við 436 nm (á gulu sviði)

ii. 5 m^{-1} við 525 nm (á rauðu sviði)

iii. 3 m^{-1} við 620 nm (á bláu sviði)

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram ítarleg skjöl og prófunarskýrslur, byggðar á ISO 6060 til að ákvarða efnafræðileg súrefnisþörf og ISO 7887 til að ákvarða lit, auk þess að sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun á grundvelli mánaðarlegs meðaltals sex næstliðinna mánaða fyrir umsóknina, ásamt samræmisyfirlýsingu. Gögnin skulu sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun af hálfu framleiðslustaðarins eða, ef frárennslið er meðhöndlað annars staðar, af hálfu rekstraraðila skólphreinsunarinnar.

5.9. *Kraftrænt viðnám (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Dýnuáklæði skulu búa yfir viðunandi aflfræðilegum eiginleikum sem eru skilgreindir með eftirfarandi prófunarstöðlum:

Eiginleiki	Krafa	Prófunaraðferð
Mótstaða gegn því að rifna	Ofin efni ≥ 15 N Óofin efni ≥ 20 N Prjónuð efni: á ekki við	ISO 13937-2 (ofin efni) ISO 9073-4 (óofin)
Gliðnun frá saumum	Ofin efni ≥ 16 spor: hámark 6 mm Ofin efni < 16 spor: hámark 10 mm Prjónuð og óofin efni: á ekki við	ISO 13936-2 (undir 60 N álagi fyrir öll ofin efni)
Togþol	Ofin efni ≥ 350 N Prjónaefni og óofin efni: á ekki við	ISO 13934-1

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslur þar sem greint er frá niðurstöðum prófananna sem voru gerðar í samræmi við ISO 13937-2 eða ISO 9073-4 fyrir mótstöðu gegn því að rifna, ISO 13936-2 (undir 60 N álagi) fyrir gliðnun frá saumum og ISO 13934-1 fyrir togþol.

5.10. *Ending eldtefjandi eiginleika (Notkunarsvið: áklæði úr hvaða trefjum sem er)*

Áklæði sem hægt er að fjarlægja og þola þvott skulu halda virkni sinni eftir 50 lotur þvotta og þurrkunar í þurrkara við 75 °C að lágmarki. Áklæði sem ekki er ætlað að fjarlægja og þola ekki þvott skulu halda virkni sinni eftir prófun sem felur í sér gegnbleytingu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslur úr prófunum sem byggjast á eftirfarandi stöðlum, eins og við á:

— ISO 6330 með ISO 12138 fyrir lotur heimilisþvotta og ISO 10528 fyrir lotur iðnaðarþvotta þegar um er að ræða áklæði sem hægt er að fjarlægja og þola þvott.

— BS 5651, eða jafngild, þegar um er að ræða áklæði sem ekki er ætlað að fjarlægja og þvo.

5.11. *Breytingar á stærð (Notkunarsvið: áklæði sem hægt er að fjarlægja, úr hvaða trefjum sem er)*

Breyting á stærð dýnuáklæða, sem hægt er að fjarlægja og þola þvott, eftir þvott og þurrkun, hvort sem það er við þvottahitastig eða -aðstæður á heimilum eða í iðnaði, skal ekki vera meiri en:

— Ofin efni: ± 3%

— Óofin efni: ± 5%

Þessi viðmiðun gildir ekki um efni sem er ekki eru kynnt þannig að þau „þoli þvott“.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu með tilvísun til viðkomandi staðla. Nota skal ISO 6330 ásamt EN 25077 sem prófunaraðferð. Sjálfgefin skilyrði skulu vera þvottur 3A (60 °C), þurrkun C (þurrkað flatt) og straujun samkvæmt samsetningu efnisins, nema annað sé tekið fram á áklæðinu.

Viðmiðun 6. Lím og límefni

Ekki skal nota límefni sem innihalda lífræna leysa. Lím og límefni sem eru notuð við samsetningu vörunnar skulu einnig samræmast viðmiðun 10 um hættuleg efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgjum um að efnin séu ekki notuð, ásamt fylgiskjölum, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10.

Viðmiðun 7. Eldtefjandi efni

Eftirfarandi eldtefjandi efnum skal ekki af ásetningi bætt í vöruna, neinn hlut í henni né í neinn einsleitan hluta hennar:

Heiti	CAS-númer	Upphafsstafaorð
dekabrómdífenýleter	1163-19-5	decaBDE
hexabrómsýklódódekan	25637-99-4	HBCD/HBCDD
oktabrómdífenýleter	32536-52-0	octaBDE
pentabrómdífenýleter	32534-81-9	pentaBDE
fjölbrómuð bífenýl	59536-65-1	PBB
keðjustutt, klóruð paraffín (C10–C13)	85535-84-8	SCCP
tris(2,3-díbrómprópýl)fosfat	126-72-7	TRIS
tris(2-klóretýl)fosfat	115-96-8	TCEP
tris(asirídínýl)fosfínoxíð	545-55-1	TEPA

Öll notkun eldtefjandi efna skal samræmast viðmiðun 10 um hættuleg efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram, og fá birgja til að leggja fram, yfirlýsingu um að tilgreind eldtefjandi efni séu ekki í vörunni, neinum hlut í henni né neinum einsleitum hluta hennar. Einnig skal leggja fram skrá yfir efni sem hefur verið bætt við í því skyni að auka eldtefjandi eiginleika, þ.m.t. styrkleiki og tengdar hættusetningar, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10.

Viðmiðun 8. Sæfiefni

8.1. *Framleiðsla*

Öll notkun sæfandi, virkra efna í vörunni skal vera leyfileg, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]) (skrá aðgengileg á: http://ec.europa.eu/environment/biocides/annexi_and_ia.htm), og skal vera í samræmi við viðmiðun 10 um hættuleg efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal annað hvort leggja fram yfirlýsingu þess efnis að sæfiefni séu ekki notuð eða gögn þess efnis að sæfiefnin séu leyfileg samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012. Einnig skal leggja fram skrá yfir sæfivörur sem hefur verið bætt við vöruna, þ.m.t. styrkleiki og tengdar hættusetningar, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10.

8.2. *Flutningar*

Klórfenól (sölt þeirra og esterar), fjölklórað bífenýl, lífræn tinsambönd (þ.m.t. tríbútýltin, trífenýltin, díbútýltin og díoktýltin) og dímetýlfúmarat skulu ekki notuð í tengslum við flutning eða geymslu vörunnar, neins hlutar í henni né neins einsleits hluta hennar.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram, og fá birgja til að leggja fram, yfirlýsingu þar sem staðfest er að tilgreindu efnin hafi ekki verið notuð við flutning eða geymslu vörunnar, neins hlutar í henni og neins einsleits hluta hennar, eins og við á. Einnig skal leggja fram skrá yfir sæfivörur sem hefur verið bætt við vöruna, þ.m.t. styrkleiki og tengdar hættusetningar, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10.

Viðmiðun 9. Mýkiefni

Eftirfarandi mýkiefnum skal ekki af ásetningi bætt í vöruna, neinn hlut í henni og í neinn einsleitan hluta hennar:

Heiti	CAS-númer	Upphafsstafaorð
díísónónýlþalat (*)	28553-12-0; 68515-48-0	DINP
dí-n-oktýlþalat	117-84-0	DNOP
dí(2-etýlhexýl)þalat	117-81-7	DEHP
díísódekýlþalat (*)	26761-40-0, 68515-49-1	DIDP
bútýlbensýlþalat	85-68-7	BBP
díbútýlþalat	84-74-2	DBP
díísóbútýlþalat	84-69-5	DIBP
dí-C6-8-greinótt alkýlþalöt	71888-89-6	DIHP
dí-C7-11-greinótt alkýlþalöt	68515-42-4	DHNUP
dí-n-hexýlþalat	84-75-3	DHP
dí(2-metoxýetýl)þalat	117-82-8	DMEP

(*) einöngu í dýnum í ungbarnarúm.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

Summa bönnuðu mýkiefnanna skal vera undir 0,10% miðað við þyngd. Öll notkun mýkiefna skal samræmast viðmiðun 10 um hættuleg efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram, og fá birgja til að leggja fram, yfirlýsingu þar sem staðfest er að tilgreindu efnunum hafi ekki verið bætt í vöruna, neinn hlut í henni né neinn einsleitan hluta hennar. Heimilt er að óska eftir því að lögð séu fram öryggisblöð um fjölliðusamsetningu til að staðfesta að tilgreindu efnin séu ekki í vörunni. Leggja skal fram skrá yfir mýkiefni sem hefur verið bætt í vöruna, þ.m.t. styrkleiki og tengdar hættusetningar, og sýna þannig fram á að farið sé að viðmiðun 10. Ef gæði upplýsinganna teljast ófullnægjandi er heimilt, í samræmi við ISO 14389, að fara fram á viðbótarsannprófun vegna heildarinnihalds þalata.

Viðmiðun 10. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

a) *Hættuleg efni og blöndur*

Umhverfismerki ESB má ekki veita án sérstakrar undanþágu ef varan eða einhver hlutur í henni, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([6]), eða einhver einsleitur hluti hennar, inniheldur efni eða blöndu sem uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningum sem eru tilgreindar í töflunni hér á eftir, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([7]) eða inniheldur efni eða blöndu sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Nýjustu flokkunarreglurnar sem Sambandið hefur samþykkt skulu ganga framar skráðu hættusetningunum. Umsækjendur skulu því ganga úr skugga um að allar flokkanir séu byggðar á nýjustu flokkunarreglunum.

Hættusetningarnar í töflunni hér fyrir neðan eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda.

Notkun efna eða blandna sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar, verða fyrir efnabreytingum) þannig að tilgreind hætta hverfur, eru undanþegnar kröfunum hér að framan. Þar á meðal eru t.d. umbreyttar fjölliður og einliður og einliður eða íblöndunarefni sem tengjast fjölliðum með samgildum tengjum.

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([7]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.	H62–63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri	H48/20/21/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
H413 Getur valdið langvinnum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39–41
H317 (undirflokkur 1A): Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (styrkleiki sem ræður flokkun ≥ 0,1% miðað við þyngd) ([c])	H43
H317 (undirflokkur 1B): Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (styrkleiki sem ræður flokkun ≥ 1,0% miðað við þyngd) ([c])	
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42

Athugasemdir
([a]) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([b]) Samkvæmt tilskipun 67/548/EBE og tilskipunum 2006/121/EB og 1999/45/EB.
([c]) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1).

Í samræmi við 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 eru eftirtalin efni sérstaklega undanþegin kröfunum sem eru settar fram í viðmiðun 10 a, í samræmi við undanþáguskilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan. Fyrir hvert efni skal uppfylla öll skilyrði fyrir undanþágu fyrir tilgreindu hættuflokkanirnar.

Efni/Efnahópar	Undanþegin flokkun	Skilyrði undanþágu
Antímonþríoxíð — ATO	H351	Nota skal antímonþríoxíð sem hvata í pólýester eða sem samverkandi eldtefjandi efni í bakhlið textílefna. Losun í andrúmsloft á vinnustað þar sem antímonþríoxíð er notað skal miðast við viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem nema 0,5 mg/m^3 á hverjar átta klukkustundir.
Nikkel	H317, H351, H372	Nikkel skal vera í ryðfríu stáli.
Leysilitarefni fyrir litun og prentun án fastlitarefna til notkunar fyrir textílefni	H301, H311, H331, H317, H334	Í því skyni að lágmarka váhrif á starfsfólk skulu litunarstöðvar og prentsmiðjur notast við ryklausar samsetningar leysilitarefna eða sjálfvirka skömmtun leysilitarefna.
	H411, H412, H413	Notkun hvarfgjarnra leysilita, jafnleysilita, kerleysilita eða brennisteinsleysilita með þessum flokkunum skulu a.m.k. uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum: — notaðir séu leysilitir með mikla sækni, — notaður sé tækjabúnaðar við litaðhæfingu, — beitt sé stöðluðum verklagsreglum við leysilitunarvinnsluna, — litarefni séu fjarlægð við meðhöndlun skólps (sjá viðmiðun 5.8), — notuð sé litun á spunalausnum, — notuð sé stafræn bleksprautuprentun, Notkun litunar á spunalausnum og/eða stafræn prentun eru undanþegin frá þessum skilyrðum.

Efni/Efnahópar	Undanþegin flokkun	Skilyrði undanþágu
Notkun eldtefjandi efna í textílefni.	H317 (1B), H373, H411, H412, H413	Varan skal hönnuð með það fyrir augum að uppfylla kröfur um brunavarnir í innkaupastöðlum og -reglum ISO- eða EN, aðildarríkis og hjá hinu opinbera. Varan skal uppfylla kröfur um endingu virkni (sjá viðmiðun 5.10)
Ljósvirk bleikiefni	H411, H412, H413	Ljósvirk bleikiefni skulu eingöngu notuð sem íblöndunarefni við framleiðslu akrýl-, pólýamíð- og pólýestertrefja.
Fæliefni fyrir vatn, óhreinindi og bletti	H413	Fæliefnið og niðurbrotsefni þess skulu vera auðlífbrjótanleg og þau skulu ekki safnast saman í lífverum í vatnsumhverfi, þ.m.t. vatnaseti.
Hjálparefni í textílefnum (samanstanda af: burðarefnum, sléttiefnum, dreifiefnum, yfirborðsvirkum efnum, þykkingarefnum, bindiefnum)	H301, H371, H373, H334, H411, H412, H413, EUH070	Uppskriftir skulu settar þannig fram að notuð séu sjálfvirk skömmtunarkerfi og vinnsluferli skulu fylgja stöðluðum verklagsreglum.
	H311, H331, H317 (1B)	Efni sem eru flokkuð sem efnaleifar hjálparefna skulu ekki vera til staðar í fullunnu vörunni í styrkleika yfir 1,0%, miðað við þyngd.
Lím og límefni	H304, H341, H362, H371, H373, H400, H410, H411, H412, H413, EUH059, EUH029, EUH031, EUH032, EUH070, H317, H334	Lím og límefni skulu uppfylla skilyrði sem sett eru fram í viðmiðun 6.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram lista yfir efnin sem eru í vörunni, þ.m.t. skrá yfir alla hluti í henni og einsleita hluta hennar.

Umsækjandinn skal skima fyrir efnum og blöndum sem gætu fengið flokkun með hættusetningunum sem eru tilgreindar í viðmiðuninni hér að framan. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að farið sé að kröfu 10 a að því er varðar vöruna, alla hluti í henni eða alla einsleita hluta hennar.

Umsækjendur skulu velja viðeigandi form sannprófunar. Helstu fyrirhuguðu form sannprófunar eru eftirfarandi:

— Hlutir framleiddir samkvæmt tiltekinni efnasamsetningu (t.d. latexkvoða og pólýúretanfrauð): leggja skal fram öryggisblöð fyrir fullunna hlutinn eða fyrir þau efni og blöndur sem fullunni hluturinn er samansettur af og eru yfir þröskuldsgildinu 0,10% miðað við þyngd.

— Einsleitir hlutar og öll meðhöndlun eða óhreinindi sem tengjast þeim (t.d. plast- og málmhlutir): leggja skal fram öryggisblöð fyrir efnin sem sá hluti vörunnar er samsettur af og fyrir efni og blöndur sem eru notaðar við samsetningu og meðhöndlun efnanna sem verða eftir í fullunna hlutanum yfir þröskuldsgildinu 0,10% miðað við þyngd.

— Íðefni sem eru notuð til að gefa vörunni tiltekna eiginleika eða notuð á textílefnisþætti vörunnar (t.d. lím og límefni, eldtefjandi efni, sæfiefni, mýkiefni, leysilitir): Leggja skal fram öryggisblöð fyrir efni og blöndur sem eru notaðar við samsetningu fullunnu vörunnar eða efni og blöndur sem eru notuð á textílefnisþætti meðan á framleiðslu, litun, prentun og frágangi stendur og verða eftir í textílefnisþættinum.

Yfirlýsingin skal fela í sér skyld skjöl, s.s. samræmisyfirlýsingu, undirritaða af birgjunum, um að efnin, blöndurnar eða efniviðurinn séu ekki flokkuð í neinn þeirra hættuflokka sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér á undan í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt, að lágmarki, með þeim upplýsingum sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnisins eða blandnanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Eftirfarandi tæknilegar upplýsingar skulu lagðar fram fyrir hvert efni og blöndu til stuðnings yfirlýsingunni um hvort þau fái flokkun eða ekki:

i. Þegar um er að ræða efni sem hafa ekki verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða ekki enn hlotið samræmda flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við þá reglugerð,

ii. Þegar um er að ræða efni sem hafa ekki verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla ekki kröfur varðandi flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar byggðar á skráningarskjölum efnareglnanna (REACH) sem staðfesta að efnið fái ekki flokkun,

iii. Þegar um er að ræða efni með samræmda flokkun eða sjálfsflokkun: öryggisblöð ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir eða ef efnið hefur verið sjálfsflokkað, skal leggja fram upplýsingar sem skipta máli vegna hættuflokkunar efnanna samkvæmt ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

iv. Ef um er að ræða blöndur: öryggisblöð ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir skal leggja fram útreikninga sem voru notaðir við flokkun blöndunnar samkvæmt reglunum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ásamt viðeigandi upplýsingum um hættuflokkun blöndunnar samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Öryggisblöð skulu fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (kröfur um samantekt öryggisblaða). Öryggisblöðum sem eru ekki fyllt út að fullu skulu fylgja upplýsingar úr yfirlýsingum frá íðefnabirgjum.

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af megindlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað í allri aðfangakeðjunni.

Ef efnin sem eru notuð eru undanþegin skal fullyrðingin sérstaklega tilgreina þau undanþegnu efni og innihalda sannanir því til stuðnings sem sýna fram á hvernig skilyrðin fyrir undanþágu skulu uppfyllt.

b) *Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006*

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum í einhverjum hlut í vörunni eða í einhverjum einsleitum hluta hennar, í styrkleika sem er > 0,10%, miðað við þyngd.

Mat og sannprófun: vísun í nýjustu skrána yfir sérlega varasöm efni skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við kröfu 10 b ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. yfirlýsingu um samræmi sem efnabirgjar undirrita og afrit af viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða blöndur í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Viðmiðun 11. Losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (hálfrokgjarnra, rokgjarnra og mjög rokgjarnra) úr dýnunum

Á 7 daga tímabili, eða að öðrum kosti 28 daga tímabili, skal framlag dýna til innihalds af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum í innanhúslofti ekki fara yfir lokagildin sem eru tilgreind hér að neðan.

Gildin eru reiknuð með aðferðinni fyrir losunarprófun með klefa og með tilvísun í evrópska tilvísunarrýmið (e. *European Reference Room*), með hliðsjón af aðferðinni sem tilgreind er í heilsutengdu matsaðferðinni vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda úr byggingarvörum sem AgBB þróaði (útgáfa frá 2012 er aðgengileg á vefnum: http://www.umweltbundesamt.de/sites/default/files/medien/377/dokumente/agbb_evaluation_scheme_2012.pdf)

Efni	Lokagildi 7. dagur	Lokagildi 28. dagur
formaldehýð	< 0,06 mg/m^3	< 0,06 mg/m^3
önnur aldehýð	< 0,06 mg/m^3	< 0,06 mg/m^3
rokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	< 0,5 mg/m^3	< 0,2 mg/m^3
hálfrokgjörn, lífræn efnasambönd (heildarmagn)	< 0,1 mg/m^3	< 0,04 mg/m^3
Sérhvert greinanlegt efnasamband sem flokkast í undirflokka C1A eða C1B samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008	< 0.001 mg/m^3	< 0.001 mg/m^3

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal framkvæma greiningu í prófunarklefa í samræmi við staðalinn EN ISO 16000-9. Greiningin á formaldehýði og öðrum aldehýðum skal vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-3, greiningin á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum og hálfrokgjörnum, lífrænum efnasamböndum skal vera í samræmi við staðalinn ISO 16000-6. Prófanir sem eru gerðar í samræmi við staðalinn CEN/TS 16516 skulu teljast jafngildar þeim sem eru gerðar samkvæmt ISO 16000 staðlaröðinni.

Niðurstöður úr prófunum skulu reiknaðar fyrir svæðissértækan loftræstihraða „q“ = 0,5 m^3/m^{2}h, sem samsvarar hleðslustuðlinum „L“ =1 m^2/m^3 og loftskiptihraðanum „n“ sem nemur 0,5 á klst. Í öllum þessum tilvikum ákvarðar heildaryfirborðsflötur allra yfirborða (efri og neðri hliðar og kantar) dýnunnar svæðið sem er notað við útreikning álagsstuðulsins. Prófun skal framkvæmd á allri dýnunni. Ef það reynist ómögulegt af einhverjum ástæðum má beita einhverri af eftirfarandi prófunaraðferðum:

1. Prófun á dæmigerðu sýni af dýnunni (t.d. helming, fjórðung eða áttunda hluta); skornir kantar skulu gerðir loftþéttir með viðeigandi hætti. Í því skyni að fá fram varfærnislegt mat á styrkgildum sem eru fyrirsjáanleg vegna allrar dýnunnar skal styrkurinn sem er skráður með sýninu aukinn í samræmi við rúmmál (þ.e. losun margfölduð með 2, 4 eða 8).

2. Prófunin framkvæmd á öllum stökum þáttum sem mynda hluta dýnunnar. Í því skyni að fá fram varfærnislegt mat á styrkgildum sem eru fyrirsjáanleg vegna allrar dýnunnar skal sameina tillög sem eru skráð með stökum þáttum með formúlunni $C_M = \Sigma\, \omega_i \cdot C_i$, þar sem:

   — „C_M“ (μg·m^{-3}) er heildarframlagið úr allri dýnunni,

   — „C_i“ (μg·m^{-3}·kg$_i^{-1}$) er framlag á hverja massaeiningu af hverjum þætti „i“ sem myndar hluta dýnunnar,

   — „ω_i“ (kg$_i$) er þyngd þáttarins „i“ í allri dýnunni.

   Losun úr öllum þáttum dýnunnar skal lögð saman án tillits til ásogs- eða tálmaáhrifa (verstu, hugsanlegu aðstæður).

Viðmiðun 12. Tæknilegar kröfur

12.1. *Gæði*

Dýnan skal vera hönnuð þannig að sett á markað sé hún gæðavara sem uppfyllir þarfir neytandans.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar lýst er þeirri aðferð sem fylgt er, og þeim aðgerðum sem er gripið til, í því skyni að tryggja gæði vörunnar, hvernig kröfur um sértæka starfræna eiginleika og vellíðan að því er varðar varma- og rakastig eru uppfylltar. Taka skal tillit til eftirfarandi atriða: rannsóknir og þróun, efnisval, innri prófun og sannprófun í því skyni að sýna fram á að kröfur um sértæka starfræna eiginleika og vellíðan að því er varðar varma- og rakastig eru uppfylltar.

12.2. *Ending*

Dýnur skulu búa yfir eftirfarandi starfrænum eiginleikum:

— Þykktartap < 15%

— Stinnleikatap < 20%

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslu þar sem greint er frá niðurstöðum sem fást með prófunaraðferð EN 1957. Þykktar- og stinnleikatap vísar til mismunarins á mælingum sem gerðar eru í upphafi (eftir 100 prófunarferli) og að endingarprófinu loknu (eftir 30 000 prófunarferli).

12.3. *Ábyrgð*

Í ábyrgðargögnum skulu skráðar ráðleggingar um dýnuna að því er varðar notkun, viðhald og förgun. Ábyrgðin á dýnunni skal gilda í a.m.k. 10 ár. Ekki er nauðsynlegt að fara að þessum fyrirmælum vegna dýna í ungbarnarúm.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skjöl til staðfestingar á að ábyrgðaráætlunin sé fyrir hendi.

Viðmiðun 13. Hönnun með tilliti til sundurhlutunar og endurheimtar efna

Framleiðandinn skal sýna fram á að hægt sé að taka dýnuna í sundur í eftirfarandi tilgangi:

— vegna viðgerða og til að skipta út úr sér gengnum hlutum,

— vegna endurnýjunar eldri eða úreltra hluta,

— til að aðskilja hluta og efni til mögulegrar endurvinnslu þeirra.

Mat og sannprófun: með umsókninni skal leggja fram skýrslu með upplýsingum um hvernig taka megi dýnuna í sundur og mögulega förgun á hverjum hluta hennar. Eftirfarandi atriði gætu til dæmis auðveldað sundurhlutun dýnunnar: saumuð samskeyti í stað límdra, notkun áklæða sem hægt er að fjarlægja, notkun ósamsettra og endurvinnanlegra efna í hvern einsleitan hluta.

Viðmiðun 14. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Umhverfismerki ESB má setja bæði á umbúðirnar og vöruna. Ef valkvæði merkimiðinn með textareitnum er notaður skal eftirfarandi texti koma fram:

— „Endingargóð hágæðavara“

— „Notkun hættulegra efna takmörkuð“

— „Minni loftmengun innandyra“

Eftirfarandi texti skal enn fremur koma fram:

„Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt Umhverfismerki ESB fást á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/“

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu og gögn í formi mynda.

Viðmiðun 15. Viðbótarupplýsingar fyrir neytendur

Umsækjandinn skal leggja fram skrá fyrir neytendur, í rituðu eða hljóð- og myndmiðlaformi, með ráðleggingum um notkun og viðhald dýnunnar og förgun hennar.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu og gögn í formi mynda.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/44/05

frá 9. október 2014

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi

(tilkynnt með númeri C(2014) 7155)

(2014/738/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs, tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á umhverfisþættina, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi, bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná þeim losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni á lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, að endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

9) Framkvæmdastjórnin kom á fót samstarfsvettvangi, sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd, með ákvörðun frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ([2]).

10) Hinn 20. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins, sem komið var á fót með ákvörðun frá 16. maí 2011, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi og gerði það aðgengilegt öllum.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi, sem settar eru fram í viðaukanum, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA HREINSUNAR Á JARÐOLÍU OG GASI

GILDISSVIÐ .....

ALMENN ATRIÐI .....

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í andrúmsloft .....

Umreikningur á styrk losunar yfir í viðmiðunargildi súrefnis .....

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í vatn .....

SKILGREININGAR .....

1.1. Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi .....

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi .....

1.1.2. Orkunýtni .....

1.1.3. Geymsla og meðhöndlun fastra efna .....

1.1.4. Vöktun á losun í andrúmsloft og mikilvægar vinnslubreytur .....

1.1.5. Starfræksla kerfa til að hreinsa úrgangsloft .....

1.1.6. Vöktun á losun í vatn .....

1.1.7. Losun í vatn .....

1.1.8. Myndun og stjórnun úrgangs .....

1.1.9. Hávaði .....

1.1.10. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir samþætta stjórnun hreinsunarstöðva .....

1.2. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir alkýlunarferlið .....

1.2.1. Alkýlunarferli með flússýru .....

1.2.2. Alkýlunarferli með brennisteinssýru .....

1.3. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vinnsluferli grunnolíu .....

1.4. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vinnsluferli jarðbiks .....

1.5. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vökvahvatasundrunarferli .....

1.6. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir hvataumbreytingu .....

1.7. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir koksvinnslu .....

1.8. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir afseltunarvinnslu .....

1.9. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir brennslueiningar .....

1.10. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir etramyndunarferli .....

1.11. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir hverfingarferli .....

1.12. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir jarðgashreinsunarstöð .....

1.13. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir eimingarferli .....

1.14. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vörumeðhöndlunarferli .....

1.15. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir geymslu- og meðhöndlunarferli .....

1.16. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir seigjuskerðingu og önnur varmaferli .....

1.17. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsmeðhöndlun úrgangslofts .....

1.18. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir afgasloga .....

1.19. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir samþættar mengunarvarnir .....

ATRIÐASKRÁ .....

1.20. Lýsing á tækni til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með losun í andrúmsloft .....

1.20.1. Ryk .....

1.20.2. Köfnunarefnisoxíð (NO_X) .....

1.20.3. Brennisteinsoxíð (SOx) .....

1.20.4. Samsett tækni (brennisteinsoxíð (SOx), köfnunarefnisoxíð (NOx) og ryk) .....

1.20.5. Kolsýringur (CO) .....

1.20.6. Rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC) .....

1.20.7. Önnur tækni .....

1.21. Lýsing á tækni til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með losun í vatn .....

1.21.1. Formeðhöndlun skólps .....

1.21.2. Skólphreinsun .....

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka til tiltekinnar iðnaðarstarfsemi, sem er tilgreind í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið „1.2. Hreinsun á jarðolíu og gasi“.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka einkum til eftirfarandi ferla og starfsemi:

Starfsemi	Undirstarfsemi eða ferli sem falla undir starfsemina
Alkýlun	Öll alkýlunarferli: flússýra (HF), brennisteinssýra (H_2SO_4) og sýra í föstu formi
Grunnolíuframleiðsla	Asfaltsneyðing, útdráttur arómata, vaxvinnsla og lokavinnsla smurolíu með vetni
Framleiðsla á jarðbiki	Öll tækni frá geymslu til íblöndunarefna í fullunna vöru
Hvatasundrun	Allar gerðir eininga til hvatasundrunar, s.s. vökvahvatasundrunar
Hvataumbreyting	Stöðug, lotubundin og hálfendurnýjanleg hvataumbreyting
Koksvinnsla	Seinkuð koksvinnsla og vökvakoksvinnsla. Koksglæðing
Kæling	Kælingartækni sem notuð er í hreinsunarstöðvum
Afseltun	Afseltun jarðolíu
Brennslueiningar til orkuvinnslu	Brennslueiningar sem brenna hreinsunarstöðvaeldsneyti, að undanskildum einingum sem nota einungis hefðbundið eldsneyti eða markaðseldsneyti

Starfsemi	Undirstarfsemi eða ferli sem falla undir starfsemina
Etramyndun	Framleiðsla íðefna (t.d. alkóhóla og etra s.s. metýltertíerbútýletra (MTBE), etýltertíerbútýletra (ETBE) og tertíeramýlmetýletra (TAME)) sem eru notuð sem íblöndunarefni í vélaeldsneyti
Aðskilnaður á gasi	Aðskilnaður á léttum hlutum jarðolíunnar, t.d. hreinsunarstöðvaeldsneytisgas, fljótandi jarðolíugas
Vetnisknúin ferli	Vetnissundrun, vetnishreinsun, vetnismeðhöndlun, vetnisumbreyting (e. *hydroconversion*), vetnisvinnsla og vetnunarferli
Vetnisframleiðsla	Oxun að hluta til, gufuendurmyndun, gaskynt endurmyndun og vetnishreinsun
Hverfing	Hverfing vetniskolefnasambandanna C_4, C_5 og C_6
Jarðgasver	Vinnsla á jarðgasi, þ.m.t. þétting jarðgass
Fjölliðun	Fjölliðun, tvenndun (e. *dimerisation*) og þétting
Fyrsta eiming	Eiming við venjulegan loftþrýsting og í lofttæmi
Meðhöndlun vöru	Brennisteinssneyðing og meðhöndlun fullunninnar vöru
Geymsla og meðhöndlun hreinsunarstöðvaefna	Geymsla, blöndun, lestun og afferming hreinsunarstöðvaefna
Seigjuskerðing og önnur varmaferli	Hitameðhöndlun, s.s. seigjuskerðing eða vinnsla gasolíu við hita (e. *thermal gas oil process*)
Meðhöndlun úrgangslofts	Tækni til að draga úr eða minnka losun í andrúmsloft
Skólphreinsun	Tækni til að meðhöndla skólp fyrir losun
Meðhöndlun úrgangs	Tækni til að koma í veg fyrir eða draga úr myndun úrgangs

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi ferla eða starfsemi:

– rannsóknir og vinnslu á jarðolíu og jarðgasi,

– flutning á jarðolíu og jarðgasi,

– setningu vara á markað og dreifingu þeirra.

Önnur tilvísunarskjöl, sem geta skipt máli fyrir starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Sameiginleg hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi í íðefnageiranum (CWW)	Meðhöndlun skólps og meðhöndlunartækni
Kælikerfi í iðnaði (ICS)	Kælingarferli
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (e. *Economics and Cross-media Effects* (ECM))	Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif tækni

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla, blöndun, lestun og afferming hreinsunarstöðvaefna
Orkunýtni (ENE)	Orkunýtni og samþætt stjórnun hreinsunarstöðva
Stór brennsluver (LCP)	Brennsla hefðbundinna eldsneyta og markaðseldsneyta
Framleiðsluiðnaður með mikið magn af ólífrænum íðefnum – ammoníak, sýra og áburður (LVIC-AAF)	Gufuendurmyndun og vetnishreinsun
Framleiðsluiðnaður með mikið magn af lífrænum íðefnum (LVOC)	Etramyndunarferli (framleiðsla metýltertíerbútýletra (MTBE), etýltertíerbútýletra (ETBE) og tertíeramýlmetýletra (TAME))
Brennsla úrgangs (WI)	Brennsla úrgangs
Meðhöndlun úrgangs (WT)	Meðhöndlun úrgangs
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn

ALMENN ATRIÐI

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í andrúmsloft

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (BAT-AELs), sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni varðandi losun í andrúmsloft, eiga við um styrk, gefinn upp sem massi losaðra efna í rúmmáli úrgangslofts við eftirfarandi, stöðluð skilyrði: þurrt loft, hitastig 273,15 K, þrýstingur 101,3 kPa, nema annað sé tekið fram.

Fyrir samfelldar mælingar	Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eiga við um mánaðarleg meðalgildi sem eru meðaltöl allra marktækra, mældra klukkustundarmeðalgilda á einum mánuði
Fyrir reglulegar mælingar	Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eiga við um meðaltal þriggja punktasýna úr mælingum sem standa a.m.k. í 30 mínútur hver

Að því er varðar brennslueiningar, hvatasundrunarferli og einingar til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti eru viðmiðunaraðstæður fyrir súrefni sýndar í töflu 1.

Tafla 1

Viðmiðunaraðstæður fyrir losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni sem varða losun í andrúmsloft

Starfsemi	Eining	Viðmiðunaraðstæður fyrir súrefni
Brennslueining sem notar fljótandi eða loftkennt eldsneyti, að undanskildum gashverflum og -hreyflum	mg/Nm^3	3% súrefni miðað við rúmmál
Brennslueining sem notar eldsneyti í föstu formi	mg/Nm^3	6% súrefni miðað við rúmmál

Starfsemi	Eining	Viðmiðunaraðstæður fyrir súrefni
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverflum – CCGT)) og -hreyflar	mg/Nm^3	15% súrefni miðað við rúmmál
Hvatasundrunarferli (varmaendurnýtir)	mg/Nm^3	3% súrefni miðað við rúmmál
Eining til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti ([1])	mg/Nm^3	3% súrefni miðað við rúmmál

([1]) Ef um er að ræða notkun á bestu, fáanlegu tækni 58.

Umreikningur á styrk losunar yfir í viðmiðunargildi súrefnis

Formúlan til að reikna út styrk losunarinnar við viðmiðunargildi súrefnis (sjá töflu 1) er sýnd hér að neðan.

$$E_R = \frac{21 - O_R}{21 - O_M} \times E_M$$

þar sem:

E_R (mg/Nm^3): styrkur losunar í hlutfalli við viðmiðunargildi súrefnis O_R

O_R (% miðað við rúmmál): viðmiðunargildi súrefnis

E_M (mg/Nm^3): styrkur losunar í hlutfalli við mælt gildi súrefnis O_M

O_M (% miðað við rúmmál): mælt súrefnisgildi.

Meðaltímar og viðmiðunaraðstæður fyrir losun í vatn

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni varðandi losun í vatn, eiga við um styrk (massi losaðra efna í rúmmáli vatns), gefinn upp í mg/l, nema annað sé tekið fram.

Meðaltíminn fyrir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni er skilgreindur á eftirfarandi hátt, nema annað sé tekið fram:

Dagsmeðaltal	Meðaltal á 24 klukkustunda tímabili, sem er tekið sem samsett sýni fyrir hlutfallslegt rennsli, eða, að því tilskildu að sýnt sé fram á nægilega stöðugt rennsli, sem tímahlutfallslegt sýni.
Árlegt/mánaðarlegt meðaltal	Meðaltal allra dagsmeðaltala sem fást innan árs/mánaðar, vegið samkvæmt daglegu rennsli

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Eining	Hluti/undireining stöðvarinnar þar sem sértæk vinnsluaðgerð fer fram
Ný eining	Eining sem er fyrst heimiluð á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða eining sem kemur að öllu leyti í stað einingar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni
Eining sem fyrir er	Eining sem er ekki ný eining
Útblástur frá vinnslu	Lofttegundir, sem er safnað, sem myndast við vinnslu og verður að meðhöndla, t.d. í einingu til að fjarlægja sýrugas og einingu til að endurheimta brennistein (SRU)

Heiti sem er notað	Skilgreining
Útblástur	Útblástursloft sem fer út úr einingu eftir oxunarþrep, yfirleitt brennslu (t.d. varmaendurnýtir, Claus-eining)
Endagas	Almennt heiti á útblásturslofti frá einingu til að endurheimta brennistein (SRU) (yfirleitt Claus-ferli (e. *Claus process*))
Rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC)	Rokgjörn, lífræn efnasambönd eins og þau eru skilgreind í 45. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB
Lífræn rokefni, önnur en metan (NMVOC)	Rokgjarnt, lífrænt efnasamband (VOC) að undanskildu metani
Dreifð losun rokgjarns, lífræns efnasambands	Losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem er ekki beint í farveg, sem eru ekki losuð um sérstaka losunarstaði, s.s. reykháfa. Þau geta stafað frá „svæðis“upptökum (t.d. tönkum) eða „punkt“upptökum (t.d. rörtengikrögum)
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Summa köfnunarefnisoxíða (NO) og köfnunarefnistvíoxíða (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)
Brennisteinsoxíð (SO_X), gefið upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Summa brennisteinstvíoxíðs (SO_2) og brennisteinsþríoxíðs (SO_3), gefin upp sem brennisteinstvíoxíð (SO_2)
Brennisteinsvetni (H_2S)	Vetnissúlfíð. Karbónýlsúlfíð og merkaptan eru ekki talin með
Vetnisklóríð, gefið upp sem HCl	Öll loftkennd klóríð, gefin upp sem HCl
Vetnisflúoríð, gefið upp sem HF	Öll loftkennd flúoríð, gefin upp sem vetnisflúoríð (HF)
Eining til vökvahvatasundrunar (FCC)	Vökvahvatasundrun: umbreytingarferli til að endurnýja þung vetniskolefni þar sem hiti og hvati eru notuð til að brjóta stórar vetniskolefnissameindir í léttari sameindir
Eining til að endurheimta brennistein (SRU)	Eining til að endurheimta brennistein. Sjá skilgreiningu í lið 1.20.3
Hreinsunarstöðvaeldsneyti	Fast, fljótandi eða loftkennt brennanlegt efni úr eimingar- og umbreytingarþrepum hreinsunar á jarðolíu. Dæmi um slíkt eru hreinsunarstöðvaeldsneytisgas (RFG), tilbúið gas og hreinsunarstöðvaolíur, jarðolíukoks
Hreinsunarstöðvaeldsneytisgas (RFG)	Hreinsunarstöðvaeldsneytisgas: útblástur frá eimingar- eða umbreytingareiningum, notaður sem eldsneyti
Brennslueining	Eining sem brennir hreinsunarstöðvaeldsneyti einu og sér eða með öðru eldsneyti til orkuframleiðslu á hreinsunarstöðvarsvæðinu, s.s. katlar (að undanskildum kolsýringskötlum), bræðsluofnar og gashverflar.
Samfelld mæling	Mæling þar sem notað er sjálfvirkt mælikerfi (AMS) eða kerfi fyrir samfellda mælingu á losun (CEMS) sem er varanlega uppsett á staðnum
Regluleg mæling	Ákvörðun á mæliþætti með tilteknu millibili með handvirkum eða sjálfvirkum tilvísunaraðferðum
Óbein vöktun á losun í andrúmsloft	Mat á styrk losunar í útblæstri mengunarvalds sem fæst með viðeigandi samblandi af mælingum á staðgengilsmæliþáttum (s.s. innihald súrefnis (O_2), brennisteins- eða köfnunarefnisinnihald í efnismötuninni/eldsneytinu), útreikningum og reglubundnum reykháfsmælingum. Notkun á losunarstuðlum, sem byggjast á brennisteinsinnihaldi í eldsneytinu, er dæmi um óbeina vöktun. Annað dæmi um óbeina vöktun er notkun á vöktunarkerfi til að spá fyrir um losun (PEMS)

Heiti sem er notað	Skilgreining
Vöktunarkerfi til að spá fyrir um losun (PEMS)	Kerfi til að ákvarða losunarstyrk mengunarefnis, byggt á sambandi þess við nokkrar einkennandi, stöðugt vaktaðar vinnslubreytur (t.d. notkun á brennslugasi, hlutfall andrúmslofts/eldsneytis) og gæðatengdum gögnum um upptök losunar m.t.t. eldsneytis eða efnismötunar (t.d. brennisteinsinnihald)
Rokgjörn, fljótandi vetniskolefnasambönd	Jarðolíuafleiður með gufuþrýstingi (skv. Reid-aðferð) sem nemur meira en 4 kPa, s.s. nafta og arómatísk efni
Endurnýtingarhlutfall	Hlutfall lífrænna rokefna, annarra en metans, sem eru endurheimt úr straumum, sem eru færð inn í gufuendurnýtingarbúnað (VRU)

1.1. **Almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni vegna hreinsunar á jarðolíu og gasi**

Vinnslusértækar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni í liðum 1.2–1.19 gilda til viðbótar við almennar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni sem getið er í þessum lið.

1.1.1. *Umhverfisstjórnunarkerfi*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 1. Í því skyni að bæta heildarvistvænleika stöðva til hreinsunar á jarðolíu og gasi er besta, fáanlega tækni að koma í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,

ii. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,

iii. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum málsmeðferðarreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,

iv. framkvæmd málsmeðferðarreglna þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) skipulag og ábyrgð

b) þjálfun, næmi og hæfni

c) samskipti

d) aðild starfsmanna

e) skjalahald

f) skilvirka vinnslustjórnun

g) viðhaldsáætlanir

h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi

i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar.

v. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:

a) vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskjal um almennar meginreglur um vöktun)

b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf

c) viðhald skráa

d) óháða (ef það er gerlegt) innri og ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

vi. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

vii. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

viii. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

ix. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. *Orkunýtni*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 2. Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing
i. Hönnunartækni	
a. Orkusparnaðargreining (e. *pinch analysis*)	Aðferðafræði sem byggist á kerfisbundnum útreikningum á varmafræðilegum markmiðum til að lágmarka orkunotkun í vinnslu. Notað sem tæki til að meta hönnun kerfa í heild sinni
b. Varmasamþætting	Varmasamþætting vinnslukerfa tryggir að umtalsverður hluti þess varma sem þörf er á í ýmsum ferlum er látinn í té með varmaskiptum milli strauma sem á að hita og strauma sem á að kæla
c. Endurheimt varma og afls	Notkun á búnaði til að endurnýta orku, t.d.: – hiturum fyrir frávarma – þönum/orkuendurheimt í einingu til vökvahvatasundrunar – notkun á frávarma í fjarhitun
ii. Vinnslustjórnun og viðhaldstækni	
a. Hámörkun vinnslu	Sjálfvirkur stýrður bruni til að minnka eldsneytisnotkun á hvert tonn af hráefni sem er unnið, oft sameinað varmasamþættingu til að bæta skilvirkni bræðsluofna
b. Stjórnun og skerðing á notkun gufu	Kerfisbundin kortlagning á afrennslislokakerfum til að draga úr notkun gufu og hámarka notkun hennar
c. Notkun á orkuviðmiðun	Þátttaka í starfsemi við röðun og setningu viðmiðana til að ná fram stöðugum endurbótum með því að læra af bestu starfsvenjum
iii. Orkunýtin framleiðslutækni	
a. Notkun á samþættri varma- og raforkuvinnslu	Kerfi sem eru hönnuð til samframleiðslu (eða samvinnslu raf- og varmaorku) á varma (t.d. gufu) og raforku úr sama eldsneytinu
b. Samvinnsla með samþættri gösun (IGCC)	Tækni sem hefur þann tilgang að framleiða gufu, vetni (valkostur) og raforku úr ýmsum tegundum eldsneytis (t.d. svartolíu eða koksi) með mikla umbreytinýtni

1.1.3. *Geymsla og meðhöndlun fastra efna*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 3. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr ryklosun frá geymslu og meðhöndlun rykmyndandi efna er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

i. geyma duftkennd efni í lausri vigt í lokuðum sílóum sem eru búin rykhreinsikerfi (t.d. dúksíu),

ii. geyma fíngerð efni í lokuðum ílátum eða lokuðum pokum,

iii. geyma varabirgðir af grófu rykugu efni þannig að þær séu vættar, halda yfirborði stöðugu með skorpumyndandi efnum eða geyma þær í stöflum undir skýli,

iv. nota ökutæki til að hreinsa vegi.

1.1.4. *Vöktun á losun í andrúmsloft og mikilvægar vinnslubreytur*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 4. Besta, fáanlega tækni er að vakta losun í andrúmsloft með því að nota vöktunaraðferðir með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Lýsing	Eining	Lágmarkstíðni	Vöktunaraðferð
i. Losun brennisteinsoxíðs (SO_X), köfnunarefnisoxíðs (NO_X) og ryks	Hvatasundrun	Samfelld [1] [2]	Bein mæling
	Brennslueiningar ≥ 100 MW [3] og glæðingareiningar	Samfelld [1] [2]	Bein mæling [4]
	Brennslueiningar sem nemur 50 til 100 MW [3]	Samfelld [1] [2]	Bein mæling eða óbein vöktun
	Brennslueiningar < 50 MW [3]	Einu sinni á ári og eftir umtalsverðar breytingar á eldsneyti [5]	Bein mæling eða óbein vöktun
	Einingar til að endurheimta brennistein (SRU)	Einungis samfelld að því er varðar brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Bein mæling eða óbein vöktun [6]
ii. Losun ammoníaks (NH_3)	Allar einingar, búnar valvísri afoxun með hvötum (SCR) eða valvísri, óhvataðri afoxun (SNCR)	Samfelld	Bein mæling
iii. Losun kolsýrings (CO)	Hvatasundrun og brennslueiningar ≥ 100 MW [3]	Samfelld	Bein mæling
	Aðrar brennslueiningar	Á 6 mánaða fresti [5]	Bein mæling
iv. Losun málma: Nikkel (Ni), antímon (Sb) [7], vanadíum (V)	Hvatasundrun	Á 6 mánaða fresti og eftir umtalsverðar breytingar á einingunni [5]	Bein mæling eða greining sem byggist á innihaldi málma í smáum hvataögnum og í eldsneytinu
	Brennslueiningar [8]		

Lýsing	Eining	Lágmarkstíðni	Vöktunaraðferð
v. Losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana	Hvataumbreytir	Einu sinni á ári eða einu sinni á endurnýjun, hvort heldur sem varir lengur	Bein mæling

([1]) Skipta má samfelldri mælingu á losun brennisteinstvíoxíðs (SO^2) út fyrir útreikninga sem byggjast á mælingum á brennisteinsinnihaldi eldsneytisins eða efnismötunarinnar ef hægt er að sýna fram á að það leiði til sambærilegs nákvæmnisstigs.
([2]) Að því er varðar brennisteinsoxíð (SO^X) er einungis brennisteinstvíoxíð (SO^2) mælt samfellt en brennisteinsþríoxíð (SO^3) er einungis mælt reglulega (þ.e. við kvörðun á vöktunarkerfi brennisteinstvíoxíðs (SO^2)).
([3]) Á við um heildarnafnvarmaafl allra brennslueininga sem eru tengdar við reykháfinn þar sem losunin fer fram.
([4]) Eða óbein vöktun á brennisteinsoxíði (SO^X).
([5]) Hægt er að aðlaga tíðni vöktunar ef gagnaraðirnar sýna greinilega fram á fullnægjandi stöðugleika eftir eitt ár.
([6]) Skipta má mælingum á losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) frá einingu til að endurheimta brennistein út fyrir samfellda vöktun á massajöfnuði eða öðrum viðeigandi vinnslubreytum, að því tilskildu að viðeigandi mælingar á skilvirkni einingar til að endurheimta brennistein séu byggðar á reglulegum (t.d. á tveggja ára fresti) prófunum á afköstum stöðvarinnar.
([7]) Antímon (Sb) er einungis vaktað í einingum til hvatasundrunar ef antímoninndæling er notuð í ferlinu (t.d. til að óvirkja málma).
([8]) Að undanskildum brennslueiningum sem brenna einungis loftkenndu eldsneyti.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 5. Besta, fáanlega tækni er að vakta viðeigandi vinnslubreytur, sem tengjast losun mengandi efna, við hvatasundrun og brennslueiningar með því að nota viðeigandi tækni og með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir.

Lýsing	Lágmarkstíðni
Vöktun á vinnslubreytum sem tengjast losun mengandi efna, t.d. innihald súrefnis (O_2) í útblæstrinum, innihald köfnunarefnis (N) og brennisteins (S) í eldsneyti eða efnismötun ([1])	Samfelld að því er varðar innihald súrefnis (O_2). Að því er varðar innihald köfnunarefnis (N) og brennisteins (S): regluleg með tíðni sem byggist á umtalsverðum breytingum á eldsneyti/efnismötun

([1]) Ef til vill er ekki þörf á að vakta köfnunarefni (N) og brennistein (S) í eldsneyti eða efnismötun þegar samfelldar mælingar á losun köfnunarefnisoxíðs ($NO^{X)}$ og brennisteinstvíoxíðs ($SO^{2)}$ eru framkvæmdar við reykháfinn.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 6. Besta, fáanlega tækni er að vakta dreifða losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá öllu svæðinu með því að nota alla eftirfarandi tækni:

i. gasstyrksmælingar (e. *sniffing method*) sem tengjast samsvörunarferlum fyrir lykilbúnað,

ii. ljósmyndræn gasmælitækni (e. *optical gas imaging technique*),

iii. útreikning á langvinnri losun, byggt á losunarstuðlum sem eru fullgiltir reglulega (t.d. annað hvert ár) með mælingum.

Skimun og magnákvörðun á losun stöðvar með lotumæliröðum, með mæliaðferðum ljósgleypni, s.s. mismunarljósgleypni og miðun (e. *differential absorption light detection and ranging* (DIAL)) eða sólhulustraum (e. *solar occultation flux* (SOF)), er nothæf viðbótaraðferð.

Lýsing

Sjá lið 1.20.6

1.1.5. *Starfræksla kerfa til að hreinsa úrgangsloft*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að starfrækja einingar til að fjarlægja sýrugas, einingar til að endurheimta brennistein og öll önnur kerfi til að hreinsa úrgangsloft með góðu aðgengi og við bestu afkastagetu.

Lýsing

Hægt er að skilgreina sérstakar málsmeðferðarreglur fyrir önnur rekstrarskilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði, einkum:

i. við ræsingu og stöðvun,

ii. við aðrar aðstæður sem gætu haft áhrif á eðlilega starfsemi kerfanna (t.d. reglulega og óvenjulega viðhaldsvinnu og hreinsun eininganna og/eða kerfis til að hreinsa úrgangsloft),

iii. ef um er að ræða ófullnægjandi streymi úrgangslofts eða hitastig sem kemur í veg fyrir notkun kerfis til að hreinsa úrgangsloft við fulla afkastagetu.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 8. Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr losun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft þegar notuð er tækni með valvísri afoxun með hvötum (SCR) eða valvísri, óhvataðri afoxun (SNCR) er besta, fáanlega tækni að viðhalda hentugum rekstrarskilyrðum fyrir kerfi til að hreinsa úrgangsloft með valvísri afoxun með hvötum eða valvísri, óhvataðri afoxun, með það að markmiði að takmarka losun óhvarfaðs ammoníaks (NH_3).

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 2.

Tafla 2

Losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun ammoníaks (NH_3) í andrúmsloft, fyrir brennslu- eða vinnslueiningar þar sem tækni með valvísri afoxun með hvötum (SCR) eða valvísri, óhvataðri afoxun (SNCR) er notuð

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Ammoníak, gefið upp sem NH^3	< 5–15([1])([2])

([1]) Efri hluti styrkbilsins tengist meiri styrk köfnunarefnisoxíðs ($NO^{x)}$ við inntakið, hraðari afoxun köfnunarefnisoxíðs og öldrun hvatans.
([2]) Neðri hluti styrkbilsins tengist beitingu tækni með valvísri afoxun með hvötum.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 9. Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr losun í andrúmsloft þegar notuð er súrvatnsstrípunareining (e. *sour water steam stripping unit*) er besta, fáanlega tækni að beina súra útblæstrinum frá þessari einingu yfir í einingu til að endurheimta brennistein eða annað jafngilt kerfi til hreinsunar á reyk.

Það telst ekki besta, fáanlega tækni að brenna ómeðhöndlaðar súrvatnslofttegundir frá strípun beint.

1.1.6. *Vöktun á losun í vatn*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 10. Besta, fáanlega tækni er að vakta losun í vatn með því að nota vöktunaraðferðir með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind í töflu 3 og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

1.1.7. *Losun í vatn*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 11. Í því skyni að draga úr vatnsnotkun og menguðu vatnsmagni er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Sameining vatnsstrauma	Að minnka vinnsluvatn, sem myndast í einingunni fyrir losun, með endurnotkun vatnsstrauma innanhúss, t.d. frá kælingu og þéttum, einkum til notkunar í afseltun jarðolíu	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar nothæfi eininga sem fyrir eru getur þurft að endursmíða eininguna eða stöðina alveg

Tækni	Lýsing	Nothæfi
ii. Vatns- og frárennsliskerfi til að aðskilja mengaða vatnsstrauma	Iðnaðarsvæði hannað til að hámarka vatnsstjórnun þar sem hver straumur er meðhöndlaður eins og við á, t.d. með því að beina súru vatni sem myndast (frá eimingu, sundrun, kokseiningum o.s.frv.) til viðeigandi formeðhöndlunar, t.d. í strípunareiningu	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar nothæfi eininga sem fyrir eru getur þurft að endursmíða eininguna eða stöðina alveg
iii. Að aðskilja ómengaðra vatnsstrauma (t.d. gegnumstreymiskæling, regnvatn)	Svæði hannað til að komast hjá því að senda ómengað vatn í almenna skólphreinsun og losa þess konar strauma aðskilið eftir hugsanlega endurnotkun þeirra	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar nothæfi eininga sem fyrir eru getur þurft að endursmíða eininguna eða stöðina alveg
iv. Að koma í veg fyrir leka	Starfsvenjur sem fela í sér notkun á sérstökum verklagsreglum og/eða bráðabirgðabúnaði til að viðhalda afköstum þegar nauðsyn krefur til að hafa stjórn á sérstökum aðstæðum s.s. leka, ef efni losnar út o.s.frv.	Á almennt við

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 12. Í því skyni að draga úr álagi vegna losunar á mengunarefnum í skólp, sem er losað í viðtökuvatnshlot, er besta, fáanlega tækni að fjarlægja óleysanleg og leysanleg mengandi efni með því að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Fjarlægja óleysanleg efni með því að endurnýta olíu	Sjá lið 1.21.2	Á almennt við
ii. Fjarlægja óleysanleg efni með því að endurnýta svifagnir og dreifða olíu	Sjá lið 1.21.2	Á almennt við
iii. Fjarlægja leysanleg efni, þ.m.t. lífræn meðhöndlun og felling	Sjá lið 1.21.2	Á almennt við

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 3.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 13. Ef þörf er á frekari fjarlægingu á lífrænum efnum eða köfnunarefni er besta, fáanlega tækni að nota meðhöndlunarþrep til viðbótar, eins og lýst er í lið. 1.21.2.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir beina losun skólps frá hreinsun á jarðolíu og gasi og vöktunartíðni sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([1])

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (ársmeðaltal)	Vöktunartíðni ([2]) og greiningaraðferð (staðall)
Vetniskolefnisolíustuðull (HOI)	mg/l	0,1–2,5	Daglega EN 9377-2 ([3])
Heildarmagn svifagna	mg/l	5–25	Daglega
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD) ([4])	mg/l	30–125	Daglega

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (ársmeðaltal)	Vöktunartíðni ([2]) og greiningaraðferð (staðall)
Lífræn súrefnisþörf $(BOD)_5$	mg/l	Ekkert losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	Vikulega
Heildarmagn köfnunarefnis ([5]), gefið upp sem N	mg/l	1–25 ([6])	Daglega
Blý, gefið upp sem Pb	mg/l	0,005–0,030	Ársfjórðungslega
Kadmíum, gefið upp sem Cd	mg/l	0,002–0,008	Ársfjórðungslega
Nikkel, gefið upp sem Ni	mg/l	0,005–0,100	Ársfjórðungslega
Kvikasilfur, gefið upp sem Hg	mg/l	0,0001–0,001	Ársfjórðungslega
Vanadíum	mg/l	Ekkert losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	Ársfjórðungslega
Fenólstuðull	mg/l	Ekkert losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni	Mánaðarlega EN 14402
Bensen, tólúen, etýlbensen, xýlen (BTEX)	mg/l	Bensen: 0,001–0,050 Ekkert losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir tólúen (T), etýlbensen (E), xýlen (X)	Mánaðarlega

([1]) Ekki eiga allar vinnslubreytur og tíðni sýnatöku við um frárennsli frá gashreinsunarstöðum.
([2]) Vísar til samsetts sýnis fyrir hlutfallslegt rennsli, sem er tekið á 24 klukkustunda tímabili, eða, að því tilskildu að sýnt sé fram á nægilega stöðugt rennsli, tímahlutfallslegs sýnis.
([3]) Það getur þurft aðlögunartímabil við að hverfa frá núverandi aðferð til EN 9377-2.
([4]) Ef fylgni á staðnum er fyrir hendi má skipta efnafræðilegri súrefnisþörf út fyrir heildarmagn lífræns kolefnis. Reikna skal fylgni milli efnafræðilegrar súrefnisþarfar og heildarmagns lífræns kolefnis í hverju einstöku tilviki. Vöktun á heildarmagni lífræns kolefnis væri ákjósanlegasti kosturinn þar eð hún er ekki háð notkun á mjög eitruðum efnasamböndum.
([5]) Ef heildarmagn köfnunarefnis er summa heildarmagns Kjeldahl-köfnunarefnis, nítrata og nítríta.
([6]) Ef nítrun/nítrateyðing er notuð er hægt að ná gildum undir 15 mg/l.

1.1.8. *Myndun og stjórnun úrgangs*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 14. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr myndun úrgangs er besta, fáanlega tækni að samþykkja og hrinda í framkvæmd áætlun um meðhöndlun úrgangs sem tryggir, eftir forgangsröð, að úrgangur sé undirbúinn fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurheimt eða förgun.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 15. Í því skyni að draga úr magni seyru sem á að meðhöndla eða farga er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Formeðhöndlun seyru	Seyran er útvötnuð fyrir lokameðhöndlun (t.d. í brennsluofni með svifbeði) og/eða olían fjarlægð (t.d. með afhellingarbúnaði í skilvindum eða gufuþurrkurum (e. *steam dryer*)) til að minnka umfang hennar og endurheimta olíu úr yfirfallsbúnaði.	Á almennt við
ii. Endurnotkun seyru í vinnslueiningum	Hægt er að vinna tilteknar tegundir seyru (t.d. olíukennda seyru) í einingum (t.d. koksvinnsla) sem hluta af efnismótuninni vegna olíuinnihalds þeirra	Nothæfi takmarkast við seyru sem getur, með viðeigandi meðhöndlun, uppfyllt kröfur til að vera unnin í einingum.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 16. Í því skyni að draga úr myndun notaðs hvataúrgangs í föstu formi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing
i. Stjórnun á notuðum hvata í föstu formi	Áætluð og örugg meðhöndlun efna, sem eru notuð sem hvatar, (t.d. sem verktakar nota) til að endurheimta þau eða endurnota í stöðvum sem eru ekki á staðnum. Þessi starfsemi fer eftir tegund hvata og vinnslu
ii. Fjarlæging hvata úr umhelltri olíugrugglausn	Umhellt olíugrugglausn úr vinnslueiningum (t.d. einingu til vökvahvatasundrunar) getur innihaldið smáar hvataagnir í umtalsverðum styrk. Aðskilja þarf þessar smáu agnir áður en umhellta olían er endurnotuð sem hráefni

1.1.9. *Hávaði*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr hávaða er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim:

i. meta umhverfishávaða og setja saman áætlun um hávaðastjórnun sem á við umhverfið á staðnum,

ii. loka hávaðasaman búnað/framkvæmdir af í sérstöku lokuðu rými/sérstakri lokaðri einingu,

iii. nota fyrirhleðslur sem skjól fyrir hávaðauppsprettu,

iv. nota hljóðeinangrandi veggi.

1.1.10. *Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir samþætta stjórnun hreinsunarstöðva*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 18. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr dreifðri losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda er besta, fáanlega tækni að nota tæknina sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
I. Tækni sem tengist hönnun stöðvar	i. takmarka fjölda mögulegra upptaka losunar ii. hámarka innbyggðar aðferðir til að afmarka vinnslu iii. velja afar skilvirkan búnað iv. auðvelda vöktunar- og viðhaldsaðgerðir með því að tryggja aðgang að íhlutum sem geta mögulega lekið	Nothæfi getur takmarkast við einingar sem fyrir eru
II. Tækni sem tengist uppsetningu og notkun stöðvar	i. vel skilgreindar verklagsreglur um smíði og samsetningu ii. traustar málsmeðferðarreglur um notkun og afhendingu til að tryggja að stöðin sé sett upp í samræmi við hönnunarkröfur	Nothæfi getur takmarkast við einingar sem fyrir eru
III. Tækni sem tengist starfrækslu stöðvar	Notkun á áhættumiðaðri lekagreiningar- og viðhaldsáætlun til að greina íhluti sem leka og til að gera við þessa leka. Sjá lið 1.20.6	Á almennt við

1.2. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir alkýlunarferlið**

1.2.1. *Alkýlunarferli með flússýru*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 19. Í því skyni að koma í veg fyrir losun flússýru (HF) í andrúmsloft frá alkýlunarferli með flússýru er besta, fáanlega tækni að nota vothreinsun með basískri lausn til að meðhöndla óþéttanlegt gasstreymi fyrir loftun í afgasloga.

Lýsing

Sjá lið 1.20.3

Nothæfi:

Tæknin á almennt við. Taka skal öryggiskröfur vegna hættu sem stafar af flússýru með í reikninginn

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 20. Í því skyni að draga úr losun í vatn frá alkýlunarferli með flússýru er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Útfellingar-/hlutleysingarþrep	Útfelling (t.d. með íblöndunarefnum að stofni til úr kalsíumi eða áli) eða hlutleysing (þar sem frárennslið er hlutleyst óbeint með kalíumhýdroxíði (KOH))	Á almennt við. Taka skal öryggiskröfur vegna hættu sem stafar af flússýru (HF) með í reikninginn
ii. Aðskilnaðarþrep	Óleysanleg efnasambönd, sem myndast í fyrsta þrepi, (t.d. kalsíumflúoríð (CaF_2) eða álflúoríð (AlF_3)) eru aðskilin, t.d. í botnfellingarþró	Á almennt við

1.2.2. *Alkýlunarferli með brennisteinssýru*

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 21. Í því skyni að draga úr losun í vatn frá alkýlunarferli með brennisteinssýru er besta, fáanlega tækni að draga úr notkun brennisteinssýru með því að endurnýta notuðu sýruna og hlutleysa skólpið sem myndast við þetta ferli áður en því er beint í skólphreinsun.

1.3. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vinnsluferli grunnolíu**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 22. Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr losun hættulegra efna frá vinnsluferli grunnolíu í andrúmsloft og vatn er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Lokað ferli með endurheimt leysis	Ferli þar sem leysir er endurheimtur í eimingar- og strípunarþrepum eftir að hafa verið notaður við framleiðslu á grunnolíu (t.d. við útdrátt, í vaxfjarlægingareiningum). Sjá lið 1.20.7	Á almennt við
ii. Leysisútdráttarferli með margs konar verkun	Leysisútdráttarferli, þ.m.t. nokkur uppgufunarþrep (t.d. tvöföld eða þreföld verkun), til að minnka leka	Á almennt við um nýjar einingar. Notkun á ferli með þrefaldri verkun getur takmarkast við hráefni sem valda ekki mengun

Tækni	Lýsing	Nothæfi
iii. Ferli með sogbúnaði þar sem notuð eru hættuminni efni	Hönnun (nýjar stöðvar) eða breytingum komið í framkvæmd (á stöðvum sem fyrir eru) þannig að notaðir séu hættuminni leysar í leysisútdráttarferli í stöðinni: t.d. fúrfúral- eða fenólútdrætti umbreytt yfir í ferli með n-metýlpýrrólídóni (NMP)	Á almennt við um nýjar einingar. Breyting á einingum sem fyrir eru yfir í annað ferli, sem byggir á leysum með aðra eðlisefnafræðilega eiginleika, getur útheimt umtalsverðar breytingar
iv. Hvötuð ferli sem byggjast á vetnun	Ferli sem byggjast á því að óæskilegum efnasamböndum er umbreytt með hvataðri vetnun sem er svipuð og vetnismeðhöndlun. Sjá lið 1.20.3 (Vetnismeðhöndlun)	Á almennt við um nýjar einingar

1.4. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vinnsluferli jarðbiks**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 23. Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr losun í andrúmsloft frá vinnsluferli jarðbiks er besta, fáanlega tækni að meðhöndla rokgjarnt úrgangsloft (e. *gaseous overhead*) með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Varmaoxun á rokgjörnu úrgangslofti yfir 800 °C	Sjá lið 1.20.6	Á almennt við um jarðbiksblásturseininguna
ii. Vothreinsun á rokgjörnu úrgangslofti	Sjá lið 1.20.3	Á almennt við um jarðbiksblásturseininguna

1.5. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vökvahvatasundrunarferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 24. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá hvatasundrunarferli (varmaendurnýtir) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
Hámörkun vinnslu og notkun á stýriefnum eða íblöndunarefnum		
i. Hámörkun vinnslu	Sambland af rekstrarskilyrðum eða starfsvenjum sem miða að því að draga úr myndun köfnunarefnisoxíðs (NO_X), t.d. minnka umframmagn súrefnis í útblæstrinum í fullum brennsluham, þrepuð loftblöndun í kolsýringskatlinum í hlutabrennsluham, að því tilskildu að kolsýringsketillinn sé hannaður á viðeigandi hátt	Á almennt við
ii. Stýriefni til oxunar á kolsýringi sem leiðir til minni köfnunaroxíðsmyndunar	Notkun efnis, sem stuðlar einungis að brennslu kolsýrings og kemur í veg fyrir oxun köfnunarefnis, sem inniheldur milliefni köfnunaroxíðs (NO_X): t.d. platínulaus stýriefni	Á einungis við í fullum brennsluham til að skipta út stýriefnum kolsýrings, að stofni til úr platínu. Það gæti þurft viðeigandi dreifingu á lofti í varmaendurnýtinum til að ná hámarkshagræði

Tækni	Lýsing	Nothæfi
iii. Sértæk íblöndunarefni til að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X)	Notkun á sértækum hvataíblöndunarefnum til að afoxa köfnunarefni (NO) með kolsýringi (CO)	Á einungis við í fullum brennsluham í viðeigandi hönnun og með umframmagni súrefnis sem hægt er að ná. Nothæfi íblöndunarefna, að stofni til úr kopar, til að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X) getur takmarkast af afkastagetu gasþjöppunnar

II. Fylgitækni eða útblástursbreinsitækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Valvís afoxun með hvötum	Sjá lið 1.20.2	Til að komast hjá hugsanlegri mengun á síðari stigum gæti þurft viðbótarsíun við valvísa afoxun með hvötum. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými
ii. Valvís, óhvötuð afoxun	Sjá lið 1.20.2	Að því er varðar einingar til vökvahvatasundrunar með hlutabrennslu og kolsýringskötlum er gerð krafa um nægan viðstöðutíma. Að því er varðar einingar til vökvahvatasundrunar með fullri brennslu án aukakatla gæti þurft inndælingu viðbótareldsneytis (t.d. vetnis) til að samrýmast lægra hitabili
iii. Lághitaoxun	Sjá lið 1.20.2	Þörf fyrir viðbótarhreinsunargetu. Taka þarf á ósonmyndun og tengdri áhættustjórnun á fullnægjandi hátt. Nothæfið getur takmarkast af þörf fyrir viðbótarskólphreinsun og tengdum, þverlægum umhverfisáhrifum (t.d. losun nítrats) og af ófullnægjandi birgðum af fljótandi súrefni (til að mynda óson). Nothæfi þessarar tækni getur takmarkast af tiltæku rými

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 4.

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá varmaendurnýti í hvatasundrunarferli

Breyta	Tegund einingar/brennsluhamur	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Ný eining/allir brennsluhamir	< 30–100
	Eining sem fyrir er/fullur brennsluhamur	< 100–300 ([1])
	Eining sem fyrir er/hlutabrennsluhamur	100–400 ([1])

([1]) Ef antímoninndæling (Sb) er notuð til að óvirkja málma geta gildi köfnunarefnisoxíðs ($NO^{X)}$ orðið allt að 700 mg/Nm^3. Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins með því að nota tækni með valvísri afoxun með hvötum.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 25. Í því skyni að draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá hvatasundrunarferlinu (varmaendurnýtir) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Notkun á slitþolnum hvata	Val á hvataefni sem getur staðist slit og sundrun til að draga úr ryklosun	Á almennt við að því tilskildu að virkni og valvísi hvatans sé fullnægjandi
ii. Notkun á hráefni sem inniheldur lítið af brennisteini (t.d. með því að velja hráefni eða með vetnismeðhöndlun á efnismötuninni)	Hráefni sem inniheldur lítið af brennisteini er tekið fram yfir annað við val á hráefni úr þeim mögulegu uppsprettum sem á að vinna í einingunni. Vetnismeðhöndlun miðar að því að minnka brennisteins-, köfnunarefnis- og málminnihald í efnismötuninni. Sjá lið 1.20.3	Útheimtir nægilegt aðgengi að hráefni, sem inniheldur lítið af brennisteini, vetnisframleiðslu og getu til að meðhöndla brennisteinsvetni (H_2S) (t.d. amín- og Claus-einingar)

II. Fylgitækni eða útblásturshreinsitækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Rafstöðuskilja	Sjá lið 1.20.1	Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými
ii. Fjölþrepa loftskilja	Sjá lið 1.20.1	Á almennt við
iii. Þriðja stigs sía með bakblæstri	Sjá lið 1.20.1	Nothæfi getur verið takmarkað
iv. Vothreinsun	Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur verið takmarkað á þurrum svæðum og ef ekki er hægt að endurnota aukaafurðir úr meðhöndlun (þ.m.t. er t.d. skólp sem inniheldur mikið magn af salti) eða farga þeim á viðeigandi hátt. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 5.

Tafla 5

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun í andrúmsloft frá varmaendurnýti í hvatasundrunarferli

Breyta	Gerð einingar	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) ([1]) mg/Nm^3
Ryk	Ný eining	10-25
	Eining sem fyrir er	10–503 ([2])

([1]) Sótblástur í kolsýringskatli og gegn um gaskælinn er undanskilinn.
([2]) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins með fjórsviða rafstöðuskilju (e. *4-field ESP*).

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 26. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun brennisteinsoxíðs (SO_X) í andrúmsloft frá hvatasundrunarferli (varmaendurnýtir), er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Notkun á hvataíblöndunarefnum til að draga úr brennisteinsoxíði (SO_X)	Notkun á efni sem flytur brennisteininn, sem tengist koksinu, frá varmaendurnýtinum og aftur í hvarftankinn. Sjá lýsingu í 1.20.3	Nothæfi getur verið takmarkað af aðstæðum m.t.t. hönnunar varmaendurnýtisins. Útheimtir viðeigandi getu til að hreinsa brennisteinsvetni (t.d. einingu til að endurheimta brennistein)
ii. Notkun á hráefni sem inniheldur lítið af brennisteini (t.d. með því að velja hráefni eða með vetnismeðhöndlun á efnismötuninni)	Hráefni sem inniheldur lítið af brennisteini er tekið fram yfir annað við val á hráefni úr þeim mögulegu uppsprettum sem á að vinna í einingunni. Vetnismeðhöndlun miðar að því að minnka brennisteins-, köfnunarefnis- og málminni-hald í efnismötuninni. Sjá lýsingu í 1.20.3	Útheimtir nægilegt aðgengi að hráefni, sem inniheldur lítið af brennisteini, vetnisframleiðslu og getu til að meðhöndla brennisteinsvetni (H_2S) (t.d. amín- og Claus-einingar)

II. Fylgitækni eða útblásturshreinsitækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Hreinsun án endurnýjunar	Vothreinsun eða hreinsun með sjó Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur verið takmarkað á þurrum svæðum og ef ekki er hægt að endurnota aukaafurðir úr meðhöndlun (þ.m.t. er t.d. skólp sem inniheldur mikið magn af salti) eða farga þeim á viðeigandi hátt. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými
ii. Hreinsun með endurnýjun	Notkun á sértækum hvarfmiðli sem gleypir brennisteinsoxíð (SO_X) (t.d. ísogslausn) sem gerir það almennt kleift að endurheimta brennistein sem aukaafurð í endurnýjunarlotu þar sem hvarfmiðillinn er endurnýttur. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið takmarkast við tilvik þar sem hægt er að selja endurunnar aukaafurðir. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af getu, sem fyrir er, til að endurheimta brennistein sem og af tiltæku rými

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 6.

Tafla 6

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá varmaendurnýti í hvatasundrunarferli

Breyta	Gerð einingar/brennsluhamur	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm³
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	Nýjar einingar	≤ 300
	Einingar sem fyrir eru/full brennsla	< 100–800([1])
	Einingar sem fyrir eru/hlutabrennsla	100–1200 ([1])

([1]) Ef val á hráefni sem inniheldur lítið af brennisteini (t.d. < 0,5% miðað við þyngd) (eða vetnismeðhöndlun) og/eða hreinsun á við, að því er varðar allan brennsluham: efri hluti styrkbilsins fyrir losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni er ≤ 600 mg/Nm³.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 27. Í því skyni að draga úr losun kolsýrings (CO) í andrúmsloft frá hvatasundrunarferli (varmaendurnýtir) er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Stjórnun brennslustarfsemi	Sjá lið 1.20.5	Á almennt við
ii. Hvatar með stýriefni til oxunar á kolsýringi (CO)	Sjá lið 1.20.5	Á almennt einungis við um fullan brennsluham
iii. Kolsýringsketill (CO)	Sjá lið 1.20.5	Á almennt einungis við um hlutabrennsluham

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 7.

Tafla 7

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun kolsýrings í andrúmsloft frá varmaendurnýti í hvatasundrunarferli fyrir hlutabrennsluham

Breyta	Brennsluhamur	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm³
Kolsýringur, gefinn upp sem CO	Hlutabrennsluhamur	≤ 100 ([1])

([1]) Ef til vill er ekki unnt að ná þessu þegar kolsýringsketillinn er ekki starfræktur við fullt álag.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

1.6. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir hvataumbreytingu**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 28. Í því skyni að draga úr losun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana frá hvataumbreytingareiningunni í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Val á hvatastýriefni	Notkun á hvatastýriefni til að lágmarka myndun fjölklóraðra díbensódíoxína/fúrana meðan á endurnýjun stendur. Sjá lið 1.20.7	Á almennt við

ii. Meðhöndlun á útblæstri frá endurnýjun

a. Endurvinnsluferli fyrir útblástursloft með ásogsbeði	Úrgangsloft frá endurnýjunarþrepi er meðhöndlað til að fjarlægja klóruð efnasambönd (t.d. díoxín)	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið ráðist af hönnun núverandi endurnýjunareiningar
b. Vothreinsun	Sjá lið 1.20.3	Á ekki við um hálfendurnýjaða umbreyta
c. Rafstöðuskilja	Sjá lið 1.20.1	Á ekki við um hálfendurnýjaða umbreyta

1.7. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir koksvinnslu**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 29. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá koksframleiðsluferlum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Söfnun og endurvinnsla á smáum koksögnum	Kerfisbundin söfnun og endurvinnsla á smáum koksögnum sem myndast í allri koksvinnslunni (borun, meðhöndlun, mölun, kæling o.s.frv.)	Á almennt við
ii. Meðhöndlun og geymsla á koksi samkvæmt bestu, fáanlegu tækni 3	Sjá bestu, fáanlegu tækni 3	Á almennt við
iii. Notkun á lokuðu niðurblásturskerfi (e. *blowdown system*)	Föngunarkerfi (e. *arrestment system*) fyrir þrýsting sem létt er af kokstromlunum	Á almennt við
iv. Endurheimt lofttegunda (þ.m.t. loftun áður en tromlan er opnuð fyrir andrúmslofti) sem hluta af hreinsunar-stöðvaeldsneytisgasi (RFG)	Flytja loftun frá kokstromlunni í gasþjöppuna til endurheimtar sem hreinsunarstöðvaeldsneytisgas fremur en að brenna gas í afgaslogum. Að því er varðar flexíkoksvinnslu er þörf á umbreytingarþrepi (til að umbreyta karbónýlsúlfíði (COS) í H_2S) áður en gasið úr kokseiningunni er meðhöndlað	Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfi tækninnar takmarkast af tiltæku rými

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 30. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá glæðingarferli á „grænu“ koksi er besta, fáanlega tækni að nota valvísa, óhvataða afoxun (SNCR).

Lýsing

Sjá lið 1.20.2

Nothæfi

Nothæfi tækni með valvísri, óhvataðri afoxun (einkum að því er varðar viðstöðutíma og hitabil) getur takmarkast vegna sértækis glæðingarvinnslunnar.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 31. Í því skyni að draga úr losun brennisteinsoxíðs (SO_X) í andrúmsloft frá glæðingarvinnslu á „grænu“ koksi er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Hreinsun án endurnýjunar	Vothreinsun eða hreinsun með sjó Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur verið takmarkað á þurrum svæðum og ef ekki er hægt að endurnota aukaafurðir úr meðhöndlun (þ.m.t. er t.d. skólp sem inniheldur mikið magn af salti) eða farga þeim á viðeigandi hátt. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými
ii. Hreinsun með endurnýjun	Notkun á sértækum hvarfmiðli sem gleypir brennisteinsoxíð (SO_X) (t.d. ísogslausn) sem gerir það almennt kleift að endurheimta brennistein sem aukaafurð í endurnýjunarlotu þar sem hvarfmiðillinn er endurnýttur. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið takmarkast við tilvik þar sem hægt er að selja endurunnar aukaafurðir. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af getu, sem fyrir er, til að endurheimta brennistein sem og af tiltæku rými

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 32. Í því skyni að draga úr losun ryks í andrúmsloft frá glæðingarvinnslu á „grænu“ koksi er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Rafstöðuskilja	Sjá lið 1.20.1	Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými. Að því er varðar koksglæðingu á grafíti og forskautum getur nothæfið takmarkast af miklu eðlisviðnámi koksagnanna
ii. Fjölþrepa loftskilja	Sjá lið 1.20.1	Á almennt við

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 8

Tafla 8

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun í andrúmsloft frá einingu til glæðingar á „grænu“ koksi

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Ryk	10–50([1])([2])

([1]) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins með fjórsviða rafstöðuskilju (e. *4-field ESP*).
([2]) Ef rafstöðuskilja er ekki tiltæk geta gildin orðið allt að 150 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

1.8. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir afseltunarvinnslu**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 33. Í því skyni að draga úr vatnsnotkun og losun frá afseltunarvinnslu í vatn er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Endurvinnsla vatns og bestun afseltunarvinnslunnar	Sambland af góðum starfsvenjum við afseltun sem miða að því að auka skilvirkni afseltumeðferðarinnar og draga úr notkun þvottavatns, t.d. með því að nota blöndunarbúnað með lítilli hvirfilmyndun, lítinn vatnsþrýsting. Þetta felur í sér stjórnun lykilvinnslubreyta fyrir þvotta- (t.d. góða blöndun) og aðskilnaðarþrep (t.d. sýrustig, þéttleika, seigju, möguleg rafsvið fyrir samruna)	Á almennt við
ii. Fjölþrepa afseltumeðferð	Fjölþrepa afseltumeðferð er framkvæmd með vatnsíbót og vatnssneyðingu, sem er endurtekið í tveimur eða fleiri þrepum til að ná fram betri skilvirkni í aðskilnaði og þ.a.l. minni tæringu í frekari vinnslu	Á við um nýjar einingar
iii. Viðbótaraðskilnaðarþrep	Enn frekari aðskilnaður olíu/vatns og fastra efna/vatns sem er hannaður til að draga úr magni olíu í skólphreinsistöðina og vinna hana aftur inn í vinnsluna. Þetta felur m.a. í sér botnfellingartromlu (e. *settling drum*), notkun á kerfum til að stjórna hæð vökvaskila (e. *optimum interface level controller*)	Á almennt við

1.9. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir brennslueiningar**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 34. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá brennslueiningunum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Val eða meðhöndlun á eldsneyti		
a) Notkun á gasi í staðinn fyrir fljótandi eldsneyti	Gas inniheldur yfirleitt minna af köfnunarefni en vökva og brennsla þess leiðir af sér minni losun á köfnunarefnisoxíði (NO_X). Sjá lið 1.20.3	Nothæfi getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs gaseldsneytis sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
b) Notkun á hreinsunarstöðva-eldsneytisolíu sem inniheldur lítið af köfnunarefni, t.d. með vali á hreinsunarstöðva-eldsneytisolíu eða með vetnismeðhöndlun á hreinsunarstöðvaeldsneytis-olíu	Við val á hreinsunarstöðva-eldsneytisolíu er fljótandi eldsneyti, sem inniheldur lítið af köfnunarefni, tekið fram yfir annað við val úr þeim mögulegu uppsprettum sem á að nota í einingunni. Vetnismeðhöndlun miðar að því að minnka brennisteins-, köfnun-arefnis- og málminnihald í elds-neytinu. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið takmarkast af tiltækileika fljótandi eldsneytis, sem inniheldur lítið af köfnunarefni, vetnisframleiðslu og getu til að meðhöndla brennisteinsvetni (H_2S) (t.d. amín- og Claus-einingar)

Tækni	Lýsing	Nothæfi
ii. Breytingar á bruna		
a) Þrepaskiptur bruni: – Þrepuð loftblöndun – Þrepuð eldsneytisblöndun	Sjá lið 1.20.2	Það getur þurft sértæka hönnun brennara fyrir þrepaða eldsneytisblöndun fyrir blandaða eða fljótandi brennslu.
b) Hámörkun brennslu	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við
c) Hringrás útblásturs	Sjá lið 1.20.2	Á við þegar notaðir eru sértækir brennarar með innri útblásturshringrás. Nothæfið getur takmarkast við að setja eftir á ytri útblásturshringrás á einingar með þvingaðri/framkallaðri ytri endurhringrás (e. *forced/induced draught mode of operation*)
d) Inndæling þynningarefnis	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við um gashverfla þar sem viðeigandi hvarftreg þynningarefni eru tiltæk
e) Notkun á köfnunarefnisoxíðsrýrum brennurum	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við um nýjar einingar, að teknu tilliti til eldsneytissértækra takmarkana (t.d. fyrir svartolíu). Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af því hversu flóknar staðarsértækar aðstæður eru, t.d. hönnun bræðsluofna eða nærliggjandi búnaður. Í mjög sérstökum tilvikum gæti verið þörf á umtalsverðum breytingum. Nothæfið getur takmarkast, að því er varðar bræðsluofna í seinkaðri koksvinnslu, vegna mögulegrar koksmyndunar í bræðsluofnunum. Í gashverflum takmarkast nothæfið við eldsneyti sem inniheldur lítið af vetni (yfirleitt < 10%)

II. Fylgitækni eða útblástursreinsitækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Valvís afoxun með hvötum	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af kröfum um umtalsvert rými og kjörinndælingu á hvarfefni
ii. Valvís, óhvötuð afoxun	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við um nýjar einingar. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af kröfum um að hitabilið og viðstöðutíminn náist með inndælingu á hvarfefni

Tækni	Lýsing	Nothæfi
iii. Lághitaoxun	Sjá lið 1.20.2	Nothæfið getur takmarkast af þörf fyrir viðbótarhreinsunargetu og þeirri staðreynd að taka þarf á ósonmyndun og tengdri áhættustjórnun á fullnægjandi hátt. Nothæfið getur takmarkast af þörf fyrir viðbótarskólphreinsun og tengdum, þverlægum umhverfisáhrifum (t.d. losun nítrats) og af ófullnægjandi birgðum af fljótandi súrefni (til að mynda óson). Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfi tækninnar takmarkast af tiltæku rými
iv. Samsett SNO_X-tækni	Sjá lið 1.20.4	Á einungis við fyrir mikið útblástursstreymi (t.d. > 800 000 Nm^3/klst.) og ef þörf er á að draga í sameiningu úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) og brennisteinsoxíðs (SO_X)

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 9, 10 og 11.

Tafla 9

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) í andrúmsloft frá gashverfli

Breyta	Gerð búnaðar	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (1) (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3 við 15% súrefni (O_2)
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Gashverfill (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli – (CCGT) og samvinnsla með hverfli með samþættri gösun (IGCC))	40–120 (hverfill sem fyrir er)
		20–50 (nýr hverfill) (2)

(1) Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni vísar til sameiginlegrar losunar frá gashverfli og endurnýtingarsuðukatli til viðbótarbrennslu, ef slíkt er fyrir hendi.
(2) Að því er varðar eldsneyti sem inniheldur mikið magn vetnis (H^2) (þ.e. yfir 10%), er efri hluti styrkbilsins 75 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

Tafla 10

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) í andrúmsloft frá gaskyntri brennslueiningu, að undanskildum gashverflum

Breyta	Tegund brennslu	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Gasbrennsla	30–150 að því er varðar einingu sem fyrir er (1)
		30–100 að því er varðar nýja einingu

(1) Að því er varðar einingu sem fyrir er, sem notar mikla forhitun á loftið (þ.e. > 200 °C) eða sem inniheldur meira en 50% af vetni (H^2) í eldsneytisgasinu, er efri hluti styrkbils losunargildisins sem tengist bestu, fáanlegu tækni 200 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

Tafla 11

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) í andrúmsloft frá brennslueiningu, sem brennir margs konar eldsneytistegundum, að undanskildum gashverflum

Breyta	Tegund brennslu	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Köfnunarefnisoxíð (NO_X), gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO_2)	Brennslueining sem brennir margs konar eldsneytistegundum	30–300 að því er varðar einingu sem fyrir er ([1])([2])

([1]) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins með fjórsviða rafstöðuskilju (e. *4-field ESP*).
([2]) Ef rafstöðuskilja er ekki tiltæk geta gildin orðið allt að 150 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 35. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun ryks og málma í andrúmsloft frá brennslueiningunum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengd tækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Val eða meðhöndlun á eldsneyti		
a) Notkun á gasi í staðinn fyrir fljótandi eldsneyti	Brennsla á gasi í stað fljótandi eldsneytis leiðir til minni ryklosunar Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis, s.s. jarðgass, sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum
b) Notkun á hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu sem inniheldur lítið af brennisteini, t.d. með vali á hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu eða með vetnismeðhöndlun á hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu	Við val á hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu er fljótandi eldsneyti, sem inniheldur lítið af brennisteini, tekið fram yfir annað við val úr þeim mögulegu uppsprettum sem á að nota í einingunni. Vetnismeðhöndlun miðar að því að minnka brennisteins-, köfnunarefnis- og málminnihald í eldsneytinu. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur takmarkast af tiltækileika fljótandi eldsneytis, sem inniheldur lítið af brennisteini, vetnisframleiðslu og getu til að meðhöndla brennisteinsvetni (H_2S) (t.d. amín- og Claus-einingar)
ii. Breytingar á bruna		
a) Hámörkun brennslu	Sjá lið 1.20.2	Á almennt við um allar tegundir brennslu
b) Sundrun fljótandi eldsneytis	Notkun háþrýstings til að minnka dropastærð fljótandi eldsneytis. Nýleg hámörkuð þróun á brennurum tekur yfirleitt til gufusundrunar	Á almennt við um brennslu fljótandi eldsneytis

II. Fylgitækni eða útblástursshreinsitækni, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Rafstöðuskilja	Sjá lið 1.20.1	Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfið takmarkast af tiltæku rými
ii. Þriðja stigs sía með bakblæstri	Sjá lið 1.20.1	Á almennt við
iii. Vothreinsun	Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur verið takmarkað á þurrum svæðum og ef ekki er hægt að endurnota aukaafurðir úr meðhöndlun (þ.m.t. er t.d. skólp sem inniheldur mikið magn af salti) eða farga þeim á viðeigandi hátt. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfi tækninnar takmarkast af tiltæku rými
iv. Skilvinduþvottatæki	Sjá lið 1.20.1	Á almennt við

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 12.

Tafla 12

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir ryklosun í andrúmsloft frá brennslueiningu, sem brennir margs konar eldsneytistegundum, að undanskildum gashverflum

Breyta	Tegund brennslu	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Ryk	Brennsla með margs konar eldsneytistegundum	5–50 að því er varðar einingu sem fyrir er ([1])([2])
		5–25 að því er varðar nýja einingu < 50 MW

([1]) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins í einingum þar sem útblástursshreinsitækni er notuð.
([2]) Efri hluti styrkbilsins vísar til notkunar á háu hlutfalli olíubrennslu og þar sem einungis er hægt að nota grunntækni.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 36. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun brennisteinsoxíðs (SO_X) í andrúmsloft frá brennslueiningunum er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

I. Grunntækni eða vinnslutengda tækni, sem byggist á vali á eldsneyti eða meðhöndlun á því, s.s.:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Notkun á gasi í staðinn fyrir fljótandi eldsneyti	Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur takmarkast af skorðum sem tengjast tiltækileika brennisteinsrýrs eldsneytis, s.s. jarðgass, sem getur orðið fyrir áhrifum af stefnu aðildarríkisins í orkumálum

Tækni	Lýsing	Nothæfi
ii. Meðhöndlun á hreinsunarstöðva-eldsneytisgasi (RFG)	Styrkleiki brennisteinsvetnisleifa (H_2S) í hreinsunarstöðvaeldsneytisgasinu fer eftir vinnslubreytu meðhöndlunarinnar, t.d. amínhreinsunarþrýstingi. Sjá lið 1.20.3	Að því er varðar gas með lágt varmagildi, sem inniheldur karbónýlsúlfið (COS), t.d. úr kokseiningum, gæti verið þörf á umbreyti áður en brennisteinsvetnið er fjarlægt
iii. Notkun á hreinsunarstöðva-eldsneytisolíu sem inniheldur lítið af brennisteini, t.d. með vali á hreinsunar-stöðvaeldsneytisolíu eða með vetnismeðhöndlun á hreinsunarstöðvaeldsneytis-olíu	Við val á hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu er fljótandi eldsneyti, sem inniheldur lítið af brennisteini, tekið fram yfir annað við val úr þeim mögulegu uppsprettum sem á að nota í einingunni. Vetnismeðhöndlun miðar að því að minnka brennisteins-, köfnunarefnis- og málminnihald í eldsneytinu. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið takmarkast af tiltækileika fljótandi eldsneytis, sem inniheldur lítið af brennisteini, vetnisframleiðslu og getu til að meðhöndla brennisteinsvetni (H_2S) (t.d. amín- og Claus-einingar)

II. Fylgitækni eða útblástursreinsitækni:

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Hreinsun án endurnýjunar	Vothreinsun eða hreinsun með sjó Sjá lið 1.20.3	Nothæfið getur verið takmarkað á þurrum svæðum og ef ekki er hægt að endurnota aukaafurðir úr meðhöndlun (þ.m.t. er t.d. skólp sem inniheldur mikið magn af salti) eða farga þeim á viðeigandi hátt. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfi tækninnar takmarkast af tiltæku rými
ii. Hreinsun með endurnýjun	Notkun á sértækum hvarfmiðli sem gleypir brennisteinsoxíð (SO_X) (t.d. ísogs-lausn) sem gerir það almennt kleift að endurheimta brennistein sem aukaafurð í endurnýjunarlotu þar sem hvarfmiðillinn er endurnýttur. Sjá lið 1.20.3	Nothæfið takmarkast við tilvik þar sem hægt er að selja endurunnar aukaafurðir. Ísetning endurbótarhlutar í einingar sem fyrir eru kann að takmarkast af getu, sem fyrir er, til að endurheimta brennistein. Að því er varðar einingar sem fyrir eru getur nothæfi tækninnar takmarkast af tiltæku rými
iii. Samsett SNO_X-tækni	Sjá lið 1.20.4	Á einungis við fyrir mikið útblástursstreymi (t.d. > 800 000 Nm^3/klst.) og ef krafist er að dregið sé í sameiningu úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) og brennisteinsoxíðs (SO_X)

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 13 og töflu 14.

Tafla 13

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá brennslueiningu sem brennir hreinsunarstöðvaeldsneytisgasi (RFG), að undanskildum gashverflum

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	5–35 ([1])

([1]) Í sértækri samsetningu á meðhöndlun hreinsunarstöðvaeldsneytisgass þar sem þvegill er starfræktur við lágan þrýsting og með hreinsunarstöðvaeldsneytisgas með mólhlutfall vetnis/kolefnis (H/C) sem er yfir 5 getur efri hluti styrkbilsins fyrir losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni numið allt að 45 mg/Nm^3.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

Tafla 14

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá brennslueiningum, sem brenna margs konar eldsneytistegundum, að undanskildum gashverflum og kyrrstæðum gashreyflum

Þetta losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni vísar til veginnar meðallosunar frá brennslueiningum, sem brenna margs konar eldsneytistegundum, sem fyrir eru innan hreinsunarstöðvarinnar, að undanskildum gashverflum og kyrrstæðum gashreyflum.

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Brennisteinstvíoxíð (SO_2)	35–600

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 37. Í því skyni að draga úr losun kolsýrings (CO) í andrúmsloft frá brennslueiningum er besta, fáanlega tækni að stjórna brennslustarfseminni.

Lýsing

Sjá lið 1.20.5

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 15.

Tafla 15

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun kolsýrings í andrúmsloft frá brennslueiningu

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal) mg/Nm^3
Kolsýringur, gefinn upp sem CO	≤ 100

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

1.10. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir etramyndunarferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 38. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft vegna etramyndunarferlis er besta, fáanlega tækni að tryggja viðeigandi meðhöndlun á útblæstri frá vinnslu með því að beina honum í hreinsunarkerfi fyrir eldsneytisgas

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 39. Í því skyni að koma í veg fyrir röskun á lífrænni meðhöndlun er besta, fáanlega tækni að nota geymslutank og viðeigandi framleiðslustjórnunaráætlun fyrir eininguna til að stjórna innihaldi uppleystra, eitraðra efnisþátta (t.d. metanól, maurasýra, eter) í skólpstraumnum fyrir lokameðhöndlun.

1.11. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir hverfingarferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 40. Í því skyni að draga úr losun klóraðra efnasambanda í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að hámarka notkun klóraðra, lífrænna efnasambanda, sem eru notuð til að viðhalda hvatavirkni, ef slíkt ferli er fyrir hendi, eða að nota óklóruð hvatakerfi.

1.12. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir jarðgashreinsunarstöð**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 41. Í því skyni að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs í andrúmsloft frá jarðgasveri er besta, fáanlega tækni að nota bestu, fáanlegu tækni 54.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 42. Í því skyni að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá jarðgasveri er besta, fáanlega tækni að nota bestu, fáanlegu tækni 34

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 43. Í því skyni að koma í veg fyrir losun kvikasilfurs þegar það er fyrir hendi í óunnu jarðgasi er besta, fáanlega tækni að fjarlægja kvikasilfrið og endurheimta seyru, sem inniheldur kvikasilfur, til úrgangsförgunar.

1.13. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir eimingarferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 44. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr myndun skólpflæðis frá eimingarferlinu er besta, fáanlega tækni að nota vökvahringslofttæmidælur (e. *liquid ring vacuum pump*) eða yfirborðseimsvala (e. *surface condenser*).

Nothæfi

Á e.t.v. ekki við í sumum tilvikum þar sem um er að ræða ísetningu endurbótarhlutar. Að því er varðar nýjar einingar getur reynst þörf á lofttæmisdælum, annaðhvort í samsetningu með gufuspýtidælu (e. *steam ejector*) eða án hennar, til að ná fram miklu lofttæmi (10 mm Hg). Einnig ætti varadæla að vera fyrir hendi ef lofttæmisdælan bregst.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 45. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr vatnsmengun frá eimingarferlinu er besta, fáanlega tækni að beina súru vatni í strípunareininguna.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 46. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun í andrúmsloft frá eimingareiningum er besta, fáanlega tækni að tryggja viðeigandi meðhöndlun á útblæstri frá vinnslu, einkum óþéttanlegum útblæstri, með því að fjarlægja sýrugas fyrir frekari notkun.

Nothæfi

Á almennt við um einingar til eimingar á jarðolíu og lofttæmiseimingar. Á e.t.v. ekki við um sjálfstæðar smurolíu- og jarðbikshreinsunarstöðvar sem losa minna en 1 t/d af brennisteinssamböndum. Nothæfið getur verið takmarkað í sértækri samsetningu hreinsunarstöðva vegna þarfar fyrir t.d. stórar lagnir, þjöppur eða viðbótargetu til að meðhöndla amín.

1.14. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir vörumeðhöndlunarferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 47. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá vörumeðhöndlunarferlinu er besta, fáanlega tækni að tryggja viðeigandi förgun á útblæstri, einkum lyktsterku notuðu lofti frá brennisteinssneyðingareiningum, með því að beina honum í förgun, t.d. með brennslu.

Nothæfi

Á almennt við um vörumeðhöndlunarferli ef hægt er að flytja gasstreymin á öruggan hátt yfir í förgunareiningarnar. Á e.t.v. ekki við um brennisteinssneyðingareiningar af öryggisástæðum.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 48. Í því skyni að draga úr myndun úrgangs og skólps ef vörumeðhöndlunarferli með notkun basa er til staðar er besta, fáanlega tækni að nota basíska úðalausn (e. *cascading caustic solution*) og heildarstjórnun á notuðum basa, þ.m.t. endurvinnsla eftir viðeigandi meðhöndlun, t.d. með strípun.

1.15. ***Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir geymslu- og meðhöndlunarferli***

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 49. Í því skyni að draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá geymslu rokgjarnra, fljótandi vetniskolefnasambanda er besta, fáanlega tækni að nota geymslutanka með flotþaki, sem eru búnir góðum þéttum (e. *high efficiency seals*), eða tank með föstu þaki sem er tengdur við gufuendurheimtarkerfi.

Lýsing

Góð þétti eru sértækur búnaður til að takmarka gufutap, t.d. endurbættir fyrsta stigs þéttar (e. *primary seal*), margfaldir (annars eða þriðja stigs (e. *secondary or tertiary*)) þéttar til viðbótar (eftir magninu sem losað er).

Nothæfi

Nothæfi góðra þétta getur takmarkast við það að setja þriðja stigs þétta eftir á, á tanka sem fyrir eru.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 50. Í því skyni að draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá geymslu rokgjarnra, fljótandi vetniskolefnasambanda er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Handvirk hreinsun jarðolíutanka	Olíutankahreinsun fer þannig fram að starfsmenn fara inn í tankinn og fjarlægja seyru handvirkt	Á almennt við
ii. Notkun á lokuðu hringrásarkerfi	Tankar eru tæmdir reglulega, hreinsaðir og gashreinsaðir fyrir innra eftirlit. Þessi hreinsun felur í sér að leifar á botni tanksins eru leystar upp. Lokuð hringrásarkerfi, sem hægt er að sameina færanlegri útblásturshreinsitækni til að draga úr losun, koma í veg fyrir eða draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda	Nothæfið getur takmarkast af t.d. tegund leifa, samsetningu á þaki tanksins eða efni hans

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 51. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun í jarðveg og grunnvatn frá geymslu fljótandi vetniskolefnasambanda er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Viðhaldsáætlun, þ.m.t. vöktun, varnir og eftirlit með tæringu	Stjórnunarkerfi, þ.m.t. lekaskynjun og rekstrarstjórnun til að koma í veg fyrir yfirfyllingu, eftirlit með birgðaskrá og áhættumiðaðar reglur um reglulega skoðun á tönkum til að sanna heilleika þeirra og viðhald til að bæta þéttleika tanka. Það felur einnig í sér kerfi til að bregðast við afleiðingum leka sem bregst við áður en lekinn nær í grunnvatnið. Þessu skal framfylgt sérstaklega meðan á viðhaldstímabili stendur	Á almennt við
ii. Tankar með tvöföldum botni	Annar þéttur botn sem veitir vernd gegn leka frá fyrsta efninu	Á almennt við um nýja tanka og eftir yfirhalningu á tönkum sem fyrir eru ([1])
iii. Þéttar himnufóðringar	Samfelldur lekatálmi undir öllu neðra yfirborði tanksins	Á almennt við um nýja tanka og eftir yfirhalningu á tönkum sem fyrir eru ([1])

Tækni	Lýsing	Nothæfi
iv. Fullnægjandi lekaþró fyrir tankaþyrpinguna	Lekaþró fyrir tankaþyrpingu er hönnuð til að halda miklu magni leka sem kann að verða ef hylki rofnar eða yfirfyllist (bæði vegna umhverfis- og öryggisástæðna). Stærð og tengdar byggingarreglur eru almennt skilgreindar í staðbundnum reglugerðum	Á almennt við

([1]) Tækni ii og iii eiga e.t.v. ekki almennt við ef tankar eru ætlaðir fyrir vörur sem þurfa hita til meðhöndlunar í fljótandi formi (t.d. jarðbik) og ef leki er ólíklegur vegna storknunar.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 52. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá lestun og affermingu rokgjarnra, fljótandi vetniskolefnasambanda er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim til að ná endurnýtingarhlutfalli sem nemur a.m.k. 95%.

Tækni	Lýsing	Nothæfi ([1])
Endurheimt gufu með: i. Þéttingu ii. Frásogi iii. Ásogi iv. Himnuskiljun v. Blönduðum kerfum	Sjá lið 1.20.6	Á almennt við um lestun/affermingu ef árlegt gegnumstreymi er > 5000 m^3/ári. Á ekki við um lestun/affermingu hafskipa með árlegu gegnumstreymi sem nemur < 1 milljón m^3/ári

([1]) Hægt er að skipta gufuendurnýtingarbúnaði út fyrir gufueyðingareiningu (t.d. með brennslu) ef gufuendurnýting er ótrygg eða tæknilega ómöguleg vegna umfangs gufuendurstreymis.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 16.

Tafla 16

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, annarra en metans, og bensens í andrúmsloft frá lestun og affermingu rokgjarnra, fljótandi vetniskolefnasambanda

Breyta	Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni (klukkustundarmeðaltal) ([1])
Lífræn rokefni, önnur en metan (NMVOC)	0,15–10 g/Nm^3 ([2])([3])
Bensen ([3])	< 1 mg/Nm^3

([1]) Klukkustundargildi í samfelldri starfrækslu, gefin upp og mæld samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 24).
([2]) Hægt er að ná lægra gildinu með blönduðum, tveggja þrepa kerfum. Hægt er að ná hærra gildinu með eins þreps ásogs- eða himnukerfi.
([3]) Ef til vill er ekki þörf á vöktun á benseni ef losun lífrænna rokefna, annarra en metans, er við neðra styrkbilið.

1.16. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir seigjuskerðingu og önnur varmaferli**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 53. Í því skyni að draga úr losun í vatn frá seigjuskerðingu og öðrum varmaferlum er besta, fáanlega tækni að tryggja viðeigandi meðhöndlun á skólpstraumum með því að nota tæknina í bestu, fáanlegu tækni 11.

1.17. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir brennisteinsmeðhöndlun úrgangslofts**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 54. Í því skyni að draga úr losun brennisteins í andrúmsloft frá útblæstri sem inniheldur brennisteinsvetni (H_2S) er besta, fáanlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi ([1])
i. Fjarlæging á sýrugasi, t.d. með amínmeðhöndlun	Sjá lið 1.20.3	Á almennt við
ii. Eining til að endurheimta brennistein (SRU), t.d. með Claus-ferli	Sjá lið 1.20.3	Á almennt við
iii. Eining til að meðhöndla endagas (TGTU)	Sjá lið 1.20.3	Að því er varðar endurbætur á einingu til að endurheimta brennistein getur nothæfið takmarkast af stærð einingarinnar og samsetningu og af tegund vinnslu sem þegar er fyrir hendi til að endurheimta brennistein

([1]) Á e.t.v. ekki við um sjálfstæðar smurolíu- eða jarðbikshreinsunarstöðvar sem losa minna en 1 t/d af brennisteinssamböndum

Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni (BAT-AEPL): Sjá töflu 17.

Tafla 17

Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir endurheimtarkerfi fyrir brennisteinsvetni (H_2S) úr úrgangslofti

	Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni (mánaðarlegt meðaltal)
Fjarlæging á sýrugasi	Fjarlæging á brennisteinsvetni (H_2S) í meðhöndlaða hreinsun arstöðvaeldsneytisgasinu í því skyni að uppfylla losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir gasbrennslu í bestu, fáanlegu tækni 36
Geta til að endurheimta brennistein ([1])	Ný eining: 99,5 – > 99,9%
	Eining sem fyrir er: ≥ 98,5%

([1]) Geta til að endurheimta brennistein er reiknuð út í allri meðhöndlunarkeðjunni (þ.m.t. eining til að endurheimta brennistein og eining til að meðhöndla endagas) sem hlutfall brennisteins í efnismötuninni sem er endurheimt í brennisteinsstraumnum sem er beint í söfnunargryfjurnar. Ef tækni sem notuð er felur ekki í sér endurheimt brennisteins (t.d. þvegill með sjó (e. *seawater scrubber*)) á hún við um skilvirkni við að fjarlægja brennistein sem % af brennisteini sem er fjarlægður í allri meðhöndlunarkeðjunni.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 4.

1.18. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir afgasloga**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 55. Í því skyni að koma í veg fyrir losun í andrúmsloft frá brennslu gass í afgaslogum er besta, fáanlega tækni að nota brennslu gass í afgaslogum einungis af öryggisástæðum eða við óvenjubundin rekstrarskilyrði (t.d. ræsingu, stöðvun).

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 56. Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft frá brennslu gass í afgaslogum þegar ekki er unnt að komast hjá brennslu gass í afgaslogum er besta, fáanlega tækni að nota tæknina sem er tilgreind hér á eftir.

Tækni	Lýsing	Nothæfi
i. Viðeigandi hönnun á stöðinni	Sjá lið 1.20.7	Á við um nýjar einingar. Kerfi til að endurheimta gas í afgasloga er hægt að setja eftir á í einingar sem fyrir eru
ii. Stjórnun stöðvarinnar	Sjá lið 1.20.7	Á almennt við
iii. Viðeigandi hönnun á búnaði til brennslu gass í afgaslogum	Sjá lið 1.20.7	Á við um nýjar einingar
iv. Vöktun og skýrslugjöf	Sjá lið 1.20.7	Á almennt við

1.19. **Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fyrir samþættar mengunarvarnir**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 57. Í því skyni að ná fram heildarskerðingu á losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í andrúmsloft frá brennslueiningum og einingum til vökvahvatasundrunar (FCC) er besta, fáanlega tækni að nota samþætta mengunarvarnatækni sem annan kost í stað þess að nota bestu, fáanlegu tækni 24 og 34.

Lýsing

Tæknin felst í því að stjórna losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) frá nokkrum eða öllum brennslueiningum og einingum til vökvahvatasundrunar á hreinsunarstöðvarsvæði á samræmdan hátt með því að hrinda í framkvæmd og starfrækja heppilegustu samsetningu bestu, fáanlegu tækni, þvert á mismunandi einingar sem eiga í hlut, og vakta skilvirkni hennar þannig að heildarlosun sem af þessu leiðir sé jöfn eða minni en sú losun sem næðist með beitingu losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni í hverri einingu fyrir sig sem um getur í bestu, fáanlegu tækni 24 og 34.

Þessi tækni hentar einkar vel á olíuhreinsunarsvæðum:

– þar sem viðurkennt er hversu flókið svæðið er og fjölbreytni brennslu- og vinnslueininga sem eru tengdar innbyrðis að því er varðar hráefni þeirra og orkuafhendingu,

– þar sem þörf er á tíðri aðlögun vinnslu í tengslum við gæði óunnu olíunnar sem tekið er við,

– þar sem tæknileg þörf er á því að nota hluta af leifum frá vinnslu sem eldsneyti innan stöðvar sem veldur tíðri aðlögun á eldsneytissamsetningunni samkvæmt vinnslukröfum.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 18.

Auk þess eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem sett eru fram í bestu, fáanlegu tækni 24 og 34, fyrir hverja nýja brennslueiningu eða nýja einingu til vökvahvatasundrunar, sem falla undir samþætt mengunarvarnakerfi, áfram í gildi.

Tafla 18

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) í andrúmsloft þegar besta, fáanlega tækni 57 er notuð

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) frá einingum sem falla undir bestu, fáanlegu tækni 57, gefið upp í mg/Nm^3 sem mánaðarlegt meðalgildi, er jafnt eða minna en veginn meðalstyrkur köfnunarefnisoxíðs (NO_x) (gefinn upp í mg/Nm^3 sem mánaðarlegt meðaltal) sem næðist með því að nota í raun, í hverri þessara eininga, tækni sem myndi gera viðkomandi einingum kleift að uppfylla eftirfarandi:

a) að því er varðar einingar til hvatasundrunarferlis (varmaendurnýtir): styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni sem sett er fram í töflu 4 (besta, fáanlega tækni 24),

b) að því er varðar brennslueiningar sem brenna hreinsunarstöðvaeldsneyti einu og sér eða samtímis öðru eldsneyti: styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni sem sett er fram í töflum 9, 10 og 11 (besta, fáanlega tækni 34).

Þetta losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni er gefið upp með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\Sigma\,[(\text{útblástursstreymi í viðkomandi einingu}) \times (\text{styrkur köfnunarefnisoxíðs } (NO_X) \text{ sem næðist fyrir þá einingu})]}{\Sigma(\text{útblástursstreymi í öllum viðkomandi einingum})}$$

Athugasemdir:

1. Viðeigandi viðmiðunaraðstæður fyrir súrefni eru tilgreindar í töflu 1.

2. Vægi losunargilda í einstökum einingum er reiknað út á grundvelli útblástursstreymis í viðkomandi einingu, gefið upp sem mánaðarlegt meðalgildi (Nm^3/klst.), sem er dæmigert fyrir venjulegan rekstur þessarar einingar innan hreinsunarstöðvarinnar (viðmiðunaraðstæður í 1. athugasemd eru notaðar).

3. Ef um er að ræða umtalsverðar og formgerðarlegar eldsneytisbreytingar, sem hafa áhrif á gildandi losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir einingu, eða aðrar umtalsverðar og formgerðarlegar breytingar á eðli eða starfsemi viðkomandi eininga eða ef um er að ræða aðrar einingar í þeirra stað eða framlengingu eða viðbót brennslueininga eða eininga til vökvahvatasundrunar þarf að aðlaga losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni, sem er skilgreint í töflu 18, til samræmis við það.

Vöktun sem tengist bestu, fáanlegu tækni 57

Besta, fáanlega tækni til að vakta losun köfnunarefnisoxíðs (NO_x) samkvæmt samþættu mengunarvarnatækninni er eins og í bestu, fáanlegu tækni 4, studd með eftirfarandi:

– vöktunaráætlun, þ.m.t. lýsing á ferlum sem eru vaktaðir, skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma (framleiðsla, úrgangsloft) sem eru vöktuð fyrir hverja vinnslu og lýsing á aðferðafræðinni (útreikningar, mælingar) sem er notuð og undirliggjandi forsendur og tengt áreiðanleikastig,

– stöðug vöktun á útblástursstreymi viðkomandi eininga, annaðhvort með beinum mælingum eða með jafngildri aðferð,

– gagnastjórnunarkerfi til söfnunar, vinnslu og skýrslugjafar um öll vöktunargögn sem þörf er á til að ákvarða losun frá upptökum sem falla undir samþætta mengunarvarnatækni.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 58. Í því skyni að ná fram heildarskerðingu á losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft frá brennslueiningum, einingum til vökvahvatasundrunar (FCC) og einingum til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti er besta, fáanlega tækni að nota samþætta mengunarvarnatækni sem annan kost í stað þess að nota bestu, fáanlegu tækni 26, 36 og 54.

Lýsing

Tæknin felst í því að stjórna losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) frá nokkrum eða öllum brennslueiningum, einingum til vökvahvatasundrunar og einingum til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti á hreinsunarstöðvarsvæði á samræmdan hátt með því að hrinda í framkvæmd og starfrækja heppilegustu samsetningu bestu, fáanlegu tækni, þvert á mismunandi einingar sem eiga í hlut, og vakta skilvirkni hennar þannig að heildarlosun sem af þessu leiðir sé jöfn eða minni en sú losun sem næðist með beitingu losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni í hverri einingu fyrir sig, sem um getur í bestu, fáanlegu tækni 26 og 36, ásamt árangri í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni sem sett er fram í bestu, fáanlegu tækni 54.

Þessi tækni hentar einkar vel á olíuhreinsunarsvæðum:

– þar sem viðurkennt er hversu flókið svæðið er og fjölbreytni brennslu- og vinnslueininga sem eru tengdar innbyrðis að því er varðar hráefni þeirra og orkuafhendingu,

– þar sem þörf er á tíðri aðlögun vinnslu í tengslum við gæði óunnu olíunnar sem tekið er við,

– þar sem tæknileg þörf er á því að nota hluta af leifum frá vinnslu sem eldsneyti innan stöðvar sem veldur tíðri aðlögun á eldsneytissamsetningunni samkvæmt vinnslukröfum.

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni: Sjá töflu 19.

Auk þess eru losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, sem sett eru fram í bestu, fáanlegu tækni 26 og 36, og árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni, sem settur er fram í bestu, fáanlegu tækni 54, fyrir hverja nýja brennslueiningu, nýja einingu til vökvahvatasundrunar eða nýja einingu til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti, sem falla undir samþætt mengunarvarnakerfi, áfram í gildi.

Tafla 19

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) í andrúmsloft þegar besta, fáanlega tækni 58 er notuð

Losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) frá einingum sem falla undir bestu, fáanlegu tækni 58, gefið upp í mg/Nm^3 sem mánaðarlegt meðalgildi, er jafnt eða minna en veginn meðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs (SO_2) (gefinn upp í mg/Nm^3 sem mánaðarlegt meðaltal) sem næðist með því að nota í raun, í hverri þessarra eininga, tækni sem myndi gera viðkomandi einingum kleift að uppfylla eftirfarandi:

a) að því er varðar einingar til hvatasundrunarferlis (varmaendurnýtir): styrkbil losunargildis sem tengjast bestu, fáanlegu tækni sem sett eru fram í töflu 6 (besta, fáanlega tækni 26),

b) að því er varðar brennslueiningar sem brenna hreinsunarstöðvaeldsneyti einu og sér eða samtímis öðru eldsneyti: styrkbil losunargildis sem tengist bestu, fáanlegu tækni sem sett er fram í töflu 13 og í töflu 14 (besta, fáanlega tækni 36) og

c) að því er varðar einingar til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti: styrkbil fyrir árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni sem sett er fram í töflu 17 (besta, fáanlega tækni 54).

Þetta losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni er gefið upp með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\Sigma\,[(\text{útblástursstreymi í viðkomandi einingu}) \times (\text{styrkur brennisteinstvíoxíðs } (SO_2) \text{ sem næðist fyrir þá einingu})]}{\Sigma(\text{útblástursstreymi í öllum viðkomandi einingum})}$$

Athugasemdir:

1. Viðeigandi viðmiðunaraðstæður fyrir súrefni eru tilgreindar í töflu 1.

2. Vægi losunargilda í einstökum einingum er reiknað út á grundvelli útblástursstreymis í viðkomandi einingu, gefið upp sem mánaðarlegt meðalgildi (Nm^3/klst), sem er dæmigert fyrir venjulegan rekstur þessarar einingar innan hreinsunarstöðvarinnar (viðmiðunaraðstæður í 1. athugasemd eru notaðar).

3. Ef um er að ræða umtalsverðar og formgerðarlegar eldsneytisbreytingar, sem hafa áhrif á gildandi losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir einingu, eða aðrar umtalsverðar og formgerðarlegar breytingar á eðli eða starfsemi viðkomandi eininga eða ef um er að ræða aðrar einingar í þeirra stað, framlengingu eða viðbót brennslueininga, eininga til vökvahvatasundrunar eða eininga til að endurheimta brennistein úr úrgangslofti þarf að aðlaga losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni, sem er skilgreint í töflu 19, til samræmis við það.

Vöktun sem tengist bestu, fáanlegu tækni 58

Besta, fáanlega tækni til að vakta losun brennisteinstvíoxíðs (SO_2) samkvæmt samþættu mengunarvarnaaðferðinni er eins og í bestu, fáanlegu tækni 4, studd með eftirfarandi:

– vöktunaráætlun, þ.m.t. lýsing á ferlum sem eru vaktaðir, skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma (framleiðsla, úrgangsloft) sem eru vöktuð fyrir hverja vinnslu og lýsing á aðferðafræðinni (útreikningar, mælingar) sem er notuð og undirliggjandi forsendur og tengt áreiðanleikastig,

– stöðug vöktun á útblástursstreymi viðkomandi eininga, annaðhvort með beinum mælingum eða með jafngildri aðferð,

– gagnastjórnunarkerfi til söfnunar, vinnslu og skýrslugjafar um öll vöktunargögn sem þörf er á til að ákvarða losun frá upptökum sem falla undir samþætta mengunarvarnatækni.

ATRIÐASKRÁ

1.20. **Lýsing á tækni til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með losun í andrúmsloft**

1.20.1. *Ryk*

Tækni	Lýsing
Rafstöðuskilja	Rafstöðuskiljur starfa þannig að agnir er hlaðnar og skildar að undir áhrifum rafsviðs. Rafstöðuskiljur geta starfað við margvísleg skilyrði.

Tækni	Lýsing
	Skilvirkni hreinsunar getur ráðist af fjölda sviða, viðstöðutíma (stærð), eiginleikum hvatans og búnaði til að fjarlægja agnir á síðari stigum. Þrísviða rafstöðuskiljur (e. *3-field ESP*) og fjórsviða rafstöðuskiljur eru almennt notaðar í einingum til vökvahvatasundrunar. Hægt er að nota rafstöðuskiljur í þurrum ham eða með inndælingu á ammoníaki til að bæta söfnun efnisagna. Að því er varðar glæðingu á „grænu“ koksi getur hremmingargeta rafstöðuskilju verið minni vegna erfiðleika við að koksagnirnar hlaðist rafmagni
Fjölþrepa loftskilja	Hvirfilmiðaður söfnunarbúnaður (e. *cyclonic collection device*) eða -kerfi sem er sett upp á eftir loftskiljuþrepunum tveimur. Almennt þekkt sem þriðja þreps loftskilja, almenn samsetning samanstendur af einu hylki sem inniheldur margar hefðbundnar loftskiljur eða betrumbætta hvirfilröratækni (e. *swirl-tube technology*). Að því er varðar vökvahvatasundrun eru afköstin aðallega háð styrk agna og stærðardreifingu smárra hvataagna neðan við innri loftskiljur varmaendurnýtisins
Skilvinduþvottatæki	Skilvinduþvottatæki sameina undirstöðuatriði loftskiljunnar og nána snertingu við vatn, t.d. þrengslaþvegil
Þriðja stigs sía með bakblæstri	Mótstreymissíur (bakblástur) úr keramíki eða sindraðar málmsíur þar sem föst efni, sem haldast við yfirborðið eins og kaka, eru losuð með því að hefja gagnstætt streymi. Föstu efnin sem losna hreinsast síðan út úr síukerfinu

1.20.2. *Köfnunarefnisoxíð (NO_X)*

Tækni	Lýsing
Breytingar á bruna	
Þrepaskiptur bruni	– Þrepuð loftblöndun – felur í sér takmarkaða brennslu (e. *substoichiometric firing*) í fyrsta þrepi og svo eftirfylgjandi viðbót nægjanlegs lofts eða súrefnis inn í ofninn að fullri brennslu. – Þrepuð eldsneytisblöndun – í brennarahálsi er kveikt í upphafsloga með litlum höggþunga (e. *low impulse*), fylgilogi umlykur rót upphafslogans og lækkar þar með kjarnahitann.
Hringrás útblásturs	Endurinndæling á úrgangslofti frá bræðsluofninum í logann til að draga úr súrefnisinnihaldi og þ.a.l. hitastigi logans. Sérstakir brennarar sem nota innri hringrás brunalofttegunda til að kæla neðsta hluta loganna og draga úr súrefnisinnihaldi í heitasta hluta loganna.
Notkun á köfnunarefnisoxíðsrýrum brennurum	Tæknin (þ.m.t. sérlega köfnunarefnisoxíðsrýrir brennarar (e. *ultra-low-NO_X burner*)) byggist á þeim meginreglum að lækka toppgildi logahitastigsins, seinka en ljúka brennslunni og auka hitayfirfærslu (aukin eðlisgeislun logans). Hún getur tengst breyttri hönnun brunahólfs í bræðsluofninum. Hönnun sérlega köfnunarefnisoxíðsrýrra brennara felur í sér þrepaskiptingu með brennslu (loft/eldsneyti) og hringrás útblásturs. Köfnunarefnisoxíðsrýrir þurrbrennarar (e. *Dry low-NO_X burners DLNB*)) eru notaðir fyrir gashverfla
Hámörkun brennslu	Þessi tækni byggist á stöðugri vöktun á viðeigandi breytum bruna (t.d. innihaldi súrefnis (O2) og kolsýrings (CO), hlutfalli eldsneytis og lofts (eða súrefnis), óbrenndum efnisþáttum), þar sem notuð er eftirlitstækni í því skyni að ná fram bestu skilyrðum fyrir bruna.

Tækni	Lýsing
Inndæling þynningarefnis	Hvarftreg þynningarefni, t.d. útblástur, gufa, vatn, köfnunarefni, sem bætt er við brennslubúnað, draga úr hitastigi logans og þ.a.l. úr styrk köfnunarefnisoxíðs (NO_X) í útblæstrinum
Valvís afoxun með hvötum	Tæknin byggist á því að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X) yfir í köfnunarefni í hvarfbeði með efnahvarfi við ammoníak (í venjulegri vatnslausn) við hámarksganghita sem nemur u.þ.b. 300–450 °C. Hægt er að nota eitt eða tvö lög af hvata. Meiri afoxun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) næst með því að nota meira magn af hvata (tvö lög)
Valvís, óhvötuð afoxun	Tæknin byggist á því að afoxa köfnunarefnisoxíð (NO_X) yfir í köfnunarefni með efnahvarfi við ammoníak eða þvagefni við hátt hitastig. Ganghitabil verður að haldast á bilinu 900–1050° C til að ná kjörefnahvarfi
Lághitaoxun köfnunarefnisoxíðs (NO_X)	Við lághitaoxunarferli er ósoni dælt inn í útblástursstreymið við kjörhitastig, sem er undir 150 °C, til að oxa óleysanlegt köfnunarefni (NO) og köfnunarefnistvíoxíð (NO_2) í afar uppleysanlegt tvíköfnunarefnispentaoxíð (N_2O_5). Tvíköfnunarefnispentaoxíð (N_2O_5) er fjarlægt í votþvegli með því að mynda þynnt saltpéturssýruskólp sem hægt er að nota í vinnslu stöðvarinnar eða hlutleysa til losunar og e.t.v. þarf að fjarlægja meira af köfnunarefni

1.20.3. Brennisteinsoxíð (SO_X)

Tækni	Lýsing
Meðhöndlun á hreinsunarstöðvaeldsneytisgasi (RFG)	Sum hreinsunarstöðvaeldsneytisgös kunna að vera laus við brennistein við upptök (t.d. úr hvataumbreytingu og hverfingarferlum) en í flestri annarri vinnslu myndast lofttegundir sem innihalda brennistein (t.d. útblástur frá seigjuskerðara (e. *visbreaker*), vetnismeðhöndlunareiningu eða einingum til hvatasundrunar). Þessi gasstreymi þarf að meðhöndla á viðeigandi hátt til að hreinsa úr þeim brennistein (t.d. með fjarlægingu á sýrugasi – sjá hér á eftir – til að fjarlægja brennisteinsvetni (H_2S)) áður en þeim er hleypt í hreinsunar stöðvaeldsneytisgaskerfið
Hreinsun brennisteins úr hreinsunarstöðvaeldsneytisolíu með vetnismeðhöndlun	Til viðbótar við að valin er hráolía, sem inniheldur lítið af brennisteini, næst hreinsun brennisteins úr eldsneyti með vetnismeðhöndlunarferli (sjá hér á eftir) ef vetnunarhvörf verða og leiða til þess að brennisteinsinnihald minnkar
Notkun á gasi í staðinn fyrir fljótandi eldsneyti	Notkun á fljótandi hreinsunarstöðvaeldsneyti (yfirleitt svartolía sem inniheldur brennistein, köfnunarefni, málma o.s.frv.) er minnkuð með því að skipta því út fyrir fljótandi jarðolíugas (LPG) á staðnum eða hreinsunarstöðvaeldsneytisgas (RFG) eða með utanaðkomandi loftkenndu eldsneyti (t.d. jarðgas) sem inniheldur lítið af brennisteini og öðrum óæskilegum efnum. Að því er varðar einstakar brennslueiningar er nauðsynlegt, við brennslu á margs konar eldsneytistegundum, að brenna lágmarksmagni af fljótandi eldsneyti til að tryggja að loginn sé stöðugur
Notkun á hvataíblöndunarefnum til að draga úr brennisteinsoxíði (SO_X)	Notkun á efni (t.d. málmoxíðhvata) sem flytur brennisteininn, sem tengist koksinu, frá varmaendurnýtinum og aftur í hvarftankinn. Það er skilvirkast í fullum brennsluham, fremur en í djúpum hlutabrennsluham. ATH: Notkun á hvataíblöndunarefnum til að draga úr brennisteinsoxíði (SO_X) getur haft skaðleg áhrif á ryklosun með því að auka hvatatap vegna slits og á losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) með því að stuðla að aukningu kolsýrings (CO) ásamt því að oxa SO_2 yfir í SO_3

Tækni	Lýsing
Vetnismeðhöndlun	Vetnismeðhöndlun, sem byggist á vetnunarhvörfum, miðar aðallega að því að mynda brennisteinsrýrt eldsneyti (t.d. bensín og dísilolíu sem innihalda 10 milljónarhluta) og hámarka vinnslusamsetninguna (umbreyting á þungum leifum og framleiðsla á meðalléttri olíu). Hún dregur úr brennisteins-, köfnunarefnis- og málminnihaldi efnismötunarinnar. Þar eð vetnis er krafist er þörf á nægri framleiðslugetu. Þar eð tæknin breytir brennisteini frá efnismötuninni í brennisteinsvetni (H_2S) í vinnslugasinu er meðhöndlunargeta (t.d. amín- og Claus-einingar) einnig hugsanlegur flöskuháls
Fjarlæging á sýrugasi, t.d. með amínmeðhöndlun	Sýrugas (aðallega brennisteinsvetni) er aðskilið frá eldsneytisgasinu með því að leysa það upp í efnafræðilegum leysi (frásog). Þeir leysar sem almennt eru notaðir eru amín. Þetta er yfirleitt fyrsta meðhöndlunarþrep sem þörf er á áður en hægt er að endurheimta brennistein í formi frumefnis í einingu til að endurheimta brennistein
Eining til að endurheimta brennistein (SRU)	Sértækar einingar sem samanstanda yfirleitt af Claus-ferli til að fjarlægja brennistein úr gasstreymi sem eru auðug af brennisteinsvetni (H_2S) úr amínmeðhöndlunareiningum og strípurum fyrir súrt vatn. Á eftir einingu til að endurheimta brennistein kemur yfirleitt eining til að meðhöndla endagas (TGTU) til að fjarlægja brennisteinsvetni (H_2S) sem eftir er
Eining til að meðhöndla endagas (TGTU)	Safn tækni, til viðbótar við einingu til að endurheimta brennistein, til að auka fjarlægingu brennisteinssambanda. Hægt er að skipta því í fjóra flokka eftir þeim meginreglum sem beitt er: — bein oxun í brennistein — áframhald Claus-efnahvarfs (skilyrði undir daggarmarki) — oxun í brennisteinstvíoxíð (SO_2) og endurheimt brennisteins úr brennisteinstvíoxíði — afoxun í brennisteinsvetni (H_2S) og endurheimt brennisteins úr þessu brennisteinsvetni (t.d. amínferli)
Vothreinsun	Í vothreinsunarferli leysast loftkennd efnasambönd upp í hentugum vökva (vatni eða basískri lausn). Hægt er að fjarlægja föst og loftkennd efnasambönd samtímis. Útblásturinn er mettaður með vatni neðan við votþvegilinn og skilja þarf dropana að áður en útblæstrinum er sleppt. Vökvann, sem myndast í kjölfarið, þarf að meðhöndla með skólphreinsun og óleysanlegu efni er safnað saman með botnfellingu eða síun Þetta getur verið, allt eftir því hvernig hreinsilausn er valin: — tækni án endurnýjunar (t.d. að stofni til úr natríumi eða magnesíumi) — endurnýjunartækni (t.d. amín- eða sódalausn) Við ýmiss konar tækni, samkvæmt snertingaraðferðinni (e. *contact method*), getur t.d. verið þörf á: — þrengslaröri sem notar orku frá inntaksgasinu með því að sprauta vökvanum á það — þveglum með fylltum beði, plötuturnum, úðaklefum. Ef þveglar eru einkum ætlaðir til að fjarlægja brennisteinsoxíð (SO_X) er þörf á hentugri útfærslu til að fjarlægja einnig ryk á skilvirkan hátt. Dæmigerð viðmiðunarskilvirkni til að fjarlægja brennisteinsoxíð (SOx) er á bilinu 85–98%.
Hreinsun án endurnýjunar	Lausn, að stofni til úr natríumi eða magnesíumi, er notuð sem basískur hvarfmiðill til að gleypa brennisteinsoxíð (SO_X), yfirleitt sem súlföt. Tækni grundvallast m.a. á: — blautum kalksteini — vatnskenndu ammoníaki — sjó (sjá neðar)

Tækni	Lýsing
Hreinsun með sjó	Sérstök tegund af hreinsun án endurnýjunar þar sem basavirkni sjávar er notuð sem leysir. Útheimtir yfirleitt rykhreinsun á fyrri stigum
Hreinsun með endurnýjun	Notkun á sértækum hvarfmiðli sem gleypir brennisteinsoxíð (SO_X) (t.d. ísogslausn) sem gerir það almennt kleift að endurheimta brennistein sem aukaafurð í endurnýjunarlotu þar sem hvarfmiðillinn er endurnýttur.

1.20.4. *Samsett tækni (brennisteinsoxíð (SO_x), köfnunarefnisoxíð (NO_x) og ryk)*

Tækni	Lýsing
Vothreinsun	Sjá lið 1.20.3
Samsett SNO_X-tækni	Samsett tækni til að fjarlægja brennisteinsoxíð (SO_X), köfnunarefnisoxíð (NO_X) og ryk þar sem fyrsta þrep til að fjarlægja ryk (rafstöðuskilja) er framkvæmt og síðan koma nokkur sértæk hvötuð ferli. Brennisteinssamböndin eru endurheimt sem óblönduð brennisteinssýra af verslunarhreinleika en köfnunarefnisoxíðið (NO_X) er afoxað í köfnunarefni (N_2). Heildarfjarlæging brennisteinsoxíðs (SO_X) er á bilinu: 94–96,6% Heildarfjarlæging köfnunarefnisoxíðs (NO_X) er á bilinu: 87–90%

1.20.5. *Kolsýringur (CO)*

Tækni	Lýsing
Stjórnun brennslustarfsemi	Hægt er að takmarka aukningu á losun kolsýrings (CO) vegna breytinga á brennslu (grunntækni) til að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs (NO_X) með nákvæmri stjórnun á starfrækslubreytum
Hvatar með stýriefni til oxunar á kolsýringi (CO)	Notkun á efni sem stuðlar einungis að oxun kolsýrings (CO) yfir í koltvísýring (CO_2) (brennsla)
Kolsýringsketill (CO)	Sértækur eftirbrennslubúnaður þar sem kolsýringur (CO), sem er fyrir hendi í útblæstrinum, er notaður neðan við hvataendurnýtinn (e. *catalyst regenerator*) til að endurheimta orkuna Yfirleitt er hann einungis notaður með einingum til vökvahvatasundrunar með hlutabrennslu

1.20.6. *Rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC)*

Tækni	Lýsing
Endurheimt gufu	Hægt er að minnka losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda frá flestum rokgjörnum afurðum meðan á lestun og affermingu stendur, einkum jarðolíu og léttari afurðum, með ýmiss konar tækni, t.d.: — Frásog: gufusameindirnar leysast upp í hentugum ísogsvökva (t.d. glýkóls- eða jarðolíuþáttum, s.s. steinolíu eða umbreyttum afurðum). Hlaðna hreinsilausnin er afsoguð með því að hita hana í annarri aðgerð. Annaðhvort verður að þétta afsoguðu lofttegundirnar, vinna þær enn frekar og brenna eða endurísoga í viðeigandi straumum (t.d. afurð sem verið er að endurheimta)

	— Ásog: gufusameindirnar haldast fastar á virkum stöðum á yfirborði áseygra fastra efna, t.d. virku kolefni eða seólíti. Áseyga efnið er endurnýjað með reglulegu millibili. Afsogaða efnið er síðan sogað inn í hringrásarstraum afurðar sem verið er að endurvinna í þvottasúlu (e. *wash column*) á síðari stigum Leifar lofttegunda úr þvottasúlum eru sendar í frekari meðhöndlun — **Himnuaðskilnaður á gasi:** gufusameindirnar eru unnar gegnum valdar himnur til að aðskilja gufu/loftblönduna í vetniskolefnaauðugan fasa (síuvökvi), sem síðan er þéttur eða frásogaður, og í vetniskolefnarýran fasa (síuþykkni). — Tveggja-**þrepa kæling/þétting**: með því að kæla gufuna/gasblönduna þéttast gufu-sameindirnar og aðskiljast sem vökvi. Þar eð rakinn leiðir til ísingar á varmaskiptinum er þörf á tveggja þrepa þéttingarferli sem gerir það kleift að nota skiptivinnslu. — Blönduð **kerfi**: sambland af fáanlegri tækni *ATH*: Frásog og ásogsferli geta ekki dregið úr metanlosun svo að greinilegt sé.
Eyðing gufu	Unnt er að eyða rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, t.d. með **varmaoxun** (brennsla) eða **hvataðri oxun** þegar endurheimt er ekki auðveldlega framkvæmanleg. Þörf er á öryggiskröfum (t.d. logavörnum) til að koma í veg fyrir sprengingu. **Varmaoxun** á sér oftast stað í oxurum með eldföstum fóðringum og einum klefa, búnum gasbrennara og reykháf. Ef bensín er fyrir hendi er skilvirkni varmaskiptisins takmörkuð og hitastigi forhitunar er haldið undir 180 °C til að draga úr hættu á íkviknun. Vinnsluhitastig er á bilinu 760–870 °C og viðstöðutími er yfirleitt 1 sekúnda. Ef sérstakur brennsluofn er ekki tiltækur í þessu skyni er hægt að nota bræðsluofn sem fyrir er til að fá hitastig og viðstöðutíma sem krafist er. **Hvötuð oxun** útheimtir hvata til að hraða oxuninni með því að súrefnið og rokgjörn, lífræn efnasambönd ásogast á yfirborð hans. Hvatinn gerir það kleift að oxunarhvörfin geta orðið við lægra hitastig en þörf er á fyrir varmaoxun: yfirleitt á bilinu 320–540 °C. Fyrsta forhitunarþrep (með rafmagni eða gasi) er til að ná hitastigi sem er nauðsynlegt til að hefja hvataða oxun á rokgjörnu, lífrænu efnasamböndunum. Oxunarþrep á sér stað þegar loft er leitt gegn um beð af hvötum í föstu formi
Lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR)	Lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR) er skipulögð aðferð til að draga úr dreifðri losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda með greiningu og síðan viðgerðum eða útskiptum á íhlutum sem leka. Sem stendur eru gasstyrksmælingar (lýst í EN 15446) og ljósmyndræn gasmæliaðferð tiltækar til að greina lekana. **Gasstyrksmælingar**: Fyrsta þrepið er greining með greiningartæki, sem haldið er á, fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd sem mæla styrkinn næst búnaðinum (t.d. með því að nota logajónun eða ljósjónun). Annað þrep felur í sér að pakka íhlutnum inn til að framkvæma beinar mælingar við upptök losunar. Öðru þrepi er stundum skipt út fyrir stærðfræðilega samsvörunarferla sem eru unnir úr tölfræðilegum niðurstöðum sem fást úr miklum fjölda fyrri mælinga sem gerðar eru á svipuðum íhlutum. **Ljósmyndrænar gasmæliaðferðir**: Við ljósmyndrænar mælingar eru notaðar litlar og léttar myndavélar, sem haldið er á, sem gera það kleift að sjá gasleka í rauntíma á þann hátt að þeir birtast sem „reykur“ á myndbandsupptökutæki ásamt venjulegri mynd af viðkomandi íhlut þannig að hægt sé, fljótt og auðveldlega, að staðsetja verulega leka rokgjarnra, lífrænna efnasambanda. Virk kerfi skapa mynd með afturtvístruðu innrauðu leysigeislaljósi (e. *back-scattered infrared laser light*) sem endurspeglast á íhlutnum og umhverfi hans. Hlutlaus kerfi byggjast á náttúrulegri innrauðri geislun frá búnaðinum og umhverfi hans.

Vöktun á dreifðri losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda	Hægt er að framkvæma fulla skimun og magnákvörðun á losun stöðvar með viðeigandi samsetningu viðbótaraðferða, t.d. mæliröðum sólhulustraums (SOF) eða mæliröðum mismunarljósgleypni og miðunar (DIAL). Hægt er að nota þessar niðurstöður til að gera leitnimat með tímanum, samanburð og uppfærslu/fullgildingu á viðvarandi lekagreiningar- og viðhaldsáætlun (LDAR). **Sólhulustraumur (SOF):** Tæknin byggist á upptöku og Fourier-ummyndunarlitrófsgreiningu (e. *spectrometric Fourier Transform analysis*) á breiðbandslitrófi sólarljóss með innrauðu eða útfjólubláu/sýnilegu ljósi eftir tiltekinni, landfræðilegri leið þvert á vindátt og þvert á slóða rokgjarnra, lífrænna efnasambanda. **Mismunarljósgleypni og miðun (DIAL)**: Mismunarljósgleypni og miðun (DIAL) er tækni sem byggir á leysigeisla þar sem notuð er ljósgreining og miðun (e. *light detection and ranging*) (LIDAR) sem er ljósfræðileg hliðstæða ratsjár sem byggir á hátíðnihljóðbylgjum (e. *sonic radio wave-based RADAR*). Tæknin byggir á afturtvístrun leysigeislapúlsa af úða í andrúmslofti og greiningu á rófbundnum eiginleikum ljóss, sem skilar sér til baka, sem safnað er með sjónauka
Afar skilvirkur búnaður	Afar skilvirkur búnaður inniheldur m.a.: — loka með tvöföldum þéttipakkningum — dælur/þjöppur/hræribúnað með seguldrifi — dælur/þjöppur/hræribúnað búinn vélrænu þétti (e. *mechanical seal*) í stað pakkninga — afar skilvirkar þéttingar (s.s. gormundnir þéttihringir (e. *spiral wound*), þéttihringir) til mikilvægrar notkunar

1.20.7. *Önnur tækni*

Tækni	Lýsing
Tækni til að koma í veg fyrir eða draga úr losun frá brennslu gass í afgaslogum	**Viðeigandi hönnun á stöðinni**: þ.m.t. fullnægjandi geta kerfis til að endurheimta gas í afgasloga, notkun á afar skilvirkum öryggislokum og aðrar ráðstafanir til þess að brennsla gass í afgaslogum sé einungis notuð sem öryggiskerfi fyrir aðra starfrækslu en hefðbundna starfrækslu (ræsing, stöðvun, neyðarástand). **Stjórnun stöðvar**: þ.m.t. skipulags- og eftirlitsráðstafanir til að fækka skiptum þegar gas er brennt í afgaslogum með því að halda jafnvægi á hreinsunarstöðvaeldsneytisgaskerfi, með notkun á þróaðri vinnslustjórnun o.s.frv. **Hönnun búnaðar til brennslu gass í afgaslogum**: þ.m.t. hæð, þrýstingur, aðstoð með gufu, lofti eða gasi, gerð afgaslogaodds (e. *flare tip*) o.s.frv. Hún miðar að því að auðvelda reyklausa og áreiðanlega starfrækslu og tryggja skilvirka brennslu á umframmagni gass við brennslu gass í afgaslogum við óvenjubundna starfrækslu. **Vöktun og skýrslugjöf:** Stöðug vöktun (mælingar á gasstreymi og mat á öðrum breytum) á gasi sem er sent í brennslu í afgaslogum og tengdar brennslubreytur (t.d. gasstreymisblanda og varmagildi, hlutfall aðstoðar, hraði, hreinsigasstreymi, losun mengandi efna). Skýrslugjöf um tilvik þegar gas er brennt í afgaslogum gerir það kleift að nota hlutfall gasbrennslu í afgaslogum sem kröfu, sem er tekin með í umhverfisstjórnunarkerfi, og koma í veg fyrir tilvik í framtíðinni. Einnig er hægt að annast sjónræna fjarvöktun á afgasloganum með því að nota litasjónvarpsskjái meðan á brennslu gass í afgasloga stendur
Val á hvatastýriefni til að forðast myndun díoxína	Meðan á endurnýjun umbreytingarhvatans stendur er yfirleitt þörf á lífrænu klóríði til skilvirkrar umbreytingarhvatavirkni (til að koma viðeigandi klóríðjafnvægi aftur á í hvatanum og tryggja rétta dreifingu málmanna). Val á viðeigandi klóruðu efnasambandi mun hafa áhrif á hugsanlega losun díoxína og fúrana.

Endurheimt leysa fyrir vinnsluferli grunnolíu	Eining fyrir **endurheimt leysa** samanstendur af eimingarþrepi þar sem leysarnir eru endurheimtir úr olíustreyminu og strípunarþrepi (með gufu eða óhvarfgjarnri lofttegund) í þættara. Leysarnir sem eru notaðir geta verið blanda (DiMe) af 1,2-díklóretani (DCE) og díklórmetani (DCM). Endurheimt leysa, (t.d. 1,2-díklóretans) í vaxvinnslueiningum er framkvæmd með því að nota tvö kerfi: annað fyrir olíusnautt vax og hitt fyrir mjúkt vax. Bæði samanstanda af leiftureimingarkútum (e. *flash drum*) með innbyggðum varma og lofttæmisstrípara. Straumar frá vaxsnauðu olíunni og vaxafurðinni eru strípaðir til að fjarlægja snefilmagn af leysum

1.21. **Lýsing á tækni til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með losun í vatn**

1.21.1. *Formeðhöndlun skólps*

Tækni	Lýsing
Formeðhöndlun á súrum vatnsstraumum fyrir endurnotkun eða meðhöndlun	Senda súrt vatn sem myndast (t.d. frá eimingu, sundrun, kokseiningum) til viðeigandi formeðhöndlunar (t.d. strípunareiningu)
Formeðhöndlun á öðrum skólpstraumum fyrir meðhöndlun	Til að viðhalda nothæfi meðhöndlunar gæti verið þörf á viðeigandi formeðhöndlun

1.21.2. *Skólphreinsun*

Tækni	Lýsing
Fjarlægja óleysanleg efni með því að endurnýta olíu.	Þessi tækni tekur yfirleitt til eftirfarandi: — API-skiljur (e. *API-separator*) — Skiljur með bylgjuplötu (e. *Corrugated Plate Interceptor* CPI) — Skiljur með samhliða plötu (e. *Parallel Plate Interceptor* PPI) — Skiljur með hallandi plötu (e. *Tilted Plate Interceptor* TPI) — Safn- og/eða jöfnunartanka
Fjarlægja óleysanleg efni með því að endurnýta svifagnir og dreifða olíu	Þessi tækni tekur yfirleitt til eftirfarandi: — Fleyting með uppleystri lofttegund (e. *Dissolved Gas Flotation* (DGF)) — Framkölluð fleyting með lofttegund (e. *Induced Gas Flotation* (IGF)) — Sandsíun
Fjarlægja leysanleg efni, þ.m.t. lífræn meðhöndlun og felling	Lífræn meðhöndlunartækni getur tekið til eftirfarandi: — Kerfi með föstum beði — Kerfi með fljótandi beði. Eitt af þeim kerfum með fljótandi beði sem mest er notað í hreinsunarstöðvum skólphreinsistöðva er seyrublöndunaraðferðin. Kerfi með föstum beði geta tekið til lífsíu eða hripsíu (e. *trickling filter*)
Viðbótarmeðhöndlunarþrep	Sértæk hreinsun skólps sem er ætlað að vera viðbót við fyrri meðhöndlunarþrep, t.d. til að draga enn frekar úr efnasamböndum köfnunarefnis og kolefna. Yfirleitt notuð þar sem sértækar staðbundnar kröfur um varðveislu vatns eru fyrir hendi.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/877 **2016/EES/44/06**

frá 4. júní 2015

um breytingu á ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2015) 3641) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c- lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun 2009/568/EB ([2]) fellur úr gildi 30. júní 2015.

2) Ákvörðun 2011/333/ESB ([3]) fellur úr gildi 7. júní 2015.

3) Ákvörðun 2011/381/ESB ([4]) fellur úr gildi 24. júní 2015.

4) Ákvörðun 2012/448/ESB ([5]) fellur úr gildi 12. júlí 2015.

5) Ákvörðun 2012/481/ESB ([6]) fellur úr gildi 16. ágúst 2015.

6) Unnið hefur verið mat til að staðfesta mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB. Þar eð endurskoðunarferli fyrir núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, mun hefjast árið 2015 er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðanna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2018.

7) Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 6.6.2015, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappír (Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafiskan pappír (Stjtíð. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 28).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB frá 12. júlí 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir dagblaðapappír (Stjtíð. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 26).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/568/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/333/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/381/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „smurefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

4. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2012/448/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „dagblaðapappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2012/481/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „prentefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2018.“

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1936 **2016/EES/44/07**

frá 8. júlí 2015

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE([1]), einkum h-lið 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæma ætti mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna, sem eru ætlaðar til notkunar fyrir loftræstingu, í samræmi við kerfin sem sett eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.

2) Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis eigi að nota fyrir loftræstirásir og röralagnir sem ætlaðar eru til notkunar fyrir loftræstingu. Þetta ætti að gera framleiðendum kleift að fá skilvirkari aðgang að innri markaðnum og stuðla þar með að aukinni samkeppnishæfni byggingariðnaðarins í heild sinni.

3) Þessi ákvörðun ætti einungis að gilda um vörur sem falla ekki undir gildissvið annarra samsvarandi lagagerða Evrópusambandsins. Þar af leiðandi ætti hún ekki að gilda um rásir og röralagnir, sem eru notaðar fyrir föst slökkvikerfi, þar sem þær falla nú þegar undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB ([2]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB([3]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um loftræstirásir og röralagnir, sem ætlaðar eru til notkunar fyrir loftræstingu í byggingarmannvirkjum, eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis varanna, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra, í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í II. viðauki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar föst slökkvikerfi (Stjtíð. EB L 254, 8.10.1996, p. 44).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB frá 1. júlí 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar pípur, tanka og fylgihluti sem ekki komast í snertingu við drykkjarvatn (Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, p. 42).

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

VÖRUR SEM FALLA UNDIR ÁKVÖRÐUNINA

Ákvörðun þessi gildir um:

1. Loftræstirásir og röralagnir sem ætlaðar eru til notkunar fyrir loftræstingu í byggingarmannvirkjum.

II. VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess gilda sem hér segir um vörur, sem falla undir þessa ákvörðun, að teknu tilliti til mikilvægra eiginleika þeirra:

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika, nema viðbrögð við bruna

Vörur	Mikilvægir eiginleikar	Viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011
Loftræstirásir og röralagnir sem ætlaðar eru til notkunar fyrir loftræstingu í byggingarmannvirkjum	Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika, nema viðbrögð við bruna	3

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Að því er varðar allar vörur, sem tilgreindar eru í fyrsta dálki í töflu 1, ákvarðast kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, með hliðsjón af undirflokkum varanna, sem hér segir:

Undirflokkar vara	Viðeigandi kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011
Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. viðbót af eldtefjandi efnum eða takmörkun á lífrænum efnum).	1
Vörur þar sem evrópskur lagagrundvöllur er fyrir hendi sem unnt er að nota til að flokka nothæfi varanna með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, án prófunar	4
Vörur sem falla ekki undir undirflokkana sem tilgreindir eru í röð 1 og 2	3

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1958 **2016/EES/44/08**

frá 1. júlí 2015

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum h-lið 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðferðin við staðfestingu á samræmi gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara við gildandi tækniforskriftir hefur verið fastsett í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB([2]).

2) Í ákvörðun 96/581/EB er ekki mælt fyrir um ítarlegar viðmiðanir um val á kerfum til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara, með tilliti til viðbragða við bruna.

3) Velja ætti kerfin, sem sett eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011, af meiri hagkvæmni til að meta nothæfi gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara. Þetta ætti að gera framleiðendum kleift að fá skilvirkari aðgang að innri markaðnum og stuðla þar með að aukinni samkeppnishæfni byggingariðnaðarins í heild sinni.

4) Til glöggvunar og gagnsæis ætti því að fella ákvörðun 96/581/EB úr gildi og önnur að koma í hennar stað.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um gerviefni til jarðtæknilegra nota og skyldar vörur sem sett eru fram í I. viðauka.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra, í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun 96/581/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 181. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB frá 24. júní 1996 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar jarðvegsdúka (Stjtíð. EB L 254, 8.10.1996, bls. 59).

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

VÖRUR SEM FALLA UNDIR ÞESSA ÁKVÖRÐUN

Ákvörðun þessi gildir um:

1. Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur og textílefni) sem notuð eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn.
2. Samsett efni til jarðtæknilegra nota sem notuð eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn.
3. Jarðgrindur sem notaðar eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn.
4. Himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota sem notuð eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn.
5. Jarðnet sem notuð eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn.

II. VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess gilda sem hér segir um vörur, sem falla undir þessa ákvörðun, að teknu tilliti til mikilvægra eiginleika þeirra:

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna

Vörur	Mikilvægir eiginleikar	Viðeigandi kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011
Gerviefni til jarðtæknilegra nota (himnur og textílefni), samsett efni til jarðtæknilegra nota, jarðgrindur, himnur og dúkar til jarðtæknilegra nota og jarðnet, sem notuð eru til aðgreiningar, verndar, framræslu, síunar eða til að styrkja jarðveginn	Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna	2+

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Að því er varðar allar vörur, sem tilgreindar eru í fyrsta dálki í töflu 1, ákvarðast kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, með hliðsjón af undirflokkum varanna, sem hér segir:

Undirflokkar vara	Viðeigandi kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011
Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. með því að bæta eldtefjandi efnum við eða takmarka lífræn efni)	1
Vörur þar sem viðeigandi, evrópskur lagagrunnur er fyrir hendi til að flokka viðbrögð þeirra við bruna að því er nothæfi varðar, án prófunar	4
Vörur sem falla ekki undir undirflokkana sem tilgreindir eru í röð 1 og 2	3

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1959 **2016/EES/44/09**

frá 1. júlí 2015

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum h-lið 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðferðin við staðfestingu á samræmi fráveitubúnaðar við gildandi tækniforskriftir hefur verið fastsett í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB([2]).

2) Í ákvörðun 97/464/EB er ekki mælt fyrir um ítarlegar viðmiðanir um val á kerfum til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar, með tilliti til viðbragða við bruna, einkum mannopa og niðurfallsrista.

3) Velja ætti kerfin, sem sett eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011, af meiri hagkvæmni til að meta nothæfi fráveitubúnaðar. Þetta ætti að gera framleiðendum kleift að fá skilvirkari aðgang að innri markaðnum og stuðla þar með að aukinni samkeppnishæfni byggingariðnaðarins í heild sinni.

4) Til glöggvunar og gagnsæis ætti því að fella ákvörðun 97/464/EB úr gildi og önnur að koma í hennar stað.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um fráveitubúnað sem settur er fram í I. viðauka.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðarins, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika hans, í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun 97/464/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 184. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB frá 27. júní 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar fráveitubúnað (Stjtíð. EB L 198, 25.7.1997, bls. 33).

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

VÖRUR SEM FALLA UNDIR ÞESSA ÁKVÖRÐUN

Ákvörðun þessi gildir um:

1. Bakstreymisbúnað: loftþrýstilokar til að loftræsta pípulagnir
2. Samstæður fyrir skólpdælustöð og búnað til að soga upp frárennslisvatn
3. Samstæður og einingar fyrir skólphreinsistöðvar og hreinsibúnað til notkunar á staðnum
4. Rotþrær
5. Forsmíðaðar frárennslisrásir
6. Mannop og bruna til að sinna eftirliti
7. Járnþrep, stiga og handriði fyrir mannop og brunna til að sinna eftirliti
8. Skiljur (e. *separator*)
9. Hlera fyrir mannop og niðurfallsristar.

II. VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess gilda sem hér segir um vörur, sem falla undir þessa ákvörðun, að teknu tilliti til mikilvægra eiginleika þeirra:

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna

Vörur	Mikilvægir eiginleikar	Viðeigandi kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.
Bakstreymisbúnaður: loftþrýstilokar til að loftræsta pípulagnir	Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna.	4
Samstæður fyrir skólpdælustöðvar og búnað til að soga upp fráveituvatn		3
Samstæður og einingar fyrir skólphreinsistöðvar og hreinsibúnað til notkunar á staðnum		3
Rotþrær		3
Tilbúin frárennslisrör		3
Mannop og brunar til að sinna eftirliti		4
Járnþrep, stigar og handriði fyrir mannop og brunna til að sinna eftirliti		4
Skiljur (e. *separator*)		4
Hlerar fyrir mannop og niðurfallsristar		1

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Að því er varðar allar vörur, sem tilgreindar eru í fyrsta dálki í töflu 1, ákvarðast kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, með hliðsjón af undirflokkum varanna, sem hér segir:

Undirflokkar vara	Viðeigandi kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, eins og sett er fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011
Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. með því að bæta eldtefjandi efnum við eða takmarka lífræn efni)	1
Vörur þar sem viðeigandi, evrópskur lagagrunnur er fyrir hendi til að flokka viðbrögð þeirra við bruna að því er nothæfi varðar, án prófunar	4
Vörur sem falla ekki undir undirflokkana sem tilgreindir eru í röð 1 og 2	3

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/107 **2016/EES/44/10**

frá 27. janúar 2016

um að samþykkja ekki sýbútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir sýbútrín.

2) Sýbútrín hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vöruflokki 21, gróðurhindrandi efni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 21 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Holland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 7. apríl 2011 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([4]).

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 21 og innihalda sýbútrín, uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Í þeim sviðsmyndum sem metnar voru við mat á umhverfisáhættu greindist óviðunandi áhætta.

6) Því er ekki rétt að samþykkja sýbútrín til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Sýbútrín (EB-nr. 248-872-3, CAS-nr. 28159-98-0) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/108 **2016/EES/44/11**

frá 27. janúar 2016

um að samþykkja ekki 2-bútanon, peroxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (1), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 (2) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir 2-bútanon, peroxíð.

2) Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 hefur Efnastofnun Evrópu tilkynnt framkvæmdastjórninni að allir þátttakendur hafi hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni fyrir 2-bútanon, peroxíð til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.

3) Því ætti ekki að samþykkja 2-bútanon, peroxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

2-bútanon, peroxíð (EB-nr. 215-661-2, CAS-nr. 1338-23-4) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1 og 2.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/109 **2016/EES/44/12**

frá 27. janúar 2016

um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir PHMB (1600; 1.8).

2) PHMB (1600; 1.8) hefur verið metið fyrir notkun í vöruflokki 1, hreinlætisvörur fyrir fólk, vöruflokki 6, rotvarnarefni fyrir vörur meðan á geymslu stendur og vöruflokki 9, rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjölliðuð efni, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 5. september 2013, 8. október 2013 og 14. febrúar 2014, í þeirri röð.

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 16. og 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokka 1, 6 og 9 og innihalda PHMB (1600; 1.8) uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Að því er varðar þessa vöruflokka sýndu þær sviðsmyndir sem metnar voru við mat á áhættu fyrir heilbrigði manna og við mat á umhverfisáhættu óviðunandi áhættu.

6) Því er ekki rétt að samþykkja PHMB (1600; 1.8) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

PHMB (1600; 1.8) (EB-nr. ekki úthlutað, CAS-nr. 27083-27-8 og 32289-58-0) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 6 og 9.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/130 **2016/EES/44/13**

frá 1. febrúar 2016

um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]), einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 eru settar fram tækniforskriftir fyrir smíði, prófun, uppsetningu og skoðun stafrænna ökurita.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 ([2]) var innleiddur aðlögunarbúnaður sem bráðabirgðalausn til 31. desember 2013, til að gera kleift að setja upp ökurita, í samræmi við I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, í ökutæki af gerð M1 og N1.

3) Reglugerð (EBE) nr. 3821/85 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2014 ([3]) til að framlengja gildistíma aðlögunarbúnaðar til 31. desember 2015.

4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 ([4]) hefur komið í stað reglugerðar (EBE) nr. 3821/85. Í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 gilda ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 þó áfram, þ.m.t. I. viðauka B, til bráðabirgða fram að þeim degi þegar framkvæmdargerðirnar sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 165/2014 koma til framkvæmda.

5) Í 5. forsendu í reglugerð (ESB) nr. 165/2014 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin muni íhuga að framlengja gildistíma aðlögunarbúnaðar fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 til 2015 og taka til frekari athugunar langtímalausn fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 fyrir 2015.

6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar sem nefnist „Stafrænir ökuritar: vegvísir fyrir framtíðaraðgerðir“ ([5]), sem fylgdi tillögu að reglugerð (ESB) nr. 165/2014, er gert ráð fyrir 2 ára tímaramma fyrir undirbúning og aðlögun á viðaukum og viðbætum í kjölfar samþykktar reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

7) Í tækniforskriftunum sem tengjast framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 165/2014 ætti að mæla fyrir um varanlega lausn varðandi aðlögunarbúnaðinn. Samkvæmt meginreglunni um lögmætar væntingar ætti því að framlengja möguleikann á að nota aðlögunarbúnaðinn fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 a.m.k. þar til þessar tækniforskriftir og framkvæmdargerðir hafa verið samþykktar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 frá 23. janúar 2009 um níundu aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2014 frá 30. október 2014 um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 19).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

([5]) COM(2011) 454 lokagerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er breytt sem hér segir:

Í I. hluta, Skilgreiningar, í fyrsta undirlið í rr-lið, komi dagsetningin „31. desember 2016“ í stað „31. desember 2015“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/355 2016/EES/44/14

frá 11. mars 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi gelatín, kollagen og mikið unnar afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í þeirri reglugerð er einkum kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja beri að tryggja að sértækar kröfur er varða hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem eru ætluð til manneldis, séu uppfylltar.

2) Nauðsynlegt er að tryggja að hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni til manneldis komi frá upptökum sem uppfylla kröfur um heilbrigði manna og dýra sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.

3) Sambandið er mjög háð innflutningi á hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni. Starfsstöðvar sem framleiða þessi hráefni beita sérstakri meðhöndlun til að útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem tengist þessum hráefnum. Því er rétt að heimila þá meðhöndlun fyrir setningu á markað í Sambandinu.

4) Rétt þykir að aðlaga kröfurnar er varða framleiðsluferlið fyrir kollagen til að heimila hagnýtar breytingar í þeim tilvikum þar sem breyting hefur ekki í för með sér breytingu á lýðheilsuvernd.

5) Aðlaga ætti greiningaraðferðir til sannprófunar á hámarksgildum leifa í gelatíni og kollageni að hentugustu og nýjustu fullgiltu aðferðunum.

6) Til að tryggja öryggi tiltekinna, mikið unninna afurða, til að tryggja framfylgd ákvæða Evrópusambandsins og til að tryggja sanngjarna samkeppni, að því er varðar hráefni sem koma frá Sambandinu og frá þriðju löndum, er rétt að samræma skilyrði og mæla fyrir um sértækar kröfur er varða framleiðslu á tilteknum, mikið unnum afurðum úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis. Innflutningur á öðrum afurðum úr dýraríkinu, sem ekki er mælt fyrir um sértækar kröfur um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, er enn leyfður í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 ([2]).

7) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2016, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 frá 31. október 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtíð. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum XIV. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar I. kafla komi eftirfarandi:

„4. a) Hráefni sem hafa ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frystingu eða snöggfrystingu til að tryggja geymsluþol þeirra skulu vera frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.

b) Heimilt er að nota eftirfarandi meðhöndluð hráefni:

i. bein, önnur en sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess og hafa fengið eina af eftirtöldum meðhöndlunum:

— mölun í u.þ.b. 15 mm stykki og fituhreinsun með heitu vatni við hitastig sem nemur a.m.k 70 °C í a.m.k. 30 mínútur, a.m.k. 80 °C í a.m.k. 15 mínútur eða a.m.k. 90 °C í a.m.k. 10 mínútur og síðan aðskilin og í kjölfarið þvegin og þurrkuð í a.m.k. 20 mínútur í heitum loftstraumi með byrjunarhitastig sem nemur a.m.k. 350 °C, eða í 15 mínútur í heitum loftstraumi með byrjunarhitastig sem er yfir 700 °C,

— sólþurrkun í a.m.k. 42 daga við meðalhita sem nemur a.m.k. 20 °C,

— sýrumeðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum haldist undir pH-gildinu 6 í a.m.k. eina klukkustund fyrir þurrkun,

ii. húðir og skinn af öldum jórturdýrum, húðir af svínum, húðir af alifuglum og húðir og skinn af villtum veiðidýrum, sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess og hafa fengið eina af eftirtöldum meðhöndlunum:

— basameðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum verði pH > 12 og í kjölfarið söltun í a.m.k. 7 daga,

— þurrkun í a.m.k. 42 daga við hitastig sem nemur a.m.k. 20 °C,

— sýrumeðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum haldist undir pH-gildinu 5 í a.m.k. eina klukkustund,

— basameðhöndlun sem er viðhaldið við pH-gildið > 12 í a.m.k. 8 klukkustundir,

iii. bein, önnur en sérstakt áhættuefni sem er skilgreint í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, húðir og skinn af öldum jórturdýrum, húðir af svínum, húðir af alifuglum, fiskroð og húðir af villtum veiðidýrum og skinn sem hafa fengið aðra meðhöndlun en tilgreint er í i. eða ii. lið og sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.

Að því er varðar fyrstu tvo undirliði ii. liðar í b-lið má flutningstíminn vera innifalinn í tímalengd meðhöndlunar.

Meðhöndluðu hráefnin, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar, skulu vera úr:

— tömdum og öldum jórturdýrum, svínum og alifuglum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og skrokkarnir hafa talist hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun, eða

— villtum dýrum sem voru felld og skrokkarnir hafa talist hæfir til manneldis að lokinni skoðun eftir slátrun.“

b) Í II. kafla bætist eftirfarandi 3. liður við:

„3. Að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og með fyrirvara um skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu hráefni til framleiðslu á gelatíni til manneldis, sem gerð er krafa um dýraheilbrigðisvottun fyrir, flutt beint til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum.

Gera skal allar varúðarráðstafanir, þ.m.t. örugg förgun aukaafurða úr dýrum, úrgangs, ónotaðs efnis eða afgangsefnis, til að komast hjá hættu á útbreiðslu sjúkdóma til dýra.“

c) Í stað IV. kafla komi eftirfarandi:

„IV. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FULLUNNAR AFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að gelatín sé í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir efnaleifar í eftirfarandi töflu:

Efnaleif	Viðmiðunarmörk
As	1 milljónarhluti
Pb	5 milljónarhlutar
Cd	0,5 milljónarhluti
Hg	0,15 milljónarhluti
Cr	10 milljónarhlutar
Cu	30 milljónarhlutar
Zn	50 milljónarhlutar
SO_2 (Evrópska lyfjaskráin, nýjasta útgáfa)	50 milljónarhlutar
H_2O_2 (Evrópska lyfjaskráin, nýjasta útgáfa)	10 milljónarhlutar“

2) Ákvæðum XV. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar í inngangínum komi eftirfarandi:

„1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða kollagen, skulu sjá til þess að kröfurnar í þessum þætti séu uppfylltar. Með fyrirvara um önnur ákvæði skulu afurðir úr kollageni framleiddar úr kollageni sem er í samræmi við kröfurnar í þessum þætti.“

b) Í stað 4. liðar I. kafla komi eftirfarandi:

„4. a) Hráefni sem hafa ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frystingu eða snöggfrystingu til að tryggja geymsluþol þeirra skulu vera frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.

b) Heimilt er að nota eftirfarandi meðhöndluð hráefni:

i. bein, önnur en sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess og hafa fengið eina af eftirtöldum meðhöndlunum:

— mölun í u.þ.b. 15 mm stykki og fituhreinsun með heitu vatni við hitastig sem nemur a.m.k 70 °C í a.m.k. 30 mínútur, a.m.k. 80 °C í a.m.k. 15 mínútur eða a.m.k. 90 °C í a.m.k. 10 mínútur og síðan aðskilin og í kjölfarið þvegin og þurrkuð í a.m.k. 20 mínútur í heitum loftstraumi með byrjunarhitastig sem nemur a.m.k. 350 °C, eða í 15 mínútur í heitum loftstraumi með byrjunarhitastig sem er yfir 700 °C,

— sólþurrkun í a.m.k. 42 daga við meðalhita sem nemur a.m.k. 20 °C,

— sýrumeðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum haldist undir pH-gildinu 6 í a.m.k. eina klukkustund fyrir þurrkun,

ii. húðir og skinn af öldum jórturdýrum, húðir af svínum, húðir af alifuglum og húðir og skinn af villtum veiðidýrum, sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess og hafa fengið eina af eftirtöldum meðhöndlunum:

— basameðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum verði pH > 12 og í kjölfarið söltun í a.m.k. 7 daga,

— þurrkun í a.m.k. 42 daga við hitastig sem nemur a.m.k. 20 °C,

— sýrumeðhöndlun þannig að sýrustigið í kjarnanum haldist undir pH-gildinu 5 í a.m.k. eina klukkustund,

— basameðhöndlun sem er viðhaldið við pH-gildið > 12 í a.m.k. 8 klukkustundir,

iii. bein, önnur en sérstakt áhættuefni sem er skilgreint í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, húðir og skinn af öldum jórturdýrum, húðir af svínum, húðir af alifuglum, fiskroð og húðir af villtum veiðidýrum og skinn sem hafa fengið aðra meðhöndlun en tilgreint er í i. eða ii. lið og sem koma frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.

Að því er varðar fyrstu tvo undirliði ii. liðar í b-lið má flutningstíminn vera innifalinn í tímalengd meðhöndlunar.

Meðhöndluðu hráefnin, sem um getur í b-lið, skulu vera úr:

— tömdum og öldum jórturdýrum, svínum og alifuglum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og skrokkarnir hafa talist hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun, eða

— villtum dýrum sem voru felld og skrokkarnir hafa talist hæfir til manneldis að lokinni skoðun eftir slátrun.“

c) Í II. kafla bætist eftirfarandi 3. liður við:

„3. Að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og með fyrirvara um skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu hráefni til framleiðslu á kollageni til manneldis, sem gerð er krafa um dýraheilbrigðisvottun fyrir, flutt beint til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum.

Gera skal allar varúðarráðstafanir, þ.m.t. örugg förgun aukaafurða úr dýrum, úrgangs, ónotaðs efnis eða afgangsefnis, til að komast hjá hættu á útbreiðslu sjúkdóma til dýra.“

d) Í stað 1. liðar III. kafla komi eftirfarandi:

„1. Í framleiðsluferlinu fyrir kollagen skal sjá til þess:

a) að allt efni úr beinum jórturdýra, sem eru fædd, alin eða slátrað í löndum eða á svæðum þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða hún er óskilgreind eins og skilgreint er í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, fari í gegnum vinnsluferli, sem tryggir að allt efni úr beinunum sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% styrkleika að lágmarki og pH-gildi < 1,5) í minnst tvo daga; þessari meðhöndlun skal fylgt eftir með pH-stillingu með sýru eða basa og því næst:

i. annað hvort skolun í eitt eða fleiri skipti og a.m.k. eitt af eftirfarandi vinnsluferlum:

— síun,

— mölun,

— útdráttur,

ii. eða jafngilt og samþykkt vinnsluferli,

b) að hráefni, annað en það sem um getur í a-lið, fái meðhöndlun með þvotti, pH-stillingu með sýru eða basa og því næst:

i. annað hvort skolun í eitt eða fleiri skipti og a.m.k. eitt af eftirfarandi vinnsluferlum:

— síun,

— mölun,

— útdráttur,

ii. eða jafngilt og samþykkt vinnsluferli.“

e) Í stað IV. kafla komi eftirfarandi:

„IV. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FULLUNNAR AFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að kollagen sé í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir efnaleifar í eftirfarandi töflu:

Efnaleif	Viðmiðunarmörk
As	1 milljónarhlutar
Pb	5 milljónarhlutar
Cd	0,5 milljónarhluti
Hg	0,15 milljónarhluti
Cr	10 milljónarhlutar
Cu	30 milljónarhlutar

Efnaleif	Viðmiðunarmörk
Zn	50 milljónarhlutar
SO_2 (Evrópska lyfjaskráin, nýjasta útgáfa)	50 milljónarhlutar
H_2O_2 (Evrópska lyfjaskráin, nýjasta útgáfa)	10 milljónarhlutar“

3) Eftirfarandi XVI. þáttur bætist við:

„XVI. ÞÁTTUR: MIKIÐ UNNIÐ KONDRÓITÍNSÚLFAT, HÝALÚRÓNSÝRA, AÐRAR VATNSROFNAR BRJÓSKAFURÐIR, KÍTÓSAN, GLÚKÓSAMÍN, OSTAHLEYPIR, FISKILÍM OG AMÍNÓSÝRUR

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða eftirfarandi mikið unnar afurðir úr dýraríkinu:

   a) kondróitínsúlfat,

   b) hýalúrónsýru,

   c) aðrar vatnsrofnar brjóskafurðir,

   d) kítósan,

   e) glúkósamín,

   f) ostahleypi,

   g) fiskilím,

   h) amínósýrur sem eru samþykktar sem matvælaaukefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (*),

   skulu tryggja að meðhöndlun hráefnanna, sem notuð eru, eyði allri áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna.

2. Hráefni, sem notuð eru til framleiðslu á mikið unnu afurðunum sem um getur í 1. lið, skulu vera úr:

   a) dýrum, þ.m.t. fjöðrum þeirra, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og skrokkarnir hafa talist hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun, eða

   b) lagarfurðum sem eru í samræmi við ákvæði VIII. þáttar.

   Ekki má nota mannshár til að framleiða amínósýrur.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2294 2016/EES/44/15

frá 9. desember 2015

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til þess að fastsetja nýjan virkan hóp fóðuraukefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) 1831/2003 er kveðið á um að flokka skuli fóðuraukefni í flokka og ennfremur í virka hópa innan þessara flokka eftir virkni þeirra og eiginleikum.

2) Vegna þróunar á sviði tækni og vísinda geta sum fóðuraukefni bætt hollustusamlegt ástand fóðurs, einkum með því að draga úr sértækri örverumengun og minnka þar með hugsanleg skaðleg áhrif örvera á heilbrigði dýra.

3) Til viðbótar því að koma kröfum um hollustuhætti og góðar starfsvenjur í öllu fóðurferlinu í framkvæmd gætu stjórnendur, í sérstökum tilvikum, þurft að nota efni, sem bæta hollustusamlegt ástand, til að bæta gæði fóðurs og veita þar með viðbótarábyrgðir fyrir vernd dýraheilbrigðis og lýðheilsu. Þar eð ekki er unnt að flokka slík fóðuraukefni í neinn þeirra virku hópa sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er nauðsynlegt að bæta nýjum, virkum hópi við í flokkinn „tæknileg aukefni“.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1831/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður n) bætist við í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

„n) efni sem bæta hollustusamlegt ástand: efni eða, ef við á, örverur sem hafa góð áhrif á hollustusamlega eiginleika fóðurs með því að draga úr sértækri örverumengun.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/46 2016/EES/44/16

frá 18. janúar 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir oxadixýl og spínetóram í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 16. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir oxadixýl og spínetóram.

2) Að því er varðar oxadixýl eru í reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2012 ([2]), fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir nokkrar afurðir vegna þrávirkni virka efnisins í jarðvegi. Framkvæmdastjórnin hvatti aðildarríkin til að deila vöktunargögnum um tilvist efnisins í vörunum sem um er að ræða. Framlögð gögn sýna að ekki finnast lengur leifar sem eru ofan við viðkomandi magngreiningarmörk í blaðlaukum og í rótar- og hnýðisgrænmetisflokki. Því er rétt að lækka bráðabirgðahámarksgildi leifa niður í slík gildi. Hins vegar finnast enn leifar af oxadixýli í steinselju, hnúðsillu og í flokknum salat og salatplöntur. Vöktunargögn sýna að bráðabirgðahámarksgildi leifa, sem nemur 0,05 mg/kg, nær yfir það á fullnægjandi hátt ef oxadixýl kemur fyrir í þessum vörum. Því er rétt að lækka þessi bráðabirgðahámarksgildi leifa í 0,05 mg/kg. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar spínetóram var hámarksgildi leifa, sem Alþjóðamatvælaskrárráðið fastsetti fyrir kjöt af spendýrum, öðrum en sjávarspendýrum, skráð í reglugerð (EB) nr. 396/2005 ([3]) með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2010. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2013 ([4]) kom í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Í þeim I. viðauka kom m.a. færslan fyrir „vöðvar af spendýrum“ í stað færslunnar fyrir „kjöt af spendýrum“ (kóðar 1011010, 1012010, 1013010, 1014010, 1015010 og 1017010). Á þeim tíma voru hámarksgildi leifa ekki aðlöguð til að endurspegla breyttu flokkana. Þar eð efnið er fituleysanlegt og búast má við leifum í efnivið úr fitu er rétt að kveða á um slíka aðlögun með því að leiðrétta hámarksgildi leifa fyrir flokkana fituvefur af spendýrum og vöðvar af spendýrum.

4) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

6) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt með þessari reglugerð og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 19.1.2016, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2012 frá 4. júlí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, kaptan, sýpródiníl, flúópíkólíð, hexýþíasox, ísóprópíólan, metaldehýð, oxadixýl og fosmet í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð.ESB L 176, 6.7.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2010 frá 27. maí 2010 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir tiltekin varnarefni í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð ESB L 129, 28.5.2010, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2013 frá 11. mars 2013 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar viðbætur og breytingar varðandi vörur sem falla undir þann viðauka (Stjtíð ESB L 68, 12.3.2013, bls. 30).

7) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar fyrir 8. febrúar 2016.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálkanna fyrir oxadixýl og spínetóram í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni-númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um [a]	Oxadixýl	Spinetóram (XDE-175)
1)	2)	3)	4)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	0,01 (*)	
0110000	**Sítrusávextir**		0,2
0110010	Greipaldin		
0110020	Appelsínur		
0110030	Sítrónur		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur		
0110990	Annað		
0120000	**Trjáhnetur**		0,05 (*)
0120010	Möndlur		
0120020	Parahnetur		
0120030	Kasúhnetur		
0120040	Hestakastaníuhnetur		
0120050	Kókoshnetur		
0120060	Heslihnetur		
0120070	Goðahnetur		
0120080	Pekanhnetur		
0120090	Furuhnetukjarnar		
0120100	Pistasíuhnetur		
0120110	Valhnetur		
0120990	Annað		
0130000	**Kjarnaávextir**		0,2
0130010	Epli		
0130020	Perur		
0130030	Kveði		
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli/japansplómur		
0130990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0140000	**Steinaldin**		
0140010	Apríkósur		0,2
0140020	Kirsuber (sæt)		0,05 (*)
0140030	Ferskjur		0,3
0140040	Plómur		0,05 (*)
0140990	Annað		0,05 (*)
0150000	**Ber og smá aldin**		
0151000	a) *Þrúgur*		0,5
0151010	Vínber til neyslu		
0151020	Vínþrúgur		
0152000	b) *Jarðarber*		0,2
0153000	c) *Klungurber*		
0153010	Brómber		0,05 (*)
0153020	Daggarber		0,05 (*)
0153030	Hindber (rauð og gul)		0,8
0153990	Annað		0,05 (*)
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*		
0154010	Bláber		0,2
0154020	Trönuber		0,05 (*)
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber		0,05 (*)
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)		0,05 (*)
0154050	Rósaldin		0,05 (*)
0154060	Mórber (svört og hvít)		0,05 (*)
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin		0,05 (*)
0154080	Ylliber		0,05 (*)
0154990	Annað		0,05 (*)
0160000	**Ýmis aldin með:**		0,05 (*)
0161000	a) *Ætu hýði*		
0161010	Döðlur		
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur		
0161050	Stjörnualdin		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuplómur		
0161990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*		
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		
0162020	Litkaber		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörnuepli		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		
0162990	Annað		
0163000	c) *Óætu hýði, stór*		
0163010	Lárperur		
0163020	Bananar		
0163030	Mangó		
0163040	Papæjualdin		
0163050	Granatepli		
0163060	Morgunberkjur		
0163070	Gvövur		
0163080	Ananas		
0163090	Brauðaldin		
0163100	Dáraaldin		
0163110	Nónberkjur		
0163990	Annað		
0200000	**NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**		
0210000	**Rótarávextir og hnýði**	**0,01** (*)	0,05 (*)
0211000	a) *Kartöflur*		
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*		
0212010	Kassavarætur		
0212020	Sætar kartöflur		
0212030	Mjölrótarhnýði		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað		
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*		
0213010	Rauðrófur		
0213020	Gulrætur		
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		
0213040	Piparrót		
0213050	Ætihnúðar		
0213060	Nípur		

1)	2)	3)	4)
0213070	Steinseljurætur		
0213080	Hreðkur		
0213090	Hafursrætur		
0213100	Gulrófur		
0213110	Næpur		
0213990	Annað		
0220000	**Laukar**	0,01 (*)	
0220010	Hvítlaukur		0,05 (*)
0220020	Laukar		0,05 (*)
0220030	Skalottlaukar		0,05 (*)
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		0,8
0220990	Annað		0,05 (*)
0230000	**Aldingrænmeti**	0,01 (*)	
0231000	a) *Náttskuggaætt*		0,5
0231010	Tómatar		
0231020	Paprikur		
0231030	Eggaldin		
0231040	Okrur		
0231990	Annað		
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*		0,2
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar		
0232990	Annað		
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*		0,05 (*)
0233010	Melónur		
0233020	Risagrasker		
0233030	Vatnsmelónur		
0233990	Annað		
0234000	d) *Sykurmaís*		0,05 (*)
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*		0,05 (*)
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	0,01 (*)	0,05 (*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*		
0241010	Spergilkál		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0242000	b) *Kálhöfuð*		
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál		
0242990	Annað		
0243000	c) *Blaðkál*		
0243010	Kínakál		
0243020	Grænkál		
0243990	Annað		
0244000	d) *Hnúðkál*		
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**		
0251000	a) *Salat og salatplöntur*	**0,05** (+)	
0251010	Vorsalat/strábrúða		0,05 (*)
0251020	Salat		10
0251030	Breiðblaða salatfíflar		0,05 (*)
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar		0,05 (*)
0251050	Vetrarkarsi		0,05 (*)
0251060	Klettasalat		0,05 (*)
0251070	Sinnepskál		0,05 (*)
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)		0,05 (*)
0251990	Annað		0,05 (*)
0252000	b) *Spínat og áþekk blöð*	0,01 (*)	0,05 (*)
0252010	Spínat		
0252020	Súpugull		
0252030	Blaðbeðjur		
0252990	Annað		
0253000	c) *Vínviðarlauf og áþekkar tegundir*	0,01 (*)	0,05 (*)
0254000	d) *Brunnperla*	0,01 (*)	0,05 (*)
0255000	e) *Jólasalat/salatfíflar*	0,01 (*)	0,05 (*)
0256000	f) *Kryddjurtir og æt blóm*		0,05 (*)
0256010	Kerfill	0,01 (*)	
0256020	Graslaukur	0,01 (*)	
0256030	Blöð af selleríi	0,01 (*)	
0256040	Steinselja	**0,05** (+)	
0256050	Salvía	0,01 (*)	
0256060	Rósmarín	0,01 (*)	
0256070	Garðablóðberg	0,01 (*)	

1)	2)	3)	4)
0256080	Basilíka og æt blóm	0,01 (*)	
0256090	Lárviðarlauf	0,01 (*)	
0256100	Fáfnisgras	0,01 (*)	
0256990	Annað	0,01 (*)	
0260000	**Belgávextir**	0,01 (*)	
0260010	Baunir (með fræbelg)		0,1
0260020	Baunir (án fræbelgs)		0,05 (*)
0260030	Ertur (með fræbelg)		0,1
0260040	Ertur (án fræbelgs)		0,05 (*)
0260050	Linsubaunir		0,05 (*)
0260990	Annað		0,05 (*)
0270000	**Stöngulgrænmeti**		0,05 (*)
0270010	Sperglar	0,01 (*)	
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)	
0270030	Sellerí	**0,05** (+)	
0270040	Hnúðfenníkur	0,01 (*)	
3) Hámarksgildi eru nú þegar fyrir hendi fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur. Í því skyni að tryggja enn frekar að haldið verði áfram að minnka fæðutengd váhrif á ungbörn og smábörn ætti að lækka gildandi hámarksgildi og fastsetja ný hámarksgildi fyrir unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn og drykki sem þessi viðkvæmi neytendahópur neytir í miklum mæli.

4) Ný gögn um tilvik sýna að nokkrar af gildandi undanþágum frá sjálfgefnum hámarksgildum eru ekki lengur nauðsynlegar vegna þess að hægt er að fylgja sjálfgefnum hámarksgildum með því að fylgja góðum starfsvenjum eða vegna þess að unnt er að ná lægri hámarksgildum. Þess vegna eru sérstök hámarksgildi ekki lengur nauðsynleg fyrir kál, annað en blaðkál, fersk belgaldin, flest ber og smá aldin en lækka ætti gildandi hámarksgildi fyrir smokka, flest aldingrænmeti, flesta aldinsafa, vín og kryddvín.

5) Að því er varðar hafursrætur er erfitt að fara að gildandi hámarksgildum. Vegna þess að neysla á þessari verslunarvöru er lítil og áhrif á váhrif á menn eru óveruleg þykir rétt að hækka hámarksgildi fyrir blý fyrir hafursrætur.

6) Afbrigðilegar niðurstöður um mikið magn af blýi í hunangi hafa leitt til framfylgdaraðgerða aðildarríkjanna við mismunandi blýgildi. Mismunandi reglur, sem aðildarríkin hafa samþykkt, geta hindrað starfsemi sameiginlega markaðarins og því ætti að fastsetja samræmt hámarksgildi fyrir blý í hunangi.

7) Þar eð neysla á tei og jurtatei getur stuðlað að umtalsverðum fæðutengdum váhrifum ætti að fastsetja hámarksgildi fyrir þessar verslunarvörur. Þar eð gögn um þurrkuð telauf og þurra hluta af öðrum plöntum til tilreiðslu á jurtatei, sem gera það kleift að fastsetja slíkt hámarksgildi, eru ekki fyrir hendi ætti þó að safna gögnum um tilvik með það fyrir augum að fastsetja hugsanlega sérstakt hámarksgildi í framtíðinni.

8) Löggjöf er varðar unnin matvæli með korn sem uppistöðu, barnamat fyrir ungbörn og smábörn og sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi hefur verið skipt út og því er nauðsynlegt að breyta tilteknum neðanmálsgreinum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM) um blý í matvælum (Scientific Opinion on Lead in Food). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1570.

9) Aðildarríki og stjórnendur matvælafyrirtækja ættu að fá tíma til að aðlagast nýju hámarksgildunum sem eru fastsett með þessari reglugerð. Af þeim sökum ætti að fresta gildistökudegi hámarksgilda fyrir blý.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Hámarksgildi fyrir blý, sem sett eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, skulu gilda frá 1. janúar 2016. Matvæli sem ekki eru í samræmi við þessi hámarksgildi, sem eru sett á markað á löglegan hátt fyrir 1. janúar 2016, má áfram setja á markað eftir þann dag til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað undirliðar 3.1 (blý) komi eftirfarandi:

„3.1	Blý	
3.1.1	Hrámjólk ([6]), hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk	0,020
3.1.2	Ungbarnablöndur og stoðblöndur	
	sett á markað í duftformi ([8]) ([29])	0,050
	sett á markað í fljótandi formi ([8]) ([29])	0,010
3.1.3	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ([3]) ([29]) önnur en í lið 3.1.5	0,050
3.1.4	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ([9]) sem eru sérstaklega ætluð ungbörnum og smábörnum	
	sett á markað í duftformi ([29])	0,050
	sett á markað í fljótandi formi ([29])	0,010
3.1.5	Drykkir fyrir ungbörn og smábörn, merktir og seldir sem slíkir, aðrir en þeir sem getið er í liðum 3.1.2 og 3.1.4	
	settir á markað í fljótandi formi eða sem á að endurgera með því að bæta vatni í þá samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, þ.m.t. aldinsafar ([4])	0,030
	sem á að tilreiða með því að laga seyði eða með seyðingu ([29])	1,50
3.1.6	Kjöt (að undanskildum sláturmat) af nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,10
3.1.7	Sláturmatur af nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum ([6])	0,50
3.1.8	Fiskhold ([24]) ([25])	0,30
3.1.9	Smokkar ([52])	0,30
3.1.10	Krabbadýr ([26]) ([44])	0,50
3.1.11	Samlokur ([26])	1,50
3.1.12	Kornvörur og belgjurtir	0,20
3.1.13	Grænmeti, að undanskildu blaðkáli, hafursrótum, blaðgrænmeti & ferskum kryddjurtum, sveppum, þangi og þara og aldingrænmeti ([27]) ([53])	0,10
3.1.14	Blaðkál, hafursrætur, blaðgrænmeti að undanskildum ferskum kryddjurtum og eftirfarandi sveppum: *Agaricus bisporus* (ætisveppur), *Pleurotus ostreatus* (ostruvængur), *Lentinula edodes* (tókasveppur) ([27])	0,30
3.1.15	Aldingrænmeti	

	sykurmaís ([27])	0,10
	annað en sykurmaís ([27])	0,05
3.1.16	Aldin, að undanskildum trönuberjum, rifsberjum og sólberjum, ylliberjum og aldinum jarðarberjatrés ([27])	0,10
3.1.17	Trönuber, rifsber og sólber, ylliber og aldin jarðarberjatrés ([27])	0,20
3.1.18	Fita og olíur, þ.m.t. mjólkurfita	0,10
3.1.19	Aldinsafar, þykktir aldinsafar sem búið er að endurgera með því að bæta vatni í þá og ávaxtanektar	
	einungis úr berjum og öðrum smáum aldinum ([14])	0,05
	úr aldinum, öðrum en berjum og öðrum smáum aldinum ([14])	0,03
3.1.20	Vín, (þ.m.t. freyðivín, að undanskildu líkjörvíni), eplavín, peruvín og ávaxtavín ([11])	
	Afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2001 til ávaxtauppskeru ársins 2015	0,20
	Afurðir sem eru framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2016	0,15
3.1.21	Kryddvín, drykkir, að stofni til úr kryddvíni og hanastél, blönduð með kryddvíni ([13])	
	Afurðir sem eru framleiddar úr ávaxtauppskeru ársins 2001 til ávaxtauppskeru ársins 2015	0,20
	Afurðir sem eru framleiddar frá og með ávaxtauppskeru ársins 2016	0,15
3.1.22	Fæðubótarefni ([39])	3,0
3.1.23	Hunang	0,10“

2) Í stað neðanmálsgreinar 3 komi eftirfarandi neðanmálsgrein:

„([3]) Matvæli í þessum flokki eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).“

3) Neðanmálsgreinar 8 og 9 falli brott. Í stað tilvísana í neðanmálsgreinar 8 og 9 komi tilvísun í neðanmálsgrein 3.

4) Í stað neðanmálsgreinar 11 komi eftirfarandi neðanmálsgrein:

„([11]) Vín og freyðivín eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).“

5) Í stað neðanmálsgreinar 13 komi eftirfarandi neðanmálsgrein:

„([13]) Matvæli í þessum flokki eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

Hámarksgildi okratoxíns A sem á við um þessa drykki er háð hlutfalli víns og/eða þrúgumusts sem finnst í fullunninni afurð.“

6) Í stað neðanmálsgreinar 16 komi eftirfarandi neðanmálsgrein:

„([16]) Ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).“

7) Neðanmálsgrein 28 falli brott.

8) Í stað neðanmálsgreinar 44 komi eftirfarandi neðanmálsgrein:

„([44]) Kjöt af vöðvum af útlimum og afturbol. Þessi skilgreining nær ekki yfir höfuðbol krabbadýra. Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (*Brachyura*) og krabbar af ættinni *Anomura*): kjöt af vöðvum af útlimum.“

9) Eftirfarandi neðanmálsgreinar 52 og 53 bætast við:

„([52]) Hámarksgildi á við um dýr eins og það er selt án innyfla.

([53]) Að því er varðar kartöflur eiga hámarksgildin við um afhýddar kartöflur.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1006 2016/EES/44/24

frá 25. júní 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganefndin) samþykkti álit 12. október 2009 um arsen í matvælum ([3]). Sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu í þessu áliti að bráðabirgðagildi fyrir þolanlega, vikulega inntöku (PTWI), sem sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheil brigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum setti og nemur 15 µg/kg líkamsþyngdar, eigi ekki lengur við þar eð gögn hafa sýnt að ólífrænt arsen veldur krabbameini í lungum og þvagblöðru sem og húðkrabbameini og að tilkynnt hafi verið um ýmis skaðleg áhrif við lægri váhrifagildi en fyrrgreind sameiginleg sérfræðinganefnd skoðaði.

3) Sérfræðinganefndin tilgreindi nokkur gildi viðmiðunarskammta við neðri öryggismörk ($BMDL_{01}$) á bilinu 0,3 til 8 µg/kg líkamsþyngdar á dag að því er varðar lungna-, húð- og þvagblöðrukrabbamein ásamt vefjaskemmdum í húð. Í vísindaálitinu var komist að þeirri niðurstöðu að áætluð fæðutengd váhrif vegna ólífræns arsens fyrir meðal- og stórneytendur í Evrópu væru innan styrkbilsins fyrir tilgreindu $BMDL_{01}$-gildin og því væri lítið eða ekkert svigrúm er kemur að váhrifamörkum og ekki er hægt að útiloka hugsanlega áhættu fyrir suma neytendur.

4) Í vísindaálitinu voru tilgreindir stórneytendur hrísgrjóna í Evrópu, s.s. tilteknir þjóðernishópar, og börn yngri en þriggja ára sem þeir hópar sem helst verða fyrir fæðutengdum váhrifum vegna ólífræns arsens. Fæðutengd váhrif vegna ólífræns arsens fyrir börn yngri en þriggja ára, þ.m.t. af völdum matvæla með hrísgrjón sem uppistöðu, eru almennt talin vera um tvisvar til þrisvar sinnum meiri en fyrir fullorðna.

5) Þar eð greining á ólífrænu arseni er áreiðanleg að því er varðar hrísgrjón og matvæli með hrísgrjón sem uppistöðu ætti að setja hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í hrísgrjónum og matvælum með hrísgrjón sem uppistöðu. Leggja ætti til aðgreind hámarksgildi með tilliti til arseninnihalds.

6) Vísindalegar upplýsingar um þörfina á sértæku hámarksgildi fyrir forsoðin, slípuð hrísgrjón eru mjög nýlegar. Því ættu aðildarríkin að safna viðbótargögnum fyrir 1. janúar 2018 um innihald ólífræns arsens í þessari verslunarvöru til að staðfesta þörfina á sértæku hámarksgildi fyrir þessa verslunarvöru og endurmeta hámarksgildið.

7) Gögn um tilvik sýna að hrísgrjónakökur, hrísgrjónaþynnur, hrísgrjónakex og mjúkar hrísgrjónakökur geta innihaldið mikið magn af ólífrænu arseni og þessar verslunarvörur geta átt mikinn þátt í fæðutengdum váhrifum fyrir ungbörn og smábörn. Því ætti að setja sértækt hámarksgildi fyrir þessar verslunarvörur.

8) Hrísgrjón eru mikilvægt innihaldsefni í ýmiss konar matvælum fyrir ungbörn og smábörn. Því ætti að setja sértækt hámarksgildi fyrir þessa verslunarvöru þegar hún er notuð sem innihaldsefni til framleiðslu á slíkum matvælum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) „Scientific Opinion on Arsenic in Food“. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2009 7(10), 1351.

9) Aðildarríki og stjórnendur matvælafyrirtækja ættu að fá tíma til að aðlagast nýju hámarksgildunum sem eru fastsett með þessari reglugerð. Af þeim sökum ætti að fresta gildistökudegi hámarksgilda fyrir arsen.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Hámarksgildi fyrir arsen í undirlið 3.5 (Ólífrænt arsen) í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, skulu gilda frá og með 1. janúar 2016.

Matvæli sem ekki eru í samræmi við þessi hámarksgildi, sem eru sett á markað á löglegan hátt fyrir daginn þegar hámarksgildin taka gildi, má áfram setja á markað eftir þann dag til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir undirlið 3.4 Ólífrænt tin:

„3.5	**Ólífrænt arsen** ([50]) ([51])	
3.5.1.	Ekki forsoðin, slípuð hrísgrjón (fægð eða hvít hrísgrjón)	0,20
3.5.2.	Forsoðin hrísgrjón og afhýdd hrísgrjón	0,25
3.5.3.	Hrísgrjónakökur, hrísgrjónaþynnur, hrísgrjónakex og mjúkar hrísgrjónakökur	0,30
3.5.4.	Hrísgrjón til framleiðslu á matvælum fyrir ungbörn og smábörn ([3])	0,10“

2) Eftirfarandi neðanmálsgreinar 50 og 51 bætast við:

„([50]) Summa As(III) og As(V)

([51]) Hrísgrjón, afhýdd hrísgrjón, slípuð hrísgrjón og forsoðin hrísgrjón eins og þau eru skilgreind í Codex-staðli 198-1995.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/54 2016/EES/44/25

frá 19. janúar 2016

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu gamma-glútamýlvalýlglýsíns á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Hinn 21. mars 2013 var lögð fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um leyfi fyrir notkun á gamma-glútamýlvalýlglýsíni [FL-númer: 17.038] sem bragðefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina og óskað eftir áliti hennar. Umsóknin var einnig gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á öryggi gamma-glútamýlvalýlglýsíns [FL-númer: 17.038] þegar það er notað sem bragðefni ([4]) og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess teldist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn sem bragðefni.

6) Skrá Sambandsins, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1334/2008, er eingöngu ætluð til að setja reglur um notkun bragðefna sem er bætt við matvæli til að gefa eða breyta ilmi og/eða bragði. Efni [FL-númer: 17.038] má einnig bæta við matvæli í öðrum tilgangi en sem bragðefni og um slíka notkun gilda áfram aðrar reglur. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um notkunarskilyrði sem varða eingöngu notkun á [FL-númer: 17.038] sem bragðefni.

7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(4), 3625.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta 2. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 bætist eftirfarandi færsla varðandi [FL-númer: 17.038] við í lok töflunnar:

„17.038	gamma-glútamýlvalýl-glýsín	338837-70-6		2123	Minna en 0,7% 5-oxó-L-prólýl-L-valýlglýsín og L-alfa-glútamýl-L-valýlglýsín, minna en 2,0% L-gamma-glýtamýl-L-valýl-L-valýlglýsín, tólúen ekki greinanlegt (greiningarmörk 10 mg/kg)	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 – hámark 50 mg/kg Í 2. og 5. flokki – hámark 60 mg/kg Í flokki 6.3, morgunkorn, – hámark 160 mg/kg Í flokki 7.2 – hámark 60 mg/kg Í flokki 8 – hámark 45 mg/kg Í flokki 12 – hámark 160 mg/kg Í flokki 14.1 – hámark 15 mg/kg Í flokki 15 – hámark 160 mg/kg		EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/55 2016/EES/44/26

frá 19. janúar 2016

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálsgreinar eru settar við þessi efni og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálsgreinum 1 til 4 í skránni.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur lokið matinu á 5 efnum sem eru sem stendur skráð sem bragðefni sem verið er að meta. Matvælaöryggisstofnunin mat þessi bragðefni í eftirfarandi mati á hópi bragðefna: mat FGE.12rev5 ([4]) (efni með FL-númer 07.041 og 07.224), FGE.63rev2 ([5]) (efni með FL-númer 07.099 og 07.101) og mat FGE.312 ([6]) (efni með FL-númer 16.126). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi bragðefnin teljist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn með fæðu.

6) Matvælaöryggisstofnunin gerði, sem hluta af mati sínu, athugasemdir við forskriftir nokkurra af þessum efnum. Athugasemdirnar tengjast nöfnum, hreinleika eða samsetningu eftirfarandi efna með FL-númerin: 07.041, 07.224 og 07.099. Þessum athugasemdum ætti að bæta við skrána.

7) Skrá Sambandsins, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1334/2008, er eingöngu ætluð til að setja reglur um notkun bragðefna sem er bætt við matvæli til að gefa eða breyta ilmi og/eða bragði. Efni [FL-númer: 16.126] má einnig bæta við matvæli í öðrum tilgangi en sem bragðefni og um slíka notkun gilda áfram aðrar reglur. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um notkunarskilyrði sem varða eingöngu notkun á efninu sem bragðefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 11(12), 3911.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 11(4), 3188.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3404.

8) Bragðefnin, sem metin voru í þessu mati, ætti að skrá sem metin efni með því að eyða tilvísununum í neðanmálsgreinar 1 og 2 í viðkomandi færslum í skrá Sambandsins.

9) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.041 komi eftirfarandi:

„07.041	beta-ísómetýljónón	79-89-0		650	Blanda af E/Z-hverfum (50–70% (E) og 30–50% (Z))			EFSA“

2) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.099 komi eftirfarandi:

„07.099	6-metýlhepta-3,5-díen-2-ón	1604-28-0	1134	11143	Blanda af E/Z-rúmhverfum: 60–90% (E)			EFSA“

3) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.101 komi eftirfarandi:

„07.101	4-metýlpent-3-en-2-ón	141-79-7	1131	11853				EFSA“

4) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.224 komi eftirfarandi:

„07.224	trans-1-(2,6,6-trímetýl-1-sýklóhexen-1-ýl)bút-2-en-1-ón	23726-91-2			Að minnsta kosti 90%; efnisþættir í minna magni: 2–4% α-damaskón og 2–4% δ-damaskón			EFSA“

5) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 16.126 komi eftirfarandi:

„16.126	3-[(4-amínó-2,2-díoxíð-1H-2,1,3-bensóþíadíasín-5-ýl)oxý]-2,2-dímetýl-N-própýlprópanamíð	1093200-92-0	2082			Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 – hámark 3 mg/kg. Í flokki 3 – hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 – hámark 15 mg/kg. Í flokki 5.3 – hámark 30 mg/kg. Í flokki 5.4 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 6.3 – hámark 15 mg/kg. Í flokki 7 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 12 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 – hámark 5 mg/kg. Í flokki 16, að undanskildum vörur sem falla undir flokka 1, 3 og 4 – hámark 5 mg/kg.		EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/56 2016/EES/44/27

frá 19. janúar 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Hinn 18. apríl 2013 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á rósmarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í smyrjanlega fitu, þ.e. í matvæli sem falla undir matvælaflokk 02.2.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Samkvæmt umsókninni þarf að nota rósmarínkjarna (E 392) til að viðhalda gæðum og stöðugleika smyrjanlegrar fitu með minna en 80% fituinnihaldi, þar sem innihald fjölómettaðra fitusýra er yfir 15% af þyngd heildarfitusýrunnar og/eða þar sem innihald fisklýsis eða þörungaolíu er yfir 2% af þyngd heildarfitusýrunnar, með því að verja hana skemmdum af völdum oxunar.

5) Hinn 7. mars 2008 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) álit ([3]) um notkun rósmarínkjarna sem matvælaaukefni. Á grundvelli öryggismarka, sem fást með því að notast við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif ([4]) úr mismunandi rannsóknum, þar sem hæsta prófaða skammtastærð miðaðist við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, og með því að áætla fæðutengd váhrif hóflega var komist að þeirri niðurstöðu að notkun rósmarínkjarna við tillagða notkun og notkunarmagn, eins og lýst er í vísindalega álitinu, skapi ekki öryggisvanda. Í álitinu var ekki fjallað um notkun rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu.

6) Hinn 7. maí 2015 gaf Matvælaöryggisstofnunin út álit ([5]) um rýmkun á notkun rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu. Við matið var tekið tillit til neyslu á ýrðum fitulausnum með fituinnihaldi sem er undir 80%. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tillögð rýmkun á notkun breytti ekki áætluðum váhrifum af völdum matvælaaukefnisins, samanborið við þá notkun sem þegar hefur verið leyfð, og að niðurstöður úr álitinu frá 7. mars 2008 séu enn í gildi.

7) Af þeim sökum er rétt að leyfa notkun á rósmarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í smyrjanlega fitu með fituinnihaldi undir 80% sem fellur undir matvælaflokk 02.2.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2008 721, 1-29.

([4]) Mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) — skammtur eða styrkur efnis sem er prófað þar sem engin skaðleg áhrif finnast.

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(5), 4090.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, matvælaflokkur 02.2.2 „Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir“, er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni um matvælaaukefnið E 385:

	„E 392	Rósmarínkjarni	100	(41) (46)	Einungis smyrjanleg fita með minna en 80% fituinnihaldi“

b) Eftirfarandi neðanmálsgreinar bætast við á eftir neðanmálsgrein (4):

		„(41): Gefið upp á grundvelli fituinnihalds
		(46): Sem summa karnósóls og karnóssýru“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/263 2016/EES/44/28

frá 25. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar fyrirsögn matvælaflokks 12.3 „Edik“ (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ([3]), 94/36/EB ([4]) og 95/2/EB ([5]) og eftir yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Skrá Evrópusambandsins inniheldur matvælaaukefni á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim í.

4) Matvælaflokkur 12 í D-hluta skrár Sambandsins nær yfir salt, krydd, súpur, sósur, salöt og prótínafurðir og inniheldur undirflokk 12.3 — edik. Í E-hluta skrár Sambandsins eru sett fram eftirfarandi leyfileg aukefni fyrir matvælaflokk 12.3: I. flokkur aukefni, karamellubrún litarefni (E 150a-d) og brennisteinsdíoxíð — súlfít (E 220–228) einungis í gerjuðu ediki.

5) Nota mætti ediksýru (einnig notuð sem matvælaaukefni E 260) sem matvæli eða innihaldsefni matvæla á sama hátt og edik úr landbúnaði, þegar hún er þynnt með vatni (4–30% miðað við rúmmál).

6) Í sumum aðildarríkjum er heitið „edik“ eingöngu heimilt fyrir edik sem fengist hefur með gerjun landbúnaðarafurða. Í öðrum aðildarríkjum eru þó bæði afurðir sem fengist hafa með þynningu ediksýru með vatni og edik sem fengist hefur með gerjun landbúnaðarafurða settar á markað undir heitinu „edik“.

7) Eftir viðræður við aðildarríki í starfshópi sérfræðinga stjórnvalda fyrir aukefni hefur komið í ljós að frá tæknilegu sjónarhorni eru matvælaaukefni fyrir þynnta ediksýru og fyrir edik úr landbúnaði jafn nauðsynleg. Því er rétt að endurskoða fyrirsögn matvælaflokks 12.3 „Edik“ til að tilgreina að hann nái yfir þynnta ediksýru (þynnt með vatni í 4–30% miðað við rúmmál), sem er hæf til manneldis, til að tryggja gagnsæi og réttarvissu varðandi notkun matvælaaukefna í viðkomandi matvælum.

8) Í yfirgripsmiklum gagnagrunni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um fæðuneyslu ([6]) eru veittar upplýsingar um fæðuneyslu innan Evrópusambandsins. Tölfræðilegar upplýsingar ná yfir gögn um neyslu ediks úr landbúnaði sem tekið er tillit til þegar Matvælaöryggisstofnunin framkvæmir mat á váhrifum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 26.2.2016, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

([6]) http://www.efsa.europa.eu/en/food-consumption/comprehensive-database

Þar eð þynnt ediksýra er notuð á sama hátt og edik úr landbúnaði er ekki búist við því að tillaga að breytingum, að því er varðar fyrirsögn matvælaflokks 12.3, hafi áhrif á váhrif af völdum aukefna sem leyfð eru til notkunar í þeim matvælaflokki.

9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð færsla þynntrar ediksýru á skrá í matvælaflokk 12.3 í D- og E-hluta skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir matvælaflokk 12.3 í D- og E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi eftirfarandi:

„12.3	Edik og þynnt ediksýra (þynnt með vatni í 4–30% miðað við rúmmál)“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/441 2016/EES/44/29

frá 23. mars 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun stevíólglýkósíða (E 960) sem sætuefni í sinnep (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Hinn 23. janúar 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á stevíólglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í sinnep. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Stevíólglýkósíð eru hitaeiningalaus, bragðsæt innihaldsefni sem má nota í stað súkrósa við framleiðslu á sinnepi og lengja þar með geymsluþol þess og auka örverufræðilegan stöðugleika (með því að minnka sykurinnihald er komið í veg fyrir gerjun þar sem sykur er undirstöðuefni) og jafnframt viðhalda þeim skynmatseiginleikum vörunnar sem krafist er. Ef leyft verður að nota stevíólglýkósíð í sinnep getur það aukið úrval þessarar vöru með tilkomu vöru sem inniheldur annað sætuefni en hefur verið notað hingað til og hefur örlítið aðra bragðeiginleika.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) mat öryggi stevíólglýkósíða, sem eru dregnir úr laufum plöntunnar *Stevia rebaudiana* Bertoni, sem sætuefnis og lét í ljós álit sitt 14. apríl 2010 ([3]). Matvælaöryggisstofnunin fastsetti ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) stevíólglýkósíða, gefið upp sem stevíóljafngildi, við 4 mg/kg líkamsþyngdar á dag.

6) Ef þetta sætuefni er leyft í sinnep í magni sem nemur 120 mg/kg (sem stevíóljafngildi) myndi það leiða til aukningar á innteknu magni af E960 innan eftirfarandi marka: 0 til 0,133% af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða meðalneyslu og 0 til 1,143 af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða mikla neyslu. Þetta teljast vera óveruleg viðbótarváhrif á neytendur og er því ekki öryggisvandi.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að sú uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á stevíólglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í sinnep telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Því þykir rétt að leyfa notkun á stevíólglýkósíðum (E 960) sem sætuefni sem bætt er í sinnep (matvælaundirflokkur 12.4) við hámarksgildi sem nemur 120 mg/kg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(4), 1537.

9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í matvælaundirflokki 12.4 „Sinnep“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 959:

	„E 960	Stevíólglýkósíð	120	(60)“	

2) Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

„(60): Gefið upp sem stevíóljafngildi.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/178 2016/EES/44/30

frá 10. febrúar 2016

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki lokið við að meta eða hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu. Að því er varðar fjögur þessara efna, þ.e. vetíveról (FL-númer 02.214), vetíverýlasetat (FL-númer 09.821), 2-asetýl-1,4,5,6-tetrahýdrópýridín (FL-númer 14.079) og 2-própíónýlpýrrólín, 1% í jurtaolíuþríglýseríðum (FL-númer 14.168), hafa aðilarnir, sem bera ábyrgð á að setja þessi bragðefni á markað, nú dregið umsóknina til baka. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þessi bragðefni af skrá Sambandsins.

5) Að því er varðar efnið metýl-2-merkaptóprópíónat (FL-númer 12.266) hefur aðilinn, sem ber ábyrgð á að setja það á markað, gefið til kynna að hann styðji ekki lengur notkun þess. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þetta bragðefni af skrá Sambandsins.

6) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

7) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ([4]) var mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem voru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014 til að tryggja snurðulausa umbreytingu á markaði. Kveða ætti á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda þessi fimm efni til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem innihalda bragðefnin vetíveról (FL-númer 02.214), vetíverýlasetat (FL-númer 09.821), metýl-2-merkaptó-própíónat (FL-númer 12.266), 2-asetýl-1,4,5,6-tetrahýdrópýridín (FL-númer 14.079) og 2-própíónýlpýrrólín, 1% í jurta-olíuþríglýseríðum (FL-númer 14.168), sem eru sett löglega á markað eða merkt innan sex mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„02.214	Vetíveról	89-88-3	1866	10321		2	EFSA
09.821	Vetíverýlasetat	117-98-6	1867	11887		2	EFSA
12.266	Metýl-2-merkaptóprópíónat	53907-46-3					EFSA
14.079	2-asetýl-1,4,5,6-tetrahýdrópýridín	27300-27-2				2	EFSA
14.168	2-própíónýlpýrrólín, 1% í jurtaolíuþríglýseríðum	133447-37-7	1605			2	EFSA“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/129 **2016/EES/44/31**

frá 1. febrúar 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið „hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt)“ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skuli ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt) hefur ekki verið tilgreindur í þessari töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hreinsaðan hálffastan útdrátt úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt) í hunangi hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvörðun á hámarksgildi leifa fyrir hreinsaðan hálffastan útdrátt úr *Humulus lupulus* L. sem innihalda u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt) í hunangi sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Í ljósi þess að leifar í hunangi fara ekki í gegnum þá efnaskiptaferla sem þær gætu farið í gegn um í öðrum matvælum úr dýraríkinu komst Lyfjastofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að ekki væri við hæfi að framreikna þau hámarksgildi leifa sem mælt er með fyrir hreinsaðan hálffastan útdrátt úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt).

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus L.* sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt)	Á EKKI VIÐ	Býflugur	Hámarks-gildis leifa ekki krafist	Hunang	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/útsníklalyf“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/460 2016/EES/44/32

frá 30. mars 2016

um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([1]), einkum a-lið. 4. mgr. og 5. mgr. 7. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB ([2]), fyrir hönd Evrópubandalagsins og í bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB ([3]) fyrir hönd Evrópubandalagsins.

2) Á sjöttu ráðstefnu samningsaðilanna 28. apríl til 10. maí 2013 var samþykkt að bæta hexabrómsýklódódekani (HBCDD) í viðauka A (eyðing) við Stokkhólmssamninginn. Útrýming hexabrómsýklódódekans samkvæmt Stokkhólmssamningnum var þó með fyrirvara um sértæka undanþágu, þ.e. notkun hexabrómsýklódódekans í þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren í byggingar og framleiðsla hexabrómsýklódódekans í þeim tilgangi.

3) Í ljósi breytingarinnar á Stokkhólmssamningnum er nauðsynlegt að breyta IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 þar sem hexabrómsýklódódekani er bætt við viðaukana og gefin upp tilsvarandi styrkleikamörk í því skyni að tryggja að farið sé með úrgang, sem inniheldur hexabrómsýklódódekan, í samræmi við ákvæði Stokkhólmssamningsins. Skrá ætti hexabrómsýklódódekan í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.

4) Fyrirhuguð styrkleikamörk í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 voru fastsett með því að nota sömu aðferðafræði og var notuð til að fastsetja viðmiðunarmörkin í fyrri breytingum á IV. og V. viðauka ([4]). Fyrirhuguð styrkleikamörk eru talin heppilegust til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið með tilliti til eyðingar eða óafturkræfrar ummyndunar hexabrómsýklódódekans. Í því skyni að taka tillit til tækniþróunar, einkum endurskoðunarinnar á tæknilegu viðmiðunarreglunum ([5]) í Basel-samningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða styrkleikamörkin í IV. viðauka innan þriggja ára frá gildistökudegi þessarar reglugerðar með það í huga að lækka mörkin.

5) Til að fyrirtæki og lögbær yfirvöld hafi nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda sex mánuðum eftir birtingardag.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([6]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 31.3.2016, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1).

([3]) Ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk, lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Stjtíð. ESB L 81, 19.2.2004, bls. 35).

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1), reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 1), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 756/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 20) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1342/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 363, 18.12.2014, bls. 67).

([5]) Ákvörðun BC-12/3.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. september 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í töfluna í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 bætist við eftirfarandi lína:

„Skrá yfir efni sem falla undir ákvæði 7. gr. um meðhöndlun úrgangs

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk sem um getur í a-lið 4. mgr. 7. gr.
„Hexabrómsýklódódekan (*)	25637-99-4, 3194-55-6, 134237-50-6, 134237-51-7, 134237-52-8	247-148-4 221-695-9	1 000 mg/kg, með fyrirvara um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 20.4.2019“

(*) Hexabrómsýklódódekan: hexabrómsýklódódekan, 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan og helstu fjölhverfur þess: alfahexabrómsýklódódekan, beta-hexabrómsýklódódekan og gammahexabrómsýklódódekan

Í stað töflunnar í 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi eftirfarandi:

„Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Aðgerð
10	ÚRGANGUR FRÁ VARMAFERLUM	Alkön, C10–C13, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP): 10 000 mg/kg, Aldrín: 5 000 mg/kg, Klórdan: 5 000 mg/kg, Klórdekón: 5 000 mg/kg, DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan): 5 000 mg/kg, Díeldrín: 5 000 mg/kg, Endósúlfan: 5 000 mg/kg, Endrín: 5 000 mg/kg, Heptaklór: 5 000 mg/kg, Hexabrómbífenýl: 5 000 mg/kg, Hexabrómsýklódódekan (3): 1 000 mg/kg, Hexaklórbensen: 5 000 mg/kg, Hexaklórbútadíen: 1 000 mg/kg, Hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan: 5 000 mg/kg, Mírex: 5 000 mg/kg, Pentaklórbensen: 5 000 mg/kg, Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar (PFOS) (C8F17SO2X) (X = OH, málmsalt (O-M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður): 50 mg/kg, Fjölklóruð bífenýl (PCB) (4): 50 mg/kg, Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön: 5 mg/kg, Fjölklóruð naftalín (*): 1000 mg/kg, Summan af styrk tetrabrómdífenýletra (C12H6Br4O), pentabrómdífenýletra (C12H5Br5O), hexabrómdífenýletra (C12H4Br6O) og heptabrómdífenýletra (C12H3Br7O): 10000 mg/kg, Toxafen: 5 000 mg/kg.	Varanleg geymsla skal aðeins heimil þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: 1) Geymslan á sér stað á einum af eftirfarandi stöðum: — í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, — í saltnámu, — á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang, að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður að hluta til, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 19 03 í ákvörðun 2000/532/EB. 2) Ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/31/EB (5) og ákvörðunar ráðsins 2003/33/EB (6) voru virt. 3) Sýnt hefur verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.
10 01	Úrgangur frá orkuverum og öðrum brennsluverum (nema 19)		
10 01 14 *(2)	Botnaska, gjall og ketilryk sem myndast við sambrennslu og í eru hættuleg efni		
10 01 16 *	Svifaska frá sambrennslu sem í eru hættuleg efni		
10 02	Úrgangur frá járn- og stáliðnaði		
10 02 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03	Úrgangur frá álbræðslu		
10 03 04 *	Gjall sem fellur til við fyrstu bræðslu		
10 03 08 *	Saltgjall úr annarri bræðslu		
10 03 09 *	Svart gjall úr annarri bræðslu		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Aðgerð
10 03 19 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03 21 *	Aðrar agnir og ryk (einnig ryk frá kúlukvörn) sem í eru hættuleg efni		
10 03 29 *	Úrgangur frá meðferð saltgjalls og svarts gjalls sem í eru hættuleg efni		
10 04	Úrgangur frá blýbræðslu		
10 04 01 *	Gjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 02 *	Gjall og skúm úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 04 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 04 05 *	Aðrar agnir og ryk		
10 04 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 05	Úrgangur frá sinkbræðslu		
10 05 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 05 05 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 06	Úrgangur frá koparbræðslu		
10 06 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 06 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Aðgerð
10 08	Úrgangur frá málmbræðslu, annarri en járnbræðslu		
10 08 08 *	Saltgjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 08 15 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 09	Úrgangur frá járnsteypu		
10 09 09 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
16	ÚRGANGUR SEM ER EKKI TILGREINDUR MEÐ ÖÐRUM HÆTTI Í SKRÁNNI		
16 11	Notaðar fóðringar og notuð eldföst efni		
16 11 01 *	Fóðringar og eldföst efni, að stofni til úr kolefnum, sem falla til við málmvinnslu og innihalda hættuleg efni		
16 11 03 *	Aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu og í eru hættuleg efni		
17	ÚRGANGUR FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSSTARFSEMI (EINNIG UPPGRÖFTUR FRÁ MENGUÐUM SVÆÐUM)		
17 01	Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramík		
17 01 06 *	Blandaður eða flokkaður úrgangur úr steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramík sem í eru hættuleg efni		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Aðgerð
17 05	Jarðvegur (einnig uppgröftur frá menguðum svæðum), grjót og dýpkunarefni		
17 05 03 *	Jarðvegur og grjót sem í eru hættuleg efni		
17 09	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi		
17 09 02 *	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem í eru PCB-efni, að undanskildum búnaði sem í eru PCB-efni		
17 09 03 *	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (einnig blandaður úrgangur) sem inniheldur hættuleg efni		
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPMEÐHÖNDLUNARSTÖÐVUM, SKÓLPHREINSISTÖÐVUM UTAN FRAMLEIÐSLUSVÆÐIS OG VINNSLU NEYSLUVATNS OG VATNS TIL IÐNAÐARNOTA		
19 01	Úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs		
19 01 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
19 01 11 *	Botnaska og gjall sem í eru hættuleg efni		
19 01 13 *	Svifaska sem í eru hættuleg efni		
19 01 15 *	Ketilryk sem í eru hættuleg efni		
19 04	Úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Aðgerð
19 04 02 *	Svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks		
19 04 03 *	Fastur fasi, annar en ummyndaður í gler		

1) Þessi mörk gilda eingöngu um urðunarstað fyrir hættulegan úrgang og gilda ekki um varanlegar neðanjarðargeymslur fyrir hættulegan úrgang, þ.m.t. saltnámur.
2) Allur úrgangur, sem er auðkenndur með stjörnu (*), er talinn vera hættulegur úrgangur samkvæmt tilskipun 2008/98/EB og fellur undir ákvæði þeirrar tilskipunar.
3) Hexabrómsýklódódekan: hexabrómsýklódódekan, 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan og helstu fjölhverfur þess: alfahexabrómsýklódódekan, betahexabrómsýklódódekan og gammahexabrómsýklódódekan.
4) Beita skal reikniaðferðinni sem mælt er fyrir um í Evrópustöðlunum EN 12766-1 og EN 12766-2.
5) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).
6) Ákvörðun ráðsins 2003/33/EB frá 19. desember 2002 um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB (Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls 27).

Hámarksstyrkleikamörk fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana (PCDD- og PCDF-efni) skulu reiknuð samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD	TEF
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0003
PCDF	TEF
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1

PCDD	TEF
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/314 2016/EES/44/33

frá 4. mars 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið díetýlenglýkólmónóetýletri, með INCI-heitið etoxýdíglýkól, sem er notað í snyrtivörur hefur enn ekki verið fellt undir reglur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

2) Frakkland annaðist áhættumat á díetýlenglýkólmónóetýletra og ákvað ([2]) á grundvelli þess að efnið væri öruggt fyrir neytendur, þegar það er notað í styrk sem nemur allt að 1,5%, í allar snyrtivörur að undanskildum vörum til munnhirðu. Þessi ákvörðun var tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum í samræmi við 12. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE ([3]). Af því leiddi að framkvæmdastjórnin veitti vísindanefndinni um neysluvörur umboð til að gefa út álit um öryggi allra glýkóletra sem ákvörðun Frakklands setti takmörkun á.

3) Vísindanefndin um neysluvörur, en í hennar stað kom vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB ([4]), samþykkti vísindaleg álit um díetýlenglýkólmónóetýletra 19. desember 2006 ([5]), 16. desember 2008 ([6]), 21. september 2010 ([7]) og 26. febrúar 2013 ([8]).

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu að notkun á díetýlenglýkólmónóetýletra í oxandi samsetningar hárlitunarefna í styrk sem nemur að hámarki 7% miðað við þyngd, í samsetningar hárlitunarefna, sem ekki eru oxandi, í styrk sem nemur að hámarki 5% miðað við þyngd og í aðrar vörur, sem á að skola burt eftir notkun, í styrk sem nemur að hámarki 10% miðað við þyngd hafi ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Vísindanefndin um öryggi neytenda komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun á díetýlenglýkólmónóetýletra, í styrk sem nemur að hámarki 2,6% miðað við þyngd, í aðrar snyrtivörur, sem eru ekki í úðaformi, og í eftirfarandi úðavörur: ilmvötn, hárlökk, svitavörn og lykteyða, hafi ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Vísindanefndin um öryggi neytenda hefur þó ekki lagt mat á notkun díetýlenglýkólmónóetýletra í vörur til munnhirðu og augnvörur og því geta vörurnar ekki talist öruggar fyrir neytendur.

5) Í ljósi þessara álita vísindanefndarinnar um öryggi neytenda telur framkvæmdastjórnin að það skapi hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna að ekki hafa verið settar reglur um díetýlenglýkólmónóetýletra.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Ministère de la Santé et des Solidarités. Décision du 23 novembre 2005 soumettant à des conditions particulières et à des restrictions la fabrication, le conditionnement, l'importation, la distribution en gros, la mise sur le marché à titre gratuit ou onéreux, la détention en vue de la vente ou de la distribution à titre gratuit ou onéreux et l'utilisation de produits cosmétiques contenant certains éthers de glycol, Journal officiel, no 291 du 15 décembre 2005, http://www.journal-officiel.gouv.fr/frameset.html

([3]) Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. september 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB (Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

([5]) Vísindanefndin um neysluvörur/1044/06, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_sccp/docs/sccp_o_082.pdf

([6]) Vísindanefndin um neysluvörur/1200/08, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_sccp/docs/sccp_o_161.pdf

([7]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1316/10, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_039.pdf

([8]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1507/13, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_119.pdf

7) Fresta ætti beitingu ofangreindra takmarkana svo iðnaðurinn fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á efnasamsetningum. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum tólf mánuði til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar, á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá 25. mars 2017 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað og bjóða þær fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 bætist við eftirfarandi færsla:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
a	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
	b	c	d	e	f	g	h	i
„x	2-(2-etoxýetoxý)etanól díetýlenglýkólmónó-etýletri (DEGEE)	Ethoxydiglycol	111-90-0	203-919-7	a) Oxandi hárlitunarvörur	a) 7%	a) til e) Styrkur etýlenglýkólóhreininda í etoxýdíglýkóli skal vera ≤ 0,1%. Má ekki nota í augnvörur og vörur til munnhirðu.“	
					b) Hárlitunarvörur sem ekki eru oxandi	b) 5%		
					c) Vörur sem á að skola burt eftir notkun, aðrar en hárlitunarvörur	c) 10%		
					d) Aðrar snyrtivörur sem eru ekki í úðaformi	d) 2,6%		
					e) Eftirfarandi úðavörur: ilmvötn, hárlökk, svitavörn og lykteyðar	e) 2,6%		

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/60/ESB **2016/EES/44/34**

frá 15. maí 2014

um skil á menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/7/EBE ([2]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum með tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB ([3]) og 2001/38/EB ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins. Samkvæmt 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins koma viðkomandi ákvæði um frjálsa vöruflutninga ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttmætast af vernd þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornleifafræðilegt gildi.

3) Með skilmálum og innan marka 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hafa aðildarríki rétt til að skilgreina þjóðarverðmæti sín og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þau. Engu að síður gegnir Sambandið mikilvægu hlutverki við að hvetja til samstarfs milli aðildarríkja í því skyni að vernda menningararfleifð sem hefur gildi fyrir Evrópu, en slík þjóðarverðmæti eru hluti hennar.

4) Með tilskipun 93/7/EBE var tekið upp fyrirkomulag sem gerir aðildarríkjum kleift að tryggja að menningarminjum, sem eru flokkaðar sem þjóðarverðmæti í skilningi 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem falla undir sameiginlega flokka menningarminja sem um getur í viðaukanum við þá tilskipun og hafa verið fluttar brott af yfirráðasvæði þeirra í bága við ráðstafanir aðildarríkja eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 116/2009 ([5]), verði skilað aftur til yfirráðasvæðis þeirra. Sú tilskipun tekur einnig til menningarminja sem flokkast sem þjóðarverðmæti og eru óaðskiljanlegur hluti af opinberum söfnum eða eignaskrám kirkjulegra stofnana sem heyra ekki undir þessa sameiginlegu flokka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

([2]) Tilskipun ráðsins 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis (Stjtíð. EB L 74, 27.3.1993, bls. 74).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis (Stjtíð. EB L 60, 1.3.1997, bls. 59).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/38/EB frá 5. júní 2001 um breytingu á tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis (Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 43).

([5]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 116/2009 frá 18. desember 2008 um útflutning á menningarverðmætum (Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 1).

5) Með tilskipun 93/7/EBE var komið á samvinnu stjórnvalda aðildarríkjanna, að því er varðar þjóðarverðmæti þeirra, í nánum tengslum við samstarf þeirra við Alþjóðasamband sakamálalögreglu (Interpol) og aðrar þar til bærar stofnanir á sviði stolinna listaverka, þ.m.t. er skráning týndra, stolinna eða ólöglegra fluttra menningarminja sem heyra til þjóðarverðmæta þeirra og opinberra safna.

6) Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 93/7/EBE, var fyrsta skrefið til að koma á samvinnu milli aðildarríkja á þessu sviði í tengslum við innri markaðinn, með það að markmiði að styrkja gagnkvæma viðurkenningu viðkomandi landslaga.

7) Með reglugerð (EB) nr. 116/2009, ásamt tilskipun 93/7/EBE, var innleitt kerfi Sambandsins til að vernda menningarminjar aðildarríkja.

8) Markmið tilskipunar 93/7/EBE var að tryggja að menningarminjum yrði skilað til þess aðildarríkis sem á yfirráðasvæðið þaðan sem þessar minjar voru fluttar brott ólöglega, án tillits til eignarréttar sem gildir um slíkar minjar. Beiting þeirrar tilskipunar hefur þó sýnt að það eru takmarkanir á fyrirkomulaginu sem á að tryggja að slíkum menningarminjum verði skilað. Í skýrslum um beitingu þeirrar tilskipunar er bent á hve sjaldan henni er beitt einkum vegna þess hve takmarkað gildissvið hennar er, en ástæðurnar eru skilmálarnir sem settir eru fram í viðaukanum við þá tilskipun, stuttur tími sem gert er ráð fyrir til að hefja málsmeðferð vegna skila og kostnaðurinn sem tengist málsmeðferðinni.

9) Víkka ætti gildissvið þessarar tilskipunar þannig að það nái til hvers konar menningarminja sem aðildarríki flokkar eða skilgreinir, samkvæmt landslögum eða stjórnsýslureglum, sem þjóðarverðmæti með listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi í skilningi 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þannig ætti þessi tilskipun að taka til minja sem hafa sögulegt, steingervingafræðilegt, þjóðfræðilegt, myntfræðilegt eða vísindalegt gildi, hvort sem þær eru hluti af opinberum söfnum eða öðrum söfnum eða eru stakir hlutir, og hvort sem þær koma úr skipulegum eða óleyfilegum uppgreftri svo fremi að þær séu flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti. Enn fremur þurfa menningarminjar, flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti, ekki lengur að tilheyra flokkum eða uppfylla viðmiðanir er varða aldur þeirra og/eða fjárhagslegt gildi til þess að uppfylla skilyrði þess að þeim verði skilað á grundvelli þessarar tilskipunar.

10) Fjölbreytileikinn í fyrirkomulagi aðildarríkjanna við að vernda þjóðarverðmæti er viðurkenndur í 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Til þess að ýta undir gagnkvæmt traust, samstarfsvilja og gagnkvæman skilning milli aðildarríkja ætti að ákvarða umfang hugtaksins „þjóðarverðmæti“ innan ramma 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Aðildarríki ættu einnig að greiða fyrir því að menningarminjum verði skilað til þess aðildarríkis sem á yfirráðasvæðið þaðan sem þessar minjar voru fluttar brott ólöglega, án tillits til aðildardags þess aðildarríkis, og þau ættu að tryggja að skilum á slíkum minjum fylgi ekki óhóflegur kostnaður. Aðildarríki ættu að geta skilað menningarminjum, öðrum en þeim sem eru flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti, svo fremi að þau virði viðkomandi ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem og menningarminjum sem voru fluttar ólöglega fyrir 1. janúar 1993.

11) Auka þarf samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðildarríkja svo að hægt sé að beita þessari tilskipun á skilvirkari og betur samræmdan hátt. Þess vegna ætti að krefjast þess að stjórnvöld vinni saman á skilvirkan hátt og skiptist á upplýsingum um menningarminjar sem eru fluttar ólöglega, og noti til þess upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“) sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ([6]). Til þess að bæta framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að koma upp forritseiningu í IM-upplýsingakerfinu sem er sérsniðin fyrir menningarminjar. Einnig er æskilegt að önnur lögbær yfirvöld aðildarríkjanna noti sama kerfi, eftir því sem við á.

12) Til þess að tryggja vernd persónuupplýsinga ætti samvinna á sviði stjórnsýslu og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda að fylgja reglunum sem settar eru með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([7]) og, að því marki sem IM-upplýsingakerfið er notað, reglugerð (ESB) nr. 1024/2012. Skilgreiningar í tilskipun 95/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ([8]) nr. 45/2001 ættu einnig að gilda að því er varðar þessa tilskipun.

13) Í ljós kom að fresturinn til að meta hvort menningarminjar, sem finnast í öðru aðildarríki, teljast menningarminjar í skilningi tilskipunar 93/7/EBE var of stuttur í raun. Af þeim sökum ætti að lengja hann í sex mánuði. Lengri tími

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um IM-upplýsingakerfið) (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 74).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

ætti að gera aðildarríkjum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að varðveita menningarminjarnar og, eftir því sem við á, koma í veg fyrir aðgerðir til að komast hjá skilaferlinu.

14) Frestinn til að hefja málsmeðferð vegna skila ætti því að lengja í þrjú ár eftir að aðildarríkið, sem á yfirráðasvæðið þaðan sem menningarminjarnar voru fluttar brott ólöglega, kemst að raun um staðsetningu menningarminjanna og hver er handhafi þeirra eða vörsluaðili. Framlenging þessa tímabils ætti að greiða fyrir skilunum og vinna gegn ólöglegum brottflutningi á þjóðarverðmætum. Fyrir skýrleika sakir ætti að mæla fyrir um að frestur til að höfða mál hefjist á þeim degi sem stjórnvöldum aðildarríkisins, sem á yfirráðasvæðið þaðan sem menningarminjarnar voru fluttar brott ólöglega, bárust upplýsingarnar.

15) Í tilskipun 93/7/EBE er kveðið á um að ekki megi hefja málsmeðferð vegna skila meira en 30 árum eftir að minjarnar voru fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkisins. Ef hins vegar er um að ræða minjar, sem eru hluti af opinberum söfnum og minjar sem tilheyra eignasöfnum kirkjulegra stofnana í aðildarríkjunum þar sem þær falla undir sérstakt verndarfyrirkomulag samkvæmt landslögum, gildir lengri frestur um málsmeðferð vegna skilanna í tilteknum tilvikum. Vegna þess að aðildarríki geta haft sérstakt verndarfyrirkomulag samkvæmt landslögum fyrir trúarlegar stofnanir aðrar en kirkjulegar ætti þessi tilskipun einnig á ná til þeirra trúarlegu stofnana.

16) Í niðurstöðum sínum um að koma í veg fyrir og berjast gegn afbrotum sem tengjast menningarverðmætum 13. og 14. desember 2011 viðurkenndi ráðið þörfina á að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn afbrotum í tengslum við menningarminjar á skilvirkari hátt. Ráðið mæltist til þess að framkvæmdastjórnin styddi aðildarríkin við öfluga vernd menningarminja í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum inn- og útflutningi og stuðla að viðbótarráðstöfunum eftir því sem við á. Auk þess mæltist ráðið til þess að aðildarríkin hugleiði að fullgilda samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um leiðir til að banna og hindra ólögmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum sem undirritaður var í París 17. nóvember 1970 og samning Alþjóðastofnunar fyrir samræmingu í einkamálarekstri (UNIDROIT) um stolnar menningarminjar eða ólögmætan útflutning á þeim, sem undirritaður var í Róm 24. júní 1995.

17) Æskilegt er að tryggja að allir þeir sem tengjast markaðnum viðhafi tilhlýðilega aðgát og árvekni í viðskiptum með menningarminjar. Afleiðingar þess að eignast menningarminjar sem fengnar eru ólöglega hafa því aðeins raunverulega letjandi áhrif ef auk bótagreiðslna verði handhafa skylt að sanna að tilhlýðileg aðgát og árvekni hafi verið viðhöfð. Til þess að ná markmiðum Sambandsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ólögmætum viðskiptum með menningarminjar ætti því þessi tilskipun að mæla fyrir um að handhafinn verði að leggja fram sönnun á því að hann hafi viðhaft tilhlýðilega aðgát og árvekni við öflun minjanna til þess að fá bætur.

18) Einnig væri gagnlegt fyrir aðila, einkum þá sem tengjast markaðnum, að hafa greiðan aðgang að opinberum upplýsingum um menningarminjar sem eru flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti í aðildarríkjunum. Aðildarríki ættu að reyna að auðvelda aðgang að þessum opinberu upplýsingum.

19) Til þess að auðvelda samræmda túlkun á hugtakinu tilhlýðileg aðgát og árvekni ætti í þessari tilskipun að setja fram viðmiðanir, sem eru ekki tæmandi, en taka ber tillit til við að ákvarða hvort handhafinn hafi viðhaft tilhlýðilega aðgát og árvekni við öflun menningarminjanna.

20) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að gera kleift að skila menningarminjum sem eru flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti og hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkja, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

21) Þar sem verkefni nefndarinnar sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 116/2009 urðu úrelt með niðurfellingu viðauka við tilskipun 93/7/EBE, ættu tilvísanir í þá nefnd að falla niður í samræmi við það. En til þess að viðhalda vettvangi til að skiptast á reynslu og góðum starfsvenjum við framkvæmd þessarar tilskipunar meðal aðildarríkja ætti framkvæmdastjórnin að setja saman sérfræðingahóp með sérfræðingum frá stjórnvöldum aðildarríkjanna, sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar, sem ættu m.a. að taka þátt í vinnunni við að sérsníða forritseiningu í IM-upplýsingakerfinu fyrir menningarminjar.

22) Þar sem viðaukinn við reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 hefur að geyma skrá yfir ákvæði um samvinnu á sviði stjórnsýslu í gerðum Sambandsins, sem eru framkvæmd með IM-upplýsingakerfinu, ætti að breyta þeim viðauka svo að hann taki til þessarar tilskipunar.

23) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af fyrri tilskipununum.

24) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um skil á menningarminjum sem aðildarríki flokkar eða skilgreinir sem þjóðarverðmæti, eins og um getur í 1. lið 2. gr., sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „menningarminjar“: hlutur sem aðildarríki flokkar eða skilgreinir, áður en eða eftir að hann er fluttur ólöglega frá yfirráðsvæði þess aðildarríkis, að heyri til „þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornleifafræðilegt gildi“ samkvæmt landslöggjöf eða stjórnsýslumeðferð í skilningi 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.,

2) „fluttar ólöglega frá yfirráðsvæði aðildarríkis“:

   a) fluttar frá yfirráðasvæði aðildarríkis í bága við reglur þess um vernd þjóðarverðmæta eða í bága við reglugerð (EB) nr. 116/2009, eða

   b) ekki skilað í lok tímabils fyrir lögmætan tímabundinn brottflutning, eða hvers konar brot á öðrum skilyrðum um slíkan tímabundinn brottflutning,

3) „aðildarríki sem leggur fram beiðni“: aðildarríkið sem á yfirráðasvæðið þaðan sem menningarminjarnar voru fluttar ólöglega,

4) „aðildarríki sem beiðni er beint til“: aðildarríki sem á yfirráðasvæðið þar sem menningarminjar, sem voru fluttar brott frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis ólöglega, eru staðsettar,

5) „skil“: efnisleg skil á menningarminjum til yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina,

6) „handhafi“: sá sem hefur menningarminjarnar undir höndum fyrir eigin reikning,

7) „vörsluaðili“: sá sem hefur menningarminjarnar undir höndum fyrir þriðja aðila,

8) „opinber söfn“: söfn, sem skilgreind eru opinber í samræmi við löggjöf aðildarríkis, sem eru eign þess aðildarríkis, staðar- eða svæðisyfirvalds innan þess aðildarríkis eða stofnunar á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þegar slík stofnun er í eigu eða að verulegu leyti fjármögnuð af viðkomandi aðildarríki eða staðar- eða svæðisyfirvaldi.

3. gr.

Menningarminjum, sem hafa verið fluttar frá yfirráðasvæði aðildarríkis ólöglega, skal skilað í samræmi við málsmeðferðina og þær aðstæður sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

4. gr.

Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri stjórnvöld til að annast verkefnin sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll þau stjórnvöld sem þau tilnefna samkvæmt þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir þessi stjórnvöld og hvers konar breytingar varðandi þau í C -deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

5. gr.

Stjórnvöld aðildarríkja skulu vinna saman og stuðla að samráði milli lögbærra landsyfirvalda aðildarríkjanna. Þau síðarnefndu skulu einkum:

1) þegar aðildarríkið sem leggur fram beiðnina fer fram á það, leita eftir tilteknum menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess og staðfesta deili á handhafanum og/eða vörsluaðilanum. Í beiðninni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að greiða fyrir leitinni með sérstakri tilvísun til þess staðar þar sem minjarnar eru eða taldar vera,

2) tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum þegar menningarminjar finnast á þeirra eigin yfirráðasvæði og gildar ástæður eru til að telja að þær hafi verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis,

3) gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, kleift að athuga hvort minjarnar sem um er að ræða séu menningarminjar svo fremi að athugunin fari fram innan sex mánaða frá tilkynningunni sem kveðið er á um í 2. lið. Ef hún fer ekki fram innan þess tímabils, sem mælt er fyrir um, eiga 4. og 5. liður ekki lengur við,

4) gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samstarfi við hlutaðeigandi aðildarríki, til efnislegrar varðveislu menningarminjanna,

5) koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir til að komast hjá skilaferlinu með nauðsynlegum bráðabirgðaráðstöfunum,

6) vera milliliður milli handhafa og/eða vörsluaðila og aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina með tilliti til þess að skila minjunum. Í því skyni geta lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem beiðninni er beint til, með fyrirvara um 6. gr., fyrst greitt fyrir framkvæmd gerðardómsmeðferðar í samræmi við landslöggjöf aðildarríkisins, sem beiðninni er beint til, og að því tilskildu að aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina og handhafinn eða vörsluaðilinn veiti formlegt samþykki sitt.

Við samstarf og samráð sín á milli skulu stjórnvöld aðildarríkjanna nota forritseiningu í upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfinu), sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012, sem er sérsniðin fyrir menningarminjar. Þau geta einnig notað IM-upplýsingakerfið til að miðla upplýsingum sem tengjast viðkomandi máli um menningarminjar sem hefur verið stolið eða fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þeirra. Aðildarríki skulu ákveða hvort önnur lögbær yfirvöld nota IM-upplýsingakerfið að því er varðar þessa tilskipun.

6. gr.

Aðildarríkið sem leggur fram beiðnina getur hafið málsmeðferð fyrir valdbærum dómstóli í aðildarríkinu, sem beiðninni er beint til, gegn handhafa eða, ef ekki er um hann að ræða, vörsluaðila, í þeim tilgangi að tryggja að menningarminjunum, sem voru fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess, verði skilað.

Einungis er heimilt að höfða mál þegar skjalinu til að hefja málsmeðferðina fylgir:

a) skjal þar sem hlutnum sem beiðnin tekur til er lýst og fram kemur að hann telst til menningarminja,

b) yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina um að viðkomandi menningarminjar hafi verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði þess.

7. gr.

Lögbær stjórnvöld aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina skulu þegar í stað tilkynna lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina að málsmeðferð hafi verið hafin í þeim tilgangi að tryggja að viðkomandi minjum verði skilað.

Lögbær stjórnvöld aðildarríkisins sem beiðninni er beint til skulu þegar í stað tilkynna það stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna.

Upplýsingaskiptin skulu fara fram um IM-upplýsingakerfið í samræmi við gildandi lagaákvæði um vernd persónuupplýsinga og einkalífs, með fyrirvara um þann möguleika að lögbær stjórnvöld noti aðrar samskiptaaðferðir auk IM-upplýsingakerfisins.

8. gr.

1. Aðildarríki skulu kveða á um í löggjöf sinni að málsmeðferð vegna skila á grundvelli þessarar tilskipunar megi ekki höfða meira en þremur árum eftir að lögbær stjórnvöld aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina fær vitneskju um hvar menningarminjarnar er að finna og hver handhafi eða vörsluaðili þeirra er.

Slíka málsmeðferð má, í öllum tilvikum, ekki hefja meira en 30 árum eftir að minjarnar voru fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

Ef hins vegar minjar eru hluti af opinberum söfnum, sem skilgreind eru í 8. lið 2. gr., eða tilheyra eignasafni kirkjulegra stofnana eða annarra trúarlegra stofnana í aðildarríkjunum þar sem þær falla undir sérstakt verndarfyrirkomulag samkvæmt landslögum, skal frestur til að hefja málsmeðferð vegna skila vera 75 ár, nema í aðildarríkjum þar sem ekki er frestur til að hefja málsmeðferð eða, ef um er að ræða tvíhliða samninga milli aðildarríkja, þar sem kveðið er á um tímabil sem varir lengur en í 75 ár.

2. Ekki er heimilt að höfða mál vegna skila ef brottflutningur menningarminjanna frá yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, er ekki lengur ólöglegur þegar á að hefja málsmeðferðina.

9. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í 8. og 14. gr. skal valdbær dómstóll fyrirskipa að menningarminjunum, sem um er að ræða, verði skilað ef staðfest er að þær teljast menningarminjar í skilningi 1. liðar 2. gr. og að þær hafi verið fluttar ólöglega brott frá yfirráðasvæðinu.

10. gr.

Ef fyrirskipað er að minjunum verði skilað skal valdbær dómstóll í aðildarríkinu, sem beiðninni er beint til, dæma handhafanum sanngjarnar bætur, í samræmi við aðstæður málsins, svo fremi að handhafinn sýni fram á að hann hafi viðhaft tilhlýðilega aðgát og árvekni við öflun minjanna.

Þegar ákvarðað er hvort handhafinn hafi viðhaft tilhlýðilega aðgát og árvekni skal taka tillit til allra aðstæðna við öflun minjanna, einkum upplýsingaskjala um uppruna þeirra, heimildar til brottflutnings, sem krafist er samkvæmt lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina, um hvers konar málsaðila er að ræða, verðsins sem er greitt, hvort handhafinn hafi flett upp í aðgengilegri skrá yfir stolnar menningarminjar og hvers konar viðkomandi upplýsinga sem hann hefði getað aflað sér með góðu móti eða hverra annarra ráðstafana sem skynsamur aðili hefði gripið til í aðstæðunum.

Ef um er að ræða gjöf eða arf skal handhafinn ekki vera í hagstæðari stöðu en aðilinn sem hann fékk minjarnar frá með þessum hætti.

Aðildarríkið sem leggur fram beiðnina skal greiða þessar bætur þegar minjunum hefur verið skilað.

11. gr.

Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal bera kostnað sem stofnað er til við framkvæmd ákvörðunar þar sem fyrirskipað er að menningarminjum skuli skilað. Sama gildir um kostnaðinn við ráðstafanirnar sem um getur í 4. lið 5. gr.

12. gr.

Greiðsla á sanngjörnum bótum og útgjöldunum sem um getur í 10. og 11. gr., eftir því sem við á, skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, til að grípa til aðgerða í því skyni að endurheimta þessar fjárhæðir frá þeim aðilum sem bera ábyrgð á ólöglegum brottflutningi menningarminjanna frá yfirráðasvæði þess.

13. gr.

Um eignarhald menningarminjanna eftir að þeim hefur verið skilað skal fara eftir lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

14. gr.

Þessi tilskipun skal einungis gilda um menningarminjar, sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis, þann 1. janúar 1993 eða síðar.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki getur beitt fyrirkomulaginu, sem er kveðið á um í þessari tilskipun, um að menningarminjum, öðrum en þeim sem eru skilgreindar í 1. lið 2. gr., verði skilað.

2. Hvert aðildarríki getur beitt fyrirkomulaginu, sem er kveðið á um í þessari tilskipun, á beiðnir um að menningarminjum, sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis fyrir 1. janúar 1993, verði skilað.

16. gr.

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á einkamál eða refsimál sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, og/eða eigandi menningarminja, sem hefur verið stolið, kunna að höfða á grundvelli landslaga í aðildarríkjunum.

17. gr.

1. Eigi síðar en 18. desember 2020 og á fimm ára fresti eftir það skulu aðildarríki leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um beitingu þessarar tilskipunar.

2. Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um endurskoðun á beitingu og skilvirkni þessarar tilskipunar. Skýrslunni skulu fylgja viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur;

18. gr.

Bæta skal eftirfarandi liðum við viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 1024/2012:

„8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 ([1]): 5. og 7. gr.

([1]) Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 1.“

19. gr.

1. Eigi síðar en 18. desember 2015 skulu aðildarríki samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 2. gr. (1. liður), 5. gr. (3. liður fyrstu málsgreinar), 5. gr. (önnur málsgrein), 7. gr. (þriðja málsgrein), 8. gr. (1. mgr.), 10. gr. (fyrsta og önnur málsgrein) og 17. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina, sem er felld niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

20. gr.

Tilskipun 93/7/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi frá og með 19. desember 2015, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að leiða í landslög tilskipanirnar sem eru tilgreindir í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

21. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. (2.–8. liðir), 3. og 4. gr., 5. gr. (1. og 2. liður og 4.–6. liðir fyrstu málsgreinar), 6. gr., 7. gr. (fyrsta og önnur málsgrein), 8. gr. (2. mgr.), 9. gr., 10. gr. (þriðja og fjórða málsgrein) og 11.–16. gr. skulu gilda frá 19. desember 2015.

22. gr.

Tilskipuninni er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með lista yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 20. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/7/EBE	(Stjtíð. EB L 74, 27.3.1993, bls. 74).
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB	(Stjtíð. EB L 60, 1.3.1997, bls. 59).
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/38/EB	(Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 43).

B-HLUTI

Listi yfir fresti til að leiða í landslög

(sem um getur í 20. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
93/7/EBE	15.12.1993 (15.3.1994 fyrir Belgíu, Þýskaland og Holland)
96/100/EB	1.9.1997
2001/38/EB	31.12.2001

———

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 93/7/EBE	Þessi tilskipun
—	1. gr.
Fyrsti undirliður 1. liðar 1. gr.	1. liður 2. gr.
Inngangshluti í öðrum undirlið 1. liðar 1. gr.	—
Fyrsta setning fyrsta undirliðar í öðrum undirlið 1. liðar 1. gr.	—
Önnur setning fyrsta undirliðar í öðrum undirlið 1. liðar 1. gr.	8. liður 2. gr.
Annar undirliður í öðrum undirlið 1.°liðar 1.°gr.	—
Fyrsti undirliður 2. liðar 1. gr.	a-liður 2. liðar 2. gr.
Annar undirliður 2. liðar 1. gr.	b-liður 2. liðar 2. gr.
3.–7. liður 1. gr.	3.–7. liður 2. gr.
2. gr.	3. gr.
3. gr.	4. gr.
Inngangshluti 4. gr.	Inngangshluti fyrstu málsgreinar 5. gr.
1. og 2. liður 4. gr.	1. og 2. liður fyrstu málsgreinar 5. gr.
3. liður 4. gr.	3. liður fyrstu málsgreinar 5. gr.
4.–6. liður 4. gr.	4.–6. liður fyrstu málsgreinar 5. gr.
—	Önnur málsgrein 5. gr.
Fyrsta málsgrein 5. gr.	Fyrsta málsgrein 6. gr.
Fyrsti undirliður annarrar málsgreinar 5. gr.	a-liður annarrar málsgreinar 6. gr.
Annar undirliður annarrar málsgreinar 5. gr.	b-liður annarrar málsgreinar 6. gr.
Fyrsta málsgrein 6. gr.	Fyrsta málsgrein 7. gr.
Önnur málsgrein 6. gr.	Önnur málsgrein 7. gr.
—	Þriðja málsgrein 7. gr.
1. og 2. mgr. 7. gr.	1. og 2. mgr. 8. gr.
8. gr.	9. gr.
Fyrsta málsgrein 9. gr.	Fyrsta málsgrein 10. gr.
Önnur málsgrein 9. gr.	—
—	Önnur málsgrein 10. gr.
Þriðja og fjórða málsgrein 9. gr.	Þriðja og fjórða málsgrein 10. gr.
10.–15. gr.	11.–16. gr.
1. og 2. mgr. 16. gr.	1. og 2. mgr. 17. gr.
3. mgr. 16. gr.	—
4. mgr. 16. gr.	—
17. gr.	—
—	18. gr.
18. gr.	19. gr.
—	20. gr.
—	21. gr.

Tilskipun 93/7/EBE	Þessi tilskipun
19. gr.	22. gr.
Viðauki	—
—	I. viðauki
—	II. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/103 2016/EES/44/35

frá 27. janúar 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum ([1]), einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 var komið á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS).

2) Hlutverk nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt löggjöf Sambandsins um öryggi á höfunum, varnir gegn mengun frá skipum og um að tryggja góðan aðbúnað og vinnuskilyrði um borð.

3) Í öllum nýjum lögum Sambandsins, sem eru samþykkt á sviði öryggis á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, ætti að skírskota til nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

4) Frá síðustu breytingu á reglugerð (EB) nr. 2099/2002 hefur fjöldi nýrra lagagerða Sambandsins verið samþykktar á sviði öryggis á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum þar sem kveðið er á um að framkvæmdastjórnin ætti að njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, einkum í 28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB ([2]), 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB ([3]), 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ([4]), 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 ([5]), 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ([6]), 19. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB ([7]), 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB ([8]), 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB ([9]) og 38. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB ([10]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna (Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 24).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB frá 23. apríl 2009 um samræmi við kröfur fánaríkis (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 132).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).

5) Í 2. mgr. 4. gr. d tilskipunar ráðsins 1999/32/EB ([11]), 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 ([12]) og 5. og 6. gr. 19. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2014 ([13]) er einnig skírskotað til nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

6) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 hafa eftirfarandi lagagerðir Sambandsins, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, verið felldar niður: reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 ([14]), tilskipun ráðsins 93/75/EBE ([15]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 ([16]), tilskipun ráðsins 98/18/EB ([17]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB ([18]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB ([19]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 ([20]).

7) Eftirfarandi lagagerðir Sambandsins, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002, hafa verið endurútgefnar: tilskipun ráðsins 94/57 /EB ([21]) sem hefur verið endurútgefin sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB ([22]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ([23]) en tilskipun ráðsins 95/21/EB ([24]) hefur verið endurútgefin sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ([25]).

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2099/2002 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 komi eftirfarandi:

„2. „siglingalöggjöf Bandalagsins“: eftirfarandi lagagerðir:

([11]) Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE (Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13).
([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 3).
([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2014 frá 18. júlí 2014 um ítarlegar reglur um álagningu sekta og févíta og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 (Stjtíð. ESB L 214, 19.7.2014, bls. 12).
([14]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins (Stjtíð. EB L 68, 15.3.1991, bls. 1).
([15]) Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan Bandalagsins (Stjtíð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19).
([16]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum (Stjtíð. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14).
([17]) Tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (Stjtíð. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1).
([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna (Stjtíð. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17).
([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (Stjtíð. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31).
([20]) Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum fyrir olíuskip með tvöföldum byrðingi eða sambærilegum kröfum fyrir olíuskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 (Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1).
([21]) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).
([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47).
([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).
([24]) Tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1).
([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

a) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A. 747 (18) um beitingu mælingarreglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olíuflutningaskipum ([1*])

b) Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([2*])

c) Tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri ([3*])

d) Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins ([4*])

e) Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE ([5*]) í þeim tilgangi að framkvæma 2. lið 4. gr. d í þeirri tilskipun

f) Tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum ([6*])

g) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ([7*])

h) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa ([8*])

i) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ([9*])

j) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip ([10*])

k) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekju-farþegaskipa ([11*])

l) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 789/2004 frá 21. apríl 2004 um tilfærslu flutninga- og farþegaskipa frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins og um að fella úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 ([12*]),

m) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga, þ.m.t. refsiviðurlaga sökum mengunarbrota ([13*

n) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 ([14*])

o) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ([15*]),

([1*]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 1.
([2*]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.
([3*]) Stjtíð. EB L 34, 9.2.1998, bls. 1.
([4*]) Stjtíð. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35.
([5*]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.
([6*]) Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1.
([7*]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.
([8*]) Stjtíð. EB L 13, 16.1.2002, bls. 9.
([9*]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.
([10*]) Stjtíð. ESB L 115, 9.5.2003, bls. 1.
([11*]) Stjtíð. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 22.
([12*]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 19.
([13*]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.
([14*]) Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1.
([15*]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

p) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([16*])

q) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit ([17*])

r) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ([18*])

s) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB frá 23. apríl 2009 um samræmi við kröfur fánaríkis ([19*])

t) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([20*])

u) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó ([21*])

v) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ([22*])

w) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi ([23*])

x) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2014 frá 18. júlí 2014 um ítarlegar reglur um álagningu sekta og fé víta og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ([24*])

y) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB ([25*]).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([16*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.
([17*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.
([18*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.
([19*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 132.
([20*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.
([21*]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 24.
([22*]) Stjtíð. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.
([23*]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 3.
([24*]) Stjtíð. ESB L 214, 19.7.2014, bls. 12.
([25*]) Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/7 **2016/EES/44/36**

frá 5. janúar 2016

um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB ([1]), einkum 2. mgr. 59. gr., og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB ([2]), einkum 3. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eitt meginmarkmið tilskipana 2014/24/ESB og 2014/25/ESB er að létta stjórnsýslubyrði samningsyfirvalda, samningsstofnana og rekstraraðila, ekki síst lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er lykilatriði í þessari viðleitni. Staðlaða eyðublaðið fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda ætti því að vera samið með þeim hætti að komist verði hjá því að þurfa að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða eða annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðum og hæfiskröfum. Á staðlaða eyðublaðinu ætti einnig, í þessu skyni, að veita viðeigandi upplýsingar um aðila, sem rekstraraðilinn reiðir sig á hvað varðar getu, svo að staðfesting á upplýsingum varðandi slíka aðila geti farið fram samhliða staðfestingunni í tengslum við aðalrekstraraðilann og samkvæmt sömu skilyrðum.

2) Samningsstofnunum, sem heyra undir tilskipun 2014/25/ESB og sem þurfa, þegar þær beita útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfunum sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB, að gera það á sama hátt og með sömu skilyrðum og samningsyfirvöld, ætti einnig að vera mögulegt að nota samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.

3) Til að forðast stjórnsýslubyrði fyrir samningsyfirvöld og samningsstofnanir og hugsanlegar mótsagnir í hinum ýmsu útboðsgögnum ættu samningsyfirvöld og samningsstofnanir að tilgreina fyrir fram og með skýrum hætti þær upplýsingar, sem rekstraraðilum ber að veita í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda, í útboðsauglýsingunni eða með tilvísunum í henni til annarra hluta útboðsgagnanna sem rekstraraðilar verða ætíð að skoða vandlega vegna þátttöku sinnar og hugsanlegrar framlagningar tilboða.

4) Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda ætti einnig að stuðla að frekari einföldun fyrir bæði rekstraraðila, samningsyfirvöld og -stofnanir þar eð eitt staðlað, evrópskt eyðublað kemur í stað ýmissa ólíkra, landsbundinna eigin yfirlýsinga. Þetta ætti einnig að stuðla að því að draga úr vandamálum sem tengjast nákvæmni við vinnslu formlegra yfirlýsinga og yfirlýsinga um samþykki og einnig vandkvæðum í tengslum við tungumál þar sem staðlaða eyðublaðið verður aðgengilegt á opinberu tungumálunum. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda ætti því að greiða fyrir aukinni þátttöku í opinberum innkaupaferlum yfir landamæri.

5) Öll gagnavinnsla og gagnaskipti í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda ættu að fara fram í samræmi við landsreglur sem settar eru til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([3]), einkum landsreglur sem gilda um vinnslu upplýsinga er varða lögbrot, refsidóma eða öryggisráðstafanir skv. 5. mgr. 8. gr. téðrar tilskipunar.

6) Rétt er að minna á að framkvæmdastjórninni ber að kanna beitingu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda í reynd með tilliti til tækniþróunar gagnasafna í aðildarríkjunum og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það fyrir 18. apríl 2017. Þegar það er gert getur framkvæmdastjórnin einnig tekið tillit til hugsanlegra tillagna til að bæta virkni hennar í því skyni að auka möguleika á þátttöku í opinberum innkaupum yfir landamæri, ekki síst fyrir lítil

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65.

([2]) Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

og meðalstór fyrirtæki, eða hugsanlegra einfaldana innan ramma tilskipunar 2014/24/ESB. Hún getur einnig tekið til athugunar hugsanleg álitamál tengd þeirri starfsvenju að krefjast kerfisbundið vottorða eða annarra skriflegra sönnunargagna af öllum þátttakendum í tilteknu innkaupaferli eða þeirri starfsvenju að mismuna rekstraraðilum þegar þeir eru tilgreindir sem slíkra gagna er krafist af.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinber innkaup.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Frá og með gildistöku landsbundinna ráðstafana til framkvæmdar tilskipun 2014/24/ESB og í síðasta lagi frá og með 18. apríl 2016 skal nota staðlaða eyðublaðið í 2. viðauka við þessa reglugerð til að semja samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda, sem um getur í 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Leiðbeiningar um notkun hennar er að finna í 1. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

1. VIÐAUKI

Leiðbeiningar

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er eigin yfirlýsing rekstraraðila, sem veitir bráðabirgðasönnun er kemur í stað vottorða sem gefin eru út af opinberum yfirvöldum eða þriðju aðilum. Eins og kveðið er á um í 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB er um að ræða formlega yfirlýsingu rekstraraðila um að hann sé ekki í einhverjum af þeim aðstæðum sem eru eða geta verið ástæða til að útiloka rekstraraðila, að hann uppfylli viðkomandi hæfiskröfur og að hann uppfylli, eftir atvikum, hlutlægar reglur og viðmiðanir sem settar hafa verið í því skyni að takmarka fjölda hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka. Tilgangurinn með henni er að draga úr stjórnsýslubyrðinni sem fylgir þeirri kröfu að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða eða annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfum.

Til að auðvelda rekstraraðilum að fylla út samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda er aðildarríkjunum heimilt að gefa út leiðbeiningar um notkun hennar, t.d. til að útskýra hvaða ákvæði landslaga eiga við í tengslum við A-þátt III. hluta ([4]), að vera kunni að opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila hafi ekki verið teknar saman eða jafngild vottorð gefin út í tilteknu aðildarríki eða til að tilgreina hvaða tilvísanir og upplýsingar þurfi að gefa upp til að gera samningsyfirvöldum eða samningsstofnunum kleift að ná í tiltekið vottorð með rafrænum hætti.

Þegar samningsyfirvöld og samningsstofnanir útbúa útboðsgögn vegna tiltekins innkaupaferlis verða þau að tilgreina í útboðsauglýsingu, í útboðsgögnum sem um getur í útboðsauglýsingu eða í boðum um að staðfesta áhuga hvaða upplýsinga þau muni krefjast frá rekstraraðilum, þ. á m. skal vera afdráttarlaus yfirlýsing um hvort láta þurfi í té upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. og III. hluta ([5]) að því er varðar undirverktaka ef rekstraraðilinn reiðir sig **ekki** á getu þeirra ([6]). Þau geta einnig einfaldað rekstraraðilum verkið með því að tilgreina þessar upplýsingar beint í rafrænni útgáfu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda, t.d. með því að nota þjónustuna í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda, https://webgate.acceptance.ec.europa.eu/growth/tools-databases/ecertis2/resources/espd/index.html ([7]), sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar munu bjóða endurgjaldslaust fyrir samningsyfirvöld, samningsstofnanir, rekstraraðila, veitendur rafrænnar þjónustu og aðra hagsmunaaðila.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda, sem rekstraraðilar hafa fyllt út til að veita tilskildar upplýsingar, verður að fylgja tilboðum í almennum útboðum og beiðnum um þátttöku í lokuðum útboðum, samkeppnisútboðum með samningsviðræðum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi ([8]). Bjóðandinn, sem til stendur að gera samning við, mun þurfa að láta í té uppfærð vottorð og fylgiskjöl nema í tilviki tiltekinna samninga sem byggjast á rammasamningum.

Aðildarríkjunum er heimilt að setja reglur um eða láta samningsyfirvöld og samningsstofnanir um að ákveða hvort þau noti samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda einnig sem hluta af innkaupaferlum sem heyra ekki, eða ekki að fullu, undir ítarlegar málsmeðferðarreglur tilskipana 2014/25/ESB eða 2014/25/ESB, s.s. um innkaup undir viðeigandi viðmiðunarfjárhæðum eða innkaup sem falla undir sérstakar reglur sem gilda um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“) ([9]). Á sama hátt er aðildarríkjunum heimilt að setja reglur um eða láta samningsyfirvöld og samningsstofnanir um að ákveða hvort samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda verði einnig notuð í tengslum við gerð sérleyfissamninga, hvort sem þeir heyra undir ákvæði tilskipunar 2014/23/ESB eða ekki ([10]).

([4]) Til dæmis að rekstraraðilar, sem hafa verið sakfelldir, skv. grein x, y og z í hegningarlögum landsins, verði að taka það fram þegar þeir fylla út upplýsingar varðandi dóma fyrir þátttöku í skipulögðum brotasamtökum eða peningaþvætti …

([5]) Upplýsingar varðandi ástæður til útilokunar.

([6]) Sbr. þriðju undirgrein 5. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og þriðju undirgrein 5. mgr. 88. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

([7]) Þetta er tengill við bráðabirgðaútgáfu sem er í þróun. Þegar fullgerð útgáfa liggur fyrir verður settur inn tengill á hana eða hann gerður aðgengilegur á annan hátt.

([8]) Staðan er flóknari þegar kemur að **samningskaupum án undangenginnar auglýsingar**, sem kveðið er á um í 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB þar sem þessi ákvæði eiga við um mjög ólíkan veruleika. Það að fara fram á samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda væri ónauðsynleg stjórnsýslubyrði eða óviðeigandi á annan hátt 1) þar sem aðeins einn, fyrirframákveðinn þátttakandi kemur til greina (að því er varðar báðar tilskipanirnar, annars vegar 32. gr. (b-liður 2. mgr., b- og d-liður 3. mgr. og 5. mgr.) í tilskipun 2014/24/ESB og hins vegar 50. gr. (bókstafsliðir c, e, f og i) í tilskipun 2015/25/ESB) og 2) vegna knýjandi aðstæðna (annars vegar c-liður 2. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og hins vegar d- og h-liður 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB) eða vegna sérstakra einkenna viðskiptanna með vörurnar sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði (c-liður 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og g-liður 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB). Hins vegar mundi samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda gegna hlutverki sínu að fullu og fara ætti fram á hana í öðrum tilvikum, sem einkennast af hugsanlegri þátttöku fleiri en eins þátttakanda og þar sem ekki er um knýjandi aðstæður að ræða eða tiltekin einkenni tengd viðskiptunum; sú er raunin að því er varðar 32. gr. (a-lið 2. mgr., a-lið 3. mgr. og 4. mgr.) tilskipunar 2014/24/ESB og bókstafsliði a, b og j í 50. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

([9]) 74.–77. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 91.–94. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga, Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

Samningsyfirvald eða samningsstofnun getur hvenær sem er meðan á ferlinu stendur beðið hvaða bjóðanda sem er um að leggja fram öll tilskilin vottorð og fylgiskjöl eða hluta þeirra þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja tilhlýðilegan framgang ferlisins.

Hægt er að útiloka rekstraraðila frá innkaupaferli eða lögsækja þá samkvæmt landslögum ef þeir gerast sekir um alvarlegar rangfærslur við að fylla út samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda eða, almennt, við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu fyrir hendi útilokunarástæður eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, eða ef slíkum upplýsingum er leynt eða rekstraraðilar geta ekki lagt fram fylgiskjöl.

Rekstraraðilar geta notað aftur upplýsingar sem látnar hafa verið í té í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda, sem áður hefur verið notuð í fyrra innkaupaferli, að því tilskildu að upplýsingarnar séu enn réttar og viðeigandi. Auðveldasta leiðin til þess er að færa upplýsingarnar inn í nýja samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda með viðeigandi virkni sem til þess er ætluð í framangreindri rafrænni þjónustu í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (e. ESPD-service). Að sjálfsögðu verður einnig hægt að endurnýta upplýsingar með því að afrita og líma inn upplýsingar á annan hátt, t.d. upplýsingar sem geymdar eru í upplýsingatæknibúnaði rekstraraðilans (einkatölvum, spjaldtölvum, netþjónum...).

Samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB skal samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda vera á rafrænu formi eingöngu. Þessu má þó fresta til 18. apríl 2018 í síðasta lagi ([11]). Þetta merkir að til 18. apríl 2018 í síðasta lagi kann hvort tveggja að vera til samhliða, útgáfur sem eru alveg rafrænar og pappírsútgáfur. Framangreind þjónusta í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda mun gera rekstraraðilum kleift að fylla út samevrópskar hæfisyfirlýsingar bjóðanda rafrænt í **öllum tilvikum**, og gera þeim með þeim hætti kleift að nýta sér til fulls þá virkni sem er í boði (ekki síst þá að nota upplýsingar aftur). Að því er varðar innkaupaferli þar sem notkun rafrænna samskiptaaðferða hefur verið frestað (sem er einnig mögulegt til 18. apríl 2018 í síðasta lagi), gerir þjónustan í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda rekstraraðilum kleift að prenta út á pappír samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda, sem fyllt hefur verið út rafrænt, sem þá má leggja fram hjá samningsyfirvaldi eða samningsstofnun eftir öðrum samskiptaleiðum en rafrænum ([12]).

Eins og áður hefur komið fram er samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda formleg yfirlýsing rekstraraðila um að viðeigandi ástæður til útilokunar eigi ekki við, að hann uppfylli viðeigandi hæfiskröfur og að hann muni gefa viðeigandi upplýsingar sem samningsyfirvald eða samningsstofnun krefst.

Ef innkaupum er skipt upp í hlutasamninga **og** hæfiskröfur ([13]) eru ekki þær sömu fyrir alla hlutana, ber að fylla út samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda fyrir hvern hlutasamning (eða hóp hlutasamninga sem sömu hæfiskröfur gilda um).

Í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda er enn fremur tilgreint hvaða opinbera yfirvald eða þriðji aðili ber ábyrgð á að útbúa fylgiskjölin ([14]) og hún inniheldur formlega yfirlýsingu um að rekstraraðili muni geta lagt fram þessi fylgiskjöl án tafar, sé þess óskað.

Samningsyfirvöld eða samningsstofnanir geta kosið að takmarka, eða aðildarríkin kunna að krefjast þess af þeim að þau takmarki ([15]), upplýsingar sem krafist er varðandi hæfiskröfur við þá einu spurningu hvort rekstraraðilar uppfylli allar tilskildar hæfiskröfur (já eða nei). Þó að þessu kunni að vera fylgt eftir með beiðnum um frekari upplýsingar og/eða gögn ætti að gæta þess að forðast að leggja of þungar stjórnsýslubyrðar á rekstraraðila með því að krefjast kerfisbundið vottorða eða annarra skriflegra sönnunargagna af öllum þátttakendum í tilteknu innkaupaferli eða þá starfsvenju að mismuna rekstraraðilum þegar þeir eru tilgreindir sem slíkra gagna er krafist af.

Skyldur samningsyfirvalda og samningsstofnana til að afla sér hlutaðeigandi gagna beint, með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni sem er án endurgjalds í einhverju aðildarríkjanna, gilda einnig þar sem upplýsingarnar, sem krafist er í upphafi varðandi hæfiskröfur, hafa verið takmarkaðar við svarið „já“ eða „nei“. Ef slíkra rafrænna gagna er krafist munu rekstraraðilar því láta samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni í té þær upplýsingar sem þarf til að fá viðkomandi gögn þegar hæfiskröfur eru kannaðar, frekar en að láta þær í té beint í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda.

([11]) Sbr. 3. mgr. 90. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.

([12]) Þeir munu einnig geta búið til PDF-skjal af samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda til að senda rafrænt sem viðhengi. Til þess að geta notað upplýsingarnar aftur síðar ættu rekstraraðilar að vista hæfisyfirlýsinguna útfyllta á viðeigandi rafrænu sniði (s.s. .xml).

([13]) Þetta gæti átt við að því er varðar tilskilda lágmarksveltu, sem í slíkum tilvikum verður að ákvarða með hliðsjón af áætluðu hámarksverðmæti einstakra hlutasamninga.

([14]) Nema samningsyfirvöld eða samningsstofnanir hafi gefið til kynna að almennar upplýsingar („já“/„nei“) um að kröfur séu uppfylltar nægi til að byrja með. Sjá frekari skýringar á þessum möguleika hér á eftir.

([15]) Slíkar kröfur geta verið almennar eða takmarkaðar við tilteknar aðstæður eingöngu, t.d. almenn útboð eða, þegar um er að ræða ferli í tveimur hlutum, aðeins þegar öllum umsækjendum sem uppfylla lágmarkskröfur er boðið að taka þátt.

Þegar útskrift úr viðeigandi skrá, s.s. sakavottorð, er tiltæk samningsyfirvaldi eða samningsstofnun með rafrænum hætti, getur rekstraraðilinn skýrt frá því hvar upplýsingarnar er að finna (þ.e. heiti gagnasafnsins, veffang, auðkenning skrárinnar eða færslunnar o.s.frv.) til að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin geti aflað sér þessara upplýsinga. **Með því að gefa upp þessar upplýsingar gefur rekstraraðili samþykki sitt fyrir því að samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin sæki viðkomandi gögn með fyrirvara um landsreglur til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB** ([16]) **um vinnslu persónuupplýsinga og einkum tiltekinna flokka upplýsinga s.s. u m lögbrot, refsidóma eða öryggisráðstafanir.**

Í samræmi við 64. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB geta rekstraraðilar, sem skráðir eru í opinberar skrár yfir samþykkta rekstraraðila eða hafa fengið vottun frá opinberum eða einkaréttarlegum aðilum, að því er varðar upplýsingarnar sem krafist er í III.–V. hluta, afhent samningsyfirvaldi eða samningsstofnun vottorðið um skráningu, sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi, eða vottorðið, sem þar til bær vottunaraðili gefur út.

Rekstraraðili sem tekur þátt **í eigin nafni** og **reiðir sig ekki** á getu annarra aðila til að uppfylla hæfiskröfurnar verður að fylla út **eina** samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.

Rekstraraðili sem tekur þátt í eigin nafni en reiðir sig á getu eins eða fleiri annarra aðila verður að tryggja að samningsyfirvaldinu eða samningsstofnuninni berist samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda fyrir hann sjálfan auk **sérstakrar** samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda með viðeigandi upplýsingum ([17]) **fyrir hvern og einn aðila sem hann reiðir sig á**.

Loks þarf að leggja fram **sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda,** með upplýsingunum sem krafist er í II.–V. hluta, **fyrir hvern** rekstraraðila sem tekur þátt, þegar hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, taka saman þátt í innkaupaferli.

Í öllum tilvikum þar sem fleiri en einn einstaklingur er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn rekstraraðila eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða hjá honum, **gæti** hver og einn þeirra þurft að undirrita sömu samevrópsku hæfisyfirlýsingu bjóðanda, háð reglum í hverju landi fyrir sig, þ.m.t. reglum um gagnavernd.

Að því er varðar undirritun/undirritanir samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda, athugið að undirritun hennar kann að vera ónauðsynleg ef samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda er send sem hluti af skjalamengi þar sem sannvottaður uppruni og heilleiki er tryggður með undirritun/undirritunum sem tilskilin er í tengslum við sendingaraðferðina ([18]).

Í innkaupaferlum þar sem útboðsauglýsing hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eru upplýsingarnar sem krafist er í I. hluta sóttar sjálfvirkt, **að því tilskildu að framangreind rafræn þjónusta í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda sé notuð til að búa til yfirlýsinguna og fylla hana út.**

Hafi engin útboðsauglýsing verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins verður samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin að færa inn upplýsingar sem auðkenna innkaupaferlið með ótvíræðum hætti. Rekstraraðili skal fylla út allar aðrar upplýsingar í öllum þáttum samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda samanstendur af eftirtöldum hlutum og þáttum:

— **I. hluti. Upplýsingar varðandi innkaupaferlið og samningsyfirvaldið eða samningsstofnunina.**

— **II. hluti. Upplýsingar varðandi rekstraraðilann.**

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([17]) Sjá C-þátt II. hluta.

([18]) Til dæmis: ef tilboð í almennu útboði og meðfylgjandi samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda eru send í tölvupósti sem búinn er rafrænni undirskrift af tilskilinni gerð, kunna viðbótarundirritun/-undirritanir hæfisyfirlýsingarinnar að vera ónauðsynlegar. Rafræn undirskrift á samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda kann einnig að vera ónauðsynleg ef hæfisyfirlýsingin er felld inn í rafrænan innkaupavettvang þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist til að nota vettvanginn.

— **III. hluti. Útilokunarviðmiðanir:**

  — **A: Ástæður sem tengjast sakfellingu í refsimáli** (beiting þeirra er skyldubundin skv. 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB. Beiting þeirra er einnig skyldubundin fyrir samningsyfirvöld samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, en hins vegar er samningsstofnunum, öðrum en samningsyfirvöldum, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarviðmiðunum).

  — **B: Ástæður sem tengjast greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga** (beiting þeirra er skyldubundin skv. 2. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB ef um er að ræða endanlega og bindandi ákvörðun. Með sömu skilyrðum er beiting þeirra einnig skyldubundin fyrir samningsyfirvöld samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, en hins vegar er samningsstofnunum, öðrum en samningsyfirvöldum, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarviðmiðunum. Athugið að útilokun kann að vera skyldubundin samkvæmt landslögum tiltekinna aðildarríkja jafnvel þótt ákvörðunin sé ekki endanleg og bindandi).

  — **C: Ástæður sem tengjast ógjaldfærni, hagsmunaárekstrum eða misferli í starfi (sjá 4. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB)** (tilvik þar sem heimilt er að útiloka rekstraraðila; aðildarríki geta gert það að skyldu að samningsvöld þeirra beiti þessum útilokunarástæðum. Skv. 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB er öllum samningsstofnunum, hvort sem þær eru samningsyfirvöld eða ekki, **heimilt** að ákveða að beita þessum útilokunarástæðum eða aðildarríki þeirra getur krafist þess af þeim).

  — **D: Aðrar ástæður til útilokunar sem hægt er að gera ráð fyrir í landslögum aðildarríkis samningsyfirvalds eða samningsstofnunar**

— **IV. hluti. Hæfiskröfur** ([19]):

  — ***α*: Almenn atriði varðandi allar hæfiskröfur**

  — **A: Hæfi.**

  — **B: Efnahagsleg og fjárhagsleg staða.**

  — **C: Tæknileg og fagleg geta.**

  — **D: Gæðatryggingarkerfi og umhverfisstjórnunarstaðlar** ([20])([21]).

— **V. hluti. Fækkun hæfra umsækjenda** ([22]).

— **VI. hluti. Lokayfirlýsingar.**

([19]) Skv. 2. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/25/ESB geta samningsstofnanir, hvort sem þær eru samningsyfirvöld eða ekki, ákveðið að beita hæfiskröfunum sem kveðið er á um í 58. gr. tilskipunar 2014/24/ESB (A-, B- og C-þætti IV. hluta).

([20]) Ekki er kveðið ótvírætt á um notkun samningsstofnana á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda að því er varðar kröfur í tengslum við gæðatryggingarkerfi og umhverfisstjórnunarstaðla (D-þáttur IV. hluta) í tilskipun 2014/25/ESB en hana ætti engu að síður að heimila af hagkvæmnisástæðum þar eð 62. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 81. gr. 2014/25/ESB eru í meginatriðum eins.

([21]) Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. tilskipunar 2014/25/ESB skulu samningsstofnanir velja þátttakendur á grundvelli hlutlægra reglna og viðmiðana. Eins og lýst er hér að framan geta þessar viðmiðanir í sumum tilvikum verið þær sem kveðið er á um í tilskipun 2014/24/ESB eða innihaldið ákvæði sem eru í meginatriðum eins (sjá 16. neðanmálsgrein). Þó geta þessar hlutlægu reglur og viðmiðanir einnig verið sérstaklega miðaðar við tiltekna samningsstofnun eða tiltekið innkaupaferli. Staðlað eyðublað getur þó ekki tekið til slíkra tilvika.

([22]) Ekki er kveðið ótvírætt á um notkun samningsstofnana á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda að því er varðar fækkun hæfra umsækjenda (V. hluti) í tilskipun 2014/25/ESB en hana ætti engu að síður að heimila af hagkvæmnisástæðum þar eð þess er krafist í 65. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 2. mgr. 78. gr. tilskipunar 2014/25/ESB að slík fækkun skuli fara fram í samræmi við hlutlægar forsendur eða reglur án mismununar.

2. VIÐAUKI

STAÐLAÐ EYÐUBLAÐ FYRIR SAMEVRÓPSKA HÆFISYFIRLÝSINGU BJÓÐANDA

I. hluti: Upplýsingar varðandi innkaupaferlið og samningsyfirvaldið eða samningsstofnunina

Í innkaupaferlum þar sem útboðsauglýsing hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eru upplýsingarnar sem krafist er í I. hluta sóttar sjálfvirkt, að því tilskildu að rafræna þjónustan í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda ([1]) sé notuð til að búa til yfirlýsinguna og fylla hana út. Tilvísun í viðeigandi tilkynningu ([2]) sem birt er í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

Stjtíð. ESB, S-deild, nr. [ ], dags. [ ], bls. [ ],

Númer tilkynningar í S-deild Stjtíð. ESB: [ ][ ][ ][ ]/S [ ][ ][ ]–[ ][ ][ ][ ][ ][ ][ ]

Hafi engin útboðsauglýsing verið birt í Stjtíð. ESB verður samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin að færa inn upplýsingar sem auðkenna innkaupaferlið með ótvíræðum hætti:

Ef þess er ekki krafist að birt sé tilkynning í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins gefið þá upp aðrar upplýsingar sem auðkenna innkaupaferlið með ótvíræðum hætti (t.d. tilvísun til birtingar á landsvísu): [….]

UPPLÝSINGAR UM INNKAUPAFERLIÐ

Upplýsingarnar sem krafist er í I. hluta eru sóttar sjálfvirkt, að því tilskildu að framangreind rafræn þjónusta í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda sé notuð til að búa til yfirlýsinguna og fylla hana út. Ef svo er ekki, verður rekstraraðili að fylla út þessar upplýsingar.

Kaupandi ([3])	**Svar:**
Nafn:	[ ]
Innkaup sem um er að ræða	**Svar:**
Heiti innkaupanna eða stutt lýsing á þeim ([4]):	[ ]
Tilvísunarnúmer sem samningsyfirvald eða samningsstofnun gefur skjalinu (ef við á) ([5]):	[ ]

Rekstraraðili skal fylla út allar aðrar upplýsingar í öllum þáttum samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda

([1]) Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar munu bjóða rafrænu þjónustuna í tengslum við samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda endurgjaldslaust fyrir samningsyfirvöld, samningsstofnanir, rekstraraðila, veitendur rafrænnar þjónustu og aðra hagsmunaaðila.

([2]) Þegar um er að ræða samningsyfirvöld: annaðhvort kynningartilkynningu sem er notuð til að kynna útboð eða útboðstilkynningu. Þegar um er að ræða samningsstofnanir: reglubundna kynningartilkynningu sem er notuð til að kynna útboð, útboðstilkynningu eða tilkynningu um að hæfismatskerfi sé fyrir hendi.

([3]) Upplýsingarnar skal afrita úr lið I.1 í I. þætti viðkomandi tilkynningar. Ef um er að ræða sameiginleg innkaup, gefið upp nöfn allra kaupenda sem hlut eiga að máli.

([4]) Sjá liði II.1.1 og II.1.3 í viðeigandi tilkynningu.

([5]) Sjá lið II.1.1 í viðeigandi tilkynningu.

II. hluti: Upplýsingar varðandi rekstraraðilann

A: UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTRARAÐILANN

Auðkennisupplýsingar:	**Svar:**
Nafn:	[ ]
Virðisaukaskattsnúmer (ef við á): Ef virðisaukaskattsnúmer á ekki við þá tilgreinið annað landsbundið auðkennisnúmer, ef krafist er og við á	[ ] [ ]
Póstfang:	[.....]
Tengiliður eða tengiliðir ([6]): Sími: Tölvupóstfang: Veffang (ef við á):	[.....] [.....] [.....] [.....]
Almennar upplýsingar:	**Svar:**
Er rekstraraðili örfyrirtæki, lítið eða meðalstórt fyrirtæki ([7])?	[ ] Já [ ] Nei
Fyllið aðeins út ef um er að ræða innkaup sem eru bundin við ákveðna hópa ([8]): er rekstraraðili verndaður vinnustaður, „félagslegt fyrirtæki“ ([9]) eða mun hann framkvæma samninginn innan ramma áætlana um verndaða vinnu? **Ef svarið er já** hvert er hlutfall fatlaðra eða illa settra starfsmanna? Ef þess er krafist, tilgreinið hvaða flokki eða flokkum fatlaðra eða illa settra starfsmanna viðkomandi launþegar tilheyra.	[ ] Já [ ] Nei [.....] [.....]
Ef við á, er rekstraraðilinn skráður í opinbera skrá yfir samþykkta rekstraraðila eða hefur hann fengið jafngilt vottorð (t.d. samkvæmt landsbundnu (for) hæfismatskerfi)?	[ ] Já [ ] Nei [ ] Á ekki við
Ef svarið er já: **Svarið þeim hlutum þessa þáttar sem eftir eru, þætti B og, ef við á, þætti C í þessum hluta, fyllið út V. hluta, þar sem við á, og fyllið út og undirritið VI. hluta í öllum tilvikum.** a) Gefið upp heiti skrárinnar eða vottorðsins og viðeigandi skráningarnúmer eða númer vottunar, ef við á: b) Ef hægt er að nálgast vottorðið um skráningu eða vottunina rafrænt, tilgreinið:	 a) [.....] b) (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....][.....]

([6]) Endurtakið upplýsingar um tengiliði eins oft og þörf krefur.

([7]) Sbr. tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum, (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36). Þessara upplýsinga er eingöngu krafist vegna hagskýrslugerðar.
Örfyrirtæki: fyrirtæki sem **hefur færri en 10 starfsmenn** og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer **ekki yfir 2 milljónir evra**.
Lítil fyrirtæki: fyrirtæki sem **hefur færri en 50 starfsmenn** og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer **ekki yfir 10 milljónir evra**.
Meðalstór fyrirtæki: fyrirtæki sem eru hvorki örfyrirtæki né lítil fyrirtæki og hafa færri en 250 starfsmenn og ársvelta fer ekki yfir 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 43 milljónir evra.

([8]) Sjá lið III.1.5 í útboðstilkynningu

([9]) Þ.e. sem hefur félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði.

c) Tilgreinið tilvísanir sem liggja til grundvallar skránni eða vottuninni og, eftir atvikum, flokkunina í opinberu skránni ([10]): d) Tekur skráningin eða vottunin til allra tilskilinna hæfiskrafna? **Ef svarið er nei:** **Fyllið út að auki þær upplýsingar sem vantar í A-, B-, C- eða D-þátt IV. hluta eftir því sem við á** **AÐEINS ef þess er krafist í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum:** e) Getur rekstraraðili lagt fram **vottorð** um greiðslu framlags til almannatrygginga og skatta eða látið í té upplýsingar sem gera samningsyfirvaldi eða samningsstofnun kleift að afla sér þess beint með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni sem er án endurgjalds í einhverju aðildarríkjanna? Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi tilgreinið:	c) [.....] d) [ ] Já [ ] Nei e) [ ] Já [ ] Nei (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....][.....]
Tilhögun þátttöku:	**Svar:**
Tekur rekstraraðilinn þátt í innkaupaferlinu ásamt öðrum ([11])?	[ ] Já [ ] Nei
Ef svarið er já, tryggið að aðrir hlutaðeigandi aðilar fylli út sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda.	
Ef svarið er já: a) Tilgreinið hlutverk rekstraraðilans í hópnum (fer hann fyrir hópnum, ber hann ábyrgð á tilteknum verkefnum...): b) Tilgreinið hina rekstraraðilana sem taka þátt í innkaupaferlinu: c) Heiti hópsins sem tekur þátt, ef við á:	a): [.....] b): [.....] c): [.....]
Hlutasamningar	**Svar:**
Hlutasamningur (hlutasamningar) sem rekstraraðili óskar eftir að bjóða í, ef við á:	[ ]

B: UPPLÝSINGAR UM FULLTRÚA REKSTRARAÐILANS

Ef við á, tilgreinið nafn/nöfn og heimilisfang/-föng einstaklingsins/einstaklinganna sem hefur/hafa umboð til að koma fram fyrir hönd rekstraraðilans að því er varðar innkaupaferlið:

Fyrirsvar (ef við á):	**Svar:**
Fullt nafn: ásamt fæðingardegi og -ári og fæðingarstað, ef krafist er:	[.....]; [.....]
Staða/Kemur fram sem:	[.....]
Póstfang:	[.....]
Sími:	[.....]
Tölvupóstfang:	[.....]
Ef þörf er á, veitið ítarlegar upplýsingar um fyrirsvarið (form þess, umfang, tilgang ...):	[.....]

([10]) Tilvísanir og flokkun, ef við á, koma fram á vottuninni.
([11]) Einkum sem hluti af samstæðu, fyrirtækjasamtökum, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða sambærilegu.

C: UPPLÝSINGAR UM HVORT BYGGT ER Á GETU ANNARRA AÐILA

Byggt á getu:	**Svar:**
Reiðir rekstraraðilinn sig á getu annarra aðila til að uppfylla hæfiskröfurnar sem settar eru fram í IV. hluta og forsendurnar og reglurnar (ef við á) sem settar eru fram í V. hluta hér á eftir?	[ ] Já [ ] Nei

Ef svarið er já, leggið fram sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda með þeim upplýsingum sem krafist er í **A- og B-þætti þessa hluta og í III. hluta fyrir hvern** viðkomandi aðila, útfyllta með tilhlýðilegum hætti og undirritaða af viðkomandi aðilum.

Athugið að þetta ætti einnig að eiga við um tæknimenn eða tæknilega aðila, sem ekki heyra beint undir fyrirtæki rekstraraðilans, einkum þá sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti og, þegar um er að ræða opinbera verksamninga, þá tæknimenn og tæknilegu aðila sem verktaki getur leitað til vegna framkvæmdar verksins.

Tiltakið upplýsingarnar í IV. og V. hluta fyrir hvern viðkomandi aðila að því marki sem þær tengjast þeirri tilteknu getu sem rekstraraðilinn reiðir sig á ([12]).

D: UPPLÝSINGAR UM UNDIRVERKTAKA EF REKSTRARAÐILI REIÐIR SIG EKKI Á GETU ÞEIRRA

(Þennan þátt þarf aðeins að fylla út fari samningsyfirvald eða samningsstofnun sérstaklega fram á það.)

Undirverktakastarfsemi:	**Svar:**
Hyggst rekstraraðili láta þriðju aðila framkvæma einhvern hluta samningsins í undirverktöku?	[ ] Já [ ] Nei Ef svarið er **já og að svo miklu leyti sem vitað er**, teljið upp fyrirhugaða undirverktaka: […]

Fari samningsyfirvald eða samningsstofnun sérstaklega fram á að þessar upplýsingar séu veittar til viðbótar við upplýsingarnar í þessum þætti, veitið upplýsingarnar í A- og B-þætti þessa hluta og í III. hluta fyrir hvern (flokk) undirverktaka sem í hlut á.

([12]) T.d. varðandi tæknilega aðila sem koma að gæðaeftirliti: 3. liður C-þáttar IV. hluta.

III. hluti: Ástæður til útilokunar

A: ÁSTÆÐUR SEM TENGJAST SAKFELLINGU Í REFSIMÁLI

Í 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB eru settar fram eftirfarandi ástæður til útilokunar:
1. Þátttaka í skipulögðum brotasamtökum ([13]),
2. Spilling ([14]),
3. Svik ([15]),
4. Hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi ([16]),
5. Peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka ([17]),
6. Barnavinna og annað form mansals ([18]).

Ástæður sem tengjast **sakfellingu í refsimáli samkvæmt landsbundnum ákvæðum um framkvæmd þeirra ástæðna sem settar eru fram í 1. mgr. 57. gr. tilskipunarinnar:**	**Svar:**
Hefur **rekstraraðili sjálfur** eða **einhver** sem er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans eða sem hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða hjá honum verið **sakfelldur með endanlegum dómi** fyrir eitthvað af ofangreindu á síðastliðnum fimm árum eða þar sem útilokunartímabil sem er enn í gildi var tilgreint í dómnum?	[ ] Já [ ] Nei Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið: (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]([19])
Ef svarið er já, tilgreinið ([20]): a) dagsetningu dóms, tilgreinið um hvern af liðum 1–6 er að ræða og ástæðu/ástæður dómsins, b) hver var sakfelldur [ ], c) **að því marki sem fram kemur beint í dómnum:**	a) Dagsetning: [ ], liður/liðir: [ ], ástæða/ástæður: [ ] b) [……] c) Lengd útilokunartímabils. [ ] og liður/liðir sem um er að ræða [ ] Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið: (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]([21])
Hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að sýna fram á áreiðanleika sinn þrátt fyrir að viðeigandi ástæða til útilokunar sé fyrir hendi ([22]) („bætt fyrir brot sitt“ („Self-Cleaning“)) þar sem um er að ræða sakfellingu?	[ ] Já [ ] Nei
Ef svarið er já, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið ([23]):	[.....]

([13]) Eins og skilgreint er í 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/DIM frá 24. október 2008 um baráttuna gegn skipulagðri afbrotastarfsemi (Stjtíð. ESB L 300, 11.11.2008, bls. 42).

([14]) Eins og skilgreint er í 3. gr. samningsins um baráttu gegn spillingu tengdri embættismönnum Evrópubandalaganna eða embættismönnum aðildarríkja Evrópusambandsins, Stjtíð. EB C 195, 25.6.1997, bls. 1, og í 1. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2003/568/DIM frá 22. júlí 2003 um baráttu gegn spillingu í einkageiranum (Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 54). Þessi útilokunarástæða tekur einnig til spillingar eins og hún er skilgreind í landslögum samningsyfirvaldsins (samningsstofnunarinnar) eða rekstraraðilans.

([15]) Í skilningi 1. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 48).

([16]) Eins og skilgreint er í 1. og 3. gr. rammaákvörðunar ráðsins frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum (Stjtíð. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3). Þessi útilokunarástæða tekur einnig til áeggjunar, aðstoðar, stuðnings eða tilraunar til að fremja afbrot, eins og um getur í 4. gr. þeirrar rammaákvörðunar.

([17]) Eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

([18]) Eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjtíð. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).

([19]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.

([20]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.

([21]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.

([22]) Í samræmi við landsbundin ákvæði til framkvæmdar 6. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.

([23]) Skýringin ætti að sýna fram á að ráðstafanirnar, sem gerðar voru, hafi verið viðeigandi með tilliti til eðlis brotanna sem framin voru (stök, endurtekin, kerfisbundin …).

B: ÁSTÆÐUR SEM TENGJAST GREIÐSLU SKATTA EÐA FRAMLAGA TIL ALMANNATRYGGINGA

Greiðsla skatta eða framlaga til almannatrygginga:	**Svar:**	
Hefur rekstraraðili uppfyllt allar **skyldur sínar varðandi greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga**, bæði í landinu þar sem hann hefur staðfestu og í aðildarríki samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar ef það er annað en staðfestuland?	[ ] Já [ ] Nei	
Ef svo er ekki, tilgreinið:	**Skattar**	**Framlög til almanna-trygginga**
a) Viðkomandi land eða aðildarríki	a) [.....]	a) [.....]
b) Hver er fjárhæðin sem um er að ræða?	b) [.....]	b) [.....]
c) Hvernig hefur því verið slegið föstu að um brot á skyldum sé að ræða:	c1) [ ] Já [ ] Nei	c1) [ ] Já [ ] Nei
1) Með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds:	— [ ] Já [ ] Nei	— [ ] Já [ ] Nei
— Er ákvörðunin endanleg og bindandi?	— [.....]	— [.....]
— Tilgreinið dagsetningu dóms eða ákvörðunar.	— [.....]	— [.....]
— Lengd útilokunartímabils, **að því marki sem kemur beint fram í dómnum** þar sem dómur hefur fallið:	c2) [.....]	c2) [.....]
2) Með öðrum hætti? Tilgreinið:	d) [ ] Já [ ] Nei	d) [ ] Já [ ] Nei
d) Hefur rekstraraðili uppfyllt skyldur sínar með því að greiða eða gera bindandi samning um fyrirkomulag með það í huga að greiða skattana eða framlögin til almannatrygginga sem skal greiða, þ.m.t., eftir atvikum, áfallna vexti eða sektir?	**Ef svarið er já**, tilgreinið nánar: [.....]	**Ef svarið er já**, tilgreinið nánar: [.....]
Ef viðeigandi gögn um greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna) ([24]): [.....][.....][.....]	

C: ÁSTÆÐUR SEM TENGJAST ÓGJALDFÆRNI, HAGSMUNAÁREKSTRUM EÐA MISFERLI Í STARFI ([25])

Athugið, að því er varðar þessi innkaup, að sumar af eftirfarandi útilokunarástæðum kunna að hafa verið skilgreindar nánar í landslögum, í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnum. Þannig getur t.d. í landslögum verið kveðið á um að „alvarlegt misferli í starfi“ kunni að taka til ýmiss konar ólíkrar háttsemi.

Upplýsingar um mögulega ógjaldfærni, hagsmuna-árekstra eða misferli í starfi	**Svar:**
Hefur rekstraraðili, **sér vitandi,** brotið gegn **skyldum sín-um** á sviði **umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar** ([26])**?**	[ ] Já [ ] Nei
	Ef svarið er já, hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að sýna fram á áreiðanleika sinn þrátt fyrir að viðeigandi ástæða til útilokunar sé fyrir hendi („bætt fyrir brot sitt“)? [ ] Já [ ] Nei **Hafi hann gert það**, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið: [.....]

([24]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.
([25]) Sjá 4. mgr. 57. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.
([26]) Eins og fram kemur í landslögum, viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum eða í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/24/ESB vegna þessara innkaupa.

Er rekstraraðili í einhverjum þeim aðstæðum sem hér segir: a) **gjaldþrota** eða b) **hefur hann verið tekinn til ógjaldfærni-** eða slitameðferðar eða c) hefur hann fengið heimild til **nauðasamninga** eða d) er ástatt um hann með sambærilegum hætti vegna svipaðrar málsmeðferðar samkvæmt landslögum eða reglugerðum ([27]) eða e) eru eignir hans í umsjá skiptastjóra eða dómstóls eða f) hefur atvinnustarfsemi hans verið lögð niður? **Ef svarið er já:** — Tilgreinið nánar: — Tilgreinið af hverju rekstraraðili muni samt sem áður geta staðið við samninginn með tilliti til gildandi landsreglna og ráðstafana varðandi áframhaldandi starfsemi við slíkar aðstæður ([28]). Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	[ ] Já [ ] Nei — [.....] — [.....] (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
Hefur rekstraraðili gerst sekur um **alvarlegt misferli í starfi** ([29])? **Ef svarið er já**, tilgreinið nánar:	[ ] Já [ ] Nei [.....]
	Ef svarið er já, hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að bæta fyrir brot sitt? [ ] Já [ ] Nei **Hafi hann gert það**, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið: [.....]
Hefur rekstraraðilinn gengið til **samninga** við aðra rekstraraðila í þeim tilgangi að raska samkeppni? **Ef svarið er já**, tilgreinið nánar:	[ ] Já [ ] Nei [.....]
	Ef svarið er já, hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að bæta fyrir brot sitt? [ ] Já [ ] Nei **Hafi hann gert það**, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið: [.....]
Er rekstraraðila kunnugt um einhverja **hagsmunaárekstra** ([30]) vegna þátttöku sinnar í innkaupaferlinu? **Ef svarið er já**, tilgreinið nánar:	[ ] Já [ ] Nei [.....]
Hefur rekstraraðili eða fyrirtæki sem tengist honum veitt samningsyfirvaldi eða samningsstofnun ráðgjöf eða **komið á annan hátt að undirbúningi** innkaupaferlisins? **Ef svarið er já**, tilgreinið nánar:	[ ] Já [ ] Nei [.....]

([27]) Sjá landslög, viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögn.

([28]) Ekki þarf að veita þessar upplýsingar ef útilokun rekstraraðila, sem eru í einhverri þeirri stöðu sem talin er upp undir a- til f-lið, hefur verið gerð skyldubundin samkvæmt gildandi landslögum, án nokkurs möguleika á undanþágu, þegar rekstraraðilinn er engu að síður fær um að standa við samninginn.

([29]) Sjá, eftir atvikum, skilgreiningar í landslögum, viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum.

([30]) Skv. landslögum, viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum.

Hefur rekstraraðili orðið fyrir því að fyrri opinberum samningi, fyrri samningi við samningsstofnun eða fyrri samningi um sérleyfi hafi verið slitið fyrr en til stóð eða að skaðabætur hafi verið ákveðnar eða önnur svipuð viðurlög lögð á í tengslum við slíkan fyrri samning? Ef svarið er já, tilgreinið nánar:	[ ] Já [ ] Nei [.....]
	Ef svarið er já, hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að bæta fyrir brot sitt? **Hafi hann gert það**, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið: [.....]
Getur rekstraraðili staðfest að: a) hann hafi ekki gerst sekur um alvarlegar **rangfærslur** við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að útilokunarástæður séu ekki fyrir hendi eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, b) hann hafi ekki **leynt** slíkum upplýsingum, c) hann hafi getað lagt tafarlaust fram þau fylgiskjöl sem samningsyfirvald eða samningsstofnun krefst og d) hann hafi ekki reynt að hafa með óréttmætum hætti áhrif á ákvarðanatökuferli samningsyfirvaldsins eða samningsstofnunarinnar, komast yfir trúnaðarupplýsingar sem geta veitt honum óréttmætt forskot í innkaupaferlinu eða veita af gáleysi villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða samningsgerð?	[ ] Já [ ] Nei

D: AÐRAR ÁSTÆÐUR TIL ÚTILOKUNAR SEM HÆGT ER AÐ SJÁ FYRIR Í LANDSLÖGUM AÐILDARRÍKIS SAMNINGSYFIRVALDS EÐA SAMNINGSSTOFNUNAR

Útilokunarástæður sem eru alfarið landsbundnar	**Svar:**
Eru útilokunarástæður, sem eru alfarið landsbundnar og sem tilgreindar eru í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnum, fyrir hendi?	[ ] Já [ ] Nei
Ef gögnin, sem krafist er í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnum, eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]([31])
Ef fyrir hendi eru einhverjar af þeim útilokunarástæðum sem eru eingöngu landsbundnar, hefur rekstraraðilinn gert ráðstafanir til að bæta fyrir brot sitt?	[ ] Já [ ] Nei
Hafi hann gert það, lýsið ráðstöfununum sem gerðar hafa verið:	[.....]

([31]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.

IV. hluti: Hæfiskröfur

Að því er varðar hæfiskröfur (α-þáttur eða A- til D-þáttur þessa hluta) lýsir rekstraraðili yfir eftirfarandi:

α: ALMENNT VARÐANDI ALLAR HÆFISKRÖFUR

Rekstraraðili ætti einungis að fylla út þennan reit ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur tekið fram í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni að rekstraraðili þurfi aðeins að fylla út α-þátt IV. hluta en ekki aðra þætti IV. hluta:

Allar tilskildar hæfiskröfur uppfylltar	**Svar**
Rekstraraðili uppfyllir allar tilskildar hæfiskröfur:	[ ] Já [ ] Nei

A: HÆFI

Rekstraraðili ætti einungis að veita þessar upplýsingar ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur sett fram viðkomandi hæfiskröfu í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni.

Hæfi	**Svar**
1) **Rekstraraðili er skráður í viðeigandi firmaskrá eða viðskiptaskrá** í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu ([32]): Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	[.....] (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
2) **Að því er varðar þjónustusamninga:** Þarf að hafa sérstaka **heimild** eða **vera félagi** í tilteknum samtökum til að mega veita viðkomandi þjónustu í staðfestulandi rekstraraðila?	[ ] Já [ ] Nei Ef svarið er já, tilgreinið heimildina eða samtökin og hvort rekstraraðili hefur heimildina eða er félagi í samtökunum: […] [ ] Já [ ] Nei Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið: (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]

B: EFNAHAGSLEG OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstraraðili ætti einungis að veita þessar upplýsingar ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur sett fram viðkomandi hæfiskröfu í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni.

Efnahagsleg og fjárhagsleg staða	**Svar:**
1a) („Almenn“) **ársvelta** fyrir þann fjölda fjárhagsára sem krafist er í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum er eftirfarandi: **og/eða** 1b) **Meðalvelta** á ári **fyrir þann fjölda ára sem krafist er í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum er eftirfarandi** ([33]): Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	ár: [.....] veltu: [.....][…] gjaldmiðil ár: [.....] veltu: [.....][…] gjaldmiðil ár: [.....] veltu: [.....][…] gjaldmiðil (fjölda ára, meðalveltu): [.....],[.....][…] gjaldmiðil (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]

([32]) Eins og lýst er í XI. viðauka við tilskipun 2014/24/ESB; rekstraraðilar frá tilteknum aðildarríkjum gætu þurft að uppfylla aðrar kröfur sem settar eru fram í þeim viðauka.

([33]) Aðeins ef það er heimilað í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum.

2a) („Sértæk“) árs**velta** á rekstrarsviðinu sem samningurinn tekur til og tilgreind er í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum fyrir þann fjölda fjárhagsára, sem krafist er, er eftirfarandi: **og/eða** 2b) **Meðalvelta** á ári á því sviði og fyrir þann fjölda ára sem krafist er í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum er eftirfarandi ([34]): Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	ár: [.....] veltu: [.....][…]gjaldmiðil ár: [.....] veltu: [.....][…]gjaldmiðil ár: [.....] veltu: [.....][…]gjaldmiðil (fjölda ára, meðalveltu): [.....],[.....][…] gjaldmiðil (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
3) Ef upplýsingar um veltu (almenna eða sértæka) eru ekki fyrir hendi fyrir allt tilskilið tímabil, tiltakið daginn þegar rekstraraðilinn var stofnaður eða rekstur hófst:	[.....]
4) Að því er varðar **kennitölurnar um fjárhagsstöðu fyrirtækja** (e. financial ratios) ([35]) sem tilgreindar eru í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum, lýsir rekstraraðili því yfir að raunverulegt virði tilskilinnar kennitölu/tilskilinna kennitalna sé eftirfarandi: Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(gefið upp tilskildar kennitölur – hlutfall milli x og y ([36]) — og virðið): [.....], [.....]([37]) (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna):
5) Vátryggingarfjárhæð **starfsábyrgðartryggingar** er eftirfarandi: Ef viðeigandi skjöl eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	[.....][…] gjaldmiðil (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
6) Að því er varðar **aðrar efnahagslegar eða fjárhagslegar kröfur, ef einhverjar eru,** sem kunna að hafa verið tilgreindar í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum, lýsir rekstraraðili yfir eftirfarandi: Ef viðkomandi gögn, sem **kann** að hafa verið krafist í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum, eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	[.....] (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]

C: TÆKNILEG OG FAGLEG GETA

Rekstraraðili ætti <u>einungis</u> að veita þessar upplýsingar ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur sett fram viðkomandi hæfiskröfu í viðeigandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni.

Tæknileg og fagleg geta	**Svar:**
1a) Að því er varðar **opinbera verksamninga** eingöngu: Á viðmiðunartímabilinu ([38]) hefur rekstraraðili **unnið eftirtalin verk af tiltekinni tegund:** Ef viðkomandi gögn um fullnægjandi efndir og niðurstöðu mikilvægustu verkanna eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	Fjölda ára (tímabilið er tilgreint í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnunum): [.....] Verk: [.....] (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....][.....]

([34]) Aðeins ef það er heimilað í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum.
([35]) T.d. hlutfall milli eigna og skulda.
([36]) T.d. hlutfall milli eigna og skulda.
([37]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.
([38]) Samningsyfirvöld geta krafist allt að fimm ára reynslu og heimilað að tekið sé tillit til reynslu frá því fyrir meira en fimm árum síðan.

<table>
<tr><td>1b) Að því er varðar opinbera vöru- og þjónustusamninga eingöngu:
Á viðmiðunartímabilinu ([39]) hefur rekstraraðili afhent eftirfarandi helstu vörusendingar af tiltekinni tegund eða veitt eftirfarandi helstu þjónustu af tiltekinni tegund: Tiltakið fjárhæðir, dagsetningar og viðtakendur, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, þegar skráin er tekin saman ([40]):</td><td>Fjöldi ára (tímabilið er tilgreint í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnunum):
[.....]<table><tr><th>lýsing</th><th>fjárhæðir</th><th>dagsetn-ingar</th><th>viðtak-endur</th></tr><tr><td></td><td></td><td></td><td></td></tr></table></td></tr>
<tr><td>2) Rekstraraðili getur leitað til eftirtalinna tæknimanna eða tæknilegra aðila ([41]), einkum þeirra sem bera ábyrgð á gæðaeftirliti:
Þegar um er að ræða opinbera verksamninga getur rekstraraðili leitað til eftirtalinna tæknimanna eða tæknilegra aðila vegna framkvæmdar verksins:</td><td>[.....]
[.....]</td></tr>
<tr><td>3) Rekstraraðili notar eftirfarandi tæknibúnað og ráðstafanir til að tryggja gæði og aðstaða hans til athugana og rannsókna er sem hér segir:</td><td>[.....]</td></tr>
<tr><td>4) Rekstraraðili getur beitt eftirfarandi stjórnun aðfangakeðju og rakningarkerfum við framkvæmd samningsins:</td><td>[.....]</td></tr>
<tr><td>5) Að því er varðar margbrotna vöru eða þjónustu sem láta á í té, eða í undantekningartilvikum, vöru og þjónustu sem er veitt í sérstökum tilgangi
Mun rekstraraðili heimila athuganir ([42]) á framleiðslugetu eða tæknilegri getu sinni og, ef þörf krefur, á aðstöðu sinni til athugana og rannsókna og ráðstöfunum sínum til gæðaeftirlits?</td><td>[.....] Já [.....] Nei</td></tr>
<tr><td>6) Eftirfarandi búa yfir eftirtalinni menntun og faglegu hæfi:
a) Þjónustuveitandinn eða verktakinn sjálfur,
og/eða (háð kröfum viðkomandi tilkynningar eða útboðsgagna)
b) stjórnendur fyrirtækisins:</td><td>a) [.....]
b) [.....]</td></tr>
<tr><td>7) Rekstraraðili getur beitt eftirtöldum umhverfisstjórnunaraðgerðum við framkvæmd samningsins:</td><td>[.....]</td></tr>
<tr><td>8) Árlegur meðalfjöldi starfsmanna rekstraraðilans á síðustu þremur árum var sem hér segir:</td><td>Ár, árlegur meðalfjöldi starfsmanna:
[.....],[.....],
[.....],[.....],
[.....],[.....],
Ár, fjöldi manna í stjórnunarstöðum:
[.....],[.....],
[.....],[.....],
[.....],[.....]</td></tr>
<tr><td>9) Rekstraraðili mun hafa eftirfarandi tæki, vélakost eða tæknibúnað til umráða við framkvæmd samningsins:</td><td>[.....]</td></tr>
<tr><td>10) Rekstraraðili mun hugsanlega fela undirverktaka ([43]) eftirfarandi hlutfall (þ.e. hundraðshluta) samningsins:</td><td>[.....]</td></tr>
</table>

([39]) Samningsyfirvöld geta **krafist** allt að þriggja ára reynslu og **heimilað** að tekið sé tillit til reynslu frá því fyrir **meira** en þremur árum.

([40]) Með öðrum orðum ber að telja upp **alla** viðtakendur og í skránni skulu vera bæði viðskiptavinir úr hópi opinberra aðila og einkaaðila fyrir þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða.

([41]) Fylla verður út sérstakar samevrópskar hæfisyfirlýsingar bjóðanda fyrir tæknimenn eða tæknilega aðila sem ekki heyra beint undir fyrirtæki rekstraraðilans ef rekstraraðilinn reiðir sig á getu þeirra, eins og fram kemur í C-þætti II. hluta.

([42]) Samningsyfirvald skal annast þessa athugun eða, fyrir hönd þess, þar til bær opinber aðili í landinu þar sem birgir eða þjónustuveitandi hefur staðfestu, með fyrirvara um samþykki þess aðila.

([43]) Athugið að ef rekstraraðili **hefur** ákveðið að fela undirverktaka hluta samningsins **og** reiðir sig á getu undirverktakans til að framkvæma þann hluta þá þarf að fylla út sérstaka samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda fyrir slíka undirverktaka, sjá C-þátt II. hluta hér að framan.

11) Að því er varðar **opinbera vörusamninga**:	
Rekstraraðili mun láta í té sýnishorn, lýsingar eða myndir, sem ekki þarf að fylgja ósviknivottorð, af vörunum sem afhentar verða.	[ ] Já [ ] Nei
Jafnframt lýsir rekstraraðili því yfir að hann muni leggja fram tilskilin ósviknivottorð, þar sem við á.	[ ] Já [ ] Nei
Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
12) Að því er varðar **opinbera vörusamninga**:	
Getur rekstraraðili lagt fram tilskilin **vottorð**, sem tilgreind eru í viðkomandi tilkynningu eða útboðsgögnum, frá **opinberum gæðaeftirlitsstofnun**um eða viðurkenndum stofnunum sem staðfesta að varan, sem er skýrt skilgreind með tilvísunum í tækniforskriftir eða staðla, sé í samræmi við þessar forskriftir eða staðla?	[ ] Já [ ] Nei
Ef svo er ekki, útskýrið hvers vegna og tilgreinið hvaða aðrar sannanir er hægt að leggja fram:	[.....]
Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]

D: GÆÐATRYGGINGARKERFI OG UMHVERFISSTJÓRNUNARSTAÐLAR

Rekstraraðili ætti <u>einungis</u> að veita þessar upplýsingar ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur krafist gæðatryggingarkerfis og/eða umhverfisstjórnunarstaðla í viðeigandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni.

Gæðatryggingarkerfi og umhverfisstjórnunarstaðlar	**Svar:**
Getur rekstraraðili lagt fram **vottorð** frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tilskilda **gæðastaðla**, þ.m.t. varðandi aðgengi fyrir fatlaða?	[ ] Já [ ] Nei
Ef svo er ekki, útskýrið hvers vegna og tilgreinið hvaða aðrar sannanir er hægt að leggja fram varðandi gæðatryggingarkerfið:	[.....] [.....]
Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]
Getur rekstraraðili lagt fram **vottorð** frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli kröfur tilskilinna **umhverfisstjórnunarkerfa eða -staðla**?	[ ] Já [ ] Nei
Ef svo er ekki, útskýrið hvers vegna og tilgreinið hvaða aðrar sannanir er hægt að leggja fram varðandi **umhverfisstjórnunarkerfi eða -staðla**:	[.....] [.....]
Ef viðeigandi gögn eru fyrir hendi á rafrænu formi þá tilgreinið:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [.....][.....][.....]

V. hluti: Fækkun hæfra umsækjenda

Rekstraraðili ætti einungis að veita þessar upplýsingar ef samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur tilgreint hlutlægar forsendur eða reglur án mismununar sem verða notaðar til að takmarka fjölda umsækjenda sem boðið verður að leggja fram tilboð eða ganga til viðræðna. Þessar upplýsingar eru settar fram í viðkomandi tilkynningu eða í útboðsgögnunum sem vísað er til í tilkynningunni og þeim geta fylgt kröfur varðandi vottorð (tegundir vottorða) eða í skriflegum sönnunargögnum sem leggja á fram, ef einhver eru.

Á aðeins við um lokuð útboð, samkeppnisútboð með samningsviðræðum, samkeppnisviðræður og nýsköpunarsamstarf:

Rekstraraðili lýsir yfir eftirfarandi:

Fækkun	**Svar:**
Rekstraraðili uppfyllir hlutlægar forsendur eða reglur án mismununar sem verða notaðar til að takmarka fjölda umsækjenda með eftirfarandi hætti:	[….]
Ef krafist er tiltekinna vottorða eða annarra skriflegra sönnunargagna þá tilgreinið, **fyrir hvert og eitt þeirra**, hvort rekstraraðili hefur tilskilin skjöl undir höndum:	[ ] Já [ ] Nei ([45])
Ef einhver þessara vottorða eða skriflegu sönnunargagna eru fyrir hendi á rafrænu formi ([44]), tilgreinið fyrir **hvert og eitt**:	(veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna): [……][……][……]([46])

VI. hluti: Lokayfirlýsingar

Undirritaðir lýsa því formlega yfir að upplýsingar þær, sem settar eru fram í II.–V. hluta hér að framan, eru nákvæmar og réttar og settar fram með fullri vitund um það hvaða afleiðingar alvarlegar rangfærslur geta haft í för með sér.

Undirritaðir lýsa því formlega yfir að þeir geti lagt fram þau vottorð og önnur skrifleg sönnunargögn, sem vísað er til, án tafar sé þess óskað, nema þar sem:

a) samningsyfirvald eða samningsstofnun hefur möguleika á að afla sér viðkomandi fylgiskjala beint með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni sem er án endurgjalds í einhverju aðildarríkjanna ([47]) eða

b) samningsyfirvaldið eða samningsstofnunin hefur þegar undir höndum viðkomandi gögn, frá og með 18. október 2018 í síðasta lagi ([48]).

Undirritaðir samþykkja formlega að [tilgreinið samningsyfirvald eða samningsstofnun eins og fram kemur í A-þætti I. hluta] fái aðgang að skjölum til stuðnings þeim upplýsingum sem veittar hafa verið í [tilgreinið viðkomandi hluta/þátt (þætti)/lið (liði)] þessarar samevrópsku hæfisyfirlýsingar þjóðanda vegna [tilgreinið innkaupaferli: (stutt lýsing, tilvísun til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, tilvísunarnúmer)].

Dagsetning, staður og, ef krafist er eða nauðsyn krefur, undirritun (undirritanir): [.....]

([44]) Látið koma skýrt fram hvaða gögn svarið á við.
([45]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.
([46]) Endurtakið eins oft og þörf krefur.
([47]) Með því skilyrði að rekstraraðili hafi veitt nauðsynlegar upplýsingar (veffang, útgáfuyfirvald eða -aðila, nákvæma tilvísun til gagnanna) sem gera samningsyfirvaldi eða samningsstofnun kleift að gera það. Þessu verður að fylgja viðeigandi samþykki fyrir slíkum aðgangi þar sem þess er krafist.
([48]) Háð framkvæmd annarrar undirgreinar 5. mgr. 59. gr. tilskipunar 2014/24/ESB á landsvísu.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/8 **2016/EES/44/37**

frá 5. janúar 2016

þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([1]), einkum 5. mgr. 7. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þeim tilgangi að fylgjast með hvernig miðar að ná sameiginlegu markmiðunum sem sett eru fram í áætluninni Evrópa 2020 ætti framkvæmdastjórnin að afla ítarlegra gagna frá aðildarríkjunum um sjálfstæða atvinnustarfsemi sem gera samanburð á milli aðildarríkjanna mögulegan.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013([2]) er að finna viðhengi um sjálfstæða atvinnustarfsemi.

3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 ([3]) eru tilgreindar og gefnar lýsingar á sviðum sértækra upplýsinga (undireiningar viðhengja) sem eiga að vera í viðhenginu fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi.

4) Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina tækniatriðin, síurnar, flokkunarkóðana og frestina fyrir sendingu gagna sem falla undir undireiningar viðhengja um sjálfstæða atvinnustarfsemi.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tækniatriðin í viðhenginu fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi, síurnar, flokkunarkóðana sem nota á og frestinn vegna sendinga á gögnum til framkvæmdastjórnarinnar eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013 frá 8. apríl 2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 11).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 frá 22. október 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 318/2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 42).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í þessum viðauka eru sett fram tækniatriði, síurnar og flokkunarkóðarnir sem nota á í viðhenginu um sjálfstæða atvinnustarfsemi, sem framkvæma á árið 2017. Í honum eru einnig settar fram dagsetningar að leggja fram gögn fyrir framkvæmdastjórnarinnar.

Frestur vegna gagnasendingar á niðurstöðum til framkvæmdastjórnarinnar: 31. mars 2018.

Síur og flokkunarkóðar sem notaðir verða vegna sendinga gagna: eins og sett er fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 ([4]).

Dálkar fyrir valkvæða vægisstuðla sem nota á ef um hlutaúrtak eða brottfall er að ræða: í dálkum 222–225 eru heilar tölur og í dálkum 226–227 eru aukastafir.

1) **Undireiningin „Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er efnahagslega háð öðrum“**

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
MAINCLNT		**Efnahagslegt hæði**	STAPRO = 1,2
211		*Fjöldi og mikilvægi viðskiptavina á síðustu 12 mánuðum*	
	1	Enginn viðskiptavinur á síðustu 12 mánuðum	
	2	Aðeins einn viðskiptavinur á síðustu 12 mánuðum	
	3	Á síðustu 12 mánuðum voru 2–9 viðskiptavinir en einn var markaðsráðandi	
	4	Á síðustu 12 mánuðum voru 2–9 viðskiptavinir og enginn var markaðsráðandi	
	5	Á síðustu 12 mánuðum voru fleiri en 9 viðskiptavinir en einn var markaðsráðandi	
	6	Á síðustu 12 mánuðum voru fleiri en 9 viðskiptavinir og enginn var markaðsráðandi	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
WORKORG		**Skipulagslegt hæði**	STAPRO = 1,2 AND MAINCLNT ≠ 1
212		Áhrif á ákvarðanir varðandi vinnustundir	
	1	Svarandinn ákveður	
	2	Viðskiptavinur/viðskiptavinir svaranda ákveður/ákveða	
	3	Aðrir aðilar ákveða	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).

2) **Undireiningin „Vinnuskilyrði sjálfstætt starfandi fólks“**

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
REASSE		**Helstu ástæður fyrir því að verða sjálfstætt starfandi**	STAPRO = 1,2
213		*Helstu ástæður fyrir því að verða sjálfstætt starfandi, þegar svarandi hóf núverandi starf sem sjálfstætt starfandi*	
	1	Gat ekki fundið starf sem launamaður	
	2	Fyrri vinnuveitandi svaranda óskaði eftir því að svarandi yrði sjálfstætt starfandi	
	3	Það er hefðbundin venja á sviði svaranda	
	4	Hentugt tækifæri kom upp	
	5	Hélt áfram með fjölskyldufyrirtæki	
	6	Vildi ekki eða gerði ekki ráð fyrir að verða sjálfstætt starfandi en hóf störf sem sjálfstætt starfandi af öðrum ástæðum en komu fram hér að ofan	
	7	Vildi verða sjálfstætt starfandi vegna sveigjanlegra vinnustunda	
	8	Vildi verða sjálfstætt starfandi af öðrum ástæðum	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
SEDIFFIC		**Helstu vandkvæði við að vera sjálfstætt starfandi**	STAPRO = 1,2
214		*Sjálfsmat á helstu vandkvæðum við að vinna sem sjálfstætt starfandi á síðastliðnum 12 mánuðum*	
	0	Litlir möguleikar á að hafa áhrif á að verðsetja eigin vinnu	
	1	Skortur á aðgangi að fjármögnun fyrir fyrirtækið	
	2	Greiðslur töfðust eða fengust ekki greiddar	
	3	Of mikið rekstrarlegt álag	
	4	Skortur á tekjum við veikindi	
	5	Tímabil fjárhagserfiðleika	
	6	Tímabil þar sem engir viðskiptavinir voru, störf eða verkefni til að vinna að	
	7	Önnur vandkvæði	
	8	Engin vandkvæði	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
REASNOEM		**Helstu ástæður fyrir því að hafa ekki aðra starfsmenn**	STAPRO = 2
215		*Sjálfsmat á helstu ástæðum fyrir því að hafa ekki aðra starfsmenn*	
	0	Svarandi vill fyrst og fremst sjá sjálfum sér fyrir atvinnu	
	1	Næg atvinna er ekki fyrirliggjandi	

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
	2	Erfitt að finna starfsfólk sem hentar	
	3	Lagarammi er of flókinn	
	4	Há framlög til félagslegra kerfa	
	5	Ekki hægt í starfsgrein svaranda	
	6	Svarandi kýs fremur að starfa með undirverktökum eða samstarfsmönnum	
	7	Viðskiptavinur/-vinir svarandans óska(r) eftir því að svarandinn starfi við verkefnið	
	8	Aðrar ástæður	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
BPARTNER		**Starfað með viðskiptafélögum**	STAPRO = 1,2
216		*Starfað með meðeiganda og/eða í tengslaneti annarra sem eru sjálfstætt starfandi*	
	1	Starfar með meðeiganda	
	2	Starfar með öðrum sem eru sjálfstætt starfandi í tengslaneti	
	3	Hvort tveggja	
	4	Hvorugt	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
PLANEMPL		**Áætlað er að ráða starfsmenn eða undirverktaka**	STAPRO = 1,2
217		Áætlar að ráða starfsmenn eða undirverktaka á næstu 12 mánuðum	
	1	Áætlar að ráða einungis fasta starfsmenn	
	2	Áætlar að ráða einungis tímabundna starfsmenn	
	3	Áætlar að ráða bæði tímabundna og fasta starfsmenn	
	4	Áætlar að ráða einungis undirverktaka	
	5	Áætlar að ráða undirverktaka og semja við starfsmenn	
	6	Áætlar ekki að ráða starfsmenn eða undirverktaka	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	

3) **Undireiningin „Sjálfstætt starfandi og launamenn“**

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
JBSATISF		**Starfsánægja**	WSTATOR = 1,2
218		*Stig starfsánægju í aðalstarfi*	
	1	Stig starfsánægju frekar hátt	
	2	Stig miðlungs starfsánægju	

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
	3	Stig starfsánægju frekar lágt	
	4	Engin starfsánægja	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
AUTONOMY		**Sjálfstæði í starfi**	WSTATOR = 1,2
219		*Stig áhrifa á innihald og skipulag verkefna í aðalstarfi*	
	1	Getur haft áhrif á bæði innihald og skipulag verkefna	
	2	Getur haft áhrif á innihald verkefna en ekki skipulag	
	3	Getur haft áhrif á skipulag verkefna en ekki innihald	
	4	Getur hvorki haft áhrif á innihald verkefna né skipulag	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
PREFSTAP		**Ákjósanlegasta atvinnustéttin í aðalstarfi**	WSTATOR = 1,2
220		*Helst kosið að starfa sem launamaður ef svarandi er nú sjálfstætt starfandi eða helst kosið að starfa sem sjálfstætt starfandi ef svarandi er nú starfandi sem launamaður*	
	1	Vill ekki breyta atvinnustöðu	
	2	Er sjálfstætt starfandi en vill starfa sem launamaður	
	3	Vinnur sem launamaður eða einstaklingur hjá fyrirtæki eigin fjölskyldu en vill starfa sem sjálfstætt starfandi	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
OBSTACSE		**Helsta ástæða fyrir því að vera ekki sjálfstætt starfandi að aðalstarfi**	PREFSTAP = 3
221		*Helsta ástæða fyrir því hvers vegna núverandi launamenn eða einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu og vilja vera sjálfstætt starfandi hafa ekki breytt um þá atvinnustöðu sem þeir helst kjósa*	
	1	Fjárhagslegt óöryggi	
	2	Vandkvæði við að fjármagna fyrirtækið	
	3	Of mikil spenna, ábyrgð eða áhætta	
	4	Minni félagsleg vernd	
	5	Aðrar ástæður	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2010 **2016/EES/44/38**

frá 11. nóvember 2015

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1708/2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([1]), einkum þriðju málsgrein 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2494/95 er komið á fót nauðsynlegum tölfræðilegum grunni til að búa til samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 ([3]) kemur á sameiginlegum reglum til að ákvarða vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og fastsetur það í 2005 = 100.

3) Í kjölfar breytinga á flokkunum á undirvísitölum samræmdra vísitalna neysluverðs og samræmingu á undirvísitölum, sem hafa verið tengdar samræmdri vísitölu neysluverðs eftir innleiðingu 2005 = 100, er nauðsynlegt að breyta vísitölutímabilinu. Til að tryggja samanburðarhæfi og mikilvægi samræmdrar vísitölu neysluverðs ætti því að breyta vísitölutímabilinu í 2015 = 100.

4) Í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 hefur verið tekið tillit til kostnaðarhagkvæmni við samþykkt reglugerðarinnar.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

([2]) Álit frá 1. júní 2015 (Stjtíð. ESB C 209, 25.6.2015, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1708/2005 komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vísitölutímabil

1. Sameiginlegt vísitölutímabil fyrir samræmda vísitölu neysluverðs skal fastsett í 2015 = 100. Nota skal þetta nýja vísitölutímabil fyrir heildartímaraðir allra heildarvísitalna og undirvísitalna samræmdra vísitalna neysluverðs, frá og með birtingu á samræmdri vísitölu neysluverðs fyrir janúar 2016.

2. Allar viðbótar undirvísitölur, sem á að samþætta samræmdum vísitölum neysluverðs, skulu í desember á tilteknu ári tengdar á þrepi 100 vísitölustiga og notaðar til og með næstkomandi janúarmánuði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/44/39**

frá 28. maí 2014

um viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi

(tilkynnt með númeri C(2014) 3452)

(2014/314/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið saman bráðabirgðaskýrslu um tækni-, umhverfis-, fjármála- og lagaþætti vegna vöruflokksins „hitarar fyrir vatnshitakerfi“, sem eru venjulega notaðir í Sambandinu, og gert hana aðgengilega öllum sem vilja koma á framfæri athugasemdum. Rannsóknin sem þessi skýrsla byggir á (hér á eftir nefnd „rannsóknin“) var þróuð í samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum.

4) Niðurstöður rannsóknarinnar, sem eru lagðar fram í bráðabirgðaskýrslunni, hafa sýnt fram á að orkunotkun hitara fyrir vatnshitakerfi á notkunartímanum veldur mestu heildarumhverfisáhrifunum. Því ætti að stuðla að notkun orkunýtinna hitara fyrir vatnshitakerfi með lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og að auki ætti að styðja notkun þeirra hitara sem nota umhverfisvænni tækni og hafa reynst öruggir fyrir neytendur.

5) Því er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna vöruflokksins „hitarar fyrir vatnshitakerfi“.

6) Viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „hitarar fyrir vatnshitakerfi“ falla vörur sem eru notaðar til að framleiða varma sem hluti vatnshitakerfis þar sem upphitaða vatninu er dreift með hringrásardælum og hitaflötum til að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými eins og t.d. byggingu, íbúð eða herbergi. Varmagjafinn framleiðir varma með einum eða fleirum af eftirfarandi ferlum og tækniaðferðum:

a) bruna jarðefnaeldsneytis í loftkenndu, fljótandi eða föstu formi,

b) bruna lífmassa í loftkenndu, fljótandi eða föstu formi,

c) nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

d) upptöku umhverfisvarma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma,

e) samvinnslu raf- og varmaorku (samhliða framleiðslu varma og rafmagns í einu og sama vinnsluferinu),

f) sólarorku (varaorka).

2. Hámarksafköst hitarans fyrir vatnshitakerfi ættu að vera 400 kW.

3. Sambyggðir hitarar falla undir þennan vöruflokk, að því tilskildu að þeir hafi það meginhlutverk að hita upp rými.

4. Eftirfarandi vörur eru undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar:

a) hitarar sem hafa það meginhlutverk að skila heitu neyslu- eða grávatni,

b) hitarar til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita, t.d. gufu eða loft,

c) rýmishitarar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með 50 kW hámarksraforkuafköst eða meira,

d) rýmishitarar sem sameina óbeina hitun, með því að nota vatnshitakerfi, og beina hitun með beinni hitalosun í herbergið eða rýmið þar sem búnaðurinn er uppsettur.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hitari“: hitari fyrir rými eða sambyggður hitari,

2. „hitari fyrir rými“: tæki sem

   a) framleiðir varma fyrir vatnshitakerfi til að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými eins og t.d. byggingu, íbúð eða herbergi og

   b) búið er einum eða fleiri varmagjöfum,

3. „sambyggður hitari“: vatnshitari fyrir rými sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- eða grávatns,

4. „pakki með rýmishitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda og hefur einn eða fleiri rýmishitara sem eru tengdir við eina eða fleiri hitastýringar og/eða einn búnað sem nýtir sólarorku eða fleiri,

5. „pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda og hefur einn eða fleiri sambyggða hitara sem eru tengdir við eina eða fleiri hitastýringar og/eða einn búnað sem nýtir sólarorku eða fleiri,

6. „búnaður sem nýtir sólarorku“: kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku eða dæla í hringrás sólargleypis, sem sett eru á markað sérstaklega,

7. „vatnshitakerfi“: kerfi sem notar vatn sem varmabera til að dreifa varma sem er framleiddur miðlægt til allra hitaflata til hitunar rýmis í byggingum eða hluta þeirra,

8. „varmagjafi“: sá hluti hitara sem framleiðir varma með einu eða fleiri af eftirfarandi ferlum:

   a) bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

   b) nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

   c) upptöku umhverfisvarma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma,

9. „gashitari“: rýmishitari eða sambyggður hitari sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota loftkennt eldsneyti úr jarðefnum eða lífmassa,

10. „hitari fyrir fljótandi eldsneyti“: rýmishitari eða sambyggður hitari sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota fljótandi eldsneyti úr jarðefnum eða lífmassa,

11. „hitari fyrir eldsneyti í föstu formi“: rýmishitari eða sambyggður hitari sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota eldsneyti úr föstu formi úr jarðefnum eða lífmassa,

12. „hitaketill fyrir rými“: rýmishitari sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og/eða með nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

13. „hitaketill fyrir rými fyrir gas“: hitaketill fyrir rými sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota bruna loftkennds eldsneytis úr jarðefnum eða lífmassa,

14. „hitaketill fyrir rými fyrir eldsneyti í fljótandi formi“: eldsneytishitaketill fyrir rými sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota bruna fljótandi eldsneytis úr jarðefnum eða lífmassa,

15. „hitaketill fyrir rými fyrir eldsneyti í föstu formi“: eldsneytishitaketill fyrir rými sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota bruna eldsneytis í föstu formi úr jarðefnum eða lífmassa,

16. „hitaketill fyrir rými fyrir fastan lífmassa“: eldsneytishitaketill fyrir rými sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota bruna lífmassaeldsneytis í föstu formi,

17. „rafhitaketill fyrir rými“: hitaketill fyrir rými sem framleiðir varma með því að nýta eingöngu júl-áhrif í rafviðnámshitöldum,

18. „sambyggður rafhitaketill“: sambyggður hitaketill sem framleiðir varma með því að nýta eingöngu júl-áhrif í rafviðnámshitöldum,

19. „hitari fyrir rými með varmadælu“: rýmishitari sem notar umhverfisvarma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma til að framleiða varma, rýmishitari með varmadælu getur verið með einn eða fleiri viðbótarhitara sem nýta júl-áhrif í rafviðnámshitöldum eða bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

20. „sambyggður hitari með varmadælu“: rýmishitari með varmadælu sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- og grávatns,

21. „hitari með varmadælu sem gengur fyrir eldsneyti“: hitari með varmadælu sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem nota gas eða fljótandi eldsneyti úr jarðefnum eða lífmassa,

22. „rafknúinn hitari með varmadælu“: hitari með varmadælu sem er búinn einum eða fleiri varmagjöfum sem eru knúnir með rafmagni,

23. „rýmishitari fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: rýmishitari sem framleiðir varma og rafmagn samtímis í einu ferli,

24. „hitastýring“: búnaður sem er viðmót endanlegs notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyra og kemur viðkomandi gögnum, t.d. raunverulegu hitastigi innan- og/eða utandyra, í skilflöt hitarans, s.s. miðverkið, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,

25. „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis á tilgreindu árstíðabundnu tímabili, sem hitari gefur og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefið upp í %,

26. „orkunýtni vatnshitunar“ (η_{wh}): hlutfallið á milli notorku í neyslu- eða grávatni sem sambyggður hitari gefur og orkunnar sem nauðsynleg er til að framleiða hana, gefið upp í %,

27. „nafnvarmaafköst“: tilgreind varmaafköst hitara þegar hann hitar rými og, ef við á, við hitun vatns við stöðluð málgildisskilyrði, gefin upp í kW, og að því er varðar rýmishitara með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu eru stöðluð málgildisskilyrði til að ákvarða nafnvarmaafköstin viðmiðunarhönnunarskilyrðin, eins og þau eru sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 ([2]);

28. „stöðluð málgildisskilyrði“: vinnsluskilyrði hitara við miðlungs loftslagsskilyrði, til að ákvarða nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstig, losun köfnunarefnisoxíða, losun kolsýrings, losun lífræns kolefnis í loftkenndu formi og efnisagna,

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136).

29. „miðlungs loftslagsskilyrði“: hitaskilyrði sem einkenna borgina Strassborg,

30. „árstíðabundin losun við rýmishitun“:

— vegna katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu, vegið meðaltal losunar við nafnvarmaafköst og losunar við 30% af nafnvarmaafköstum, gefið upp í mg/m^3,

— vegna katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu og hægt er starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst, vegið meðaltal losunar við nafnvarmaafköst og losunar við 50% af nafnvarmaafköstum, gefið upp í mg/m^3,

— vegna katla fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu og ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% eða lægri nafnvarmaafköst, losun við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3,

— vegna rýmishitara fyrir eldsneyti í föstu formi fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, losun við nafnvarmaafköst, gefin upp í mg/m^3,

31. „hnatthlýnunarmáttur“: hnatthlýnunarmáttur eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([3]),

32. „Nm^3“: normalrúmmetri (við 101,325 kPa, 273,15 K).

3. gr.

Viðmiðanirnar fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir vöru sem fellur undir vöruflokkinn „hitarar fyrir vatnshitakerfi“, sem skilgreindur er í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „hitarar fyrir vatnshitakerfi“og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

5. gr.

Í þágu stjórnsýslu er kenninúmerið „045“ notað fyrir vöruflokkinn „hitarar fyrir vatnshitakerfi“.

6. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir varmadælur sem veita varma til vatnshitakerfis í vöruflokknum „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB ([4]), eða viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun. Umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

2. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt varmadælum sem veita varma til vatnshitakerfis á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2007/742/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14).

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Settar eru viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi fyrir hvern eftirfarandi þátta:

1. Lágmarks orkunýtni
   a) Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar
   b) Lágmarksorkunýtni vatnshitunar
2. Losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir
3. Kælimiðill og aukakælimiðill
4. Losunarmörk fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x)
5. Losunarmörk fyrir kolsýring (CO)
6. Losunarmörk fyrir lífrænt kolefni í loftkenndu formi
7. Losunarmörk fyrir efnisagnir
8. Mörk fyrir hávaðamengun
9. Hættuleg efni og blöndur
10. Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([5])
11. Plasthlutar
12. Vöruhönnun með tilliti til sjálfbærni
13. Leiðbeiningar um uppsetningu og upplýsingar fyrir notanda
14. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Í **töflu 1** er gefin upp notkun mismunandi viðmiðana fyrir hverja varmagjafatækni. Pakki með rýmishitara skal uppfylla allar viðmiðanirnar sem eru í gildi fyrir hverja gerð varmagjafatækni sem felst í honum. Þessar viðmiðanir, sem fela í sér tiltekna aðferðafræði fyrir pakka með rýmishitara, skulu gilda í heild sinni um pakka með rýmishitara.

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða önnur gögn til að sýna fram á að viðmiðanirnar hafi verið uppfylltar mega þau gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í Evrópustaðlinum EN ISO 17025 eða sambærilegum staðli.

Ef annað er ekki tekið fram er prófunaraðferðum fyrir hverja viðmiðun lýst í viðeigandi stöðlum sem eru tilgreindir í **töflu 2** og **töflu 3** (eftir því sem við á). Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar. Aðferðafræðin við að reikna árstíðabundna losun við rýmishitun er tilgreind í **töflu 4**.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Tafla 1

Notkun mismunandi viðmiðana fyrir hverja varmagjafatækni

Varmagjafatækni Viðmiðun	Hitakatlar fyrir gas	Hitakatlar fyrir fljótandi eldsneyti	Hitakatlar fyrir eldsneyti í föstu formi	Rafhitakatlar	Hitarar með varmadælu fyrir eldsneyti	Rafknúnir hitarar með varmadælu	Rýmishitari fyrir samvinnslu raf- og varmaorku
1a) — Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar	x	x	x	x	x	x	x
1b) — Lágmarksorkunýtni vatnshitunar (gildir einungis um sambyggða hitara)	x	x		x	x	x	x
2 — Losunarmörk fyrir gróðurhúsa-lofttegundir	x	x	x	x	x	x	x
3 — Kælimiðill og aukakælimiðill					x	x	
4 — Losunarmörk fyrir köfnunarefnis-oxíð (NO_x)	x	x	x		x		x
5 — Losunarmörk fyrir kolsýring (CO)	x	x	x		x		x
6 — Losunarmörk fyrir lífrænt kolefni			x				
7 — Losunarmörk fyrir efnisagnir		x	x				x
8 — Mörk fyrir hávaðamengun					x	x	x
9 — Hættuleg efni og blöndur	x	x	x	x	x	x	x
10 — Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	x	x	x	x	x	x	x
11 — Hlutar úr plasti	x	x	x	x	x	x	x
12 — Vöruhönnun með tilliti til sjálf-bærni	x	x	x	x	x	x	x
13 — Leiðbeiningar um uppsetningu og upplýsingar fyrir notanda	x	x	x	x	x	x	x
14 — Upplýsingar sem fram koma á um-hverfismerki ESB	x	x	x	x	x	x	x

Tafla 2

Staðlar sem eiga við um prófunaraðferðir

Númer	Heiti
Hitakatlar fyrir gas	
EN 676	Sjálfvirkir súgbrennarar fyrir loftkennt eldsneyti (Automatic Forced draught burners for gaseous fuels)
EN 15502-1	Hitunarkatlar sem brenna gasi - Hluti 1: Almennar kröfur og prófanir (Gas-fired heating boilers — Part 1: General requirements and tests)
Hitakatlar fyrir fljótandi eldsneyti	
EN 267	Sjálfvirkir súgbrennarar fyrir fljótandi eldsneyti (Automatic forced draught burners for liquid fuels)
EN 303-1	Heating boilers — Part 1: Heating boilers with forced draught burners — Terminology, general requirements, testing and marking
EN 303-2	Heating boilers — Part 2: Heating boilers with forced draught burners — Special requirements for boilers with atomizing oil burners
EN 303-4	Heating boilers — Part 4: Heating boilers with forced draught burners — Special requirements for boilers with forced draught oil burners with outputs up to 70 kW and a maximum operating pressure of 3 bar — Terminology, special requirements, testing and marking
EN 304	Heating boilers — Test code for heating boilers for atomizing oil burners
Hitakatlar fyrir eldsneyti í föstu formi	
EN 303-5	Hitunarkatlar - Hluti 5: Hitunarkatlar fyrir fast eldsneyti, sem kyntir eru handvirkt eða sjálfvirkt, með nafnhitaafköst allt að 500 kW - Íðorð, kröfur, prófun og merking (Heating boilers — Part 5: Heating boilers for solid fuels, manually and automatically stoked, nominal heat output of up to 500 kW — Terminology, requirements, testing and marking)
EN 14918	Solid biofuels — Determination of calorific value
Rafhitakatlar	
EN 60335-2-35	Heimilistæki og ámóta raftæki - Öryggi - Hluti 2–35: Sérstakar kröfur vegna gegnumstreymisvatnshitara (Household and similar electrical appliances — Safety — Part 2-35: Particular requirements for instantaneous water heaters)
Hitarar með varmadælu fyrir eldsneyti	
EN 12309-röðin	Gaskynt loftjöfnunarkerfi með aðsogi eða ísogi og varmadælutæki með nettóvarmainntaki ekki yfir 70 kW (Gas-fired absorption and adsorption air-conditioning and/or heat pump appliances with a net heat input not exceeding 70 kW)
DIN 4702, Part 8	Central heating boiler; determination of the standard efficiency and the standard emissivity
Rafknúnir hitarar með varmadælu	
EN 14511-röðin	Lofthitunar- og kælitæki, loftkælisamstæður sem nota kælivökva og varmadælur með rafknúnum þjöppum til rýmishitunar og kælingar (Air conditioners, liquid chilling packages and heat pumps with electrically driven compressors for space heating and cooling)
EN 14825	Lofthitunar- og kælitæki, loftkælisamstæður sem nota kælivökva og varmadælur með rafknúnum þjöppum til rýmishitunar og kælingar — Prófun og málgildisákvörðun við hlutaálag og útreikningur á árstíðarbundinni hegðun (Air conditioners, liquid chilling packages and heat pumps, with electrically driven compressors, for space heating and cooling — Testing and rating at part load conditions and calculation of seasonal performance)

Númer	Heiti
Rýmishitari fyrir samvinnslu raf- og varmaorku	
EN 50465	Gastæki – Gashitunartæki með efnarafala – Gashitunartæki með efnarafala og varmainnstreymi allt að 70 kW (Gas appliances — Fuel cell gas heating appliances — Fuel cell gas heating appliance of nominal heat input inferior or equal to 70 kW) [1]
ISO 3046-1	Reciprocating internal combustion engines — Performance — Part 1: Declarations of power, fuel and lubricating oil consumptions, and test methods — Additional requirements for engines for general use

([1]) Gert er ráð fyrir að uppfærð útgáfa staðalsins nái einnig yfir rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku (sjá „Draft prEN 50465:2011 Gas appliances — Combined Heat and Power appliance of nominal heat input inferior or equal to 70 kW“)

Tafla 3

Aðrir staðlar sem eiga við um prófunaraðferðir fyrir losun í andrúmsloftið

Númer	Heiti
Losun köfnunarefnisoxíðs	
EN 14792	Stationary source emissions — Determination of mass concentration of nitrogen oxides (NO_x) — Reference method: Chemiluminescence
Losun kolsýrings	
EN 15058	Stationary source emissions — Determination of the mass concentration of carbon monoxide (CO) — Reference method: Non-dispersive infrared spectrometry
Losun á lífrænu kolefni í loftkenndu formi	
EN 12619	Stationary source emissions — Determination of the mass concentration of total gaseous organic carbon at low concentrations in flue gases — Continuous flame ionisation detector method
Losun efnisagna	
EN 13284-1	Stationary source emissions — Determination of low range mass concentration of dust — Part 1: Manual gravimetric method
Hávaðamengun	
EN ISO 3744	Acoustics — Determination of sound power levels and sound energy levels of noise sources using sound pressure — Engineering methods for an essentially free field over a reflecting plane (ISO 3744:2010)
EN ISO 3746	Acoustics — Determination of sound power levels and sound energy levels of noise sources using sound pressure — Survey method using an enveloping measurement surface over a reflecting plane (ISO 3746:2010)
EN 12102	Lofthitunar- og kælitæki, loftkælisamstæður sem nota kælivökva, varmadælur og rakaeyðingartæki með rafknúnum þjöppum til rýmishitunar og kælingar – Mæling hávaða sem berst í lofti – Ákvörðun hljóðaflstigs (Air conditioners, liquid chilling packages, heat pumps and dehumidifiers with electrically driven compressors for space heating and cooling — Measurement of airborne noise — Determination of the sound power level)

Tafla 4

Aðferðafræði vegna útreiknings á árstíðabundinni losun við rýmishitun

Gerð hitaketils fyrir eldsneyti í föstu formi	Formúla
Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu, og hægt er að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst, og katlar fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með sjálfvirka kyndingu	$E_s = 0{,}85 \times E_{s,p} + 0{,}15 \times E_{s,r}$

Gerð hitaketils fyrir eldsneyti í föstu formi	Formúla
Katlar fyrir eldsneyti í föstu formi sem eru með handvirka kyndingu en ekki er hægt að starfrækja samfellt við 50% nafnvarmaafköst eða minna og rýmishitarar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku fyrir eldsneyti í föstu formi,	$E_s = E_{s,r}$

Þar sem:
E_s er árstíðabundin losun við rýmishitun
$E_{s,p}$ er losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, mæld við 30% eða 50% nafnvarmaafköst, eftir því sem við á.
$E_{s,r}$ er losun efnisagna, loftkenndra, lífrænna efnasambanda, kolsýrings og köfnunarefnisoxíða, mæld við nafnvarmaafköst.

Viðmiðun 1 — Lágmarksorkunýtni

a) — *Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar*

Árstíðarbundin orkunýtni rýmishitunar η_s fyrir vatnshitara skal ekki fara undir viðmiðunarmörkin sem eru sett fram í **töflu 5**.

Tafla 5

Lágmarkskröfur fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Árstíðabundin lágmarksorkunýtni rýmishitunar
Allir hitarar að undanskildum hitakötlum fyrir fastan lífmassa	$\eta_s \geq 98\%$
Hitakatlar fyrir fastan lífmassa	$\eta_s \geq 79\%$

i. Reikna skal árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 813/2013 og í VII. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 ([6]), þ.m.t. þar sem við á, samhæfðum stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæliaðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og sem uppfylla öll skilyrði og tæknilega mæliþætti sem eru settir fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 813/2013.

ii. Fyrir hitakatla fyrir eldsneyti í föstu formi, skal η_s reiknað út í samræmi við aðferðirnar sem um getur í i. lið, með tilliti til eftirfarandi viðbótarkrafna:

a) útreikningur á η_s skal byggjast á grunni heildarvarmagildis raka eldsneytisins (eins og því var veitt viðtöku) GCV_{ar}, sem leiðréttir fyrir rakainnihaldi eldsneytisins en felur í sér orku í formi bundins varma sem geymist í vetni sem oxast í vatn við brennsluferlið. Meginreglurnar sem mælt er fyrir um í staðlinum EN 303-5 skulu gilda við ákvörðun á η_s, en við útreikning á η_s skal nota GCV_{ar} í stað nettóvarmagildis raka eldsneytisins (eins og því var veitt viðtaka), NCV_{ar}.

b) við ákvörðun á varmagildi fasts lífmassa gilda meginreglurnar sem mælt er fyrir um í staðli EN 14918.

c) heildarvarmagildi raka eldsneytisins við stöðugt rúmmál $GCV_{ar,V}$ má reikna á eftirfarandi hátt:

$$GCV_{ar,V} = GCV_{dry,V} \times (100 - m)/100 \text{ [MJ/kg]}$$

þar sem:

m er rakainnihald raka eldsneytisins (hundraðshluti af massa)

$GCV_{dry,V}$ er heildarvarmagildi þurra eldsneytisins (rakalaust) við stöðugt rúmmál

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar hitara fyrir rými, sambyggðra hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1).

d) Heildarvarmagildi þurra eldsneytisins við stöðugt rúmmál $GCV_{dry,V}$ má reikna á eftirfarandi hátt:

$GCV_{dry,V} = NCV_{dry,P} + 0,2122 \times H_{dry} + 0,0008 \times (O_{dry} + N_{dry})$ [MJ/kg]

þar sem:

$NCV_{dry,P}$ er nettóvarmagildi þurra eldsneytisins (þ.m.t. aska) við stöðugan þrýsting

H_{dry} er vetnisinnihald þurra eldsneytisins (hundraðshluti af massa)

O_{dry} er súrefnisinnihald þurra eldsneytisins (hundraðshluti af massa)

N_{dry} er köfnunarefnisinnihald þurra eldsneytisins (hundraðshluti af massa)

e) Nettóvarmagildi þurra eldsneytisins við stöðugan þrýsting $NVC_{dry,P}$ má reikna á eftirfarandi hátt:

$NCV_{dry,P} = NCV_{ar,P} \times 100/(100 — m) + 2,443 \times m/(100 — m)$ [MJ/kg]

þar sem:

$NCV_{ar,P}$ er nettóvarmagildi raka eldsneytisins (þ.m.t. aska) við stöðugan þrýsting

f) Hafa ber í huga að með því að leggja saman c), d) og e), má leiða $GCV_{ar,V}$ út frá $NCV_{ar,P}$ á eftirfarandi hátt:

$GCV_{ar,V} = NCV_{ar,P} + [0,2122 \times H_{dry} + 0,0008 \times (O_{dry} + N_{dry})] \times (100 — m)/100 + 0,02443 \times m$ [MJ/kg]

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun og leggja fram niðurstöður úr prófun sem er framkvæmd í samræmi við prófunaraðferðina sem er gefin upp í EN-stöðlunum (þ.m.t. bráðabirgðaraðferðir ef við á) fyrir tiltekna vörutegund (sjá **töflu 2**). Mælingar og útreikningar á árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar skulu gerð með því að nota aðferðafræði árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar vegna pakka og í samræmi við aðferðirnar sem um getur í i. lið. Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar vegna hitakatla fyrir eldsneyti í föstu formi skal reiknuð í samræmi við ii. lið.

b) — *Lágmarksorkunýtni vatnshitunar*

i. Orkunýtni vatnshitunar (η_{wh}) í sambyggðum hiturum, eða pökkum með rýmishitara sem innihalda einn eða fleiri sambyggða hitara, skal ekki fara undir 65%. Þessi viðmiðun gildir ekki um hitakatla fyrir eldsneyti í föstu formi.

ii. Orkunýtni vatnshitunar skal reiknuð í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 813/2013 og í VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 811/2013.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun og leggja fram niðurstöður úr prófun sem er framkvæmd í samræmi við prófunaraðferðina sem er gefin upp í EN-stöðlunum (þ.m.t. bráðabirgðaraðferðir ef við á) fyrir tiltekna vörutegund (sjá **töflu 2**). Mælingar og útreikningar skulu gerð með því að nota aðferðafræði orkunýtni vatnshitunar vegna pakka og í samræmi við aðferðirnar sem um getur í ii. lið.

Viðmiðun 2— Losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir

Losun hitara fyrir vatnshitakerfi á gróðurhúsalofttegundum, gefin upp sem grömm koltvísýringsjafngildis á hverja kílóvattstund varmaafkasta og reiknuð með TEWI-formúlunum fyrir heildarjafngildi hlýnunaráhrifa (e. *Total Equivalent Warming Impact*) sem eru settar fram í töflu 7, skal ekki fara yfir gildin sem sett eru fram í **töflu 6**.

Tafla 6

Losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir
Allir hitarar, að undanskildum hiturum með varmadælu	200 g CO_2-jafngildi/kWh varmaafkasta
Hitarar með varmadælu	150 g CO_2-jafngildi/kWh varmaafkasta

Losun gróðurhúsalofttegunda skal reiknuð með TEWI-formúlunum sem eru settar fram í *töflu 7* (formúlan fer eftir varmagjafatækninni). Hver TEWI-formúla getur samanstaðið af tveimur hlutum, annar fer eingöngu eftir skilvirkni hitarans (gefin upp sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar, η_s) og koltvísýringsstigi eldsneytisins (sem mæliþátturinn β), og hinn hlutinn (gildir eingöngu um hitara með varmadælu) miðast við losun gróðurhúsalofttegunda vegna leka á kælimiðli. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna leka á kælimiðli fer eftir hnatthlýnunarmætti (GWP_{100}) kælimiðilsins og leka kælimiðilsins á notkunartíma (gefinn upp sem árlegur hraði leka, ER, sem hundraðshluti heildarmassa kælimiðilsins á hverju ári) og við lok endingartíma (tilgreindur sem hundraðshluti heildarmassa kælimiðilsins, α).

Tafla 7

TEWI-formúlur miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	TEWI-formúla (g CO_2-jafngildi//kWh varmaafkasta)
Hitakatlar	$\frac{\beta_{fuel}}{\eta_s}$
Hitarar með varmadælu	$\delta \times \frac{\beta_{fuel}}{\eta_s} + (1-\delta) \times \frac{\beta_{elec}}{2{,}5 \times \eta_s} + \frac{GWP_{100} \times m \times (ER \times n + \alpha)}{P \times h \times n}$
Rýmishitarar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku	$\frac{\beta_{fuel}}{\eta_{thermal}} - \frac{\eta_{el} \times \beta_{elec}}{\eta_{thermal}}$
Pakkar með rýmishiturum	$(1-S_{HP}) \times \frac{\beta_{fuel(1)}}{\eta_{s,B}} + S_{HP} \times (\delta \times \frac{\beta_{fuel(2)}}{\eta_{s,HP}} + (1-\delta) \times \frac{\beta_{elec}}{2{,}5 \times \eta_{s,HP}}) + \frac{GWP_{100} \times m \times (ER \times n + \alpha)}{P \times h \times n}$

Helstu mæliþættir í TEWI-formúlunum sem eru settar fram í töflu 7 er lýst í **töflu 8**.

Tafla 8

Helstu mæliþættir fyrir útreikninga með TEWI-formúlunum

Mæliþáttur	Lýsing á mæliþætti	Einingar	Fast gildi, eða prófun sem þarf að framkvæma, til að fá mæliþáttinn
β_{elec}	Losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda frá raforku	[g CO_2-jafngildi/kWh_{elec}]	384
β_{fuel}	Losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda eldsneytisins sem er notað í hitarann	[g CO_2-jafngildi/kWh]	Sjá töflu 9
η_s	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar	[-]	Skal prófuð og tilgreind af hálfu umsækjandans (viðmiðun 1)
$\eta_{s,B}$	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar hitaketilshlutans við miðlungs loftslagsskilyrði	[-]	Skal prófuð og tilgreind af hálfu umsækjandans; þetta samsvarar árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar pakkans að frádreginni viðbótarvarmadælu, eins og tekið er fram á vöruupplýsingarblaði með pökkunum

Mæliþáttur	Lýsing á mæliþætti	Einingar	Fast gildi, eða prófun sem þarf að framkvæma, til að fá mæliþáttinn
$\eta_{s,HP}$	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar hluta hitarans með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði	[-]	Skal prófuð og tilgreind af hálfu umsækjandans; þetta samsvarar árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar viðbótarvarmadælunnar, eins og tekið er fram á vöruupplýsingarblaði með pökkunum
$\eta_{thermal}$	Varmanýtni	[-]	Sjá töflu 10
η_{el}	Raforkunýtni	[-]	Sjá töflu 10
δ	Staðgöngubreyta	[-]	= 0 ef hitari með varmadælu er rafknúinn = 1 ef hitari með varmadælu gengur fyrir eldsneyti
GWP_{100}	Hnatthlýnunarmáttur (áhrif á 100 árum)	[g CO_2-jafngildi/g kælimiðil, á 100 ára tímabili]	Gildi sem umsækjandinn tilgreinir í samræmi við viðmiðun 3.
m	Massi kælimiðils	[g]	Skal tilgreindur af hálfu umsækjandans
ER	Árlegt tap á kælimiðli	[%/ár]	Nota skal gildið ER = 3,5%/ár
n	Endingartími	[ár]	Nota skal gildið n = 15.
α	Tap á kælimiðli við lok endingartíma (tap við förgun)	[%]	Nota skal gildið α = 35%.
P	Hönnunarálag	[kW]	Skal tilgreint af umsækjandanum.
h	Rekstrarstundir við fullt álag	[klst/ár]	2000
s_{HP}	Hlutdeild hluta hitara með varmadælu í varmaafköstum í hlutfalli við heildarvarmaafköstin.	[-]	= (16 — T_{HP})/26 þar sem T_{HP} er það hitastig (°C) þegar orkunýtni (aðal-)varmadælunnar er jöfn orkunýtingu aðalketilsins. Gert er ráð fyrir að undir þessu hitastigi uppfylli ketillinn varmaeftirspurninni en yfir þessu hitastigi uppfylli varmadælan varmaeftirspurninni.

Í **töflu 9** er því lýst hvernig eigi meta mæliþáttinn β_{fuel} í TEWI-formúlunni með hliðsjón af því hvernig eldsneyti er notað í hitarann. Ef ketillinn er hannaður fyrir eldsneyti sem er ekki skráð í töfluna, skal velja það eldsneyti sem er líkast því sem notað er á grundvelli uppruna (jarðefni eða lífmassi) og forms (loftkennt, vökvi eða fast form).

Tafla 9

Mæliþátturinn β_{fuel} (losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda) til notkunar við útreikning með TEWI-fomúlunum

Eldsneyti sem notað er í hitarann	Losunarstyrkur gróðurhúsalofttegunda	Gildi (g CO_2-jafngildi/kWh)
Loftkennt jarðefnaeldsneyti	$\beta_{fuel} = \beta_{gas}$	202
Fljótandi jarðefnaeldsneyti	$\beta_{fuel} = \beta_{oil}$	292
Jarðefnaeldsneyti í föstu formi	$\beta_{fuel} = \beta_{coal}$	392
Loftkennt úr lífmassa	$\beta_{fuel} = \beta_{bio\text{-}gas}$	98
Fljótandi úr lífmassa	$\beta_{fuel} = \beta_{bio\text{-}oil}$	149
Viðarbolir	$\beta_{fuel} = \beta_{bio\text{-}log}$	19
Viðarspænir	$\beta_{fuel} = \beta_{bio\text{-}chip}$	16
Viðarkögglar	$\beta_{fuel} = \beta_{bio\text{-}pellet}$	39
Blanda jarðefnaeldsneytis og lífmassa	β_{fuel} = vegið meðaltal, leitt út af summu þyngdarhluta einstakra tegunda eldsneytis, margfaldað með viðeigandi mæliþætti fyrir losun gróðurhúsalofttegunda	Σ (eldsneyti X % × β_{fuelX}) + (eldsneyti Y % × β_{fuelY}) + … (eldsneyti N % × β_{fuelN})

Í **töflu 10** er því lýst hvernig eigi að meta mæliþættina $\eta_{thermal}$ and η_{el} í TEWI-formúlunni fyrir rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku.

Tafla 10

Mæliþættirnir $\eta_{thermal}$ and η_{el} til notkunar við útreikning með TEWI-formúlunum fyrir rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

Mæliþáttur	Gefinn upp sem
$\eta_{thermal}$	$\eta_{thermal} = \eta_s 2{,}5 \eta_{el}$
η_{el}	Fyrir rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru ekki með viðbótarhiturum $\eta_{el} = \eta_{el,CHP100Sup0}$
	Fyrir rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru með viðbótarhiturum $\eta_{el} = 0{,}85\eta_{el,CHP100Sup0} + 0{,}15 \times \eta_{el,CHP100Sup100}$

Þar sem:

η_s er árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 813/2013

η_{el} er raforkunýtni eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 813/2013

$\eta_{el,CHP100+Sup0}$ er raforkunýtni við nafnvarmaafköst hjá rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með óvirkum viðbótarhitara, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 813/2013

$\eta_{el,CHP100+Sup100}$ er raforkunýtni við nafnvarmaafköst hjá rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku með virkum viðbótarhitara, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 813/2013

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum. Umsækjandinn skal leggja fram útreikninga fyrir losun gróðurhúsalofttegunda þar sem notast er við tillagða TEWI-formúlu og tilgreina jafnframt alla mæliþættina sem eru notaðir við útreikninginn.

Viðmiðun 3 — Kælimiðill og aukakælimiðill

Kælimiðill

Hnatthlýnunarmáttur kælimiðilsins á 100 ára tímabili (GWP_{100}) skal ekki fara yfir gildið 2000. Gildi hnatthlýnunarmáttar á 100 ára tímabili skulu vera þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 842/2006. Heimildir fyrir tilvísunum vegna gilda hnatthlýnunarmáttar á 100 ára tímabili skulu vera þær sem eru skilgreindar í 7. mgr. 1. gr. í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 ([7]).

Aukakælimiðill

Ef um er að ræða rýmishitara með aukakælimiðli skal hönnun þeirra hitara ekki grundvallast á aukakælimiðli, saltvatni eða aukefni sem er flokkað sem hættulegt umhverfinu eða sem heilbrigðishætta stafar af, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]) og tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([9]), og í leiðbeiningum um uppsetningu skal skýrt tekið fram að ekki skuli nota efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu, eða sem heilbrigðishætta stafar af, sem aukakælimiðil.

Mat og sannprófun:

Kælimiðill

Heiti kælimiðils, eða -miðla, sem notaðir eru í vöruna skulu lögð fram með umsókninni ásamt hnatthlýnunarmáttargildum þeirra á 100 ára tímabili, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 842/2006. Gildi hnatthlýnunarmáttar kælimiðla í 100 ár skulu reiknuð sem hlýnunarmáttur eins kílógramms af tiltekinni lofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlýnunarmætti eins kílógramms af CO_2. Heimildir fyrir tilvísunum vegna hnatthlýnunarmáttargilda á 100 ára tímabili skulu vera þær sem eru skilgreindar í 7. mgr. 1. gr. í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2012.

Eingöngu fyrir aukakælimiðil eða -miðla

Heiti aukakælimiðils, eða -miðla, sem notaðir eru skulu lögð fram með umsókninni.

Viðmiðun 4 — Losunarmörk fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x)

Innihald köfnunarefnisoxíða í útblástursloftinu skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í **Töflu 11** (gildir ekki um rafmagnshitara). Losun köfnunarefnisoxíða skal mæld sem summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs og við eftirfarandi notkunarskilyrði:

— Gashitarar og hitarar með fljótandi eldsneyti, við stöðluð málgildisskilyrði og nafnvarmaafköst

— Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem árstíðabundin losun við rýmishitun samkvæmt **Töflu 4**

Mælieiningin skal vera mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis eða sem mg/Nm^3, eins og við á.

Tafla 11

Losunarmörk fyrir NO_x miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir NO_x
Gashitarar	Með brunahreyfli: 170 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis Með ytri bruna: 36 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis
Hitarar fyrir fljótandi eldsneyti	Með brunahreyfli: 380 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis Með ytri bruna: 100 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis
Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi	150 mg/Nm^3 við 10% O_2

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæðna og viftna (Stjtíð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum.

Losun köfnunarefnisoxíða í útblástursloftinu skal ákvörðuð sem staðlaðir losunarstuðlar samkvæmt viðeigandi stöðlum í **töflu 2** og **töflu 3** (eftir því sem við á).

Viðmiðun 5 — Losunarmörk fyrir kolsýring (CO)

Innihald kolsýrings (CO) í útblástursloftinu skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í **Töflu 12** (gildir ekki um rafmagnshitara). Losun kolsýrings skal mæld við eftirfarandi notkunarskilyrði:

— Gashitarar og hitarar með fljótandi eldsneyti, við stöðluð málgildisskilyrði og nafnvarmaafköst

— Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem árstíðabundin losun við rýmishitun samkvæmt **Töflu 4**

Mælieiningin skal vera mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis eða sem mg/Nm^3, eins og við á.

Tafla 12

Losunarmörk fyrir kolsýring miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir kolsýring
Gashitarar	Með brunahreyfli: 150 mg/Nm^3 við 5% O_2 Með ytri bruna: 25 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis
Hitarar fyrir fljótandi eldsneyti	Með brunahreyfli: 200 mg/Nm^3 við 5% O_2 Með ytri bruna: 50 mg/kWh orkuílags heildarvarmagildis
Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi	Kyntir sjálfvirkt: 175 mg/Nm^3 við 10% O_2 Kyntir handvirkt: 250 mg/Nm^3 við 10% O_2

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum.

Losun kolsýrings í útblástursloftinu skal ákvörðuð sem staðlaðir losunarstuðlar samkvæmt viðeigandi stöðlum í **töflu 2** og **töflu 3** (eftir því sem við á).

Viðmiðun 6 — Losunarmörk fyrir lífrænt kolefni í loftkenndu formi

Innihald lífræns kolefnis í loftkenndu formi í útblásturslofti, einnig í skilningnum lífrænt kolefnisinnihald, skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í **Töflu 13** (gildir eingöngu um hitakatla fyrir eldsneyti í föstu formi). Losun lífræns kolefnis í loftkenndu formi skal mæld sem árstíðabundin losun við rýmishitun skv. **Töflu 4**. Mælieiningin skal vera mg/Nm^3.

Tafla 13

Losunarmörk fyrir lífrænt kolefni í loftkenndu formi miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir lífrænt kolefni í loftkenndu formi
Hitakatlar fyrir eldsneyti í föstu formi	7 mg/Nm^3 við 10% O_2

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum.

Losun lífræns kolefnis í loftkenndu formi í útblástursloftinu skal ákvörðuð sem staðlaðir losunarstuðlar skv. viðeigandi stöðlum í **töflu 2** og **töflu 3** (eftir því sem við á).

Viðmiðun 7 — Losunarmörk fyrir efnisagnir

Innihald efnisagna í útblástursloftinu skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í **Töflu 14**. Losun efnisagna skal mæld við eftirfarandi notkunarskilyrði:

— Hitarar með fljótandi eldsneyti, við stöðluð málgildisskilyrði og nafnvarmaafköst

— Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi, sem árstíðabundin losun við rýmishitun samkvæmt **Töflu 4**

Mælieiningin skal vera mg/Nm^3.

Tafla 14

Losunarmörk fyrir efnisagnir miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Losunarmörk fyrir efnisagnir
Hitarar fyrir fljótandi eldsneyti	Með brunahreyfli: 1 mg/Nm^3 við 5% O_2 Með ytri bruna: án takmörkunar
Hitarar fyrir eldsneyti í föstu formi	20 mg/Nm^3 við 10% O_2

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum.

Losun efnisagna í útblástursloftinu skal ákvörðuð sem staðlaðir losunarstuðlar samkvæmt viðeigandi stöðlum í **töflu 2** og **töflu 3** (eftir því sem við á).

Viðmiðun 8 — Mörk fyrir hávaðamengun

Hávaðamengun skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í **Töflu 15**. Hávaðamengun skal mæld við stöðluð málgildisskilyrði og nafnvarmaafköst. Mælieiningin skal vera dB(A) eða dB(C), eins og við á.

Tafla 15

Mörk fyrir hávaðamengun miðað við varmagjafatækni

Varmagjafatækni	Mæling	Mörk fyrir hávaðamengun
Hitarar með varmadælu með ytri bruna og rafknúnum varmadælum.	Viðmiðunarmörk A-vegins hljóðaflsstigs ($L_{WAd,lim}$)	$17 + 36 \times \log(P_N + 10)$ dB(A)
Hitarar með varmadælu með brunahreyfli	Viðmiðunarmörk A-vegins hljóðþrýstingsstigs ($L_{PAd,lim}$)	$30 + 20 \times \log(0{,}4 \times P_N + 15)$ dB(A)
	Viðmiðunarmörk C-vegins hljóðþrýstingsstigs ($L_{PCd,lim}$)	$L_{PAd,lim}$ + 20 dB(C)
Rýmishitarar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með brunahreyfli	Viðmiðunarmörk A-vegins hljóðþrýstingsstigs ($L_{PAd,lim}$)	$30 + 20 \times \log(P_E + 15)$ dB(A)
	Viðmiðunarmörk C-vegins hljóðþrýstingsstigs ($L_{PCd,lim}$)	$L_{PAd,lim}$ + 20 dB(C)

Athugasemd: P_N eru nafnhitaafköst (fullt álag) eða tilgreind varmaafköst, P_E er raforkuframleiðslan.

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram vottorð með yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, undirritað af framleiðanda, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna, ásamt viðeigandi gögnum.

Fyrir hitara með varmadælu með ytri bruna og rafknúnar varmadælur skal framkvæma prófun í samræmi við EN 12102 og í samræmi við EN ISO 3744 eða EN ISO 3746 fyrir hitara með varmadælu og rýmishitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með brunahreyfli. Prófunarskýrslan skal lögð fram með umsókninni.

Viðmiðun 9 — Hættuleg efni og blöndur

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 skal varan, eða sérhvern hlutur í henni, ekki innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 né efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka, eða hættuundirflokka, sem eru tilgreindar í **Töflu 16** í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða tilskipun 67/548/EBE.

Tafla 16

Skrá yfir hættusetningar

Hættusetning([1])	Hættusetning ([2])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62-63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64

Hættusetning([1])	Hættusetning ([2])
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50/50-53
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50-53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39-41

([1]) Eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Eins og kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE.

Notkun efna eða blandna í lokaafurðina sem breyta eiginleikum sínum við vinnslu þannig að tilgreind hætta hverfur eru undanþegnar kröfunni hér að framan.

Styrkleikamörk fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkana eða hættuundirflokkana sem eru tilgreindir í töflu 16, og fyrir efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framar almennum styrkleikamörkum.

Styrkleikamörk fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir 0,1% miðað við þyngd.

Efnin eða blöndurnar sem eru skráðar í **Töflu 17** eru sérstaklega undanþegin banninu sem sett er fram í 6. mgr. 6. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

Tafla 17

Undanþágur frá banninu sem settar eru fram í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010

Undanþegin efni, hlutar eða hlutir	Undanþágur
Hlutir sem vega minna en 25 g	Allar hættusetningar
Einsleitir hlutar samsettra hluta sem vega minna en 25 g	Allar hættusetningar
Nikkel í ryðfríu stáli	H351/372 og H40/48/23

Mat og sannprófun:

Fyrir hvern hlut og/eða einsleitan hluta samsetts hlutar sem vegur meira en 25 g skal umsækjandinn leggja fram samræmisyfirlýsingu vegna þessarar viðmiðunar ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. samræmisyfirlýsingar sem efnabirgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir efni eða blöndur. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Viðmiðun 10 — Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki er heimilt að veita undanþágu frá banninu sem er sett fram í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem um getur í 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum, í hlutum eða einhverjum einsleitum hluta samsetts hlutar í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd. Sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skulu gilda þar sem styrkurinn er lægri en 0,1% miðað við þyngd.

Mat og sannprófun:

Skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér:

http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum.

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu vegna þessarar viðmiðunar ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. samræmisyfirlýsingar sem efnabirgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða blöndur í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir efni eða blöndur. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Viðmiðun 11 — Hlutar úr plasti

Ef mýkiefni er notað í framleiðsluferlinu skal það uppfylla kröfur um hættuleg efni sem settar eru fram í viðmiðun 9 og 10.

Plasthlutar í hlutum eða einsleitir hlutar samsettra hluta sem vega 25 g eða meira skulu ekki hafa hærra klórinnihald en 50% miðað við þyngd.

Plasthlutar sem vega 50 g eða meira skulu vera merktir í samræmi við kröfurnar í Evrópustaðli EN ISO 11469 til að tryggja að þeir verði endurunnir, endurnýttir eða þeim fargað á réttan hátt þegar þeir eru úr sér gengnir.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu vegna þessarara viðmiðunar ásamt tilheyrandi gögnum, s.s. samræmisyfirlýsingar sem birgjar efnanna undirrita og afrit af viðeigandi öryggisblöðum. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um mýkiefni sem eru notuð í vöruna. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um hámarksinnihald klórs í plasthlutunum. Einnig skal leggja fram samræmisyfirlýsingu frá birgjum plastsins, auk afrita af viðkomandi öryggisblöðum fyrir efnivið og efni, fyrir þar til bæru stofnunina sem annast veitinguna. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um efni sem er bætt við af ásetningi til notkunar sem eldtefjandi efni.

Viðmiðun 12 — Vöruhönnun með tilliti til sjálfbærni

Varan skal vera hönnuð þannig að þjónustuaðilar geti auðveldlega skipt út þeim þáttum hennar sem eru útskiptanlegir. Upplýsingar um hvaða þáttum er hægt að skipta út skulu tilgreindar ítarlega á upplýsingablaðinu sem fylgir vörunni. Umsækjandinn skal enn fremur tryggja að ósviknir eða jafngildir varahlutir séu tiltækir í a.m.k. tíu ár frá því að varan var keypt.

Viðgerð eða útskipti vörunnar skulu falla undir ábyrgðarskilmála í að a.m.k. fimm ár.

Umsækjandinn skal taka aftur við vörunni, án endurgjalds, við lok endingartíma og tryggja rétta endurvinnslu eða endurnýtingu efnisþátta vörunnar og umhverfisvæna förgun á óendurvinnanlegum hlutum vörunnar. Með vöruupplýsingunum skulu fylgja upplýsingar um endurviðtöku vörunnar.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu vegna þessarar viðmiðunar ásamt viðeigandi gögnum, þ.m.t. sýnishorn af vöruupplýsingablaði og ábyrgðarskilmálum.

Viðmiðun 13 — Leiðbeiningar um uppsetningu og upplýsingar fyrir notanda

Vörunni skulu fylgja viðeigandi leiðbeiningar um uppsetningu, og upplýsingar fyrir notendur, sem skulu innihalda allar tæknilegar upplýsingar varðandi rétta uppsetningu og veita ráðgjöf um rétta og umhverfisvæna notkun, svo og um viðhald hennar. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni á prenti (á umbúðum eða koma fram í gögnum sem fylgja henni) eða á rafrænu formi:

a) yfirlýsing þess efnis að vörunni hafi verið veitt umhverfismerki ESB ásamt stuttri en nákvæmri skýringu á því hvað það merkir, auk þeirra almennu upplýsinga sem koma fram við hlið kennimerkis umhverfismerkisins,

b) almennar upplýsingar um viðeigandi stærðir hitara fyrir byggingar af mismunandi stærðum/með mismunandi eiginleika,

c) upplýsingar um orkunotkun hitarans,

d) réttar leiðbeiningar um uppsetningu, þ.m.t.:

   i. fyrirmæli um að hitarinn skuli settur upp af aðilum sem hafa hlotið rétta þjálfun,

   ii. allar sértækar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar hitari er settur saman eða settur upp,

   iii. fyrirmæli um að stillingar hitarans („hitunarferli“ e. *heating curve*) skuli rétt stilltar eftir uppsetningu,

   iv. ef við á, upplýsingar um hver losunargildi fyrir loftmengun af völdum útblástursins skuli vera meðan hitarinn er starfræktur og hvernig hann skuli stilltur til að þau séu virt. Með fyrirmælunum skal einkum tekið farm að:

      — hitarinn skuli stilltur með hjálp mælitækja til mælinga á CO, O_2 eða CO_2, NO_x, hitastigi og sóti í því skyni að ekki sé farið yfir þau viðmiðunargildi sem kveðið er á um í viðmiðunum 2, 4, 5, 6 og 7,

      — göt fyrir mælitæki skulu vera á sama stað og þau sem eru notuð við rannsóknarstofuprófanir,

      — niðurstöður mælinga skulu skrásettar á sérstakt eyðublað eða skýringarmynd og endanlegur notandi skal halda einu eintaki eftir,

   v. fyrir tækni með útblástursgasi sem hefur lágt hitastig, fyrirmæli sem tilgreina að kerfið skuli búið tækni sem dregur úr tæringu,

   vi. fyrir þéttikatla, fyrirmæli sem tilgreina að reykháfurinn skuli varinn fyrir þéttu með lágu pH-gildi,

   vii. upplýsingar til aðila sem annast uppsetningu um hvern megi nálgast varðandi leiðbeiningar um uppsetningu,

e) notkunarleiðbeiningar fyrir þjónustuaðila,

f) upplýsingar fyrir notendur, þ.m.t.:

   i. tilvísanir í til þess hæfa uppsetningar- og þjónustuaðila,

   ii. ráðleggingar um rétta notkun og viðhald hitarans, þ.m.t. rétt magns eldsneytis og viðeigandi geymslu þess, til að tryggja besta mögulegan bruna, og hvernig ber að haga reglulegri viðhaldsáætlun,

   iii. ráðleggingar um hvernig skynsamleg notkun getur haldið umhverfisáhrifum hitarans í lágmarki, einkum upplýsingar um rétta notkun vörunnar til að lágmarka orkunotkun,

   iv. upplýsingar um túlkun á niðurstöðum mælinga og hvernig megi bæta þær, ef við á,

   v. upplýsingar um hvaða varahlutum er hægt að skipta út,

g) ráðleggingar um viðeigandi förgun þegar varan er úr sér gengin.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun og afhenda þar til bærri stofnun, sem hluta af umsókninni, sýnishorn af upplýsingum ætluðum notendum eða tengil á vefsetur framleiðandans sem inniheldur þessar upplýsingar.

Viðmiðun 14 — upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal vera eftirfarandi texti:

— Aukin orkunýtni

— Minni losun gróðurhúsalofttegunda

— Minni losun út í andrúmsloft

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/promo/pdf/logo %20guidelines.pdf

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af áprentuðu pappírsafurðinni, þar sem merkið sést, ásamt samræmisyfirlýsingu vegna þessarar viðmiðunar.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/44/40**

frá 29. apríl 2014

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 µvar í ostrum (OsHV-1 µVar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu

(tilkynnt með númeri C(2014) 2763)

(2014/250/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum varðandi setningu á markað og innflutningstakmörkunum á sendingar af lagardýrum til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar berist til yfirráðasvæðis þeirra.

2) Aðildarríki mega beita slíkum takmörkunum að því tilskildu að þau hafi annað hvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða að þau hafi komið á útrýmingaráætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

3) Í I. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru skráð svæði á Írlandi og Bretlandi sem falla undir samþykktar landsráðstafanir til að verjast ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µVar).

4) Þar eð OsHV-1 µVar taldist enn vera nýtilkominn sjúkdómur sem mikil óvissa ríkir um og eftirlitsáætlanirnar sem samþykktar voru með ákvörðun 2010/221/ESB hafa ekki verið metnar að fullu voru takmarkanirnar í tengslum við OsHV-1 µVar leyfðar fyrir þau svæði til 30. apríl 2014 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/213/ESB ([3]).

5) Vísindaþekkingin sem fyrir hendi er bendir til þess að OsHV-1 µVar sé enn það efni sem greinist í flestum sýnum sem tekin eru úr dauðu ungviði og dánum lirfum ostra og að heildardánartíðni af völdum þessa sjúkdóms hefur lækkað og orðið stöðugri á síðustu tveimur árum. Að auki sýna eftirlitsáætlanirnar fyrir Írland og Bretland að umtalsverður fjöldi framleiðslusvæða fyrir risaostrur hefur haldist laus við sjúkdóminn. Þær áætlanir benda til þess að beiting gildandi takmarkana á tilflutningi hefur verið skilvirk. Hins vegar ríkir enn óvissa með tilliti til faraldsfræði sjúkdómsins og varðandi mest viðeigandi ráðstafanir sem þarf til að tryggja skilvirkar sjúkdómsvarnir. Ítarlegra vísindalegt mat á aðstæðum er því talið nauðsynlegt, þ.m.t. nýtt vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

6) Á grundvelli fyrirliggjandi vísindalegra og faraldsfræðilegra gagna um þróun OsHV-1 µVar í Sambandinu og á meðan beðið er eftir nýju vísindalegu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar þykir rétt að framlengja gildistíma gildandi ráðstafana og gera þar með aðildarríkjum kleift að beita sérstökum takmörkunum varðandi þennan sjúkdóm. Þetta tímabil ætti að takmarkast við tvö ár, eða til 30. apríl 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB (Stjtíð. ESB L 98, 24.4.2010, bls. 7).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/213/ESB frá 29. apríl 2013 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 µvar í ostrum (OsHV-1 µvar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu (Stjtíð. ESB L 120, 1.5.2013, bls. 16).

7) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/12/ESB ([4]) hefur sjúkdómalaus staða eftirfarandi yfirráðasvæða Bretlands varðandi OsHV-1 µVar verið staðfest með því að færa þau á skrá í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB: i. yfirráðasvæði Stóra-Bretlands, að undanskildum Whitstable Bay í Kent, Blackwater Estuary í Essex og Poole Harbour í Dorset, ii. svæði Larne Lough á yfirráðasvæði Norður-Írlands og iii. yfirráðasvæði Guernsey.

8) Samkvæmt yfirlýsingu sem Bretland tilkynnti til framkvæmdastjórnarinnar sýnir eftirlitsáætlun fyrir OsHV-1 µVar fram á sjúkdómalausa stöðu, að undanskildum sýktu svæðunum, og ekki skal beita henni lengur eins og fram kemur í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

9) Því ætti að fella brott færsluna fyrir Bretland úr III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

10) Breyta ætti ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. a í ákvörðun 2010/221/ESB komi dagsetningin „30. apríl 2016“ í stað „30. apríl 2014“.

2. gr.

Færslan fyrir Bretland varðandi ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µVar) í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB falli brott.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2014.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/12/ESB frá 14. janúar 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands, Svíþjóðar og Bretlands (Stjtíð ESB L 11, 16.1.2014, bls. 6).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/887 **2016/EES/44/41**

frá 9. júní 2015

um viðurkenningu á áætluninni Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum 6. mgr. 7. gr. c,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([2]), einkum 6. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við nefndina um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mælt er fyrir um viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti bæði í tilskipun 98/70/EB og 2009/28/EB. Ákvæði 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana eru svipuð ákvæðum 17. og 18. gr. í tilskipun 2009/28/EB og í V. viðauka við hana.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, ættu aðildarríkin að krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. í tilskipun 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.

3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjáls landsbundin eða alþjóðleg áætlun skuli sýna að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem eru settar fram í 3.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, eða að valfrjáls landsbundin eða alþjóðleg áætlun um mælingar á minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda innihaldi nákvæm gögn að því er 2. mgr. 17. gr. þeirrar tilskipunar varðar.

4) Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, ætti aðildarríki ekki krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

5) Áætlunin „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ var viðurkennd með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB ([3]) að því er varðar nokkrar tilgreindar nytjaplöntur. Hinn 30. júní 2014 var lögð fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að viðurkenna aukinn fjölda nytjaplantna í áætluninni. Uppfærða áætlunin nær til allra kornvara og olíufræja sem framleidd eru á norðanverðu Stóra-Bretlandi að fyrsta afhendingarstað þessara nytjaplantna. Gera ætti viðurkenndu áætlunina aðgengilega á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 10.6.2015, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB frá 24. júlí 2012 um viðurkenningu á áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2012, bls. 17).

6) Mat á áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni, sem settar eru fram í 7. gr. b (3., 4. og 5. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 17. gr. (3., 4. og 5. mgr.) í tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur í 7. gr. c (1. mgr.) í tilskipun 98/70/EB og 18. gr. (1. mgr.) í tilskipun 2009/28/EB að fyrsta afhendingarstað þessara nytjaplantna. Með áætluninni eru veitt nákvæm gögn varðandi tvo þætti sem nauðsynlegir eru að því er varðar 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 2. mgr. 17. gr. í tilskipun 2009/28/EB, þ.e. landfræðilega svæðið sem nytjaplönturnar koma frá og losun, á ársgrundvelli, vegna breytinga á kolefnisbirgðum vegna breytinga á landnýtingu. Viðmiðanir um sjálfbærni taka ekki til hluta af landi lítils hluta meðlima í áætluninni. Í meðlimaskrá gagnagrunns áætlunarinnar á vefnum er tilgreint hvort farið er að viðmiðunum á landi meðlima hennar, að hluta eða að fullu, og sýnt hvort sendingar uppfylli viðmiðanirnar í „Scottish Quality Crops“ vegabréfinu.

7) Við mat á áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ reyndist hún uppfylla viðeigandi staðla um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun.

8) Aðrir viðbótarþættir um sjálfbærni sem áætlunin „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ nær til eru ekki hluti af umfjöllunarefni þessarar ákvörðunar. Þessir viðbótarþættir um sjálfbærni eru ekki skyldubundnir til að sýna fram á að farið sé að kröfum um sjálfbærni sem settar eru fram í tilskipun 98/70/EB og 2009/28/EB.

9) Þess vegna ætti að fella úr gildi framkvæmdarákvörðun 2012/427/ESB um að viðurkenna áætlunina með takmarkaðri fjölda af nytjaplöntum.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í valfrjálsu áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina 30. júní 2014 til viðurkenningar á auknum fjölda nytjaplantna, er sýnt fram á með „Scottish Quality Crops“-vegabréfinu að sendingar hráefna uppfylla viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

Í áætluninni felast nákvæm gögn með hliðsjón af 17. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2009/28/EB og 7. gr. b (2. mgr.) í tilskipun 98/70/EB að því er varðar losun, á ársgrundvelli, vegna breytinga á kolefnisbirgðum vegna breytinga á landnýtingu (e_l), sem um getur í 1. lið í C-hluta IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og 1. lið í C-hluta V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB, sem sýnt er fram á að jafngildi núlli, og að því er snertir landfræðilega svæðið sem um getur í 6. lið í C-hluta IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og 6. lið í C-hluta V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

Heimilt er að nota áætlunina að fyrsta afhendingarstað fyrir viðkomandi sendingar til að sýna fram á að ákvæði 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB hafi verið uppfyllt.

2. gr.

Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eftir samþykkt á þessari ákvörðun, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

Ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun og ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta getur framkvæmdastjórnin fellt þessa ákvörðun úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun 2012/427/ESB er felld úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/340 **2016/EES/44/42**

frá 20. febrúar 2015

um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 10. mgr. 8. gr. c og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugumferðarstjórar, ásamt einstaklingum og fyrirtækjum sem taka þátt í þjálfun, prófun, eftirliti, heilbrigðisskoðun og læknisfræðilegu mati þeirra, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í V. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Þau eiga m.a. að fá vottun eða útgefin skírteini þegar þau hafa sýnt fram á að þau uppfylli grunnkröfurnar.

2) Evrópska skírteinið hefur reynst vera skilvirk aðferð til að viðurkenna og votta hæfni flugumferðarstjóra sem gegna sem starfsgrein sérstöku hlutverki við örugga stjórnun flugumferðar. Hæfnisstaðlar á vettvangi Evrópusambandsins hafa einnig dregið úr sundrung á þessu sviði og þannig stuðlað að skilvirkara fyrirkomulagi starfa innan núverandi ramma um aukið svæðisbundið samstarf milli veitenda flugleiðsöguþjónustu. Nauðsynlegur þáttur evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins er að viðhalda og bæta almenna skírteiniskerfið fyrir flugumferðarstjóra sem starfa innan Evrópusambandsins. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð sem endurspegla fullkomnustu tækni á þessu sviði.

3) Veiting flugleiðsöguþjónustu krefst mjög hæfs starfsfólks, sérstaklega flugumferðarstjóra, og skal vera unnt að færa sönnur á hæfni þess með skírteini, sem gefið er út á grundvelli ítarlegra krafna sem settar eru fram í þessari reglugerð. Áritun, sem er skráð í skírteini, ætti að sýna hvaða tegund flugumferðarþjónustu flugumferðarstjóri er til þess bær að veita. Viðbótaráritanir í skírteini ættu að endurspegla bæði sérstaka hæfni flugumferðarstjóra og heimild lögbærra yfirvalda til að veita þjónustu innan tiltekins undirsvæðis, hóps undirsvæða og/eða á vinnustöð.

4) Yfirvöldin, sem hafa eftirlit með og ganga úr skugga um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt, ættu að hafa nægilegt sjálfstæði gagnvart flugumferðarstjórum þegar þau gefa út skírteini eða framlengja gildistíma viðbótaráritana, þegar þau ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritanir, viðbótaráritanir eða vottorð í þeim tilvikum þegar skilyrðin fyrir útgáfu þeirra eru ekki lengur uppfyllt. Þessi yfirvöld ættu einnig að vera nægilega sjálfstæð gagnvart veitendum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækjum. Þau ættu að vera fær um að annast verkefni sín á skilvirkan hátt. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin, sem bera ábyrgð á skyldunum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, mega vera sama stofnun eða sömu stofnanir og tilnefndar eru eða komið er á fót skv. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([2]). Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) ætti að gegna hlutverki lögbærs yfirvalds í því skyni að gefa út og endurnýja vottorð fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og eru staðsett utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og, eftir því sem við á, starfsfólks þeirra. Sem slík ætti hún að uppfylla sömu kröfur.

5) Í ljósi séreinkenna flugumferðar í Sambandinu ætti að innleiða sameiginlega hæfnisstaðla fyrir flugumferðarstjóra, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu ráða til starfa, til að tryggja opinbera rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, og beita þeim stöðlum á skilvirkan hátt.

6) Aðildarríki ættu að hafa kost á að beita þessari reglugerð gagnvart hermönnum sem veita almenningi þá þjónustu sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

7) Skortur skilningi í samskiptum er oft afgerandi þáttur sem stuðlar að flugatvikum og slysum. Því ætti að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um tungumálafærni flugumferðarstjóra. Þessar kröfur byggjast á kröfunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur samþykkt, og kveða á um leiðir til að framfylgja þessum alþjóðlega viðurkenndu stöðlum. Meginreglunum um bann við mismunun, um gagnsæi og meðalhóf er fylgt að því er varðar kröfur um tungumálafærni, með það í huga að hvetja til frjálsrar farar launþega, ásamt því að tryggja öryggi. Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni ætti að vera í réttu hlutfalli við stig tungumálafærni eins og það er ákvarðað í þessari reglugerð.

8) Sameiginlegar reglur um útgáfu og viðhald skírteina fyrir flugumferðarstjóra eru nauðsynlegar til að efla gagnkvæmt traust á kerfum aðildarríkjanna. Því ætti að innleiða samræmdar kröfur um þjálfun, menntun og hæfi og hæfni flugumferðarstjóra til að tryggja eins hátt öryggisstig og mögulegt er. Þetta stuðlar einnig að því að tryggja örugga, fyrsta flokks flugstjórnarþjónustu og stuðlar að viðurkenningu skírteina í öllu Sambandinu en þar með eykst frjáls för flugumferðarstjóra og möguleikarnir á að ráða þá til starfa aukast.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur ákvarðað viðeigandi staðla um grunnþjálfun sem er að finna í forskrift um sameiginleg meginatriði fyrir grunnþjálfun flugumferðarstjóra (e. *Specification for the ATCO Common Core Content Initial Training*). Til að endurspegla vísinda- og tækniframfarir og auðvelda samræmda nálgun í grunnþjálfun, sem er lykilþáttur til að tryggja hreyfanleika meðal flugumferðarstjóra, ætti nú að innleiða þessa staðla í lög Sambandsins. Einnig ætti að setja kröfur um deildar- og síþjálfun, með tilliti til viðeigandi grunnkrafna, eins og tilgreint er í 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Ef evrópskar þjálfunarkröfur eru ekki fyrir hendi geta aðildarríkin áfram beitt þjálfunarstöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

10) Í samráði við sérfræðingahóp hefur Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu þróað kröfur um læknisfræðilegt mat á flugumferðarstjórum sem aðildarríkin hafa þegar notað ásamt 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessar kröfur ætti nú að leiða í lög Sambandsins til að tryggja samræmda beitingu þeirra í öllum aðildarríkjunum.

11) Til að tryggja að aðildarríki uppfylli öryggisábyrgðir sínar og -skyldur á réttan og skipulagðan hátt, með því að nota aðferðir stjórnsýslu- og stjórnunarkerfa, sem lögbær yfirvöld og fyrirtæki starfrækja fyrir þeirra hönd, í samræmi við flugöryggisáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir hvert ríki, ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um kröfu sem lögbær yfirvöld eiga að beita.

12) Vottun þjálfunarfyrirtækja er einn af afgerandi þáttunum sem stuðla að gæðum í þjálfun flugumferðarstjóra og þar af leiðandi að öruggri veitingu flugumferðarstjórnar. Því ætti að herða kröfurnar sem gerðar eru til þjálfunarfyrirtækja. Það ætti að vera mögulegt að votta þjálfun miðað við tegund hennar, sem þjónustupakka þjálfunar eða þjónustupakka þjálfunar og flugleiðsögu, án þess að missa sjónar á tilteknum einkennum þjálfunarinnar sem hvert fyrirtæki býður upp á.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

13) Almenn skilyrði til að fá skírteini, að því er varðar aldur og heilbrigðiskröfur, ættu ekki að hafa áhrif á handhafa gildandi skírteina. Til að tryggja réttindi fyrir útgefin skírteini og snurðulausa aðlögun allra handhafa skírteina og lögbærra yfirvalda, ætti að líta svo á að skírteini og heilbrigðisvottorð, sem aðildarríki gefa út í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB ([3]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 ([4]), hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

14) Í þágu samræmis ætti að breyta skilgreiningunni á geðvirkum efnum í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([5]).

15) Þar sem þessi reglugerð byggist á fyrri árangri og kröfum samkvæmt reglum ESB ætti til glöggvunar að fella niður reglugerð (ESB) nr. 805/2011.

16) Framkvæmdastjórnin hefur notið aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við undirbúning ráðstafananna, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um:

a) skilyrði fyrir útgáfu, tímabundna ógildingu og afturköllun skírteina flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema, fyrir tengdum áritunum og viðbótaráritunum og réttindum og ábyrgðum handhafa þeirra,

b) skilyrði fyrir útgáfu, takmörkun, tímabundna ógildingu og afturköllun heilbrigðisvottorða flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema og fyrir réttindum og ábyrgðum handhafa þeirra,

c) vottun fluglækna og fluglæknasetra fyrir flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema,

d) vottun fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra,

e) skilyrði fyrir fullgildingu, framlengingu, endurnýjun og notkun slíkra skírteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða.

2. Þessi reglugerð gildir um:

a) flugumferðarstjóranema og flugumferðarstjóra sem sinna verkefnum sínum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

b) einstaklinga og fyrirtæki sem taka þátt í útgáfu skírteina, þjálfun, prófun, eftirliti og heilbrigðisskoðun og -mati umsækjenda í samræmi við þessa reglugerð.

2. gr.

Farið að kröfum og verklagsreglum

1. Flugumferðarstjóranemar, flugumferðarstjórar og einstaklingar, sem taka þátt í útgáfu skírteina, þjálfun, prófun, eftirliti og heilbrigðisskoðun og -mati umsækjendanna, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu hljóta starfsréttindi og skírteini, í samræmi við ákvæði I., III. og IV. viðauka, hjá lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 6. gr.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB frá 5. apríl 2006 um Bandalagsskírteini fyrir flugumferðarstjóra (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22).
([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 frá 10. ágúst 2011 um ítarlegar reglur um skírteini flugumferðarstjóra og tiltekin vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 206, 11.8.2011, bls. 21).
([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

2. Fyrirtækin, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu uppfylla skilyrðin í samræmi við tæknilegu kröfurnar og stjórnsýslumeðferðina, sem mælt er fyrir um í I., III. og IV. viðauka, og skulu vottuð af lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 6. gr.

3. Heilbrigðisvottorð einstaklinganna, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu vera í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðina sem mælt er fyrir um í III. og IV. viðauka.

4. Líta skal svo á að flugumferðarstjórar, sem eru ráðnir til starfa hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu, sem veita flugumferðarþjónustu í loftrýminu á yfirráðasvæðinu, sem sáttmálinn gildir um, og hafa höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, sé hún fyrir hendi, utan yfirráðasvæðisins, sem fellur undir ákvæði sáttmálans, hafi skírteini í samræmi við 1. mgr., ef þeir uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) þeir séu handhafar skírteinis flugumferðarstjóra sem er gefið út í þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn,

b) þeir hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 6. gr., að þeir hafi fengið þjálfun og staðist, með fullnægjandi hætti, skoðanir og mat, sem samrýmast því sem krafist er skv. 1.– 4. þætti D-kafla ATCO-hlutans sem er að finna í I. viðauka.

Verkefnin og starfssviðið, sem flugumferðarstjórunum, sem um getur í fyrsta undirlið, er falið, skulu ekki vera umfram réttindi sem tengjast skírteini sem þriðja land gefur út.

5. Kennarar og matsmenn í verklegum greinum, sem starfa hjá þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, skulu teljast hafa starfsréttindi í samræmi við 1. mgr. ef þeir uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) þeir séu handhafar skírteinis flugumferðarstjóra, sem þriðja land gefur út í samræmi við I. viðauka Chicago-samningsins, með áritun, og, ef við á, viðbótaráritun sem svarar til þess sem þeir hafi heimild til að kenna eða meta verklega færni,

b) þeir hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 6. gr., að þeir hafi fengið þjálfun og staðist, með fullnægjandi hætti, skoðanir og mat, sem eru sambærileg því sem krafist er skv. 5. þætti D-kafla ATCO-hlutans sem er að finna í I. viðauka.

Tilgreina skal réttindin, sem um getur í fyrsta undirlið, á vottorði sem þriðja land gefur út og skulu þau takmarkast við að kennslu og mat fyrir þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

3. gr.

Veiting flugstjórnarþjónustu

1. Aðeins flugumferðarstjórar, sem hafa starfsréttindi og skírteini í samræmi við þessa reglugerð, skulu veita flugstjórnarþjónustu.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu aðildarríki, eftir því sem unnt er, tryggja að þjónusta, sem herinn lætur í té eða gerir aðgengilega almenningi og sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, bjóði upp á öryggisstig sem jafngildir a.m.k. því sem gerð er krafa um í grunnkröfunum, eins og skilgreint er í V. viðauka b þeirrar reglugerðar.

3. Aðildarríki mega láta þessa reglugerð gilda um þjónustu sem herinn veitir almenningi.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „óeðlilegar aðstæður“: aðstæður, þ.m.t. rekstrartruflanir, sem eru hvorki venjulegar né algengar og sem flugumferðarstjórinn hefur ekki tileinkað sér færni til að ráða bót á,

2) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ (AMC): viðmið sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin samþykkti til að sýna fram á aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,

3) „flugstjórnarþjónusta“: þjónusta sem er veitt í þeim tilgangi:

a) að koma í veg fyrir árekstur:

– milli loftfars og

– hindrana á umferðarsvæði flugvallar og

b)að flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð,

4) „flugstjórnardeild“: almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórnardeild eða flugturn,

5) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: annar valkostur en núverandi viðurkennd aðferð til að uppfylla kröfur eða ný aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki ákvarðað tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,

6) „mat“: mat verklegrar færni, sem leiðir til útgáfu skírteinis, áritunar og/eða viðbótaráritunar/-áritana og framlengingar og/eða endurnýjunar þeirra, þ.m.t. mat atferlis og raunverulegrar beitingar kunnáttu og skilnings hjá einstaklingi sem er metinn,

7) „viðbótaráritun matsmanns“: heimild sem skráð er á skírteinið og er hluti af því, sem gefur til kynna hæfni handhafa til að meta verklega færni flugumferðarstjóranema og flugumferðarstjóra,

8) „hættuleg streita vegna flugatviks “: birting óvenjulegra og/eða öfgakenndra tilfinningalegra, líkamlegra og/eða atferlislegra viðbragða einstaklings í kjölfar óvænts atburðar, slyss, flugatviks eða alvarlegs flugatviks,

9) „neyðarástand“: alvarlegt og hættulegt ástand sem krefst tafarlausra aðgerða,

10) „próf“: formlegt próf til að meta þekkingu og skilning einstaklings,

11) „leiðbeiningarefni“: efni, sem er ekki bindandi, sem þróað er af Flugöryggisstofnuninni til að útskýra merkingu kröfu eða forskriftar og er notað til að styðja við túlkun reglugerðar (EB) nr. 216/2008, framkvæmdarreglna hennar og viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur,

12) „staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“: fjögurra bókstafa kenninúmer sem er myndað í samræmi við reglur, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir fyrir um í handbók sinni DOC 7910, í nýjustu uppfærðu útgáfunni, og sem er úthlutað faststöðvaþjónustu,

13) „viðbótaráritun um tungumálafærni“: yfirlýsing sem er skráð í skírteini og telst hluti þess þar sem tilgreind er tungumálafærni handhafa,

14) „skírteini: skjal, sem gefið er út og áritað í samræmi við þessa reglugerð og veitir lögmætum handhafa þess rétt til að nýta réttindin í samræmi við þær áritanir og viðbótaráritanir sem þar eru skráðar,

15) „starfsþjálfun á vinnustað“: það stig þjálfunar þegar starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í raun samþættar leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað, sem hefur tilskilin starfsréttindi, raunaðstæðum í flugumferð,

16) „viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað“: heimild sem er skráð í skírteini og telst hluti þess þar sem tilgreind er hæfni handhafa sem starfsþjálfari á vinnustað og kennari á flugþjálfa,

17) „verkhlutaþjálfari“: tæki til þjálfunar fyrir tiltekin og sérvalin starfræksluverkefni án þess að nemandinn þurfi að sinna öllum þeim verkefnum sem venjulega eru tengd rekstrarumhverfi í fullri starfsemi,

18) „frammistöðumarkmið“: skýr og ótvíræð yfirlýsing um þá frammistöðu sem ætlast er til af einstaklingi í þjálfun, við hvaða skilyrði frammistaðan á sér stað og hvaða kröfur þessi einstaklingur sem er í þjálfun þarf að uppfylla,

19) „tímabundin vanhæfni til starfa“: tímabundið ástand þar sem handhafi skírteinis getur ekki neytt réttindanna, sem fylgja skírteininu, þegar áritanir, viðbótaráritanir og heilbrigðisvottorð hans er enn í gildi,

20) „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni en að undanskildu koffíni og tóbaki,

21) „viðbótaráritun“: heimild, sem er skráð í skírteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind eru sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir sem tengjast viðkomandi áritun,

22) „endurnýjun“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er eftir að áritun, viðbótaráritun eða skírteini er útrunnið og sem endurnýjar réttindi áritunarinnar, viðbótaráritunarinnar eða skírteinisins um nánar tiltekinn tíma, sbr. þó að tilteknar kröfur séu uppfylltar,

23) „framlenging“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er á gildistímabili áritunar, viðbótaráritunar eða skírteinis og leyfir handhafa að halda áfram að neyta réttinda áritunar, viðbótaráritunar eða skírteinis um nánar tiltekinn tíma, sbr. þó að tilteknar kröfur séu uppfylltar,

24) „undirsvæði“: hluti af flugstjórnarsvæði og/eða hluti af flugupplýsingasvæði eða efra svæði,

25) „hermir“: flugþjálfi sem hefur mikilvæga eiginleika raunverulegs rekstrarumhverfis og líkir eftir rekstrarskilyrðum þar sem einstaklingur í þjálfun getur æft verkefni á rauntíma,

26) „flugþjálfi“: öll tæki, sem líkja eftir skilyrðum við starfrækslu, þ.m.t. hermar og verkhlutaþjálfarar,

27) „kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa“: heimild, sem er skráð í skírteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind er hæfni handhafa til að kenna á flugþjálfa,

28) „þjálfunarnámskeið“: bókleg og/eða verkleg kennsla sem þróuð er innan skipulagðs ramma og komið til skila innan skilgreinds tíma,

29) „þjálfunarfyrirtæki“: fyrirtæki sem lögbært yfirvald hefur vottað til að sjá um eina eða fleiri tegundir þjálfunar,

30) „deildarviðbótaráritun“: heimild, sem er skráð í skírteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind eru staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og undirsvæðið, undirsvæðin eða vinnustöðvar þar sem handhafi skírteinisins er til þess bær að starfa,

31) „fullgilding“: ferli þegar námskeiði um deildarviðbótaráritun, sem tengist áritun eða viðbótaráritun, hefur verið lokið með fullnægjandi hætti, sem veitir handhafanum leyfi til að hefja að neyta réttindanna sem tengjast þessari áritun eða viðbótaráritun.

5. gr.

Lögbært yfirvald

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eða koma á fót einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum til að takast á hendur ábyrgð á vottun og eftirliti með einstaklingum og fyrirtækjum sem heyra undir þessa reglugerð.

2. Tilnefna skal lögbæru yfirvöldin, sem hlutaðeigandi aðildarríki komast að samkomulagi um, innan starfræns loftrýmisumdæmis eða ef um er að ræða þjónustu sem veitt er yfir landamæri.

3. Ef aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót fleiri en einu lögbæru yfirvaldi skal verksvið hvers lögbærs yfirvalds skýrt skilgreint með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegs svæðis, eftir því sem við á. Koma skal á samstarfi milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum einstaklingum og fyrirtækjum, sem falla undir þessa reglugerð, innan viðkomandi valdsviðs þeirra.

4. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin skulu vera óháð veitendum flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækjum. Unnt er að fullnægja þessari kröfu um óhæði með fullnægjandi aðgreiningu, a.m.k. á starfræna sviðinu, annars vegar á milli lögbærra yfirvalda og hins vegar á milli veitenda flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækja. Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum á óhlutdrægan og gagnsæjan hátt.

Fyrsta undirgreinin gildir einnig um Flugöryggisstofnunina þegar hún kemur fram sem lögbært yfirvald samkvæmt b-lið 2. mgr. og ii. lið a-liðar 3. mgr. 6. gr.

5. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu til að hafa umsjón með vottunar- og eftirlitsstarfsemi, sem fellur undir þær vottunar- og eftirlitsáætlanir sem þau bera ábyrgð á, þ.m.t. nægileg tilföng til að uppfylla kröfur II. viðauka (ATCO.AR-hluta). Aðildarríki skulu einkum nota matið, sem lögbæra yfirvaldið gerir í samræmi við a-lið ATCO.AR.A.005 í II. viðauka, til að sýna fram á þessa getu sína.

6. Aðildarríki skulu tryggja að ekki sé um neina beina eða óbeina hagsmunaárekstra að ræða, að því er varðar starfsfólk lögbæru yfirvaldanna sem annast eftirlits- og vottunarstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð, einkum hagsmuni sem varða fjölskyldu eða fjárhag hlutaðeigandi starfsfólks.

7. Líta skal svo á að lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld, sem aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011, teljist einnig lögbært yfirvald samkvæmt þessari reglugerð, nema hlutaðeigandi aðildarríki ákveði annað. Í síðarnefnda tilvikinu skulu aðildarríki tilkynna Flugöryggisstofnuninni um nafn eða nöfn og heimilisfang eða heimilisföng lögbæra yfirvaldsins eða lögbæru yfirvaldanna sem þau tilnefna eða koma á fót við beitingu þessarar greinar og um allar breytingar þar á.

6. gr.

Lögbært yfirvald að því er varðar I., III. og IV. viðauka

1. Að því er I. viðauka varðar merkir hugtakið „lögbært yfirvald“ eða „lögbær yfirvöld“ yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót og sem tekur við umsókn frá einstaklingi um útgáfu skírteinis.

2. Að því er varðar III. viðauka og eftirlit með kröfunum í I. viðauka um veitendur flugleiðsöguþjónustu skal lögbært yfirvald vera:

a) yfirvaldið, sem er tilnefnt eða komið á fót sem lögbært eftirlitsyfirvald aðildarríkisins, þar sem aðalstarfsstöð umsækjandans er eða skráð skrifstofa hans, ef hún er fyrir hendi, nema kveðið sé á um annað í tvíhliða eða marghliða samkomulagi milli aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra,

b) Flugöryggisstofnunin, ef aðalstarfsstöð umsækjanda eða skráð skrifstofa hans, ef hún er fyrir hendi, er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

3. Að því er varðar IV. viðauka merkir „lögbært yfirvald“:

a) hvað varðar fluglæknasetur:

   i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er, tilnefnir,

   ii. Flugöryggisstofnunin ef fluglæknasetrið er í þriðja landi,

b) hvað varðar fluglækna:

   i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknisins er, tilnefnir,

   ii. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um útgáfu vottorðs fluglæknis, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi.

7. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Litið skal svo á að skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi ákvæði landslöggjafar og byggjast á tilskipun 2006/23/EB, og skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Litið skal svo á að áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) með viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem gefin er út á grundvelli landsbundinna reglna og byggist á 1. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

3. Litið skal svo á að heilbrigðisvottorð og vottorð fyrir þjálfunarfyrirtæki, fluglækna og fluglæknasetur, samþykki fyrir hæfnisáætlanir og þjálfunaráætlanir deildar, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi ákvæði í landslöggjöf og byggjast á tilskipun 2006/23/EB í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

8. gr.

Útskipti skírteina, aðlögun réttinda, þjálfunarnámskeiða og hæfnisáætlana deildar

1. Aðildarríki skulu skipta út skírteinunum, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., með skírteinum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

2. Aðildarríki skulu skipta út vottorðum fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., með vottorðum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

3. Aðildarríki skulu skipta út vottorðum fluglækna og vottorðum fluglæknasetra, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., með vottorðum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

4. Lögbær yfirvöld skulu breyta réttindum prófdómara og matsmanna vegna grunnþjálfunar, skv. 20. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011, og prófdómara og matsmanna við að meta hæfni í tengslum við deildar- og síþjálfun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 805/2011, í réttindi viðbótaráritunar matsmanns, samkvæmt þessari reglugerð, ef við á, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

5. Lögbær yfirvöld mega breyta landsbundnum réttindum kennara á hermi eða flugþjálfa í réttindi kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa í samræmi við þessa reglugerð, ef við á, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

6. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu aðlaga hæfnisáætlanir deildar svo þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

7. Fyrirtæki, sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar svo þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

8. Viðurkenna skal vottorð um að þjálfunarnámskeiði hafi verið lokið áður en beiting þessarar reglugerðar hófst í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, að því er varðar útgáfu viðeigandi skírteina, áritana og viðbótaráritana í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að þjálfun og mati hafi verið lokið, eigi síðar en 30. júní 2016 eða 30. júní 2017, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

9. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012

Í stað 104. liðar 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 komi eftirfarandi:

„104. „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni en að undanskildu koffíni og tóbaki,“

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 er felld úr gildi.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júní 2015.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum I.–IV. viðauka, að öllu leyti eða að hluta, fyrr en 31. desember 2016.

Þegar aðildarríki nýtir sér þennan möguleika skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það eigi síðar en 1. júlí 2015. Í þessari tilkynningu skal lýsa gildissviði undanþágunnar eða undanþáganna sem og áætluninni um framkvæmd sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar. Í því tilviki gilda ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 áfram.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

EFNISYFIRLIT

I. VIÐAUKI — ATCO-HLUTI — KRÖFUR UM ÚTGÁFU SKÍRTEINA FYRIR FLUGUMFERÐARSTJÓRA 515

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR 515

ATCO.A.001 Gildissvið 515

ATCO.A.005 Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana 515

ATCO.A.010 Skipti á skírteinum 515

ATCO.A.015 Neyting réttinda skírteina og tímabundin vanhæfni til starfa 515

ATCO.A.020 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana 516

B-KAFLI — SKÍRTEINI, ÁRITANIR OG VIÐBÓTARÁRITANIR 516

ATCO.B.001 Skírteini flugumferðarstjóranema 516

ATCO.B.005 Skírteini flugumferðarstjóra 516

ATCO.B.010 Áritanir flugumferðarstjóra 517

ATCO.B.015 Viðbótaráritanir 517

ATCO.B.020 Deildarviðbótaráritanir 518

ATCO.B.025 Hæfnisáætlun deildar 519

ATCO.B.030 Viðbótaráritun um tungumálafærni 520

ATCO.B.035 Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni 520

ATCO.B.040 Mat á tungumálafærni 521

ATCO.B.045 Tungumálaþjálfun 521

C-KAFLI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL KENNARA OG MATSMANNA 521

1. ÞÁTTUR — KENNARAR 521

ATCO.C.001 Kennarar í bóklegum greinum 521

ATCO.C.005 Kennarar í verklegum greinum 522

ATCO.C.010 Réttindi starfsþjálfara á vinnustað 522

ATCO.C.015 Umsókn um viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað 522

ATCO.C.020 Gildistími viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað 522

ATCO.C.025 Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað 522

ATCO.C.030 Réttindi kennara fyrir flugþjálfa 523

ATCO.C.035 Umsókn um kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa 523

ATCO.C.040 Gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa 523

2. ÞÁTTUR — MATSMENN 524

ATCO.C.045 Réttindi matsmanns 524

ATCO.C.050 Eiginhagsmunir ... 524

ATCO.C.055 Umsókn um viðbótaráritun matsmanns ... 524

ATCO.C.060 Gildistími viðbótaráritunar matsmanns ... 525

ATCO.C.065 Bráðabirgðastarfsleyfi matsmanns ... 525

D-KAFLI — ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA ... 525

1. ÞÁTTUR — ALMENNAR KRÖFUR ... 525

ATCO.D.001 Markmið þjálfunar flugumferðarstjóra ... 525

ATCO.D.005 Tegundir þjálfunar flugumferðarstjóra ... 525

2. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM GRUNNÞJÁLFUN ... 526

ATCO.D.010 Samsetning grunnþjálfunar ... 526

ATCO.D.015 Grunnþjálfunaráætlun ... 527

ATCO.D.020 Undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið ... 527

ATCO.D.025 Próf og mat í tengslum við undirstöðuþjálfun ... 528

ATCO.D.030 Frammistöðumarkmið undirstöðuþjálfunar ... 528

ATCO.D.035 Próf og mat í tengslum við réttindaþjálfun ... 528

ATCO.D.040 Frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar ... 529

3. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM DEILDARÞJÁLFUN ... 529

ATCO.D.045 Samsetning deildarþjálfunar ... 529

ATCO.D.050 Forsendur deildarþjálfunar ... 530

ATCO.D.055 Deildarþjálfunaráætlun ... 530

ATCO.D.060 Námskeið um deildarviðbótaráritun ... 531

ATCO.D.065 Sýnt fram á bóklega þekkingu og skilning ... 531

ATCO.D.070 Mat á námskeiðum um deildarviðbótaráritun ... 531

4. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM SÍÞJÁLFUN ... 531

ATCO.D.075 Síþjálfun ... 531

ATCO.D.080 Upprifjunarþjálfun ... 531

ATCO.D.085 Umskiptaþjálfun ... 532

5. ÞÁTTUR — ÞJÁLFUN KENNARA OG MATSMANNA ... 532

ATCO.D.090 Þjálfun kennara í verklegum greinum ... 532

ATCO.D.095 Þjálfun matsmanna ... 532

1. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — KVARÐI TIL AÐ META TUNGUMÁLAFÆRNI — KRÖFUR UM TUNGUMÁLAFÆRNI 533

2. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — UNDIRSTÖÐUÞJÁLFUN ... 536

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI ... 536

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR ... 536

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR ... 537

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI ... 538

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA ... 539

6. viðfangsefni: LOFTFÖR ... 540

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR ... 541

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI ... 542

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI ... 543

3. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU VEITT FLUGVALLARUMFERÐ Í SJÓNFLUGI (ADV) ... 544

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI ... 544

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR ... 544

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR ... 545

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI ... 546

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA ... 546

6. viðfangsefni: LOFTFÖR ... 546

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR ... 547

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI ... 548

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI ... 548

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND ... 548

11. viðfangsefni: FLUGVELLIR ... 549

4. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU Í FLUGTURNI VEITT FLUGVALLARUMFERÐ Í BLINDFLUGI — ADI (TWR) ... 550

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI ... 550

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR ... 550

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR ... 551

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI ... 552

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA ... 552

6. viðfangsefni: LOFTFÖR ... 553

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR ... 553

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI ... 554

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI ... 554

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND ... 555

11. viðfangsefni: FLUGVELLIR ... 555

5. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR HUGLÆGA AÐFLUGSSTJÓRNUN ÁN KÖGUNARBÚNAÐAR (APP) 556

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI ... 556

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR ... 556

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR ... 557

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI ... 558

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA ... 558

6. viðfangsefni: LOFTFÖR 558

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR 559

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI 560

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI 560

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND 560

11. viðfangsefni: FLUGVELLIR 561

6. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR HUGLÆGA SVÆÐISSTJÓRNUN ÁN KÖGUNARBÚNAÐAR (ACP) 562

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI 562

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR 562

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR 563

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI 564

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA 564

6. viðfangsefni: LOFTFÖR 564

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR 565

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI 565

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI 566

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND 566

7. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR AÐFLUGSSTJÓRNUN MEÐ KÖGUNARBÚNAÐI (APS) 567

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI 567

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR 567

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR 568

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI 569

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA 569

6. viðfangsefni: LOFTFÖR 570

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR 570

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI 571

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI 571

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND 572

11. viðfangsefni: FLUGVELLIR 572

8. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR SVÆÐISSTJÓRNUN MEÐ KÖGUNARBÚNAÐI (ACS) 573

1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI 573

2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR 573

3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR 574

4. viðfangsefni: VEÐURFRÆÐI 575

5. viðfangsefni: LEIÐSAGA 575

6. viðfangsefni: LOFTFÖR ... 576

7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR ... 576

8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI ... 577

9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI ... 577

10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND ... 578

II. VIÐAUKI — ATCO.AR–HLUTI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL LÖGBÆRRA YFIRVALDA ... 579

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR ... 579

ATCO.AR.A.001 Gildissvið ... 579

ATCO.AR.A.005 Starfsfólk ... 579

ATCO.AR.A.010 Verkefni lögbærra yfirvalda ... 579

ATCO.AR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur ... 580

ATCO.AR.A.020 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar ... 580

ATCO.AR.A.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli ... 581

B-KAFLI — STJÓRNUN ... 581

ATCO.AR.B.001 Stjórnunarkerfi ... 581

ATCO.AR.B.005 Úthlutun verkefna til hæfra eininga ... 582

ATCO.AR.B.010 Breytingar á stjórnunarkerfinu ... 582

ATCO.AR.B.015 Skráahald ... 582

C-KAFLI — EFTIRLIT OG FRAMFYLGD ... 583

ATCO.AR.C.001 Eftirlit ... 583

ATCO.AR.C.005 Eftirlitsáætlun ... 583

ATCO.AR.C.010 Frávik og framfylgdarráðstafanir fyrir starfsfólk ... 584

D-KAFLI — ÚTGÁFA, FRAMLENGING, ENDURNÝJUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG AFTURKÖLLUN SKÍRTEINA, ÁRITANA OG VIÐBÓTARÁRITANA ... 584

ATCO.AR.D.001 Verklag fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun skírteina, áritana, viðbótaráritana og heimilda ... 584

ATCO.AR.D.005 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana ... 585

E-KAFLI — VERKLAGSREGLUR UM VOTTUN FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐAR-STJÓRA, OG SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐA ... 585

ATCO.AR.E.001 Verklagsreglur um umsóknar- og vottunarferli þjálfunarfyrirtækja ... 585

ATCO.AR.E.005 Samþykki þjálfunarnámskeiða og þjálfunaráætlana ... 586

ATCO.AR.E.010 Breytingar á þjálfunarfyrirtækjum ... 586

ATCO.AR.E.015 Frávik og aðgerðir til úrbóta ... 586

F-KAFLI — SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGHEILBRIGÐISVOTTORÐ ... 587

1. ÞÁTTUR — ALMENNAR KRÖFUR ... 587

ATCO.AR.F.001 Fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð ... 587

2. ÞÁTTUR — SKJÖL ... 588

ATCO.AR.F.005 Heilbrigðisvottorð ... 588

ATCO.AR.F.010 Vottorð fluglæknis ... 588

ATCO.AR.F.015 Vottorð fluglæknaseturs ... 588

ATCO.AR.F.020 Eyðublöð á sviði fluglæknisfræði ... 588

1. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — Eyðublað fyrir skírteini — SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA ... 589

2. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA (ATCO TO) ... 595

3. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FLUGLÆKNA ... 597

4. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA ... 599

III. VIÐAUKI — ATCO.OR HLUTI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG FLUGLÆKNASETRA ... 600

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR ... 600

ATCO.OR.A.001 Gildissvið ... 600

B-KAFLI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA 600

ATCO.OR.B.001 Umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis ... 600

ATCO.OR.B.005 Aðferðir til að uppfylla kröfur ... 600

ATCO.OR.B.010 Skilmálar fyrir samþykki vottorðs þjálfunarfyrirtækis og réttindi þess ... 601

ATCO.OR.B.015 Breytingar á þjálfunarfyrirtæki ... 601

ATCO.OR.B.020 Áframhaldandi gildi ... 601

ATCO.OR.B.025 Aðgangur að aðstöðu og gögnum þjálfunarfyrirtækis ... 601

ATCO.OR.B.030 Frávik ... 601

ATCO.OR.B.035 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli ... 602

ATCO.OR.B.040 Tilkynning atvika ... 602

C-KAFLI — STJÓRNUN FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA ... 602

ATCO.OR.C.001 Stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækja ... 602

ATCO.OR.C.005 Útvistuð starfsemi ... 602

ATCO.OR.C.010 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks ... 603

ATCO.OR.C.015 Aðstaða og búnaður ... 603

ATCO.OR.C.020 Skráahald ... 603

ATCO.OR.C.025 Fjármögnun og tryggingar ... 603

D-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUNARÁÆTLANIR ... 604

ATCO.OR.D.001 Kröfur sem varða þjálfunarnámskeið og þjálfunaráætlanir ... 604

ATCO.OR.D.005 Niðurstöður prófa og mats sem og vottorð ... 604

E-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA FLUGLÆKNASETUR ... 604

ATCO.OR.E.001 Fluglæknasetur ... 604

IV. VIÐAUKI — ATCO.MED-HLUTI — LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FLUGUMFERÐARSTJÓRA 605

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR 605

1. ÞÁTTUR — ALMENNT 605

ATCO.MED.A.001 Lögbært yfirvald 605

ATCO.MED.A.005 Gildissvið 605

ATCO.MED.A.010 Skilgreiningar 605

ATCO.MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta 606

ATCO.MED.A.020 Skert heilbrigði 606

ATCO.MED.A.025 Skyldur fluglæknasetra og fluglækna 606

2. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM HEILBRIGÐISVOTTORÐ 607

ATCO.MED.A.030 Heilbrigðisvottorð 607

ATCO.MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð 607

ATCO.MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða 607

ATCO.MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða 608

ATCO.MED.A.046 Tímabundin ógilding eða afturköllun heilbrigðisvottorðs 608

ATCO.MED.A.050 Vísun 609

B-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA 609

1. ÞÁTTUR — ALMENNT 609

ATCO.MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum 609

2. ÞÁTTUR — LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM VARÐA 3. FLOKKS HEILBRIGÐISVOTTORÐ 609

ATCO.MED.B.005 Almennt 609

ATCO.MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi 610

ATCO.MED.B.015 Öndunarfæri 612

ATCO.MED.B.020 Meltingarkerfið 613

ATCO.MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi 613

ATCO.MED.B.030 Blóðsjúkdómar 613

ATCO.MED.B.035 Þvag- og kynfæri 614

ATCO.MED.B.040 Smitsjúkdómar 614

ATCO.MED.B.045 Fæðinga- og kvenlækningar 614

ATCO.MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi 614

ATCO.MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur 615

ATCO.MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur 615

ATCO.MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur 615

ATCO.MED.B.070 Sjónkerfi 616

ATCO.MED.B.075 Litsjón 617

ATCO.MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur 617

ATCO.MED.B.085 Húðsjúkdómafræðilegar kröfur 617

ATCO.MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur 618

C-KAFLI — FLUGLÆKNAR 618

ATCO.MED.C.001 Réttindi 618

ATCO.MED.C.005 Umsókn 618

ATCO.MED.C.010 Kröfur um útgáfu vottorðs fluglæknis 618

ATCO.MED.C.015 Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði 619

ATCO.MED.C.020 Breytingar á vottorði fluglæknis 618

ATCO.MED.C.025 Gildistími vottorða fluglækna 619

I. VIÐAUKI

ATCO-HLUTI

KRÖFUR UM ÚTGÁFU SKÍRTEINA FYRIR FLUGUMFERÐARSTJÓRA

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

ATCO.A.001 Gildissvið

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru tilgreindar kröfur um útgáfu, afturköllun og tímabundna ógildingu skírteina flugumferðarstjóranema og flugumferðarstjóra, um tengdar áritanir þeirra og viðbótaráritanir og um skilyrði fyrir gildi þeirra og notkun.

ATCO.A.005 Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana

a) Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana skal lögð fram hjá lögbæra yfirvaldinu á þann hátt sem það yfirvald ákveður.

b) Umsókn um útgáfu frekari áritana eða viðbótaráritana, um framlengingu eða endurnýjun áritana og endurútgáfu skírteinis skal lögð fram hjá því lögbæra yfirvaldi sem gaf það skírteini út.

c) Sá sem fær skírteinið gefið út skal undirrita það og skal það áfram vera eign hans, nema lögbæra yfirvaldið afturkalli það. Handhafi skírteinisins skal undirrita skírteinið.

d) Á skírteininu skal tilgreina allar viðeigandi upplýsingar sem tengjast þeim réttindum sem skírteinið veitir og skulu þær samrýmast kröfunum sem settar eru fram í 1. viðbæti II. viðauka.

ATCO.A.010 Skipti á skírteinum

a) Eigi handhafi skírteinis að neyta réttinda skírteinis í öðru aðildarríki en því sem lögbæra yfirvaldið, sem gaf út skírteinið, er í, skal handhafi skírteinisins leggja fram umsókn um að skipta skírteini sínu út fyrir skírteini sem lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem neyta á réttindanna gefur út, á þann hátt sem það yfirvald ákveður, nema annað hafi verið ákveðið í kjölfar samkomulags á milli aðildarríkjanna. Í þessum tilgangi skulu hlutaðeigandi yfirvöld veita hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma skipti á skírteininu samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í c-lið ATCO.AR.B.001.

b) Til að unnt sé að skipta á skírteini og neyta réttinda skírteinis í öðru aðildarríki en þar sem skírteinið var gefið út verður handhafi skírteinisins að uppfylla kröfurnar um tungumálafærni, sem um getur í ATCO.B.030, sem viðkomandi aðildarríki ákveður.

c) Nýja skírteinið skal innihalda áritanir, viðbótaráritanir, skírteinisáritanir og allar gildar deildarviðbótaráritanir á skírteininu, þ.m.t. dagsetninguna sem þær eru fyrst gefnar út og hvenær þær falla úr gildi, ef við á.

d) Eftir móttöku nýja skírteinisins skal handhafi skírteinisins leggja fram umsóknina, sem um getur í ATCO.A.005, ásamt skírteini sínu fyrir flugumferðarstjóra til að fá nýjar áritanir, viðbótaráritanir, skírteinisáritanir eða deildarviðbótaráritanir.

e) Að skiptunum loknum skal skila upphaflega útgefna skírteininu til yfirvaldsins sem gaf það út.

ATCO.A.015 Neyting réttinda skírteina og tímabundin vanhæfni til starfa

a) Neyting þeirra réttinda, sem skírteinið veitir, ákvarðast af gildi áritana, viðbótaráritana og heilbrigðisvottorðsins.

b) Handhafar skírteinis skulu ekki neyta réttinda skírteinisins hafi þeir efasemdir um að þeir geti neytt réttinda þess með öruggum hætti og skulu þeir í slíkum tilvikum tafarlaust tilkynna viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um tímabundna vanhæfni sína til að neyta réttinda skírteinis síns.

c) Veitendur flugleiðsöguþjónustu mega lýsa yfir tímabundinni vanhæfni handhafa skírteinis ef þeir verða varir við efasemdir um hæfni handhafa skírteinisins til að neyta réttinda þess með öruggum hætti.

d) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu þróa og hrinda í framkvæmd hlutlægum og gagnsæjum verklagsreglum, sem eru án mismununar, til að gera handhöfum skírteinis kleift að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni til að neyta réttinda skírteinis í samræmi við b-lið, til að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni handhafa skírteinis í samræmi við c-lið, til að stjórna rekstrarlegum áhrifum tímabundinnar vanhæfni og til að upplýsa lögbær yfirvöld þar um eins og skilgreint er í þessum verklagsreglum.

e) Verklagsreglurnar, sem um getur í d-lið, skulu vera í hæfnisáætlun deildar skv. 13. mgr. a-liðar ATCO.B.025.

ATCO.A.020 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana

a) Lögbæra yfirvaldið getur fellt áritanir og viðbótaráritanir tímabundið úr gildi eða afturkallað þær samkvæmt ATCO.AR.D.005 þegar handhafi skírteinis uppfyllir ekki kröfurnar í þessum hluta.

b) Hafi skírteini handhafa verið afturkallað skal hann tafarlaust skila skírteininu til lögbæra yfirvaldsins samkvæmt þeirri stjórnsýslumeðferð sem það yfirvald ákveður.

c) Við útgáfu skírteinis flugumferðarstjóra er skírteini flugumferðarstjóranema afturkallað og skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins sem gefur úr skírteini flugumferðarstjóra.

B-KAFLI

SKÍRTEINI, ÁRITANIR OG VIÐBÓTARÁRITANIR

ATCO.B.001 Skírteini flugumferðarstjóranema

a) Handhafar skírteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa heimild til að veita flugstjórnarþjónustu í samræmi við áritun eða áritanir og viðbótaráritun eða viðbótaráritanir í skírteini þeirra undir leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað og til að gangast undir þjálfun til að fá viðbótaráritun eða -áritanir.

b) Umsækjendur um útgáfu skírteinis flugumferðarstjóranema skulu:

1) vera a.m.k. 18 ára,

2) hafa lokið grunnþjálfun með viðeigandi árangri, hjá þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ARCO.OR-hluta), sem tengist áritun og viðbótaráritun, ef við á, eins og tilgreint er í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta,

3) vera handhafar gilds heilbrigðisvottorðs og

4) hafa sýnt fram á fullnægjandi tungumálafærni í samræmi við kröfurnar í ATCO.B.030.

c) Í skírteini flugumferðarstjóranema skal skráð tungumálaviðbótaráritun eða -áritanir og a.m.k. ein áritun og ein viðbótaráritun, ef við á.

d) Handhafi skírteinis flugumferðarstjóranema, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda þessa skírteinis innan eins árs frá því að skírteinið var gefið út eða hefur gert hlé á að neyta þessara réttinda í meira en eitt ár, getur aðeins hafið eða haldið áfram deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni hans og sannprófað hvort hann uppfylli enn kröfurnar, sem tengjast þeirri áritun, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.005 Skírteini flugumferðarstjóra

a) Handhafar skírteinis flugumferðarstjóra skulu hafa heimild til að veita flugstjórnarþjónustu í samræmi við þær áritanir og viðbótaráritanir sem skráðar eru í skírteini þeirra og til að neyta réttinda áritananna sem þar eru skráðar.

b) Réttindi skírteinis flugumferðarstjóra skulu fela í sér réttindi flugumferðarstjóranema eins og sett er fram í a-lið ATCO.B.001.

c) Umsækjendur um fyrstu útgáfu skírteinis flugumferðarstjóra skulu:

1) vera handhafar skírteinis flugumferðarstjóranema,

2) hafa lokið námskeiði um deildarviðbótaráritun og staðist viðeigandi próf og mat með viðunandi árangri í samræmi við kröfurnar í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta,

3) vera handhafar gilds heilbrigðisvottorðs og

4) hafa sýnt fram á fullnægjandi tungumálafærni í samræmi við kröfurnar í ATCO.B.030.

d) Skírteini flugumferðarstjóra skal fullgilt með því að skrá í það eina eða fleiri tegundir áritana og viðeigandi áritun, deildarviðbótaráritun og viðbótaráritun um tungumálafærni þar sem þjálfun lauk með viðunandi árangri.

e) Handhafi skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda tiltekinnar áritunar, sem er innan eins árs frá því að skírteinið var gefið út, getur aðeins hafið deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni hans og sannprófað hvort hann uppfylli enn kröfurnar, sem tengjast þeirri áritun, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.010 Áritanir flugumferðarstjóra

a) Skírteini skulu innihalda eina eða fleiri eftirfarandi áritanir sem gefa til kynna þá tegund þjónustu sem handhafi skírteinisins hefur heimild til að veita:

1) áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu á flugvelli þar sem hvorki hafa verið gefnar út verklagsreglur um blindaðflug né blindbrottflug,

2) áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í blindflugi (ADI), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu á flugvelli þar sem gefnar hafa verið út verklagsreglur um blindaðflug eða blindbrottflug og skal árituninni fylgja a.m.k. ein af viðbótaráritunum sem er lýst í a-lið ATCO.B.015,

3) áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð án þess að nota kögunarbúnað,

4) áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð með því að nota kögunarbúnað,

5) áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu án þess að nota kögunarbúnað,

6) áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu með því að nota kögunarbúnað.

b) Handhafi áritunar, sem hefur gert hlé á því að neyta réttinda, sem tengjast þeirri áritun, í fjögur ár samfellt eða lengur getur aðeins hafið deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta), og sem hefur fengið vottun til að veita þjálfun, sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni og sannprófað hvort viðkomandi aðili uppfylli enn skilyrði þessarar áritunar, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.015 Viðbótaráritanir

a) Áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í blindflugi, skal fylgja a.m.k. ein af eftirfarandi viðbótaráritunum:

1) viðbótaráritun fyrir stjórnun loftfara á flugi (AIR) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að annast stjórnun loftfara á flugi í tengslum við flugumferð í nágrenni flugvallar og á flugbrautinni,

2) viðbótaráritun fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri (GMC) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að annast stjórnun umferðar á jörðu niðri,

3) viðbótaráritun fyrir flugturnsþjónustu (TWR) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugturnsþjónustu; viðbótaráritun fyrir flugturnsþjónustu felur í sér réttindi viðbótaráritunar fyrir stjórnun loftfara á flugi og viðbótaráritunar fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri,

4) viðbótaráritun fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði (GMS), sem er veitt, auk viðbótaráritunar fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri eða viðbótaráritunar fyrir flugturnsþjónustu, sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna umferð á jörðu niðri með aðstoð leiðsögukerfis á athafnasvæði flugvallar,

5) viðbótaráritun fyrir ratsjárstjórnun flugvallar (RAD), sem er veitt, auk viðbótaráritunar fyrir stjórnun loftfara á flugi eða viðbótaráritunar fyrir flugturnsþjónustu, sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu með aðstoð kögunarratsjár.

b) Áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði getur fylgt ein eða fleiri af eftirfarandi viðbótaráritunum:

1) viðbótaráritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá (PAR), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, nákvæmnisaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með nákvæmnisratsjárbúnaði,

2) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, grunnaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með því að nota kögunarbúnað,

3) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun (TCL), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á tilgreindu aðflugssvæði og/eða aðliggjandi undirsvæðum, flugstjórnarþjónustu með því að nota hvers kyns kögunarbúnað.

c) Áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) getur fylgt viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugstjórnarþjónustu.

d) Áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði getur fylgt ein af eftirfarandi viðbótaráritunum:

1) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun (TCL), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á tilgreindu aðflugssvæði og/eða aðliggjandi undirsvæðum, flugstjórnarþjónustu með því að nota hvers kyns kögunarbúnað,

2) viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugstjórnarþjónustu.

ATCO.B.020 Deildarviðbótaráritanir

a) Deildarviðbótaráritun skal heimila handhafa skírteinisins að veita flugstjórnarþjónustu innan tiltekins undirsvæðis, hóps undirsvæða og/eða á vinnustöð sem er á ábyrgð flugumferðarþjónustudeildar.

b) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun skulu hafa lokið námskeiði um deildarviðbótaráritun með viðunandi árangri í samræmi við kröfurnar í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta.

c) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun í kjölfar skipta á skírteininu, sem um getur í ATCO.A.010, skulu, til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í b-lið, uppfylla kröfurnar í f-lið ATCO.D.060.

d) Lögbæra yfirvaldið má fara fram á að viðbótarkröfum sé fullnægt, að því er varðar flugumferðarstjóra sem veita loftförum, sem eru notuð til flugprófana, flugstjórnarþjónustu, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í b-lið.

e) Deildarviðbótaráritanir skulu gilda í tiltekið tímabil sem er skilgreint í hæfnisáætlun deildar. Slíkt tímabil skal ekki vara lengur en í þrjú ár.

f) Við fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími deilarviðbótaráritana hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri.

g) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritananna ef:

1) umsækjandi hefur neytt réttinda skírteinisins í þann lágmarksfjölda klukkustunda sem tilgreindur er í hæfnisáætlun deildar,

2) umsækjandi hefur lokið við upprifjunarþjálfun á gildistíma deildarviðbótaráritunarinnar samkvæmt hæfnisáætlun deildar,

3) hæfni umsækjanda hefur verið metin í samræmi við hæfnisáætlun deildar í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en deildarviðbótaráritunin fellur úr gildi.

h) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritananna innan næstliðinna þriggja mánaða áður en þær renna út, að því tilskildu að kröfunum, sem settar eru fram í g-lið, sé fullnægt. Í slíkum tilvikum telst gildistíminn frá þeirri lokadagsetningu.

i) Ef gildistími deildarviðbótaráritunar er framlengdur áður en tímabilið, sem kveðið er á um í h-lið, hefst skal gildistíminn hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri, að því tilskildu að kröfunum í 1. og 2. lið g-liðar hafi einnig verið fullnægt.

j) Ef deildarviðbótaráritun fellur úr gildi skal handhafi skírteinis ljúka námskeiði um deildarviðbótaráritun með fullnægjandi árangri, í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta, til að endurnýja viðbótaráritunina.

ATCO.B.025 Hæfnisáætlun deildar

a) Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma á fót hæfnisáætlun deildar og skal hún samþykkt af lögbæra yfirvaldinu. Hún skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

1) gildi deildarviðbótaráritunar í samræmi við e-lið ATCO.B.020,

2) lengsta samfellda tímabilið sem réttinda deildarviðbótaráritunar er ekki neytt á gildistíma hennar; slíkt tímabil skal ekki vara lengur en 90 almanaksdaga,

3) að því er varðar 1. lið g-liðar ATCO.B.020, lágmarksfjölda klukkustunda sem réttinda deildarviðbótaráritunar er neytt innan tilgreinds tímabils sem skal ekki vara lengur en 12 mánuði; að því er varðar starfsþjálfara á vinnustað, sem neyta réttinda viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað, skal kennslutíminn vera að hámarki 50% af þeim fjölda klukkustunda sem krafist er við framlengingu gildistíma deildarviðbótaráritunar,

4) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar handhafi skírteinis uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. lið a-liðar,

5) verklagsreglur til að meta hæfni, þ.m.t. mat á viðfangsefnum upprifjunarþjálfunar samkvæmt b-lið ATCO.D.080,

6) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og skilning sem þarf til að neyta réttinda áritana og viðbótaráritana,

7) verklagsreglur til að skilgreina efni og undirefni, markmið og þjálfunaraðferðir fyrir síþjálfun,

8) lágmarkslengd og tíðni upprifjunarþjálfunar,

9) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og/eða meta verklega færni, sem aflað er í umskiptaþjálfun, þ.m.t. lágmarkskröfur til að standast próf,

10) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar viðkomandi stenst hvorki próf né mat, þ.m.t. áfrýjunarferli,

11) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þeirra og ábyrgð,

12) verklagsreglur til að tryggja að kennarar í verklegum greinum hafi æft kennsluaðferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að kenna í samræmi við 3. lið b-liðar ATCO.C.010 og 3. lið b-liðar ATCO.C.030,

13) verklagsreglur um yfirlýsingu og stjórnun, ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til að neyta réttinda skírteinis, ásamt því þegar sendar eru upplýsingar til lögbærs yfirvalds í samræmi við d-lið ATCO.A.015,

14) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega síþjálfun og mat í samræmi við ATCO.AR.B.015,

15) verklagsreglur um og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á hæfnisáætlun deildar og framlagningu þessarar áætlunar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal hæfnisáætlun deildar a.m.k. á þriggja ára fresti.

b) Til að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í 3. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu halda skrár yfir þær klukkustundir sem handhafi skírteinis neytir réttinda sinna samkvæmt deildarviðbótaráritun, við störf á undirsvæðum, hópi undirsvæða og/eða á vinnustöðvum á flugstjórnardeild og skulu þessi gögn lögð fyrir lögbær yfirvöld og handhafa skírteinis, óski þau eftir því.

c) Þegar settar eru verklagsreglurnar, sem um getur í 4. og 13. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu sjá til þess að notað sé fyrirkomulag sem tryggir að handhafar skírteina fái sanngjarna meðferð ef ekki er unnt að framlengja gildistíma viðbótaráritana þeirra.

ATCO.B.030 Viðbótaráritun um tungumálafærni

a) Flugumferðarstjórar og flugumferðarstjóranemar skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna nema þeir hafi gilda viðbótaráritun um tungumálafærni í ensku og, ef við á, í því tungumáli eða tungumálum sem aðildarríkið ákveður með skírskotun til öryggis flugstjórnardeildarinnar eins og birt er í flugmálahandbókinni. Í viðbótarárituninni um tungumálafærni skal tilgreint tungumálið eða tungumálin, færnistig og gildistími.

b) Stig tungumálafærni skal ákvarðað í samræmi við matskvarðann sem tilgreindur er í 1. viðbæti I. viðauka.

c) Umsækjandi um viðbótaráritun um tungumálafærni skal, í samræmi við matskvarðann, sem um getur í b-lið, sýna fram á tungumálafærni sem samsvarar a.m.k. starfrækslustigi (4. stigi).

Til þess skal umsækjandi:

1) einungis hafa talsamskipti með hjálp búnaðar (sími/talstöð) og augliti til auglitis,

2) hafa samskipti um sameiginleg, markviss og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,

3) nota viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,

4) leysa nokkuð auðveldlega og á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og

5) nota mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.

d) Þrátt fyrir c-lið getur veitandi flugleiðsöguþjónustu gert kröfu um framhaldsstig (5. stig) á kvarða til að meta tungumálafærni, sem tilgreindur er í 1. viðbæti I. viðauka, þar sem aðstæður við starfrækslu, tengdar tiltekinni áritun eða viðbótaráritun, krefjast hærra tungumálafærnistigs vegna brýnna öryggisástæðna. Slík krafa skal vera án mismununar, hófleg, gagnsæ og sá veitandi flugleiðsöguþjónustu sem óskar eftir að beita hærra tungumálafærnistigi skal rökstyðja kröfuna á hlutlægan hátt og skal lögbæra yfirvaldið samþykkja hana.

e) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að framvísa vottorði sem staðfestir niðurstöður mats.

ATCO.B.035 Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni

a) Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni, með hliðsjón af stiginu sem ákvarðast í samræmi við 1. viðbæti I. viðauka, skal vera:

1) þrjú ár frá því að matið fer fram, að því er varðar starfrækslustig (4. stig), eða

2) sex ár frá því að matið fer fram, að því er varðar framhaldsstig (5. stig),

3) að því er varðar sérfræðistig (6. stig):

i. níu ár frá því að matið fer fram, að því er varðar ensku,

ii. ótakmarkað fyrir öll önnur tungumál sem um getur í a-lið ATCO.B.030.

b) Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni fyrir fyrstu útgáfu og endurnýjun skal hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að tungumálafærnimatinu lauk með fullnægjandi árangri.

c) Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni skal framlengdur að loknu tungumálafærnimati með fullnægjandi árangri innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritanirnar renna út. Í slíkum tilvikum hefst nýi gildistíminn frá þeirri lokadagsetningu.

d) Ef gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni er framlengdur áður en tímabilið, sem kveðið er á um í c-lið, hefst skal gildistíminn hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að tungumálafærnimatinu lauk með fullnægjandi árangri.

e) Þegar gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni rennur út skal handhafi skírteinis ljúka tungumálafærnimati með fullnægjandi árangri til að fá viðbótaráritun sína endurnýjaða.

ATCO.B.040 Mat á tungumálafærni

a) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að nota tiltekna matsaðferð, sem lögbært yfirvald samþykkir, og skal hún fela í sér:

1) matsferli,

2) starfsréttindi matsmanna,

3) áfrýjunarmeðferð.

b) Aðilar sem meta tungumálafærni skulu uppfylla kröfurnar sem lögbær yfirvöld setja samkvæmt ATCO.AR.A.010.

ATCO.B.045 Tungumálaþjálfun

a) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að eftirfarandi aðilar hafi aðgang að tungumálaþjálfun til að viðhalda því tungumálafærnistigi sem krafist er fyrir flugumferðarstjóra:

1) handhafar viðbótaráritunar um tungumálafærni á starfrækslustigi (4. stigi),

2) handhafar skírteinis sem hafa ekki tækifæri til að nýta kunnáttu sína reglulega í því skyni að viðhalda tungumálakunnáttu sinni.

b) Tungumálaþjálfun getur einnig verið aðgengileg sem síþjálfun.

C-KAFLI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL KENNARA OG MATSMANNA

1. ÞÁTTUR

Kennarar

ATCO.C.001 Kennarar í bóklegum greinum

a) Aðeins kennarar, sem eru með viðeigandi starfsréttindi, skulu annast bóklega kennslu.

b) Kennari í bóklegum greinum hefur viðeigandi starfsréttindi ef hann:

1) hefur skírteini flugumferðarstjóra og/eða viðeigandi faglega menntun og hæfi fyrir viðfangsefnið sem er kennt og/eða hefur sýnt þjálfunarfyrirtækinu fram á viðunandi kunnáttu og reynslu,

2) hefur sýnt þjálfunarfyrirtækinu fram á kennslufærni sína.

ATCO.C.005 Kennarar í verklegum greinum

Einstaklingur skal aðeins sjá um verklega þjálfun ef hann er handhafi skírteinis flugumferðarstjóra með viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað eða kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa.

ATCO.C.010 Réttindi starfsþjálfara á vinnustað

a) Handhafar viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað hafa heimild til að veita verklega þjálfun og hafa umsjón með starfrækslu á vinnustöðvum, sem viðkomandi hefur gilda deildarviðbótaráritun fyrir, og með flugþjálfa að því er varðar þær áritanir sem viðkomandi hefur.

b) Handhafar viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:

1) neytt réttinda áritunarinnar, sem þeir munu kenna innan, í a.m.k. tvö ár,

2) neytt réttinda gildrar deildarviðbótaráritunar á næstliðnu tímabili sem er a.m.k. sex mánuðir og sem þjálfunin nær til,

3) æft kennslufærni í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í.

c) Lögbæra yfirvaldið má ekki stytta tveggja ára tímabilið, sem um getur í 1. lið b-liðar, í minna en eitt ár óski þjálfunarfyrirtækið eftir því.

ATCO.C.015 Umsókn um viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað skulu:

a) vera handhafar skírteinis flugumferðarstjóra með gildri deildarviðbótaráritun,

b) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. næstliðin tvö ár áður en umsóknin er lögð fram; lögbæra yfirvaldið má ekki stytta þetta tímabil í minna en eitt ár, óski þjálfunarfyrirtækið eftir því, og

c) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.020 Gildistími viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað

a) Viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað skal gilda í þrjú ár.

b) Mögulegt er að framlengja gildistíma viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað með því að ljúka, með viðeigandi árangri, upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni á gildistíma hennar, að því tilskildu að kröfum a- og b-liðar ATCO.C.015 sé fullnægt.

c) Ef viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:

1) gangast undir upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni og

2) standast hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri;

innan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun, að því tilskildu að kröfunum a- og b-liðar ATCO.C.015 sé fullnægt.

d Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.

e) Ef kröfum a- og b-liðar ATCO.C.015 er ekki fullnægt má skipta á viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað fyrir kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa, að því tilskildu að tryggt sé að kröfum b- og c-liðar ATCO.C.O.040 sé fullnægt.

ATCO.C.025 Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað

a) Þegar ekki er mögulegt að uppfylla kröfurnar, sem kveðið er á um í 2. lið b-liðar ATCO.C.010, getur lögbært yfirvald veitt starfsþjálfara á vinnustað bráðabirgðastarfsleyfi á grundvelli öryggisgreiningar sem veitandi flugleiðsöguþjónustu leggur fram.

b) Heimilt er að gefa út bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað, sem um getur í a-lið, til handa handhöfum gildrar viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað sem gefin er út í samræmi við ATCO.C.015.

c) Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað, sem um getur í a-lið, skal takmarkast við þá kennslu sem er nauðsynleg í sérstökum undantekningartilvikum og það skal ekki gilda lengur en í eitt ár eða ekki lengur en sem nemur gildistíma viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.015, hvort sem gerist fyrr.

ATCO.C.030 Réttindi kennara fyrir flugþjálfa

a) Handhöfum kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa er heimilt að veita verklega þjálfun á flugþjálfa:

1) í verklegum viðfangsefnum á meðan grunnþjálfun stendur yfir,

2) vegna annarrar deildarþjálfunar en starfsþjálfunar á vinnustað og

3) vegna síþjálfunar.

Þegar kennari á flugþjálfa veitir undirbúningsstarfsþjálfun á vinnustað skal hann hafa eða hafa haft viðeigandi deildarviðbótaráritun.

b) Handhafar kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:

1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni sem veita á kennslu í,

2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum,

3) æft kennsluaðferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í.

c) Þrátt fyrir 1. mgr. b-liðar

1) eiga allar áritanir við, að því er varðar undirstöðuþjálfun,

2) má kennari á flugþjálfa veita þjálfun í tilteknum og sérvöldum starfræksluverkefnum, sem hann hefur áritun fyrir, sem á við þessi tilteknu og sérvöldu verkefni, að því er varðar réttindaþjálfun.

ATCO.C.035 Umsókn um kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa

Umsækjendur um útgáfu kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa skulu:

a) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra, innan hvaða áritunar sem er, í a.m.k. tvö ár og

b) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.040 Gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa

a) Kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa skal gilda í þrjú ár.

b) Framlengja má gildistíma kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa með því að ljúka með viðunandi árangri upprifjunarþjálfun um verklega kennslufærni og um nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.

c) Ef kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:

1) gangast undir upprifjunarþjálfun um verklega kennslufærni og nýjustu starfsvenjur og

2) standast hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri;

innan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun.

d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu lauk með viðunandi árangri.

2. ÞÁTTUR

Matsmenn

ATCO.C.045 Réttindi matsmanns

a) Einstaklingur skal aðeins annast mat ef hann hefur viðbótaráritun fyrir matsmann.

b) Handhöfum viðbótaráritunar fyrir matsmann er heimilt að annast mat:

1) á meðan grunnþjálfun fer fram vegna útgáfu skírteinis flugumferðarstjóranema eða vegna útgáfu nýrrar áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á,

2) á fyrri hæfni að því er varðar d-lið ATCO.B.001 og b-lið ATCO.B.010,

3) á flugumferðarstjóranemum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritana, ef við á,

4) á flugumferðarstjórum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritana, ef við á, ásamt mati vegna framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar,

5) á umsækjanda, sem sækir um að vera kennari í verklegum greinum eða matsmaður, þegar tryggt er að kröfum 2.–4. liðar d-liðar sé fullnægt.

c) Handhafar viðbótaráritunar matsmanns skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:

1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni og viðbótaráritun eða -áritunum, sem þeir munu meta, og

2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum.

d) Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í c-lið, skulu handhafar viðbótaráritunar matsmanns aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar:

1) vegna mats sem leiðir til útgáfu, framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar, ef þeir eru einnig handhafar deildarviðbótaráritunar sem tengist matinu á næstliðnu tímabili, sem er a.m.k. eitt ár,

2) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa ef þeir hafa kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa eða viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,

3) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað ef þeir hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,

4) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar fyrir matsmann ef þeir hafa neytt réttinda viðbótaráritunar fyrir matsmann í a.m.k. þrjú ár.

e) Við mat, að því er varðar útgáfu og endurnýjun deildarviðbótaráritunar, og til að tryggja eftirlit með starfrækslu á vinnustöð skal matsmaðurinn einnig hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað eða að öðrum kosti skal starfsþjálfari á vinnustað með gilda deildarviðbótaráritun, sem tengist matinu, vera viðstaddur.

ATCO.C.050 Eiginhagsmunir

Matsmenn skulu ekki framkvæma mat ef ekki er öruggt að þeir geti verið hlutlausir.

ATCO.C.055 Umsókn um viðbótaráritun matsmanns

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritun fyrir matsmann skulu:

a) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. tvö ár og

b) hafa lokið með viðunandi árangri námskeiði matsmanns innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og færni er kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.060 Gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann

a) Viðbótaráritun fyrir matsmann skal gilda í þrjú ár.

b) Framlengja má gildistíma viðbótaráritunar fyrir matsmann með því að ljúka, með viðunandi árangri, upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.

c) Ef viðbótaráritun fyrir matsmann hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:

1) gangast undir upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur og

2) standast hæfnimat sem matsmaður með viðunandi árangri

innan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun.

d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.

ATCO.C.065 Bráðabirgðastarfsleyfi fyrir matsmann

a) Ef ekki er mögulegt að uppfylla kröfurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. d-liðar ATCO.C.045, getur lögbært yfirvald heimilað handhöfum viðbótaráritunar fyrir matsmann, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.055 að framkvæma matið, sem um getur í 3. og 4. mgr. b-liðar ATCO.C.045, í sérstökum undantekningartilvikum eða til að tryggja óhæði matsins, að því tilskildu að kröfunum, sem settar eru fram í b- og c-lið, sé fullnægt.

b) Ef um sérstök undantekningartilvik er að ræða skal handhafi viðbótaráritunar fyrir matsmann einnig hafa deildarviðbótaráritun með tengdri áritun og, ef við á, viðbótaráritun sem tengist matinu á næstliðnu tímabili sem er a.m.k. eitt ár. Starfsleyfið skal takmarkast við það mat sem er nauðsynlegt í sérstökum undantekningartilvikum og það skal ekki gilda lengur en í eitt ár eða ekki lengur en sem nemur gildistíma viðbótaráritunar matsmanns, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.055, hvort sem gerist fyrr.

c) Í þeim tilgangi að tryggja óhæði matsins, ef um er að ræða endurtekin tilvik, skal handhafi viðbótaráritunar fyrir matsmann einnig hafa deildarviðbótaráritun með tengdri áritun og, ef við á, viðbótaráritun, sem tengist matinu á næstliðnu tímabili, sem er a.m.k. eitt ár. Lögbært yfirvald skal ákveða gildistíma starfsleyfisins en hann skal ekki vera lengri en gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann sem gefin er út í samræmi við ATCO.C.055.

d) Vegna útgáfu tímabundins starfsleyfis fyrir matsmann, af ástæðunum sem um getur í b- og c-lið, getur lögbært yfirvald farið fram á að veitandi flugleiðsöguþjónustu leggi fram öryggisgreiningu.

D-KAFLI

ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

ATCO.D.001 Markmið þjálfunar flugumferðarstjóra

Þjálfun flugumferðarstjóra skal ná yfir öll fræðileg námskeið, verklegar æfingar, þ.m.t. þjálfun í hermi og starfsþjálfun á vinnustað, sem er nauðsynleg til að öðlast og viðhalda fagþekkingu til að unnt sé að viðhafa örugga, skipulega og hraða flugstjórnarþjónustu.

ATCO.D.005 Tegundir þjálfunar flugumferðarstjóra

a) Þjálfun flugumferðarstjóra skal samanstanda af eftirfarandi tegundum:

1) grunnþjálfun, sem leiðir til útgáfu skírteinis flugumferðarstjóranema eða útgáfu frekari áritunar og viðbótaráritunar, ef við á, sem tekur til:

i. „undirstöðuþjálfunar“: bókleg og verkleg þjálfun, sem ætlað er að miðla grundvallarþekkingu og verklegri færni sem tengist grundvallarverklagsreglum,

ii. „réttindaþjálfunar“: bókleg og verkleg þjálfun, sem ætlað er miðla þekkingu og verklegri færni sem tengist tilgreindri áritun og viðbótaráritun, ef við á,

2) deildarþjálfun, sem leiðir til útgáfu skírteinis flugumferðarstjóra, útgáfu viðbótaráritunar, fullgildingar áritunar/áritana eða viðbótaráritunar/viðbótaráritana og/eða útgáfu eða endurnýjunar deildarviðbótaráritunar. Hún samanstendur af eftirfarandi áföngum:

i. áfanga um millistigsþjálfun, sem er fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og skilningi á staðarsértækum verklagsreglum og þáttum tengdum tilteknum verkefnum og

ii. áfanga um starfsþjálfun á vinnustað, sem er lokaáfangi deildarþjálfunar þegar starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í reynd samþættar leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað, sem hefur tilskilin starfsréttindi, við raunaðstæður í flugumferð,

iii. til viðbótar við i. og ii. lið, að því er varðar deildarviðbótaráritun eða deildarviðbótaráritanir, þar sem nauðsynlegt er að takast á við flóknar aðstæður þar sem umferð er mikil, er nauðsynlegt að undirbúa áfanga um starfsþjálfun á vinnustað fyrir fram til að bæta fyrirfram áunnar venjur og færni, sem tengjast áritunum, og til að undirbúa nemandann fyrir aðstæður þar sem um er að ræða raunverulega flugumferð sem þessi deild getur þurft að takast á við,

3) síþjálfun sem ætlað er að halda viðbótaráritunum skírteina í gildi og sem samanstendur af:

i. upprifjunarþjálfun,

ii. umskiptaþjálfun, þegar við á.

b) Til viðbótar við þær tegundir þjálfunar sem um getur í a-lið geta flugumferðarstjórar lokið eftirfarandi tegundum þjálfunar:

1) þjálfun fyrir kennara í verklegum greinum, sem leiðir til útgáfu, framlengingar á gildistíma eða endurnýjunar viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað eða kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa,

2) þjálfun matsmanns sem leiðir til útgáfu, framlengingar gildistíma eða endurnýjunar viðbótaráritunar fyrir matsmann.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um grunnþjálfun

ATCO.D.010 Samsetning grunnþjálfunar

a) Grunnþjálfun, sem ætluð er umsækjanda um skírteini flugumferðarstjóranema eða um útgáfu frekari áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á, skal samanstanda af:

1) undirstöðuþjálfun, sem felur í sér öll viðfangsefnin, efnin og undirefnin, sem er að finna í 2. viðbæti I. viðauka, og

2) réttindaþjálfun, sem felur í sér a.m.k. eitt eftirfarandi viðfangsefni, efni og undirefni:

i. áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV), sem skilgreind er í 3. viðbæti I. viðauka,

ii. áritun fyrir flugstjórnarþjónustu í flugturni veitt flugvallarumferð í blindflugi (TWR), sem skilgreind er í 4. viðbæti I. viðauka,

iii. áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP), sem skilgreind er í 5. viðbæti I. viðauka,

iv. áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP), sem skilgreind er í 6. viðbæti I. viðauka,

v. áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS), sem skilgreind er í 7. viðbæti I. viðauka,

vi. áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS), sem skilgreind er í 8. viðbæti I. viðauka.

b) Þjálfun vegna frekari réttinda skal fela í sér viðfangsefnin, efnin og undirefnin, sem eiga við um a.m.k. eina af áritunum sem ákvörðuð er í 2. lið a-liðar.

c) Þjálfun vegna endurvirkjunar áritunar í kjölfar ófullnægjandi mats á fyrri hæfni, samkvæmt b-lið ATCO.B.010, skal sérsniðin í samræmi við niðurstöður þessa mats.

d) Þjálfun vegna annarrar viðbótaráritunar en í 3. lið a-liðar ATCO.B.015 skal fela í sér viðfangsefnin, efnin og undirefnin sem þjálfunarfyrirtækið hefur þróað og sem hafa verið samþykkt sem hluti af þjálfunarnámskeiðinu.

e) Til viðbótar við undirstöðuþjálfun og/eða réttindaþjálfun má bæta við viðfangsefnum, efnum og undirefnum sem eru sértæk fyrir starfræna loftrýmisumdæmið eða landsbundnar aðstæður.

ATCO.D.015 Grunnþjálfunaráætlun

Þjálfunarfyrirtækið skal gera grunnþjálfunaráætlun og skal lögbært yfirvald samþykkja hana. Hún skal a.m.k. fela í sér:

a) samsetningu grunnþjálfunarnámskeiðs sem veitt er í samræmi við ATCO.D.010,

b) skipulag grunnþjálfunarnámskeiðs sem veitt er í samræmi við b-lið ATCO.D.020,

c) ferli við framkvæmd grunnþjálfunarnámskeiðs eða -námskeiða,

d) þjálfunaraðferðir,

e) lágmarks- og hámarkslengd grunnþjálfunarnámskeiðs- eða -námskeiða,

f) að því er varðar b-lið ATCO.D.010, ferli við aðlögun grunnþjálfunarnámskeiðs- eða námskeiða til að taka tilhlýðilegt tillit til undirstöðuþjálfunarnámskeiðs sem viðkomandi hefur lokið við með fullnægjandi árangri,

g) ferli fyrir próf og mat samkvæmt ATCO.D.025 og ATCO.D.035 ásamt frammistöðumarkmiðum samkvæmt ATCO.D.030 og ATCO.D.040,

h) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þess og ábyrgð,

i) ferli við stöðvun þjálfunar áður en henni lýkur,

j) áfrýjunarferli,

k) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega grunnþjálfun,

l) ferli og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á grunnþjálfunaráætlun og framlagning hennar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal grunnþjálfunaráætlun á a.m.k. þriggja ára fresti.

ATCO.D.020 Undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið

a) Boðið skal upp á undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið sem aðskilin eða samþætt námskeið.

b) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og bjóða upp á undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið eða samþætt grunnþjálfunarnámskeið og skal lögbært yfirvald samþykkja það.

c) Þegar boðið er upp á grunnþjálfun sem samþætt námskeið skal aðgreina með skýrum hætti á milli prófa og mats að því er varðar:

1) undirstöðuþjálfun og

2) hverja réttindaþjálfun.

d) Sýna skal fram á með vottorði, sem þjálfunarfyrirtækið gefur út, að grunnþjálfun eða réttindaþjálfun, að því er varðar útgáfu viðbótarréttinda, hafi verið lokið með viðunandi árangri.

e) Sýna skal fram á með vottorði, sem þjálfunarfyrirtækið gefur út að ósk umsækjanda, að undirstöðuþjálfun hafi verið lokið með viðunandi árangri.

ATCO.D.025 Próf og mat í tengslum við undirstöðuþjálfun

a) Bókleg próf og mat skulu vera hluti af undirstöðuþjálfunarnámskeiðum.

b) Umsækjandi telst hafa staðist bóklegt próf ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið.

c) Framkvæma skal mat á frammistöðumarkmiðunum, sem talin eru upp í ATCO.D.030, á verkhlutaþjálfara eða hermi.

d) Umsækjandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.030, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga starfrækslu innan flugstjórnarþjónustunnar.

ATCO.D.030 Frammistöðumarkmið undirstöðuþjálfunar

Matið skal fela í sér úttekt á eftirfarandi frammistöðumarkmiðum:

a) að hafa eftirlit með vinnustöðvarbúnaði og notkun hans,

b) að þróa og viðhalda næmi á aðstæður með því að vakta umferð og auðkenna loftför, þegar við á,

c) að vakta og uppfæra birtingu fluggagna,

d) að hafa ávallt hlustvörð á viðeigandi tíðni,

e) að gefa út viðeigandi heimildir, leiðbeiningar og upplýsingar um umferð,

f) að nota viðurkennt orðfæri,

g) að nota skilvirk samskipti,

h) að beita aðskilnaði,

i) að beita nauðsynlegri samræmingu,

j) að nota verklagsreglurnar, sem mælt er fyrir um, þegar líkt er eftir loftrými,

k) að greina mögulega árekstra á milli loftfara,

l) að geta forgangsraðað aðgerðum,

m) að velja viðeigandi aðskilnaðaraðferðir.

ATCO.D.035 Próf og mat í tengslum við réttindaþjálfun

a) Bókleg próf og mat skulu vera hluti af réttindaþjálfunarnámskeiðum.

b) Umsækjandi telst hafa staðist bóklegt próf ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið.

c) Matið skal byggjast á frammistöðumarkmiðum réttindaþjálfunar sem lýst er í ATCO.D.040.

d) Matið skal fara fram í hermi.

e) Umsækjandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.040, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga starfrækslu innan flugstjórnarþjónustunnar.

ATCO.D.040 Frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar

a) Skilgreina skal frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar og verkefni vegna frammistöðumarkmiða fyrir hvert réttindaþjálfunarnámskeið.

b) í frammistöðumarkmiðum réttindaþjálfunar er þess krafist að umsækjandi:

1) sýni fram á getu til að stjórna flugumferð þannig að tryggð sé örugg, skipulögð og hröð þjónusta og

2) geti tekist á við flóknar aðstæður og aðstæður þar sem flugumferð er mikil.

c) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV) og áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í blindflugi (ADI) tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugvallarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti stjórnunartækni og verklagsreglum flugvallar á flugumferð á flugvelli.

d) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.

e) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.

f) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum á flugumferð svæðis.

g) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti svæðisstjórnun með kögunarbúnaði, áætlanagerð og verklagsreglum á flugumferð svæðis.

3. ÞÁTTUR

Kröfur um deildarþjálfun

ATCO.D.045 Samsetning deildarþjálfunar

a) Deildarþjálfun skal samanstanda af þjálfunarnámskeiði eða -námskeiðum fyrir hverja deildarviðbótaráritun, sem er ákvörðuð á vegum flugstjórnardeildar eins og skilgreint er í þjálfunaráætlun deildar.

b) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og halda eitt eða fleiri námskeið um deildarviðbótaráritun, samkvæmt ATCO.D.060, og lögbært yfirvald skal samþykkja þau.

c) Í deildarþjálfun skal felast þjálfun í:

1) verklagsreglum,

2) þáttum sem tengjast tilteknum verkefnum,

3) óeðlilegu ástandi og neyðarástandi og

4) mannlegum þáttum.

ATCO.D.050 Forsendur deildarþjálfunar

Aðeins einstaklingar, sem eru handhafar eftirfarandi skírteina, mega hefja deildarþjálfun:

a) skírteini flugumferðarstjóranema með viðeigandi áritun og viðbótaráritun, ef við á, eða

b) skírteini flugumferðarstjóra með viðeigandi áritun og viðbótaráritun ef við á,

að því tilskildu að kröfurnar í d-lið ATCO.B.001 og b-lið ATCO.B.010 séu uppfylltar.

ATCO.D.055 Deildarþjálfunaráætlun

a) Þjálfunarfyrirtæki skal gera deildarþjálfunaráætlun fyrir hverja flugstjórnardeild og skal lögbært yfirvald samþykkja hana.

b) Deildarþjálfunaráætlun skal a.m.k. fela í sér:

1) áritanir og viðbótaráritanir sem þjálfunin á við um,

2) skipulag deildarþjálfunar,

3) skrá yfir námskeið um deildarviðbótaráritun samkvæmt ATCO.D.060,

4) ferli við framkvæmd námskeiðs um deildarviðbótaráritun,

5) þjálfunaraðferðir,

6) lágmarkstímalengd námskeiðs eða námskeiða um deildarviðbótaráritun,

7) ferli við aðlögun námskeiðs eða námskeiða um deildarviðbótaráritun til að taka tilhlýðilegt tillit til annarra áritana og/eða viðbótaráritana, sem hefur verið aflað, og reynslu umsækjanda, ef við á,

8) ferli til að sýna fram á bóklega þekkingu og skilning, samkvæmt ATCO.D.065, þ.m.t. fjöldi og tegund prófa og tíðni þeirra, ásamt lágmarksstigum til að standast próf, sem skulu vera a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir þessi próf,

9) ferli við mat, samkvæmt ATCO.D.070, þ.m.t. hversu oft mat er framkvæmt og tíðni þess,

10) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þess og ábyrgð,

11) ferli við stöðvun þjálfunar áður en henni lýkur,

12) áfrýjunarferli,

13) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega deildarþjálfun,

14) skrá yfir tilgreindar, óvenjulegar aðstæður og neyðarástand sem eru sérstök fyrir hverja deildarviðbótaráritun,

15) ferli og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á deildarþjálfunaráætlun og framlagning hennar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal deildarþjálfunaráætlun á a.m.k. þriggja ára fresti.

ATCO.D.060 Námskeið um deildarviðbótaráritun

a) Námskeið um deildarviðbótaráritun skal samsett úr viðkomandi deildarþjálfunaráföngum sem varða útgáfu eða endurnýjun deildarviðbótaráritunar í skírteini. Hvert námskeið skal fela í sér:

1) áfanga í millistigsþjálfun,

2) áfanga í starfsþjálfun á vinnustað.

Undirbúningsþjálfun skal einnig fara fram áður en áfangi um starfsþjálfun á vinnustað hefst, ef þess er krafist, skv. 2. lið a-liðar ATCO.D.005.

b) Boðið skal sérstaklega upp á áfanga í deildarþjálfuninni, sem um getur í a-lið, eða hún samþætt öðru.

c) Í námskeiðum um deildarviðbótaráritun skal skilgreina námsefni og frammistöðumarkmið í samræmi við c-lið ATCO.D.045 og skulu þau fara fram í samræmi við deildarþjálfunaráætlun.

d) Til viðbótar við námskeið um deildarviðbótaráritun, sem fela í sér þjálfun vegna viðbótaráritunar eða viðbótaráritana, samkvæmt ATCO.B.015, skal koma til viðbótarþjálfun þar sem gert er ráð fyrir öflun viðkomandi færni sem krafist er í tengslum við viðbótaráritun.

e) Þjálfun vegna annarrar viðbótaráritunar en í 3. lið a-liðar ATCO.B.015 skal fela í sér viðfangsefnin, markmið námsins, efnin og undirefnin sem þjálfunarfyrirtækið hefur þróað og sem hafa verið samþykkt sem hluti af þjálfunarnámskeiðinu.

f) Námskeið um deildarviðbótaráritun, sem tekin eru í kjölfar skipta á skírteini, skulu aðlöguð svo þau taki til þátta grunnþjálfunar sem tilheyra starfræna loftrýmisumdæminu eða landsbundnu umhverfi sérstaklega.

ATCO.D.065 Sýnt fram á bóklega þekkingu og skilning

Halda skal próf til að sýna fram á bóklega þekkingu og skilning.

ATCO.D.070 Mat á námskeiðum um deildarviðbótaráritun

a) Mat á umsækjanda skal fara fram í starfræksluumhverfi við venjuleg rekstrarskilyrði a.m.k. einu sinni í lok starfsþjálfunar á vinnustað.

b) Þegar námskeið um deildarviðbótaráritun felur í sér undirbúningsþjálfun áður en áfangi um starfsþjálfun á vinnustað hefst, skal meta færni umsækjandans á flugþjálfa a.m.k. í lok þessa áfanga.

c) Þrátt fyrir a-lið má nota flugþjálfa við mat á deildarviðbótaráritun til að sýna fram á beitingu verklagsreglna sem umsækjandinn hefur fengið þjálfun í en sem komu ekki upp í starfræksluumhverfinu þegar matið fór fram.

4. ÞÁTTUR

Kröfur um síþjálfun

ATCO.D.075 Síþjálfun

Síþjálfun skal fela í sér upprifjunar- og umskiptaþjálfunarnámskeið og skal boðið upp á slíkt samkvæmt kröfunum sem er að finna í hæfnisáætlun deildar samkvæmt ATCO.B.025.

ATCO.D.080 Upprifjunarþjálfun

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og halda upprifjunarþjálfunarnámskeið og skal lögbært yfirvald samþykkja þau.

b) Upprifjunarþjálfun skal til þess gerð að endurskoða, styrkja eða bæta fyrirliggjandi þekkingu og færni flugumferðarstjóra til að veita öruggt, skipulegt og hratt flæði flugumferðar, og skal hún a.m.k. fela í sér:

1) þjálfun í stöðluðum starfsvenjum og verklagsreglum með því að nota viðurkennt orðfæri og skilvirk samskipti,

2) þjálfun í óvenjulegum aðstæðum og neyðarástandi með því að nota viðurkennt orðfæri og skilvirk samskipti og

3) þjálfun um mannlega þætti.

c) Skilgreina skal námsefni fyrir upprifjunarþjálfunarnámskeið og, í því tilviki þar sem upprifjunarþjálfun felur í sér að færni flugumferðarstjóra kemst í fyrra horf, skal einnig þróa frammistöðumarkmið.

ATCO.D.085 Umskiptaþjálfun

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu halda eitt eða fleiri umskiptaþjálfunarnámskeið og lögbært yfirvald skal samþykkja þau.

b) Umskiptaþjálfun skal til þess gerð að veita viðeigandi færni og þekkingu til að gera breytingar á starfræksluumhverfinu og skulu þjálfunarfyrirtæki halda hana þegar öryggismat í kjölfar breytinganna leiðir í ljós að þörf er á slíkri þjálfun.

c) Eftirfarandi skal ákvarðað um umskiptaþjálfunarnámskeið:

1) lengd námskeiðsins og viðeigandi þjálfunaraðferð, með tilliti til eðlis og umfangs breytinganna, og

2) próf og/eða matsaðferðir vegna umskiptaþjálfunarinnar.

d) Veita skal umskiptaþjálfun áður en flugumferðarstjórar neyta réttinda skírteina sinna í breyttu starfræksluumhverfi.

5. ÞÁTTUR

Þjálfun kennara og matsmanna

ATCO.D.090 Þjálfun kennara í verklegum greinum

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og annast þjálfun kennara í verklegum greinum og skal hún fela í sér:

1) námskeið í verklegri kennslutækni fyrir starfsþjálfara á vinnustað og/eða kennara fyrir flugþjálfa, þ.m.t. mat,

2) upprifjunarþjálfunarnámskeið um verklega kennslufærni,

3) aðferð eða aðferðir til að meta hæfni kennara í verklegum greinum.

b) Lögbært yfirvald skal samþykkja þjálfunarnámskeiðin og matsaðferðirnar sem um getur í a-lið.

ATCO.D.095 Þjálfun matsmanna

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og annast þjálfun matsmanna og skal hún fela í sér:

1) þjálfunarnámskeið fyrir matsmenn, þ.m.t. mat,

2) upprifjunarþjálfunarnámskeið um færni við mat,

3) aðferð eða aðferðir til að meta hæfni matsmanna.

b) Lögbært yfirvald skal samþykkja þjálfunarnámskeiðin og matsaðferðina sem um getur í a-lið.

———————

I. viðbætir I. viðauka

KVARÐI TIL AÐ META TUNGUMÁLAFÆRNI — KRÖFUR UM TUNGUMÁLAFÆRNI

Kvarði til að meta tungumálafærni — sérfræði-, framhalds- og starfrækslustig

Stig	Framburður Notar mállýsku og/eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.	Uppbygging Viðeigandi málfræðileg uppbygging setningahluta og setningaskipan ákvarðast af hlutverki tungumálsins miðað við tiltekið verkefni	Orðaforði	Liðleiki í tali	Skilningur	Samskipti
Sérfræðistig 6	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa svo til aldrei áhrif á skilning annarra.	Hefur ávallt gott vald á málbóklegri uppbyggingu einfaldra og flókinna setningahluta og setningaskipan.	Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um margvísleg málefni, þekkt og óþekkt. Orðaforði er málvenjubundinn, blæbrigðaríkur og hentar viðkomandi orðfæri.	Fær um að tala samfellt á eðlilegan og áreynslulausan hátt. Notar breytilegt málflæði sem stíláhrif, t.d. til að leggja áherslu á tiltekið atriði. Notar viðeigandi orðræðumerki og tengiorð undirbúningslaust	Skilningur er ávallt réttur í nánast hver kyns samhengi, þ.m.t. hárfínn skilningur á málvísindalegum og menningarlegum mun.	Á auðvelt með samskipti við nánast allar aðstæður. Er næmur fyrir sögðum og ósögðum markorðum og bregst við þeim á viðeigandi hátt.
Framhaldsstig 5	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa þó sjaldan áhrif á skilning annarra.	Hefur ávallt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan. Tilraunir eru gerðar til að nota málfræðilega flókna setningahluta með villum sem hafa stundum áhrif á merkingu.	Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni. Umorðar með samræmdum og árangursríkum hætti. Orðaforði er stundum málvenjubundinn.	Fær um að tala samfellt án mikilla erfiðleika um þekkt málefni en notar e.t.v. ekki breytilegt málflæði sem stílbragð. Getur nýtt sér viðeigandi orðræðuagnir eða tengiorð.	Skilningur er réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum og yfirleitt réttur þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum. Er fær um að skilja margs konar málafbrigði (mállýskur og/eða hreim) eða orðfæri.	Svör eru tafarlaus, viðeigandi og greinargóð. Gengur vel að tala og hlusta.

Stig	Framburður Notar mállýsku og/eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.	Uppbygging Viðeigandi málfræðileg uppbygging setningahluta og setningaskipan ákvarðast af hlutverki tungumálsins miðað við tiltekið verkefni	Orðaforði	Liðleiki í tali	Skilningur	Samskipti
Starfrækslustig 4	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun eru undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hefur einungis endrum og eins áhrif á skilning.	Hefur yfirleitt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan og beitir þeim á skapandi hátt. Villur geta komið fyrir, sérstaklega við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður en þær hafa sjaldan áhrif á merkingu.	Orðaforði er yfirleitt nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni. Er alla jafna fær um að umorða með árangursríkum hætti þegar orðaforða er ábótavant við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður.	Fær um að tala í samhengi og á viðeigandi hraða. Stundum minnkar liðleiki í tali við umskipti frá æfðum eða formbundnum talsmáta yfir í undirbúningslaus tjáskipti en þetta kemur ekki í veg fyrir skilvirk samskipti. Getur nýtt sér orðræðuagnir eða tengiorð. Uppfyllingarorð eru ekki truflandi.	Skilningur er að mestu leyti réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum þegar sá hreimur eða talsmáti sem er notaður er nægilega skiljanlegur innan alþjóðasamfélags málnotenda. Þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum kann að hægja á skilningi eða þörf verður á nánari útskýringum.	Svör eru yfirleitt tafarlaus, viðeigandi og greinargóð. Á frumkvæði að og heldur uppi samræðum jafnvel þegar upp koma óvæntir atburðir. Ræður nægilega vel við aðstæður sem eru greinilega á misskilningi byggðar með því að sannreyna, staðfesta eða skýra nánar.

Kvarði til að meta tungumálafærni: for-starfrækslustig, grunnstig og for-grunnstig.

Stig	Framburður Notar mállýsku og/eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.	Uppbygging Viðeigandi málfræðileg uppbygging setningahluta og setningaskipan ákvarðast af hlutverki tungumálsins miðað við tiltekið verkefni	Orðaforði	Liðleiki í tali	Skilningur	Samskipti
For-starfrækslustig 3	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun eru undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði og hafa oft áhrif á skilning.	Hefur ekki alltaf gott vald á málfræðilegri uppbyggingu setningahluta og setningaskipan í tengslum við fyrirsjáanlegar aðstæður. Villur hafa oft áhrif á merkingu.	Orðaforði er alla jafna nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni en hann er takmarkaður og orðaval oft óviðeigandi. Er alla jafna ófær um að umorða á árangursríkan hátt þegar orðaforða er ábótavant.	Fær um að tala í samhengi en á erfitt með að orða hlutina og þagnir eru of langar. Hik eða hæg notkun tungumálsins kann að koma í veg fyrir árangursrík samskipti. Uppfyllingarorð eru stundum truflandi.	Skilningur er alla jafna réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum þegar hreimur eða talsmáti, sem er notaður, er nægilega skiljanlegur innan alþjóðasamfélags málnotenda. Kann að skorta skilning á málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum.	Svör eru stundum skjót, viðeigandi og greinargóð. Getur haft frumkvæði að og leitt samtal nokkuð auðveldlega um kunnugleg málefni og við fyrirsjáanlegar aðstæður. Bregst yfirleitt ekki rétt við óvæntum atburðum.

Stig	Framburður Notar mállýsku og/eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.	Uppbygging Viðeigandi málfræðileg uppbygging setningahluta og setningaskipan ákvarðast af hlutverki tungumálsins miðað við tiltekið verkefni	Orðaforði	Liðleiki í tali	Skilningur	Samskipti
Grunnstig 2	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun eru undir sterkum áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði og hafa yfirleitt áhrif á eðlilegan skilning.	Hefur einungis takmarkað vald á nokkrum, einföldum málfræðilega uppbyggðum setningahlutum og setningaskipan sem hafa verið lögð á minnið.	Takmarkaður orðaforði sem samanstendur einungis af stökum orðum og setningum sem hafa verið lögð á minnið.	Getur komið frá sér mjög stuttum, stökum athugasemdum, sem lagðar hafa verið á minnið, en þagnir eru of margar og notkun uppfyllingarorða truflandi þegar reynt er að upphugsa orðalag og bera fram orð sem eru viðkomandi ekki töm.	Skilningur takmarkast við staka frasa sem lagðir hafa verið á minnið og sem eru bornir fram hægt og skýrt.	Viðbrögð eru sein og oft óviðeigandi. Samskipti takmarkast við einföld, venjubundin málefni.
For-grunnstig 1	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.	Frammistaða er undir markmiðum grunnstigs.

2. viðbætir I. viðauka

UNDIRSTÖÐUÞJÁLFUN

(Tilvísun: I. viðauki — 1. liður a-liðar ATCO.D.010 í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta)

EFNISYFIRLIT

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

4. VIÐFANGSEFNI: VEÐURFRÆÐI

5. VIÐFANGSEFNI: LEIÐSAGA

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

7. VIÐFANGSEFNI: MANNLEGIR ÞÆTTIR

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

EFNI INTRB 1 — STJÓRNUN NÁMSKEIÐS

Undirefni INTRB 1.1 — Inngangur að námskeiði

Undirefni INTRB 1.2 — Stjórnsýsla námskeiðs

Undirefni INTRB 1.3 — Námsefni og þjálfunargögn

EFNI INTRB 2 — INNGANGUR AÐ ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐI FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni INTRB 2.1 — Innihald og skipulag námskeiðs

Undirefni INTRB 2.2 — Hugmyndagrundvöllur námskeiðs

Undirefni INTRB 2.3 — Matsferli

EFNI INTRB 3 — ALMENNT UM FRAMTÍÐARHORFUR FLUGUMFERÐARSTJÓRA (ATCO)

Undirefni INTRB 3.1 — Atvinnuhorfur

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

EFNI LAWB 1 — INNGANGUR AÐ LÖGUM UM LOFTFERÐIR

Undirefni LAWB 1.1 — Mikilvægi laga um loftferðir

EFNI LAWB 2 — ALÞJÓÐASTOFNANIR

Undirefni LAWB 2.1 — Alþjóðaflugmálastofnunin

Undirefni LAWB 2.2 — Evrópskar stofnanir og aðrar stofnanir

Undirefni LAWB 2.3 — Samtök á sviði flugmála

EFNI LAWB 3 — LANDSBUNDNAR STOFNANIR

Undirefni LAWB 3.1 — Tilgangur og hlutverk

Undirefni LAWB 3.2 — Landsbundin lagasetningarmeðferð

Undirefni LAWB 3.3 — Lögbært yfirvald

Undirefni LAWB 3.4 — Landsbundin samtök á sviði flugmála

EFNI LAWB 4 — ÖRYGGISSTJÓRNUN FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

Undirefni LAWB 4.1 — Reglur um öryggi

Undirefni LAWB 4.2 — Öryggisstjórnunarkerfi

EFNI LAWB 5 — REGLUR OG REGLUGERÐIR

Undirefni LAWB 5.1 — Mælieiningar

Undirefni LAWB 5.2 — Útgáfa skírteina flugumferðarstjóra og vottun flugumferðarstjóra

Undirefni LAWB 5.3 — Yfirlit yfir flugleiðsöguþjónustu og flugumferðarþjónustu

Undirefni LAWB 5.4 — Flugreglur

Undirefni LAWB 5.5 — Loftrými og flugþjónustuleiðir

Undirefni LAWB 5.6 — Flugáætlanir

Undirefni LAWB 5.7 — Flugvellir

Undirefni LAWB 5.8 — Verklag í biðflugi að því er varðar blindflug

Undirefni LAWB 5.9 — Verklag í biðflugi að því er varðar sjónflug

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

EFNI ATMB 1 — REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

Undirefni ATMB 1.1 — Notkun mælieininga

Undirefni ATMB 1.2 — Flugstjórnarþjónusta

Undirefni ATMB 1.3 — Flugupplýsingaþjónusta

Undirefni ATMB 1.4 — Viðbúnaðarþjónusta

Undirefni ATMB 1.5 — Ráðgjafarþjónusta fyrir flugumferð

Undirefni ATMB 1.6 — Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar

Undirefni ATMB 1.7 — Stjórnun loftrýma (ASM)

EFNI ATMB 2 — HÆÐARMÆLINGAR OG ÚTHLUTUN FLUGLAGS

Undirefni ATMB 2.1 — Hæðarmælingar

Undirefni ATMB 2.2 — Skiptilag

Undirefni ATMB 2.3 — Úthlutun fluglags

EFNI ATMB 3 — ÞRÁÐLAUS TALFJARSKIPTI

Undirefni ATMB 3.1 — Almennar verklagsreglur um þráðlaus talfjarskipti

EFNI ATMB 4 — FLUGHEIMILDIR OG LEIÐBEININGAR FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni ATMB 4.1 — Tegund og innihald flugheimilda flugumferðarstjórnar

Undirefni ATMB 4.2 — Leiðbeiningar flugumferðarstjórnar

EFNI ATMB 5 — SAMRÆMING

Undirefni ATMB 5.1 — Meginreglur, tegundir og inntak samræmingar

Undirefni ATMB 5.2 — Þörf á samræmingu

Undirefni ATMB 5.3 — Samræmingaraðferðir

EFNI ATMB 6 — BIRTING GAGNA

Undirefni ATMB 6.1 — Gagnaútdráttur

Undirefni ATMB 6.2 — Gagnastjórnun

EFNI ATMB 7 — AÐSKILNAÐUR

Undirefni ATMB 7.1 — Hæðaraðskilnaður og verklag

Undirefni ATMB 7.2 — Láréttur aðskilnaður og verklag

Undirefni ATMB 7.3 — Sjónrænn aðskilnaður

Undirefni ATMB 7.4 — Aðskilnaður á flugvelli og verklag

Undirefni ATMB 7.5 — Aðskilnaður sem byggist á kögunarkerfum flugumferðarþjónustu

Undirefni ATMB 7.6 — Aðskilnaður vegna flugrastar

EFNI ATMB 8 — ÁREKSTRARVARAKERFI Í FLUGI OG ÖRYGGISNET Á JÖRÐU NIÐRI

Undirefni ATMB 8.1 — Árekstrarvarakerfi í flugi

Undirefni ATMB 8.2 — Öryggisnet á jörðu niðri

EFNI ATMB 9 — VERKLEG GRUNNFÆRNI

Undirefni ATMB 9.1 — Ferli umferðarstjórnunar

Undirefni ATMB 9.2 — Verkleg grunnfærni sem gildir um allar áritanir

Undirefni ATMB 9.3 — Verkleg grunnfærni sem gildir um flugvelli

Undirefni ATMB 9.4 — Verkleg grunnfærni sem gildir um kögun

4. VIÐFANGSEFNI: VEÐURFRÆÐI

EFNI METB 1 — INNGANGUR AÐ VEÐURFRÆÐI

Undirefni METB 1.1 — Notkun mælieininga

Undirefni METB 1.2 — Flug og veðurfræði

Undirefni METB 1.3 — Skipulag veðurþjónustu

EFNI METB 2 — ANDRÚMSLOFT

Undirefni METB 2.1 — Samsetning og skipulag

Undirefni METB 2.2 — Málloft

Undirefni METB 2.3 — Varmi og hitastig

Undirefni METB 2.4 — Vatn í andrúmsloftinu

Undirefni METB 2.5 — Loftþrýstingur

EFNI METB 3 — HRINGRÁS ANDRÚMSLOFTS

Undirefni METB 3.1 — Almenn hringrás lofts

Undirefni METB 3.2 — Loftmassar og skilakerfi

Undirefni METB 3.3 — Miðkvarðakerfi

Undirefni METB 3.4 — Vindur

EFNI METB 4 — VEÐURFYRIRBÆRI

Undirefni METB 4.1 — Ský

Undirefni METB 4.2 — Tegundir úrkomu

Undirefni METB 4.3 — Skyggni

Undirefni METB 4.4 — Veðurfarsleg hætta

EFNI METB 5 — VEÐURUPPLÝSINGAR FYRIR FLUG

Undirefni METB 5.1 — Skilaboð og tilkynningar

5. VIÐFANGSEFNI: LEIÐSAGA

EFNI NAVB 1 — INNGANGUR AÐ LEIÐSÖGU

Undirefni NAVB 1.1 — Notkun mælieininga

Undirefni NAVB 1.2 — Notkun og tilgangur með leiðsögu

EFNI NAVB 2 — JÖRÐIN

Undirefni NAVB 2.1 — Staðsetning og hreyfing jarðarinnar

Undirefni NAVB 2.2 — Hnitakerfi, átt og fjarlægð

Undirefni NAVB 2.3 — Segulfræði

EFNI NAVB 3 — LANDABRÉF OG FLUGKORT

Undirefni NAVB 3.1 — Landabréfagerð og vörpun

Undirefni NAVB 3.2 — Landabréf og kort sem notuð eru í flugi

EFNI NAVB 4 — GRUNNATRIÐI LEIÐSÖGU

Undirefni NAVB 4.1 — Áhrif vinds

Undirefni NAVB 4.2 — Hraði

Undirefni NAVB 4.3 — Sjónræn leiðsaga

Undirefni NAVB 4.4 — Þættir leiðsögu við gerð flugáætlana

EFNI NAVB 5 — BLINDLEIÐSAGA

Undirefni NAVB 5.1 — Kerfi á jörðu niðri

Undirefni NAVB 5.2 — Tregðuleiðsögukerfi

Undirefni NAVB 5.3 — Kerfi um gervihnött

Undirefni NAVB 5.4 — Blindaðflugsverklag

EFNI NAVB 6 — HÆFISBUNDIN LEIÐSAGA

Undirefni NAVB 6.1 — Meginreglur um og ávinningur af svæðisleiðsögu

Undirefni NAVB 6.2 — Inngangur að hæfisbundinni leiðsögu

Undirefni NAVB 6.3 — Búnaður fyrir hæfisbundna leiðsögu

EFNI NAVB 7 — ÞRÓUN LEIÐSÖGU

Undirefni NAVB 7.1 — Framtíðarþróun

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

EFNI ACFTB 1 — INNGANGUR AÐ LOFTFÖRUM

Undirefni ACFTB 1.1 — Notkun mælieininga

Undirefni ACFTB 1.2 — Flug og loftför

EFNI ACFTB 2 — FLUGFRÆÐI

Undirefni ACFTB 2.1 — Kraftar sem virka á loftför

Undirefni ACFTB 2.2 — Íhlutir sem eru hluti af burðarvirki loftfars og stjórntæki þess

Undirefni ACFTB 2.3 — Flugrammi

EFNI ACFTB 3 — GERÐIR LOFTFARA

Undirefni ACFTB 3.1 — Gerðir loftfara

Undirefni ACFTB 3.2 — Flugrastarflokkar

Undirefni ACFTB 3.3 — Aðflugsflokkar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar

Undirefni ACFTB 3.4 — Umhverfisflokkar

EFNI ACFTB 4 — LOFTFARSGÖGN

Undirefni ACFTB 4.1 — Viðurkenning

Undirefni ACFTB 4.2 — Gögn um afkastagetu

EFNI ACFTB 5 — HREYFLAR LOFTFARA

Undirefni ACFTB 5.1 — Strokkhreyflar

Undirefni ACFTB 5.2 — Strókhreyflar

Undirefni ACFTB 5.3 — Skrúfuhverfihreyflar

Undirefni ACFTB 5.4 — Flugvélaeldsneyti

EFNI ACFTB 6 — LOFTFARSKERFI OG -MÆLITÆKI

Undirefni ACFTB 6.1 — Flugmælar

Undirefni ACFTB 6.2 — Leiðsögutæki

Undirefni ACFTB 6.3 — Stjórntæki hreyfla

Undirefni ACFTB 6.4 — Loftfarskerfi

EFNI ACFTB 7 — ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á AFKASTAGETU LOFTFARA

Undirefni ACFTB 7.1 — Þættir sem tengjast flugtaki

Undirefni ACFTB 7.2 — Þætti sem tengjast klifri

Undirefni ACFTB 7.3 — Þættir sem tengjast farflugi

Undirefni ACFTB 7.4 — Þættir sem tengjast lækkun flugs og aðflugi

Undirefni ACFTB 7.5 — Þættir sem tengjast lokaaðflugi og lendingu

Undirefni ACFTB 7.6 — Efnahagslegir þættir

Undirefni ACFTB 7.7 — Umhverfislegir þættir

7. VIÐFANGSEFNI: MANNLEGIR ÞÆTTIR

EFNI HUMB 1 — INNGANGUR AÐ MANNLEGUM ÞÁTTUM

Undirefni HUMB 1.1 — Námsaðferðir

Undirefni HUMB 1.2 — Mikilvægi mannlegra þátta að því er varðar flugumferðarstjórn

Undirefni HUMB 1.3 — Mannlegir þættir og flugumferðarstjórn

EFNI HUMB 2 — MANNLEG GETA

Undirefni HUMB 2.1 — Atferli einstaklinga

Undirefni HUMB 2.2 — Öryggismenning og siðareglur í starfi

Undirefni HUMB 2.3 — Heilbrigði og vellíðan

Undirefni HUMB 2.4 — Hópvinna

Undirefni HUMB 2.5 — Grunnþarfir fólks í vinnu

Undirefni HUMB 2.6 — Streita

TOPIC HUMB 3 — MANNLEG MISTÖK

Undirefni HUMB 3.1 — Hættur sem mistök hafa í för með sér

Undirefni HUMB 3.2 — Skilgreining mannlegra mistaka

Undirefni HUMB 3.3 — Flokkun mannlegra mistaka

Undirefni HUMB 3.4 — Áhættugreining og áhættustjórnun

EFNI HUMB 4 — SAMSKIPTI

Undirefni HUMB 4.1 — Mikilvægi góðra samskipta innan flugumferðarstjórnar

Undirefni HUMB 4.2 — Samskiptaferli

Undirefni HUMB 4.3 — Samskiptaaðferðir

EFNI HUMB 5 — STARFSUMHVERFIÐ

Undirefni HUMB 5.1 — Vinnuvistfræði og nauðsyn góðrar hönnunar

Undirefni HUMB 5.2 — Búnaður og tæki

Undirefni HUMB 5.3 — Sjálfvirkni

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

EFNI EQPSB 1 — BÚNAÐUR FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni EQPSB 1.1 — Helstu gerðir búnaðar flugumferðarstjórnar

EFNI EQPSB 2 — ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI

Undirefni EQPSB 2.1 — Kenning um þráðlaus fjarskipti

Undirefni EQPSB 2.2 — Miðunartæki

EFNI EQPSB 3 — FJARSKIPTABÚNAÐUR

Undirefni EQPSB 3.1 — Þráðlaus fjarskipti

Undirefni EQPSB 3.2 — Talfjarskipti á milli flugumferðarþjónustudeilda eða -staða

Undirefni EQPSB 3.3 — Fjarskipti um gagnatengingu

Undirefni EQPSB 3.4 — Fjarskipti flugrekanda

EFNI EQPSB 4 — INNGANGUR AÐ KÖGUN

Undirefni EQPSB 4.1 — Hugtakið kögun í flugumferðarþjónustu

EFNI EQPSB 5 — RATSJÁ

Undirefni EQPSB 5.1 — Meginreglur um ratsjá

Undirefni EQPSB 5.2 — Frumratsjá

Undirefni EQPSB 5.3 — Svarratsjá

Undirefni EQPSB 5.4 — Notkun ratsjár

Undirefni EQPSB 5.5 — S-starfsháttur

EFNI EQPSB 6 — KÖGUN HÁÐ LEIÐSÖGUBÚNAÐI

Undirefni EQPSB 6.1 — Meginreglur kögunar sem er háð leiðsögubúnaði

Undirefni EQPSB 6.2 — Notkun kögunar sem er háð leiðsögubúnaði

EFNI EQPSB 7 — FJÖLVÍSUN

Undirefni EQPSB 7.1 — Meginreglur fjölvísunar

Undirefni EQPSB 7.2 — Notkun fjölvísunar

EFNI EQPSB 8 — VINNSLA KÖGUNARGAGNA

Undirefni EQPSB 8.1 — Kögunargagnanet

Undirefni EQPSB 8.2 — Starfsreglur um kögunargagnanet

EFNI EQPSB 9 — FRAMTÍÐARBÚNAÐUR

Undirefni EQPSB 9.1 — Ný þróun

EFNI EQPSB 10 — SJÁLFVIRKNI Í FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

Undirefni EQPSB 10.1 — Meginreglur um sjálfvirkni

Undirefni EQPSB 10.2 — Fast stöðvanet flugfjarskipta

Undirefni EQPSB 10.3 — Gagnaskipti á Netinu

Undirefni EQPSB 10.4 — Kerfi sem notuð eru við sjálfvirka miðlun upplýsinga

EFNI EQPSB 11 — VINNUSTÖÐVAR

Undirefni EQPSB 11.1 — Búnaður vinnustöðvar

Undirefni EQPSB 11.2 — Stjórntæki flugvallar

Undirefni EQPSB 11.3 — Aðflugsstjórnun

Undirefni EQPSB 11.4 — Svæðisstjórnun

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

EFNI PENB 1 — KYNNING

Undirefni PENB 1.1 — Flugumferðarþjónusta og flugvallarvirki

EFNI PENB 2 — LOFTRÝMISNOTENDUR

Undirefni PENB 2.1 — Almenningsflug

Undirefni PENB 2.2 — Her

Undirefni PENB 2.3 — Væntingar og kröfur sem gerðar eru til flugmanna

EFNI PENB 3 — TENGSL VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Undirefni PENB 3.1 — Tengsl við viðskiptavini

EFNI PENB 4 — UMHVERFISVERND

Undirefni PENB 4.1 — Umhverfisvernd

3. viðbætir I. viðauka

ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU VEITT FLUGVALLARUMFERÐ Í SJÓNFLUGI (ADV)

(Tilvísun: I. viðauki — i. liður 2. liðar a-liðar ATCO.D.010 í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta)

EFNISYFIRLIT

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

4. VIÐFANGSEFNI: VEÐURFRÆÐI

5. VIÐFANGSEFNI: LEIÐSAGA

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

7. VIÐFANGSEFNI: MANNLEGIR ÞÆTTIR

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

10. VIÐFANGSEFNI: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

11. VIÐFANGSEFNI: FLUGVELLIR

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

EFNI INTR 1 — STJÓRNUN NÁMSKEIÐS

Undirefni INTR 1.1 — Inngangur að námskeiði

Undirefni INTR 1.2 — Stjórnsýsla námskeiðs

Undirefni INTR 1.3 — Námsefni og þjálfunargögn

EFNI INTR 2 — INNGANGUR AÐ ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐI FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni INTR 2.1 — Innihald og skipulag námskeiðs

Undirefni INTR 2.2 — Hugmyndagrundvöllur þjálfunar

Undirefni INTR 2.3 — Matsferli

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

EFNI LAW 1 — VEITINGSKÍRTEINISTILHANDAFLUGUMFERÐARSTJÓRA/VOTTORÐUMHÆFNIFLUGUMFERÐARSTJÓRA

Undirefni LAW 1.1 — Réttindi og skilyrði

EFNI LAW 2 — REGLUR OG REGLUGERÐIR

Undirefni LAW 2.1 — Tilkynningar

Undirefni LAW 2.2 — Loftrými

EFNI LAW 3 — ÖRYGGISSTJÓRNUN FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni LAW 3.1 — Ferli fyrir svörun

Undirefni LAW 3.2 — Öryggisrannsókn

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

EFNI ATM 1 — VEITING ÞJÓNUSTU

Undirefni ATM 1.1 — Flugturnsþjónusta

Undirefni ATM 1.2 — Flugupplýsingaþjónusta

Undirefni ATM 1.3 — Viðbúnaðarþjónusta

Undirefni ATM 1.4 — Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar

EFNI ATM 2 — SAMSKIPTI

Undirefni ATM 2.1 — Skilvirk samskipti

EFNI ATM 3 — FLUGHEIMILDIR OG LEIÐBEININGAR FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni ATM 3.1 — Flugheimildir flugumferðarstjórnar

Undirefni ATM 3.2 — Leiðbeiningar flugumferðarstjórnar

EFNI ATM 4 — SAMRÆMING

Undirefni ATM 4.1 — Þörf á samræmingu

Undirefni ATM 4.2 — Samræmingartæki og -aðferðir

Undirefni ATM 4.3 — Verklagsreglur um samræmingu

EFNI ATM 5 — HÆÐARMÆLINGAR OG ÚTHLUTUN FLUGLAGS

Undirefni ATM 5.1 — Hæðarmælingar

EFNI ATM 6 — AÐSKILNAÐUR

Undirefni ATM 6.1 — Aðskilnaður á milli loftfara í brottflugi

Undirefni ATM 6.2 — Aðskilnaður loftfara í lendingu og fyrir lendingu eða loftfara í brottflugi

Undirefni ATM 6.3 —Tímamiðaður lengdaraðskilnaður vegna flugrastar

Undirefni ATM 6.4 — Minnkaður lágmarksaðskilnaður

EFNI ATM 7 — ÁREKSTRARVARAKERFI Í FLUGI OG ÖRYGGISNET Á JÖRÐU NIÐRI

Undirefni ATM 7.1 — Árekstrarvarakerfi í flugi

Undirefni ATM 7.2 — Öryggisnet á jörðu niðri

EFNI ATM 8 — BIRTING GAGNA

Undirefni ATM 8.1 — Gagnastjórnun

EFNI ATM 9 — STARFRÆKSLUUMHVERFI (LÍKT EFTIR ÞVÍ)

Undirefni ATM 9.1 — Heilleiki starfræksluumhverfis

Undirefni ATM 9.2 — Sannprófun á gildi verklagsreglna

Undirefni ATM 9.3 — Yfirfærsla-yfirtaka (e. Handover-takeover)

EFNI ATM 10 — VEITING FLUGTURNSÞJÓNUSTU

Undirefni ATM 10.1 — Ábyrgð á veitingu þjónustunnar

Undirefni ATM 10.2 — Hlutverk flugturns

Undirefni ATM 10.3 — Ferli umferðarstjórnunar

Undirefni ATM 10.4 — Flugljós á jörðu niðri

Undirefni ATM 10.5 — Upplýsingar frá flugturni til loftfars

Undirefni ATM 10.6 — Stjórnun flugvallarumferðar

Undirefni ATM 10.7 — Stjórnun umferðar í umferðarhring

Undirefni ATM 10.8 — Flugbraut í notkun

4. VIÐFANGSEFNI: VEÐURFRÆÐI

EFNI MET 1 — VEÐURFYRIRBÆRI

Undirefni MET 1.1 — Veðurfyrirbæri

EFNI MET 2 — VEÐURFRÆÐILEGAR GAGNALINDIR

Undirefni MET 2.1 — Tæki til veðurfræðirannsókna

Undirefni MET 2.2 — Aðrar veðurfræðilegar gagnalindir

5. VIÐFANGSEFNI: LEIÐSAGA

EFNI NAV 1 — LANDABRÉF OG FLUGKORT

Undirefni NAV 1.1 — Landabréf og kort

EFNI NAV 2 — BLINDLEIÐSAGA

Undirefni NAV 2.1 — Leiðsögukerfi

Undirefni NAV 2.2 — Stöðugt aðflug

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

EFNI ACFT 1 — FLUGMÆLAR LOFTFARA

Undirefni ACFT 1.1 — Flugmælar loftfara

EFNI ACFT 2 — GERÐIR LOFTFARA

Undirefni ACFT 2.1 — Flugröst

EFNI ACFT 3 — ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á AFKASTAGETU LOFTFARA

Undirefni ACFT 3.1 — Þættir sem tengjast flugtaki

Undirefni ACFT 3.2 — Þættir sem tengjast klifri

Undirefni ACFT 3.3 — Þættir sem tengjast lokaaðflugi og lendingu

Undirefni ACFT 3.4 — Efnahagslegir þættir

Undirefni ACFT 3.5 — Umhverfislegir þættir

EFNI ACFT 4 — LOFTFARSGÖGN

Undirefni ACFT 4.1 — Viðurkenning á tegundum loftfara

Undirefni ACFT 4.2 — Gögn um afkastagetu

7. VIÐFANGSEFNI: MANNLEGIR ÞÆTTIR

EFNI HUM 1 — SÁLFRÆÐILEGIR ÞÆTTIR

Undirefni HUM 1.1 — Vitsmunaþættir

EFNI HUM 2 — LÆKNISFRÆÐILEGIR OG LÍFEÐLISFRÆÐILEGIR ÞÆTTIR

Undirefni HUM 2.1 — Þreyta

Undirefni HUM 2.2 — Atgervi

EFNI HUM 3 — FÉLAGSLEGIR OG SKIPULAGSLEGIR ÞÆTTIR

Undirefni HUM 3.1 — Stjórnun samvinnu (e. team resource management, TRM)

Undirefni HUM 3.2 — Hópvinna og hlutverk hópa

Undirefni HUM 3.3 — Ábyrg hegðun

EFNI HUM 4 — STREITA

Undirefni HUM 4.1 — Streita

Undirefni HUM 4.2 — Streitustjórnun

EFNI HUM 5 — MANNLEG MISTÖK

Undirefni HUM 5.1 — Mannleg mistök

Undirefni HUM 5.2 — Brot á reglum

EFNI HUM 6 — SAMSTARF

Undirefni HUM 6.1 — Samskipti

Undirefni HUM 6.2 — Samstarf innan sama ábyrgðarsviðs

Undirefni HUM 6.3 — Samstarf á milli mismunandi ábyrgðarsviða

Undirefni HUM 6.4 — Samstarf flugumferðarstjóra/flugmanns

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

EFNI EQPS 1 — TALFJARSKIPTI

Undirefni EQPS 1.1 — Þráðlaus fjarskipti

Undirefni EQPS 1.2 — Önnur talfjarskipti

EFNI EQPS 2 — SJÁLFVIRKNI Í FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

Undirefni EQPS 2.1 — Fast stöðvanet flugfjarskipta

Undirefni EQPS 2.2 — Sjálfvirk gagnaskipti

EFNI EQPS 3 — VINNUSTÖÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA

Undirefni EQPS 3.1 — Starfræksla og eftirlit með búnaði

Undirefni EQPS 3.2 — Skjár með upplýsingum um ástand og upplýsingakerfi

Undirefni EQPS 3.3 — Fluggagnakerfi

EFNI EQPS 4 — FRAMTÍÐARBÚNAÐUR

Undirefni EQPS 4.1 — Ný þróun

EFNI EQPS 5 — TAKMARKANIR OG SKEMMDIR Á BÚNAÐI OG KERFUM

Undirefni EQPS 5.1 — Viðbrögð við takmörkunum

Undirefni EQPS 5.2 — Skemmdir á fjarskiptabúnaði

Undirefni EQPS 5.3 — Skemmdir á leiðsögutæki

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

EFNI PEN 1 — KYNNING

Undirefni PEN 1.1 — Námsferð á flugvöll

EFNI PEN 2 — LOFTRÝMISNOTENDUR

Undirefni PEN 2.1 — Þeir sem stuðla að aðgerðum flugumferðarþjónustu í almenningsflugi

Undirefni PEN 2.2 — Þeir sem stuðla að aðgerðum flugumferðarþjónustu í herflugi

EFNI PEN 3 — Tengsl við viðskiptavini

Undirefni PEN 3.1 — Veiting þjónustu og kröfur notenda

EFNI PEN 4 — UMHVERFISVERND

Undirefni PEN 4.1 — Umhverfisvernd

10. VIÐFANGSEFNI: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

EFNI ABES 1 — ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

Undirefni ABES 1.1 — Yfirlit yfir óeðlilegar aðstæður og neyðarástand

EFNI ABES 2 — AUKIN FÆRNI

Undirefni ABES 2.1 — Skilvirkni í samskiptum

Undirefni ABES 2.2 — Komið í veg fyrir andlegt yfirálag

Undirefni ABES 2.3 — Samstarf milli lofts/jarðar

EFNI ABES 3 — VERKLAGSREGLUR UM ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

Undirefni ABES 3.1 — Beiting verklagsreglna um óeðlilegar aðstæður og neyðarástand

Undirefni ABES 3.2 — Bilun í þráðlausum fjarskiptum

Undirefni ABES 3.3 — Ólöglegt athæfi og sprengjuhótun gegn loftfari

Undirefni ABES 3.4 — Loftfar sem hefur vikið verulega af flugleið eða óþekkt loftfar

Undirefni ABES 3.5 — Brautarátroðningur

11. VIÐFANGSEFNI: FLUGVELLIR

EFNI AGA 1 — FLUGVALLARGÖGN, SKIPULAG OG SAMRÆMING FLUGVALLAR

Undirefni AGA 1.1 — Skilgreiningar

Undirefni AGA 1.2 — Samræming

EFNI AGA 2 — ATHAFNASVÆÐI

Undirefni AGA 2.1 — Athafnasvæði

Undirefni AGA 2.2 — Umferðarsvæði

Undirefni AGA 2.3 — Flugbrautir

EFNI AGA 3 — HINDRANIR

Undirefni AGA 3.1 — Loftrými án hindrana umhverfis flugvelli

EFNI AGA 4 — ÝMIS KONAR BÚNAÐUR

Undirefni AGA 4.1 — Staðsetning

4. viðbætir I. viðauka

ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU Í FLUGTURNI VEITT FLUGVALLARUMFERÐ Í BLINDFLUGI — ADI (TWR)

(Tilvísun: I. viðauki — ii. liður 2. liðar a-liðar ATCO.D.010 í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta)

EFNISYFIRLIT

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

4. VIÐFANGSEFNI: VEÐURFRÆÐI

5. VIÐFANGSEFNI: LEIÐSAGA

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

7. VIÐFANGSEFNI: MANNLEGIR ÞÆTTIR

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

10. VIÐFANGSEFNI: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

11. VIÐFANGSEFNI: FLUGVELLIR

1. VIÐFANGSEFNI: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI

EFNI INTR 1 — STJÓRNUN NÁMSKEIÐS

Undirefni INTR 1.1 — Inngangur að námskeiði

Undirefni INTR 1.2 — Stjórnsýsla námskeiðs

Undirefni INTR 1.3 — Námsefni og þjálfunargögn

EFNI INTR 2 — INNGANGUR AÐ ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐI FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni INTR 2.1 — Innihald og skipulag námskeiðs

Undirefni INTR 2.2 — Hugmyndagrundvöllur þjálfunar

Undirefni INTR 2.3 — Matsferli

2. VIÐFANGSEFNI: LÖG UM LOFTFERÐIR

EFNI LAW 1 — VEITING SKÍRTEINIS TIL HANDA FLUGUMFERÐARSTJÓRA/VOTTORÐ UM HÆFNI FLUGUMFERÐAR-STJÓRA

Undirefni LAW 1.1 — Réttindi og skilyrði

EFNI LAW 2 — REGLUR OG REGLUGERÐIR

Undirefni LAW 2.1 — Tilkynningar

Undirefni LAW 2.2 — Loftrými

EFNI LAW 3 — ÖRYGGISSTJÓRNUN FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni LAW 3.1 — Ferli fyrir svörun

Undirefni LAW 3.2 — Öryggisrannsókn

3. VIÐFANGSEFNI: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

EFNI ATM 1 — VEITING ÞJÓNUSTU

Undirefni ATM 1.1 — Flugturnsþjónusta

Undirefni ATM 1.2 — Flugupplýsingaþjónusta

Undirefni ATM 1.3 — Viðbúnaðarþjónusta

Undirefni ATM 1.4 — Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar

EFNI ATM 2 — SAMSKIPTI

Undirefni ATM 2.1 — Skilvirk samskipti

EFNI ATM 3 — FLUGHEIMILDIR OG LEIÐBEININGAR FLUGUMFERÐARSTJÓRNAR

Undirefni ATM 3.1 — Flugheimildir flugumferðarstjórnar

Undirefni ATM 3.2 — Leiðbeiningar flugumferðarstjórnar

EFNI ATM 4 — SAMRÆMING

Undirefni ATM 4.1 — Þörf á samræmingu

Undirefni ATM 4.2 — Samræmingartæki og -aðferðir

Undirefni ATM 4.3 — Verklagsreglur um samræmingu

EFNI ATM 5 — HÆÐARMÆLINGAR OG ÚTHLUTUN FLUGLAGS

Undirefni ATM 5.1 — Hæðarmælingar

Undirefni ATM 5.2 — Hindranabil

EFNI ATM 6 — AÐSKILNAÐUR

Undirefni ATM 6.1 — Aðskilnaður á milli loftfara í brottflugi

Undirefni ATM 6.2 — Aðskilnaður loftfara í brottflugi frá loftförum í aðflugi

Undirefni ATM 6.3 — Aðskilnaður loftfara í lendingu og fyrir lendingu eða loftfara í brottflugi

Undirefni ATM 6.4 — Tímamiðaður lengdaraðskilnaður vegna flugrastar

Undirefni ATM 6.5 — Minnkaður lágmarksaðskilnaður

EFNI ATM 7 — ÁREKSTRARVARAKERFI Í FLUGI OG ÖRYGGISNET Á JÖRÐU NIÐRI

Undirefni ATM 7.1 — Árekstrarvarakerfi í flugi

Undirefni ATM 7.2 — Öryggisnet á jörðu niðri

EFNI ATM 8 — BIRTING GAGNA

Undirefni ATM 8.1 — Gagnastjórnun

EFNI ATM 9 — STARFRÆKSLUUMHVERFI (LÍKT EFTIR ÞVÍ)

Undirefni ATM 9.1 — Heilleiki starfræksluumhverfis

Undirefni ATM 9.2 — Sannprófun á gildi verklagsreglna

Undirefni ATM 9.3 — Yfirfærsla-yfirtaka

EFNI ATM 10 — VEITING FLUGTURNSÞJÓNUSTU

Undirefni ATM 10.1 — Ábyrgð á veitingu þjónustunnar

Undirefni ATM 10.2 — Hlutverk flugturns

Undirefni ATM 10.3 — Ferli umferðarstjórnunar

Undirefni ATM 10.4 — Flugljós á jörðu niðri

Undirefni ATM 10.5 — Upplýsingar frá flugturni til loftfars

Undirefni ATM 10.6 — Stjórnun flugvallarumferðar

Undirefni ATM 10.7 — Stjórnun umferðar í umferðarhring

Undirefni ATM 10.8 — Flugbraut í notkun

a) Lögbæra yfirvaldið skal ráða yfir kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð. Það skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfið verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspegla tímanlega allar breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð.

ATCO.AR.B.015 Skráahald

a) Lögbær yfirvöld skulu halda skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, flugstarfaskírteini og vottorð sem þau gefa út.

b) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, starfsréttindi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í ATCO.AR.B.005, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum,

5) upplýsingar um námskeið á vegum þjálfunarfyrirtækis,

6) ferli fyrir útgáfu skírteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða og fyrir samfellt eftirlit með handhöfum þessara skírteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða,

7) samfellt eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum, sem stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins, en hafa fengið vottun lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki, eftir samkomulagi milli þessara yfirvalda,

8) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetningar fyrir lok aðgerða,

9) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

10) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,

11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og

12) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við.

c) Geyma skal skrár í a.m.k. 5 ár og að því er varðar flugstarfaskírteini í a.m.k. 10 ár eftir að síðasta viðbótaráritun skírteinisins fellur úr gildi samkvæmt viðeigandi lögum um gagnavernd.

C-KAFLI

EFTIRLIT OG FRAMFYLGD

ATCO.AR.C.001 Eftirlit

a) Lögbært yfirvald skal sannprófa:

1) samræmi við kröfur, sem gilda um fyrirtæki eða einstaklinga, fyrir útgáfu vottorðs fyrirtækis eða flugstarfaskírteinis, vottorðs, áritunar eða viðbótaráritunar, eftir því sem við á,

2) að viðeigandi kröfur og skilyrði, sem fylgja vottorði þjálfunarfyrirtækisins, séu áfram uppfyllt ásamt viðeigandi kröfum þjálfunarnámskeiða, -áætlana og -kerfa, sem það hefur samþykkt, og kröfur sem eiga við um starfsfólk,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í ATCO.AR.A.025.

b) Þessi sannprófun skal:

1) studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi einstaklingum og fyrirtækjum niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t., eins og við á, fyrirvaralausum skoðunum og

4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem fyrirséðar eru í ATCO.AR.C.010 og ATCO.AR.E.015.

c) Umfang eftirlitsins skal ákvarðast af umfangi og árangri fyrri eftirlitsstarfsemi og öryggisforgangsverkefna.

d) Án þess að hafa áhrif á valdsvið aðildarríkjanna skal árangur og umfang eftirlits með starfsemi, sem fram fer á yfirráðasvæði aðildarríkis á vegum einstaklinga eða fyrirtækja, sem hafa staðfestu eða búsetu í öðru aðildarríki, ákvarðast af öryggisforgangsverkefnum, auk fyrri eftirlitsstarfsemi.

e) Ef starfsemi einstaklings eða fyrirtækis fer fram í fleiri en einu aðildarríki, má lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti samkvæmt a- til c-lið, komast að samkomulagi við hitt lögbæra yfirvaldið eða hin lögbæru yfirvöldin um annað eftirlitsfyrirkomulag. Allir einstaklingar eða fyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýstir um tilvist þess og umfang.

ATCO.AR.C.005 Eftirlitsáætlun

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í ATCO.AR.C.001.

b) Að því er varðar fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal eftirlitsáætlunin mótuð með tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, hve flókin starfsemi þess er og fyrri vottana og/eða eftirlitsstarfsemi. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:

1) úttektir og skoðanir, ef þörf er á, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á, og

2) fundi sem boðaðir eru á milli stjórnenda þjálfunarfyrirtækisins og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.

c) Að því er varðar fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal nota eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.

Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

Eftirlitslotuna má framlengja að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á síðastliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum og

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á, samkvæmt ATCO.OR.B.015, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum og

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út og

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í ATCO.AR.E.015, hefur samþykkt eða framlengt.

Eftirlitslotu má framlengja aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við framangreind atriði, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.

d) Eftirlitsáætlunin fyrir þjálfunarfyrirtæki skal fela í sér að fylgst er með gæðum þjálfunar, þ.m.t. úrtakskönnun á þjálfun, ef við á.

e) Fyrir handhafa skírteinis, áritunar eða viðbótaráritunar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út, felur eftirlitsáætlunin í sér skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, ef við á.

ATCO.AR.C.010 Frávik og framfylgdarráðstafanir fyrir starfsfólk

a) Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við ATCO.AR.C.001, finnur vísbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð, fari ekki að viðeigandi kröfum, skal lögbæra yfirvaldið vekja máls á viðkomandi fráviki, skrá það og gera handhafa skírteinisins kunnugt um það með skriflegum hætti ásamt því að tilkynna þjálfunarfyrirtækinu, sem viðkomandi starfar hjá, um frávikið, ef við á.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, er lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á útgáfu skírteinisins:

1) má það ógilda tímabundið eða afturkalla skírteinið, áritunina eða viðbótaráritunina, eftir því sem við á, ef það hefur greint öryggisvanda og

2) skal það grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.

c) Ef lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, er ekki lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á útgáfu skírteinisins, skal það upplýsa lögbæra yfirvaldið sem gaf út skírteinið. Í slíku tilviki skal lögbæra yfirvaldið, sem gaf út skírteinið, grípa til aðgerða í samræmi við b-lið og upplýsa lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, um það.

D-KAFLI

ÚTGÁFA, FRAMLENGING, ENDURNÝJUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG AFTURKÖLLUN SKÍRTEINA, ÁRITANA OG VIÐBÓTARÁRITANA

ATCO.AR.D.001 Verklag fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun skírteina, áritana, viðbótaráritana og heimilda

a) Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur um umsókn, útgáfu og skipti á skírteinum, útgáfu áritana og viðbótaráritana og framlengingu og endurnýjun viðbótaráritana. Þessar verklagsreglur geta tekið til:

1) útgáfu bráðabirgðastarfsleyfis starfsþjálfara á vinnustað og bráðabirgðastarfsleyfis matsmanns og

2) ef við á, starfsleyfis matsmanns til að framlengja og endurnýja deildarviðbótaráritanir, en í slíkum tilvikum skulu matsmenn leggja fyrir lögbæra yfirvaldið allar skrár, skýrslur og aðrar upplýsingar, eins og skilgreint er í slíkum verklagsreglum.

b) Við móttöku umsóknar og, ef við á, allra fylgiskjala, skal lögbært yfirvald sannprófa að umsóknin sé fullnægjandi og hvort umsækjandinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.

c) Ef umsækjandinn uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbært yfirvald gefa út, framlengja eða endurnýja, eftir því sem við á, viðkomandi skírteini, áritun/áritanir og viðbótaráritun/viðbótaráritanir og nota til þess eyðublöð fyrir skírteini samkvæmt 1. viðbæti II. viðauka. Gefa skal út bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað, sem um getur í ATCO.C.025 og bráðabirgðastarfsleyfi matsmanns, sem um getur í ATCO.C.065, sem sérstök skjöl þar sem tilgreina skal réttindi handhafa ásamt gildistíma starfsleyfisins.

d) Í þeim tilgangi að draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði má lögbært yfirvald setja verklagsreglur um að setja megi sama gildistímann fyrir margar viðbótaráritanir. Í öllu falli skal ekki framlengja gildistíma viðkomandi viðbótaráritana.

e) Lögbært yfirvald skal skipta út skírteini flugumferðarstjóra, ef nauðsyn krefur, af stjórnsýslulegum ástæðum og ef reiturinn í lið (XIIa) hefur verið fylltur út og ekki er meira pláss fyrir hendi. Flytja skal dagsetningu fyrstu útgáfu áritana og viðbótaráritana yfir á nýja skírteinið.

ATCO.AR.D.005 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana

a) Að því er varðar ATCO.A.020 skal lögbært yfirvald ákvarða stjórnsýslumeðferð vegna tímabundinnar ógildingar og afturköllunar skírteina, áritana og viðbótaráritana.

b) Lögbært yfirvald má ógilda skírteinið tímabundið ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til starfa, sem ekki hefur verið ráðin bót á, samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í e-lið ATCO.A.015.

c) Lögbæra yfirvaldið skal ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun í samræmi við ATCO.AR.C.010, einkum við eftirfarandi aðstæður:

1) ef réttinda skírteinisins er neytt þegar handhafi skírteinisins uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur í þessari reglugerð,

2) ef skírteini, áritun, viðbótaráritun eða vottorð flugumferðarstjóranema eða flugumferðarstjóra er fengið með því að leggja fram fölsuð gögn,

3) ef skrár yfir skírteini eða vottorð eru falsaðar,

4) ef réttinda skírteinis, áritunar/áritana eða viðbótaráritunar/viðbótaráritana er neytt undir áhrifum geðvirkra efna.

d) Ef um er að ræða tímabundna ógildingu eða afturköllun skírteina, áritana og viðbótaráritana skal lögbært yfirvald tilkynna handhafi skírteinisins skriflega um þessa ákvörðun og um rétt viðkomandi til áfrýjunar í samræmi við verklagsreglurnar í 14. lið a-liðar ATCO.AR.A.010. Einnig skal tilkynna viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um tímabundna ógildingu eða afturköllun viðbótaráritunar matsmanns.

e) Lögbæra yfirvaldið skal einnig ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun við skriflega beiðni handhafa skírteinisins.

E-KAFLI

VERKLAGSREGLUR UM VOTTUN FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐA

ATCO.AR.E.001 Verklagsreglur um umsóknar- og vottunarferli þjálfunarfyrirtækja

a) Við móttöku umsóknar um útgáfu vottorðs þjálfunarfyrirtækis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka.

b) Ef þjálfunarfyrirtækið, sem er umsóknaraðili, uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð með því að nota eyðublaðið í 2. viðbæti II. viðauka.

c) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við ATCO.OR.B.015 og c-lið ATCO.AR.E.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagið, sem þjálfunarfyrirtækið leggur fram, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar.

ATCO.AR.E.005 Samþykki þjálfunarnámskeiða og þjálfunaráætlana

a) Lögbært yfirvald skal samþykkja þjálfunarnámskeið og þjálfunaráætlanir sem gerðar eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ATCO.OR.D.001.

b) Í kjölfar þess að skipt er um leyfi samkvæmt ATCO.A.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja eða synja námskeiði um deildarviðbótaráritun í samræmi við b- og c-lið ATCO.B.020 eigi síðar en sex vikum eftir að umsókn um samþykki námskeiðsins er lögð fram og tryggja að meginreglan um bann við mismunun og meðalhófsreglan séu hafðar að leiðarljósi.

ATCO.AR.E.010 Breytingar á þjálfunarfyrirtækjum

a) Við móttöku umsóknar um breytingu, sem krefst fyrirframsamþykkis í samræmi við ATCO.OR.B.015, skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í III. viðauka, áður en samþykki er gefið út.

Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja við hvaða skilyrði fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að ekki sé unnt að innleiða breytingarnar.

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

b) Án þess að það hafi áhrif á aðrar framfylgdarráðstafanir í samræmi við ATCO.AR.E.015 skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins eins og skilgreint er í a-lið.

c) Að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagsreglur sem þjálfunarfyrirtækið semur, í samræmi við ATCO.OR.B.015, þar sem umfang slíkra breytinga er ákvarðað ásamt stjórnunar- og tilkynningakerfi fyrirtækisins. Í samfelldu eftirlitsferli skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar í tilkynningunni til að sannprófa hvort aðgerðir, sem gripið er til, samrýmist samþykkta verklaginu og viðeigandi kröfum.

ATCO.AR.E.015 Frávik og aðgerðir til úrbóta

a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.

b) Lögbært yfirvald gefur út fyrsta stigs frávik þegar veruleg frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, frá verklagsreglum og handbókum þjálfunarfyrirtækisins, frá tegund eða tegundum þjálfunar og/eða þjónustu eða frá ákvæðum vottorðs eða vottorð, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu og/eða leiðir til þess að þjálfunin, sem veitt er, skerðist umtalsvert.

Fyrsta stigs frávik skal fela í sér en ekki takmarkast við eftirfarandi:

1) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að aðstöðu þjálfunarfyrirtækisins, eins og skilgreint er í ATCO.OR.B.025, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

2) vottorð þjálfunarfyrirtækisins er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun vottorðs þjálfunarfyrirtækis og

4) þegar það er enginn ábyrgðarmaður.

c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, frá verklagsreglum og handbókum þjálfunarfyrirtækisins, frá tegund eða tegundum þjálfunar og/eða þjónustu eða frá ákvæðum vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu og/eða leitt til skerðingar á þjálfuninni.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers konar viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, senda þjálfunarfyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til þjálfunarfyrirtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita þjálfunarfyrirtækinu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta, sem eru tilgreindar í aðgerðaáætlun sem er viðeigandi fyrir eðli fráviksins og

ii. meta aðgerðina til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem þjálfunarfyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á annmörkunum.

3) Ef þjálfunarfyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur vakið máls á, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.

F-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGHEILBRIGÐISVOTTORÐ

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

ATCO.AR.F.001 Fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð

Lögbært yfirvald skal beita eftirfarandi ákvæðum VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (áhafnarreglugerðin) ([7]), með fyrirvara um A-, B- og C-kafla, að því er varðar fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð, að undanskildum öllum tilvísunum í starfandi heimilislækna:

— ARA.GEN-kafli

— ARA.AeMC-kafli

— ARA.MED.120 Læknisfræðilegir sérfræðingar

— ARA.MED.125 Vísun til leyfisyfirvalds

— ARA.MED.150 Skráahald

— ARA.MED.200 Verklagsreglur vegna útgáfu, framlengingar, endurnýjunar eða breytingar á vottorði fluglæknis

— ARA.MED.245 Samfellt eftirlit

— ARA.MED.250 Takmörkun, tímabundin ógilding eða afturköllun á vottorði fluglæknis

— ARA.MED.255 Framfylgdarráðstafanir,

— ARA.MED.315 Endurskoðun skoðunarskýrslna og

— ARA.MED.325 Verklagsreglur við endurskoðun.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

2. ÞÁTTUR

Skjöl

ATCO.AR.F.005 Heilbrigðisvottorð

Heilbrigðisvottorðið skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Efni:

1) ríki þar sem skírteini flugumferðarstjóra var gefið út eða um það sótt (I),

2) flokkur heilbrigðisvottorðs (II),

3) númer vottorðs hefst á landskóða SÞ fyrir það ríki þar sem skírteini flugumferðarstjóra var gefið út eða um það sótt og þar á eftir kemur kóði með tölum og/eða bókstöfum með arabískum tölustöfum og latnesku letri (III),

4) nafn handhafa (IV),

5) ríkisfang handhafa (VI),

6) fæðingardagur og -ár handhafa (XIV),

7) undirskrift handhafa (VII),

8) takmörkun eða takmarkanir (XIII),

9) dagsetning þegar 3. flokks heilbrigðisvottorð fellur úr gildi (IX):

10) dagsetning skoðunar,

11) dagsetning síðasta hjartalínurits,

12) dagsetning síðustu heyrnarmælingar,

13) útgáfudagur og undirritun fluglæknis eða læknisfræðilegs sérfræðings sem gaf út heilbrigðisvottorðið (X),

14) innsigli eða stimpill (XI).

b) Efni: Pappírinn eða annað efni sem notað er skal koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Lögbæra yfirvaldið skal heimila með skýrum hætti allt það sem skráð er á eyðublaðið eða það sem er strikað út.

c) Tungumál: Heilbrigðisvottorð skulu rituð á þjóðtungunni og á ensku og því tungumáli sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi.

d) Allar dagsetningar á heilbrigðisvottorðinu skulu skrifaðar með sniðinu dd/mm/áááá.

ATCO.AR.F.010 Vottorð fluglæknis

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að fluglæknirinn uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út, framlengja, endurnýja eða breyta fluglæknisvottorðinu og skal nota til þess eyðublaðið sem fastsett er í 3. viðbæti II. viðauka.

ATCO.AR.F.015 Vottorð fluglæknaseturs

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að fluglæknasetur uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út eða breyta vottorði fluglæknaseturs og skal nota til þess eyðublaðið sem fastsett er í 4. viðbæti II. viðauka.

ATCO.AR.F.020 Eyðublöð á sviði fluglæknisfræði

Lögbæra yfirvaldið skal útvega fluglæknum og fluglæknasetrum eyðublöðin sem nota skal vegna:

a) umsóknar um heilbrigðisvottorð og

b) skoðunarskýrslu fyrir 3. flokks umsækjendur.

1. viðbætir II. viðauka

Eyðublað fyrir skírteini

SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA

Skírteini flugumferðarstjóra, sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Innihald. Atriðisnúmer skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. Atriði I–XI eru „föst atriði“ og atriði XII–XIV eru „breytileg“ atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins, eins og mælt er fyrir um hér á eftir. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjanlegir sem hluti af skírteininu.

1. Föst atriði:

I. Útgáfuríki skírteinis.

II. Titill skírteinis.

III. Raðnúmer skírteinisins með landakóða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“ og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.

IV. Fullt nafn skírteinishafa (með latnesku letri, jafnvel þótt letur þjóðtungunnar sé annað).

IVa. Fæðingardagur og -ár.

V. Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald krefst þess.

VI. Ríkisfang skírteinishafa.

VII. Undirskrift skírteinishafa.

VIII. Lögbært yfirvald.

IX. Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru, þ.m.t. hvenær það var fyrst gefið út.

X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og dagsetning slíkrar útgáfu.

XI. Innsigli eða stimpill lögbæra yfirvaldsins.

2. Breytileg atriði:

XII. Áritanir og viðbótaráritanir, ásamt síðasta gildisdegi.

XIII. Athugasemdir: viðbótaráritanir um tungumálafærni.

XIV. Aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um.

b) Skírteininu skal fylgja gilt heilbrigðisvottorð, nema þegar einungis réttinda kennara fyrir flugþjálfa er neytt.

c) Efni. Nota skal hágæðapappír og/eða annað heppilegt efni, þ.m.t. plastkort, til að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Allt sem fært er inn á eyðublaðið eða strikað út af því skal lögbæra yfirvaldið heimila með skýrum hætti.

d) Tungumál. Skírteini skulu rituð á ensku og, ef aðildarríkið gerir kröfu um það, á þjóðtungu eða þjóðtungum og öðrum tungumálum eins og viðeigandi telst.

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður)	Kröfur ([1]) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB
EVRÓPUSAMBANDIÐ (Aðeins enska)	
SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA(-NEMA)	Stærð hverrar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4
[Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður] Gefið út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar [Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður]	
EASA-eyðublað nr. 152, — 1. útgáfa.	

([1]) Kröfur:
Blaðsíðurnar, sem vísa til leiðbeininga um hvernig eigi að fylla út skírteini flugumferðarstjóra(-nema), eru ætlaðar til notkunar fyrir lögbæra yfirvaldið eða matsmanninn sem hefur sérstakt leyfi til að framlengja eða endurnýja deildarviðbótaráritanir. Lögbæra yfirvaldið skal alltaf færa inn fyrstu útgáfu áritana, viðbótaráritana, tungumálaviðbótaráritana, kennaraviðbótaráritana og viðbótaráritana matsmanns. Lögbæra yfirvaldið eða viðurkenndir matsmenn skulu færa inn framlengingu eða endurnýjun deildarviðbótaráritana.

I	**Útgáfuríki:**	Kröfur:
II	**Titill skírteinis:**	
III	**Raðnúmer skírteinis:**	Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“.
IV	**Fullt nafn skírteinishafa:**	
IVa	**Fæðingardagur og -ár:**	Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 31.01.2010)
XIV	**Fæðingarstaður:**	
V	**Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald óskar þess:** **gata, bær, svæði, póstnúmer**	
VI	**Ríkisfang skírteinishafa:**	Gefið upp með landskóða SÞ fyrir ríkið
VII	**Undirskrift handhafa:**	
VIII	**Lögbært yfirvald:**	
X	**Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur**	
XI	**Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalda**	

<table>
<tr>
<td>IX</td>
<td>
Gildistími réttinda:

Skirteinishafi hefur rétt til að neyta réttinda eftirfarandi áritunar eða áritana og viðbótaráritunar eða viðbótaráritana, þegar búið er að fullgilda þau:

<table>
<tr><th>Áritanir</th><th>Fyrsti útgáfudagur:</th></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
</table>

<table>
<tr><th>Viðbótaráritun eða viðbótaráritanir</th><th>Fyrsti útgáfudagur:</th></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td></td></tr>
</table>
</td>
<td>
Kröfur:

Enska og annað tungumál eða önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

Fyrsti útgáfudagur áritunar og/eða viðbótaráritunar skal vera sú dagsetning þegar þeirri þjálfun sem á við þá áritun og/eða viðbótaráritun er lokið með fullnægjandi árangri.
</td>
</tr>
</table>

XIIa Áritanir og viðbótaráritanir, ásamt síðasta gildisdegi

Skírteinishafi hefur aðeins rétt til að neyta réttinda eftirfarandi áritunar/áritana og viðbótaráritunar/viðbótaráritana á flugumferðarþjónustudeild eða flugumferðarþjónustudeildum, sem hafa gildar deildarviðbótaráritanir, sem talið er upp hér á eftir, ef skírteinishafinn hefur gilt heilbrigðisvottorð:

Deild (auðkenni Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar) (*)	Svæði / Staða (*)	Áritun / Viðbótaráritun	Lokadag-setning (*)	Undirskrift/stimpill yfirvalds eða númer skírteinis og undirskrift matsmanns

(*) Á ekki við um skírteini flugumferðarstjóranema.

XIIb	**Aðrar viðbótaráritanir:** *Skírteinishafi hefur rétt til að neyta réttinda eftirfarandi viðbótaráritunar eða viðbótaráritana:* *Viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað/ kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa/ viðbótaráritun matsmanns* | *Lokadagsetning* | | | | | |	Kröfur: á ekki við

XIII	**Athugasemdir:** viðbótaráritun eða viðbótaráritanir um tungumálafærni: [tungumál/stig/gildisdagur]	Viðbótaráritun eða viðbótaráritanir um tungumálafærni, stig og lokadagsetning skulu einnig tilgreind. Allar viðbótarupplýsingar vegna skírteinis á að færa inn hér.

Skammstafanir

Áritanir flugumferðarstjóra		Kröfur: á ekki við
ADV	Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð í sjónflugi (e. *aerodrome control visual*)	
ADI	Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð í blindflugi (e. *aerodrome control instrument*)	
APP	Huglæg aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (e. *approach control procedural*)	
APS	Aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (e. *approach control surveillance*)	
ACP	Huglæg svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (e. *area control procedural*)	
ACS	Svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (e. *area control surveillance*)	
Viðbótaráritanir		
AIR	Stjórnun loftfara á flugi	
GMC	Stjórnun umferðar á jörðu niðri	
TWR	Flugturnsþjónusta	
GMS	Stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði	
RAD	Ratsjárstjórnun flugvallar	
PAR	Nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá	
SRA	Aðflugsstjórnun með kögunarratsjá	
TCL	Aðflugsstjórnun	
OCN	Úthafsstjórnun	
Skírteinisáritanir		
OJTI	Starfsþjálfari á vinnustað	
STDI	Kennari á flugþjálfa	
Matsmaður	Matsmaður	

2. viðbætir II. viðauka

VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA (ATCO TO)

Evrópusambandið ([1])

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

(NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS)

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

(HEIMILISFANG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

er þjálfunarfyrirtæki sem hefur vottun í samræmi við ATCO.OR-hluta og hefur réttindi til að halda þjálfunarnámskeið í samræmi við ATCO-hluta, eins og skráð er í meðfylgjandi samþykki þjálfunar.

Skilmálar samþykkis og réttindi:

Réttindi og umfang þessa vottorðs takmarkast við það að veita þjálfun, eins og tilgreint er í meðfylgjandi samþykki þjálfunar.

Þetta vottorð er í gildi á meðan vottaða fyrirtækið uppfyllir ákvæði ATCO.OR-hluta, ATCO-hluta og annarra viðeigandi reglugerða.

Með fyrirvara um að framangreindir skilmálar samþykkis og réttinda séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[lögbært yfirvald]

([1]) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

SAMÞYKKI ÞJÁLFUNAR

Viðhengi við vottorð fyrirtækis, sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra, með númerið:

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

hefur öðlast réttindi til að veita og stýra eftirfarandi þjálfun í samræmi við ATCO-hluta:

TEGUNDIR ÞJÁLFUNAR			
Tegund þjálfunar	**Námskeið**	**Viðbótaráritanir ([2])**	**Athugasemdir ([3])**
☐ Grunnþjálfun flugumferðarstjóra	☐ Undirstöðuþjálfun	á ekki við	
	☐ Réttindaþjálfun ([4]) …… ……		
☐ Deildarþjálfun flugumferðarstjóra	…… ([5]) ……		
☐ Síþjálfun flugumferðarstjóra	☐ Upprifjunarþjálfun flugumferðarstjóra	á ekki við	
	☐ Umskiptaþjálfun flugumferðarstjóra ([6])	á ekki við	
☐ Þjálfun kennara í verklegum greinum	á ekki við	á ekki við	
		á ekki við	
☐ Þjálfun matsmanns	á ekki við	á ekki við	
		á ekki við	

Þetta samþykki þjálfunarnámskeiðs er í gildi svo fremi að:

a) vottorð fyrirtækis, sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra, hafi ekki verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað og

b) öll starfræksla sé í samræmi við ATCO.OR-hluta, ATCO-hluta, aðrar viðeigandi reglugerðir og, þegar við á, við verklagsreglur í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ATCO.OR-hluta.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA)

———

([2]) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina viðbótaráritanir samkvæmt ATCO.B.015, sem þjálfun er veitt fyrir, ef við á.
([3]) Ef nauðsyn krefur.
([4]) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina áritanir samkvæmt ATCO.B.015, sem þjálfun er veitt fyrir.
([5]) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina deildarviðbótaráritanir, sem þjálfun er veitt fyrir.
([6]) Ekki almenn þjálfun, þjálfun sem er veitt í sérstökum tilvikum í kjölfar sérstaks samþykkis lögbæra yfirvaldsins.

3. viðbætir II. viðauka

VOTTORÐ FLUGLÆKNA ([1])

Evrópusambandið ([2])

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FLUGLÆKNIS

[NÚMER/TILVÍSUN] VOTTORÐS:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

[NAFN FLUGLÆKNIS]

[HEIMILISFANG FLUGLÆKNIS]

er fluglæknir

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við réttindin sem tilgreind eru í viðhenginu við þetta vottorð fluglæknis.
2. Í þessu vottorði er þess krafist að framkvæmdarreglum og verklagsreglum, sem tilgreindar eru í MED-hluta og/eða ATCO.MED-hluta, eins og við á, sé fylgt.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu í þrjú ár, til [xx/yy/zzzz ([3])], með fyrirvara um að kröfurnar í MED-hluta og/eða ATCO.MED-hluta, eins og við á, séu uppfylltar nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

…… ……

Útgáfudagur: Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

([1]) EASA-eyðublað nr. 148, — 1. útgáfa.
([2]) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB.
([3]) Lokadagsetning: dagur/mánuður/ár.

VOTTORÐ FLUGLÆKNA

Viðhengi við fluglæknavottorð með númerið:

RÉTTINDI OG UMFANG

[Nafn og námstitill fluglæknis] hefur hlotið réttindi til að annast heilbrigðisskoðun og -mat vegna útgáfu heilbrigðisvottorða eins og fram kemur í töflunni hér á eftir og til að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir:

flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL),	[já/dagsetning]
2. flokkur	[já/dagsetning]
framlenging/endurnýjun 1. flokks	[já/dagsetning]/[nei]
framlenging/endurnýjun 3. flokks	[já/dagsetning]/[nei]

…….. ……

Útgáfudagur: Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

4. viðbætir II. viðauka

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA ([1])

Evrópusambandið ([2])

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ FLUGLÆKNASETURS

TILVÍSUN:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI FYRIRTÆKISINS]

[HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS]

er fluglæknasetur með vottorð, í samræmi við ORA-hluta, með réttindi og umfang starfsemi sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við „gildissvið samþykkis“ í handbók samþykkta fyrirtækisins.
2. Í þessu vottorði er þess krafist að farið sé að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í gögnum fyrirtækisins, eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í ORA-hluta, nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það hafi verið fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað.

…… ……

Útgáfudagur: Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

_____

([1]) EASA-eyðublað nr. 146, — 1. útgáfa.
([2]) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB.

III. VIÐAUKI

ATCO.OR-HLUTI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG FLUGLÆKNASETRA

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

ATCO.OR.A.001 Gildissvið

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru ákvarðaðar kröfur, sem gilda um fyrirtæki sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og um fluglæknasetur, til að fá og viðhalda vottorði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessa reglugerð.

B-KAFLI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

ATCO.OR.B.001 Umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis

a) Umsóknir um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu lagðar tímanlega fyrir lögbæra yfirvaldið svo lögbæra yfirvaldið geti metið umsóknina. Leggja skal umsóknina fram í samræmi við verklagsreglurnar sem þetta lögbæra yfirvald setur.

b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn skulu umsækjendur sýna lögbæra yfirvaldinu fram á hvernig þeir ætli að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð.

c) Í umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1) nafn og heimilisfang umsækjanda,

2) heimilisfang/heimilisföng starfsstöðva (þ.m.t., ef við á, skrá yfir flugstjórnardeildir), ef það er ekki það sama og heimilisfang umsækjandans samkvæmt a-lið.

3) Nafn og samskiptaupplýsingar:

i. ábyrgðarmanns,

ii. yfirmanns þjálfunarfyrirtækis, ef hann er annar en aðilinn í i. lið,

iii. einstaklings/einstaklinga, sem þjálfunarfyrirtækið tilnefnir sem tengiliði vegna samskipta við lögbæra yfirvaldið,

4) dagsetning sem áætlað er að hefja eða breyta starfsemi,

5) skrá yfir þær tegundir þjálfunar sem bjóða á upp á og a.m.k. eitt þjálfunarnámskeið úr hverri tegund þjálfunar sem fyrirhugað er að bjóða upp á,

6) ábyrgðarmaður skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að farið verði að viðeigandi kröfum, þar sem lýsa skal yfir að þjálfunarfyrirtækið muni ávallt fara að kröfunum,

7) ferli stjórnunarkerfis og

8) dagsetning umsóknar.

ATCO.OR.B.005 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessa reglugerð.

b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókinni eða verklagsreglur sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

c) Fyrirtækið má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ATCO.AR.A.015.

ATCO.OR.B.010 Skilmálar fyrir samþykki vottorðs þjálfunarfyrirtækis og réttindi þess

a) Þjálfunarfyrirtæki skal virða gildissvið og réttindi sem skilgreind eru í skilmálum samþykkis sem fylgir með vottorði fyrirtækisins.

b) Til að tryggja að viðeigandi kröfur í D-kafla I. viðauka (ATCO-hluta) séu uppfylltar skal aðeins veita þjálfunarfyrirtæki réttindi til að bjóða upp á deildar- og síþjálfun ef það:

1) er handhafi vottorðs vegna veitingar flugstjórnarþjónustu eða

2) hefur komist að sérstöku samkomulagi við veitanda flugumferðarstjórnar.

ATCO.OR.B.015 Breytingar á þjálfunarfyrirtæki

a) Breytingar á fyrirtækinu, sem hafa áhrif á vottorðið eða skilmála samþykkis þjálfunarfyrirtækisins eða aðra þætti í stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækisins, sem skipta máli, krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

b) Þjálfunarfyrirtækin skulu komast að samkomulagi við lögbært yfirvald sitt um breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, til viðbótar við þær breytingar sem tilgreindar eru í a-lið.

c) Fyrir allar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis, í samræmi við a- og b-lið, skal þjálfunarfyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en einhverjar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar og að breyta, ef þörf er á, vottorði þjálfunarfyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Þjálfunarfyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ATCO.AR.E.010.

Þjálfunarfyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

d) Tilkynna skal lögbæra yfirvaldinu um breytingar á þáttunum, sem um getur í a-lið, sem verða vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, án tafar til að hljóta nauðsynlegt samþykki.

e) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklaginu sem lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við ATCO.AR.E.010.

f) Þjálfunarfyrirtækin skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu ef þau hætta starfsemi sinni.

ATCO.OR.B.020 Áframhaldandi gildi

a) Vottorð þjálfunarfyrirtækis skal halda gildi sínu svo fremi að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað og þjálfunarfyrirtækið fari að kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessarar reglugerðar, með tilliti til ákvæðanna sem tengjast meðhöndlun frávika í samræmi við ATCO.OR.B.030.

b) Vottorðinu skal skilað án tafar til lögbæra yfirvaldsins ef það er afturkallað eða starfsemi er hætt.

ATCO.OR.B.025 Aðgangur að aðstöðu og gögnum þjálfunarfyrirtækis

Þjálfunarfyrirtæki og umsækjendur um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu veita öllum aðilum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins eða koma fram fyrir hönd þess, aðgang að athafnasvæðum, sem eru málinu viðkomandi, til að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna lögbæra yfirvaldsins.

ATCO.OR.B.030 Frávik

Eftir móttöku tilkynninga um frávik, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í samræmi við ATCO.AR.E.015, skal þjálfunarfyrirtækið:

a) greina frumorsök fráviksins,

b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og

c) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á innleiðingu úrbótanna, eins og það telur fullnægjandi, innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í ATCO.AR.E.015.

ATCO.OR.B.035 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Þjálfunarfyrirtækið skal framkvæma allar öryggisráðstafanir, sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við 3. lið a-liðar ATCO.AR.C.001, sem varða starfsemi þjálfunarfyrirtækisins.

ATCO.OR.B.040 Tilkynning atvika

a) Þjálfunarfyrirtæki, sem bjóða upp á starfsþjálfun á vinnustað, skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öðrum fyrirtækjum, sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([8]) og reglugerð (ESB) nr. 376/2014, sem verða vegna þjálfunarstarfsemi þeirra.

b) Tilkynningum skal skilað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að þjálfunarfyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

c) Þar sem við á skal þjálfunarfyrirtækið gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir.

d) Tilkynningarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið, skulu gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem þjálfunarfyrirtækið þekkir til, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

C-KAFLI

STJÓRNUN FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

ATCO.OR.C.001 Stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækja

Þjálfunarfyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

a) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á öryggginu,

b) að lýsa meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnunni,

c) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi þjálfunarfyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. aðgerðir til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,

d) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,

e) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,

f) aðgerð til að hafa eftirlit með því að fyrirtækið fari að viðeigandi kröfum; samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta,

g) stjórnunarkerfið skal vera í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins og starfsemi þess, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.

ATCO.OR.C.005 Útvistuð starfsemi

a) Þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að þegar einhver hluti starfsemi þess er útvistaður eða aðkeyptur þá uppfylli útvistaða eða aðkeypta starfsemin eða hluti hennar viðeigandi kröfur.

b) Þegar þjálfunarfyrirtæki útvistar einhverjum hluta starfsemi sinnar til annars fyrirtækis, sem er ekki vottað í samræmi við þessa reglugerð til að sinna slíkri starfsemi, skal fyrirtækið, sem samið er við, starfa samkvæmt skilmálum samþykkisins sem felst í vottorðinu, sem gefið er út til handa þjálfunarfyrirtækinu sem stendur að samningnum. Þjálfunarfyrirtækið, sem stendur að samningnum, skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

ATCO.OR.C.010 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu skipa ábyrgðarmann.

b) Þjálfunarfyrirtækið skal tilnefna einstakling eða einstaklinga sem bera ábyrgð á þjálfuninni. Hann eða þeir skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

c) Þjálfunarfyrirtækið skal hafa nógu marga og hæfa starfsmenn til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.

d) Þjálfunarfyrirtæki skal halda skrá yfir kennara í bóklegum greinum þar sem fram kemur viðeigandi fagleg menntun þeirra og hæfi, staðfesting á því að þeir hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu og mat á kennslutækni ásamt þeim námsgreinum sem þeir hafa réttindi til að kenna.

e) Þjálfunarfyrirtæki skulu setja verklagsreglur til að viðhalda hæfni kennara í bóklegum greinum.

f) Þjálfunarfyrirtæki skulu tryggja að kennarar í verklegri þjálfun og matsmenn ljúki upprifjunarþjálfun með fullnægjandi árangri til að framlengja gildistíma viðkomandi viðbótaráritunar.

g) Þjálfunarfyrirtæki skulu viðhalda skrá yfir einstaklinga, sem eru hæfir til að meta hæfni kennara í verklegri þjálfun og hæfni matsmanna í samræmi við ATCO.C.045, miðað við viðeigandi viðbótaráritanir þeirra.

ATCO.OR.C.015 Aðstaða og búnaður

a) Þjálfunarfyrirtækið skal hafa aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stýra öllum fyrirhuguðum verkefnum og starfsemi í samræmi við þessa reglugerð.

b) Þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að flugþjálfar uppfylli viðeigandi forskriftir og kröfur sem skipta máli fyrir verkefnið.

c) Á meðan starfsþjálfun á vinnustað fer fram skal þjálfunarfyrirtækið tryggja að starfsþjálfarinn búi yfir nákvæmlega sömu upplýsingum og einstaklingurinn, sem gengst undir starfsþjálfun á vinnustað, og hafi úrræði til að grípa tafarlaust inn í.

ATCO.OR.C.020 Skráahald

a) Þjálfunarfyrirtæki skulu halda ítarlegar skrár yfir einstaklinga, sem gangast undir eða hafa gengist undir þjálfun, til að sýna fram á að allar kröfur þjálfunarnámskeiðsins hafi verið uppfylltar.

b) Þjálfunarfyrirtæki skulu koma á og viðhalda kerfi til að skrá faglega menntun og hæfi og mat á kennslutækni kennara og matsmanna, ásamt námsgreinunum sem þeir hafa réttindi til að kenna, eftir því sem við á.

c) Geyma skal skrárnar, sem krafist er samkvæmt a- og b-lið, í a.m.k. fimm ár, samkvæmt gildandi landslögum um gagnavernd:

1) eftir að einstaklingurinn, sem gengst undir þjálfun, hefur lokið námskeiðinu og

2) eftir að kennari eða matsmaður hættir að starfa fyrir þjálfunarfyrirtækið, eftir því sem við á.

d) Ferlið við geymslu skjala, þ.m.t. snið á skránum, skal tilgreint í stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækisins.

e) Skrár skulu geymdar með öruggum hætti.

ATCO.OR.C.025 Fjármögnun og tryggingar

Þjálfunarfyrirtæki skulu sýna fram á að nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar til að bjóða upp á þjálfun samkvæmt þessari reglugerð og að starfsemin hafi nægilega tryggingavernd í samræmi við eðli þeirrar þjálfunar sem veitt er og að öll starfsemi geti farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

D-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA ÞJÁLFUNANÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUNARÁÆTLANIR

ATCO.OR.D.001 Kröfur sem varða þjálfunarnámskeið og þjálfunaráætlanir

Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa:

a) þjálfunaráætlanir og þjálfunarnámskeið sem tengjast þeirri tegund/tegundum þjálfunar sem þeir veita í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í D-kafla I. viðauka (ATCO-hluta),

b) námsgreinar og markmið námskeiða, efni og undirefni vegna viðbótaráritana í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka (ATCO-hluta),

c) matsaðferðir í samræmi við 3. lið a-liðar ATCO.D.090 og 3. lið a-liðar ATCO.D.095.

ATCO.OR.D.005 Niðurstöður prófa og mats sem og vottorð

a) Þjálfunarfyrirtæki skal gera niðurstöður prófa og mats aðgengilegar umsækjanda og, samkvæmt beiðni hans, gefa út vottorð með þessum niðurstöðum.

b) Þjálfunarfyrirtækið skal gefa út vottorð þegar grunnþjálfun, eða réttindaþjálfun vegna útgáfu viðbótaráritunar, hefur verið lokið með viðunandi árangri.

c) Aðeins skal gefa út vottorð, að beiðni umsækjanda, um að undirstöðuþjálfun hafi verið lokið ef viðkomandi hefur lokið öllum viðfangsefnum, efnum og undirefnum í 2. viðbæti I. viðauka og ef umsækjandinn hefur staðist öll próf og mat sem þeim tengjast.

E-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FLUGLÆKNASETUR

ATCO.OR.E.001 Fluglæknasetur

Fluglæknasetur skulu beita ákvæðum ORA.GEN-kafla og ORA.AeMC-kafla VII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 ([9]) þegar:

a) skipta á út öllum tilvísunum í 1. flokk með tilvísunum í 3. flokk og

b) skipta á út öllum tilvísunum í MED-hluta með tilvísunum í ATCO.MED-hluta.

———————

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 100, 5.4.2012, bls. 1).

IV. VIÐAUKI

ATCO.MED-HLUTI

LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FLUGUMFERÐARSTJÓRA

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Almennt

ATCO.MED.A.001 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan hluta merkir „lögbært yfirvald“:

a) að því er varðar fluglæknasetur (AeMC):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er, tilnefnir,

2) Flugöryggisstofnunin ef fluglæknasetrið er í þriðja landi.

b) að því er varðar fluglækna (AME):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglækna er, tilnefnir,

2) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um vottorð, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi.

ATCO.MED.A.005 Gildissvið

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru settar kröfur um:

a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem krafist er til að neyta réttinda skírteinis flugumferðarstjóra eða skírteinis flugumferðarstjóranema, að undanskildum kennurum á flugþjálfa, og

b) vottun fluglæknis til að gefa út 3. flokks heilbrigðisvottorð.

ATCO.MED.A.010 Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „viðurkennt læknisfræðilegt mat“: niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af skírteinisyfirvaldi, hafa komist að í tilteknu tilviki á grundvelli viðmiðana, sem eru hlutlægar og án mismununar, í samráði við sérfræðinga í flugrekstri eða aðra sérfræðinga, eins og þörf krefur, og þ.m.t. mat á rekstraráhættu,

b) „mat á flugheilbrigði“: niðurstaðan varðandi heilbrigði umsækjanda, sem byggist á mati á heilsufarssögu umsækjandans og flugheilbrigðisskoðunum, eins og gerð er krafa um í þessum hluta, og frekari skoðunum og læknisrannsóknum eins og þörf krefur,

c) „flugheilbrigðisskoðun“: athugun, þreifing, ásláttur, hlustun eða aðrar rannsóknaraðferðir sem einkum eru notaðar til að ákvarða að viðkomandi sé nógu heilbrigður til að neyta réttinda skírteinis,

d) „augnsérfræðingur“: augnlæknir eða sérfræðingur í augnumhirðu sem hefur starfsréttindi til sjónmælinga og hefur hlotið þjálfun í að greina sjúkdómsástand,

e) „rannsókn“: mat á mögulegu sjúkdómsástandi hjá umsækjanda með skoðunum og prófunum til að ákvarða hvort heilsufarsástand sé til staðar eða ekki,

f) „skírteinisyfirvald“: lögbært yfirvald þess aðildarríkis sem gaf út skírteinið, eða þar sem einstaklingur sækir um skírteini, eða, þegar einstaklingur hefur enn ekki sótt um skírteini, lögbæra yfirvaldið í samræmi við þennan hluta,

g) „takmörkun“: skilyrði, sem skráð er í heilbrigðisvottorð, sem fara skal eftir þegar neytt er réttinda skírteinis,

h) „sjónlagsgalli“: sjónlag mælt í þeim ás augans sem mest frávik hefur og er mælt með stöðluðum aðferðum í ljósbrotseiningum (e. *dioptres*),

i) „alvarlegt/marktækt: tiltekið heilsufarsástand sem myndi koma í veg fyrir að unnt sé að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

ATCO.MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta

Allir einstaklingar sem koma að flugheilbrigðisskoðunum, -mati og -vottorðum skulu tryggja að þagnarskylda heilbrigðisstétta sé ávallt virt.

ATCO.MED.A.020 Skert heilbrigði

a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta réttinda skírteina sinna ef:

1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,

2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti,

3) þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) Að auki skulu handhafar 3. flokks heilbrigðisvottorðs, án ástæðulausrar tafar og áður en þeir neyta réttinda skírteinis síns, leita ráða fluglæknis ef þeir:

1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

3) hafa orðið fyrir alvarlegum líkamsmeiðslum sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,

4) hafa glímt við hvers konar alvarleg veikindi sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,

5) eru barnshafandi,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu,

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

Í slíkum tilvikum skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn meta heilbrigði handhafa skírteinis eða flugumferðarstjóranema og skal skera úr um getu viðkomandi til að neyta réttinda sinna áfram.

ATCO.MED.A.025 Skyldur fluglæknasetra og fluglækna

a) Við framkvæmd flugheilbrigðiskoðunar og -mats, eins og krafist er samkvæmt þessum hluta, skal fluglæknasetur eða fluglæknir:

1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) gera umsækjandanum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,

3) tilkynna skírteinisyfirvaldi ef umsækjandinn veitir ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,

4) tilkynna skírteinisyfirvaldi ef umsækjandinn dregur til baka umsókn sína um heilbrigðisvottorð á einhverju stigi ferlisins.

b) Að lokinni flugheilbrigðisskoðun og -mati skal fluglæknasetrið og fluglæknirinn:

1) upplýsa umsækjandann um það hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur eða vísa honum til skírteinisyfirvaldsins,

2) upplýsa umsækjandann um allar takmarkanir sem settar eru á heilbrigðisvottorðið og

3) upplýsa umsækjandann um rétt hans til að fá ákvörðunina endurskoðaða ef hann hefur verið metinn sem ekki hæfur og

4) leggja skýrslu án tafar fyrir skírteinisyfirvaldið sem er undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti og sem inniheldur ítarlegar niðurstöður flugheilbrigðiskoðunarinnar og -matsins vegna heilbrigðisvottorðsins ásamt afriti af umsóknareyðublaðinu, skoðunareyðublaðinu og heilbrigðisvottorðinu og

5) upplýsa umsækjandann um ábyrgð hans ef um er að ræða skert heilbrigði eins og tilgreint er í ATCO.MED.A.020.

c) Fluglæknasetur og fluglæknar skulu halda skrár yfir upplýsingar um flugheilbrigðiskoðanir og -mat, sem framkvæmd eru í samræmi við þennan hluta, og yfir niðurstöður sínar í a.m.k. 10 ár eða eins lengi og kveðið er á um í landslöggjöf, ef það tímabil er lengra.

d) Fluglæknasetur og fluglæknar skulu framsenda allar flugheilbrigðisskrár og -skýrslur og allar aðrar viðeigandi upplýsingar til læknisfræðilegra sérfræðinga lögbæra yfirvaldsins, sé þess óskað, vegna:

1) heilbrigðisvottorðs,

2) eftirlitsstarfsemi.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um heilbrigðisvottorð

ATCO.MED.A.030 Heilbrigðisvottorð

a) Umsækjendur um og handhafar skírteinis flugumferðarstjóra eða skírteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa 3. flokks heilbrigðisvottorð.

b) Skírteinishafi skal aldrei hafa nema eitt heilbrigðisvottorð í einu, útgefið í samræmi við þennan hluta.

ATCO.MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð

a) Umsóknir um heilbrigðisvottorð skulu vera með því sniði sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

b) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu láta fluglæknasetrinu eða fluglækninum í té:

1) sönnun um hverjir þeir eru,

2) undirritaða yfirlýsingu:

i. um læknisfræðileg atriði sem varða heilsufarssögu þeirra,

ii. um hvort þeir hafi áður sótt um heilbrigðisvottorð eða gengist undir flugheilbrigðiskoðun vegna heilbrigðisvottorðs og, ef svo er, hjá hverjum og með hvaða niðurstöðu,

iii. um hvort þeir hafi einhvern tímann verið metnir ekki hæfir eða að heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið tímabundið fellt úr gildi eða afturkallað.

c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun á heilbrigðisvottorði skulu umsækjendur framvísa síðasta heilbrigðisvottorði sínu í fluglæknasetrinu eða hjá fluglækninum áður en viðeigandi flugheilbrigðisskoðanir fara fram.

ATCO.MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) Aðeins skal gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð þegar flugheilbrigðisskoðunum og -mati, sem gerð er krafa um, er lokið og umsækjandi hefur verið metinn hæfur.

b) Fyrsta útgáfa:

Fluglæknasetur skal gefa út fyrsta 3. flokks heilbrigðisvottorð.

c) Framlenging og endurnýjun:

Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu framlengja eða endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð.

d) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skulu aðeins gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð ef:

1) umsækjandinn hefur látið þeim í té alla heilsufarssögu sína og, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn fer fram á það, niðurstöður flugheilbrigðisskoðana og -prófana sem framkvæmdar hafa verið af lækni umsækjandans eða öðrum sérfræðilæknum og

2) fluglæknasetrið eða fluglæknirinn hefur framkvæmt mat á flugheilbrigði, sem byggist á flugheilbrigðisskoðunum og -prófunum, eins og gerð er krafa um, til að sannreyna að umsækjandinn uppfylli allar viðeigandi kröfur þessa hluta.

e) Ef um er að ræða vísun máls getur fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða skírteinisyfirvaldið farið fram á að umsækjandinn gangist undir frekari heilbrigðisskoðanir og rannsóknir þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi áður en heilbrigðisvottorð er gefið út, framlengt eða endurnýjað.

f) Skírteinisyfirvald má gefa út eða endurútgefa heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, ef:

1) um er að ræða vísun máls,

2) það hefur komið auga á að nauðsynlegt sé að leiðrétta upplýsingarnar á vottorðinu en í slíku tilviki skal afturkalla ranga heilbrigðisvottorðið.

ATCO.MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) Gildistími

1) 3. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda í 24 mánuði.

2) Gildistími 3. flokks heilbrigðisvottorða styttist í 12 mánuði fyrir handhafa vottorðs sem hafa náð 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð, sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð, fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 41 ára aldri.

3) Gildistími heilbrigðisvottorðs, þ.m.t. allar tengdar skoðanir eða sérstakar rannsóknir, skal:

i. ákveðinn eftir aldri umsækjanda á þeim degi sem flugheilbrigðisskoðunin fer fram og

ii. reiknaður út frá dagsetningu flugheilbrigðisskoðunarinnar, ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá deginum sem fyrra heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi, ef um er að ræða framlengingu.

b) Framlenging

Flugheilbrigðiskoðun og -mat vegna framlengingar heilbrigðisvottorðs mega fara fram allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi.

c) Endurnýjun

1) Uppfylli handhafi heilbrigðisvottorðs ekki ákvæði b-liðar skal gerð krafa um flugheilbrigðiskoðun og -mat vegna endurnýjunar.

2) Ef heilbrigðisvottorðið hefur fallið úr gildi fyrir:

i. minna en tveimur árum skal framkvæma venjubundna flugheilbrigðiskoðun vegna endurnýjunar,

ii. meira en tveimur árum má fluglæknasetrið eða fluglæknirinn aðeins framkvæma flugheilbrigðiskoðun vegna endurnýjunar eftir að flugheilbrigðisskýrslur umsækjandans hafa verið metnar,

iii. meira en fimm árum gilda kröfur um flugheilbrigðisskoðanir að því er varðar fyrstu útgáfu og skal matið byggt á kröfunum um framlengingu.

ATCO.MED.A.046 Tímabundin ógilding eða afturköllun heilbrigðisvottorðs

a) Við afturköllun heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess tafarlaust skila heilbrigðisvottorðinu til skírteinisyfirvaldsins.

b) Við tímabundna ógildingu heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess skila heilbrigðisvottorðinu til skírteinisyfirvaldsins þegar yfirvaldið óskar eftir því.

ATCO.MED.A.050 Vísun

Ef umsækjanda um 3. flokks heilbrigðisvottorð er vísað til skírteinisyfirvalda í samræmi við ATCO.MED.B.001, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn til skírteinisyfirvaldsins.

B-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA

1. ÞÁTTUR

Almennt

ATCO.MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum

a)Takmarkanir í 3. flokks heilbrigðisvottorðum:

1) Ef umsækjandinn uppfyllir ekki að fullu kröfurnar um 3. flokks heilbrigðisvottorð, en er ekki talinn líklegur til tefla því í tvísýnu að hann geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn:

   i. vísa ákvörðun um heilbrigði umsækjandans til skírteinisyfirvalds, eins og tilgreint er í þessum kafla, eða

   ii. hvað varðar tilvik þar sem vísun til skírteinisyfirvalds er ekki tilgreind í þessum kafla, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun eða takmörkunum, eftir því sem þörf krefur.

2) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkun án þess að vísa umsækjanda til skírteinisyfirvaldsins.

b) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg skal sérstaklega skoða:

1) hvort viðurkennt læknisfræðilegt mat gefi til kynna að þrátt fyrir að umsækjandinn uppfylli ekki allar tölulegar kröfur eða aðrar kröfur við sérstakar aðstæður sé ólíklegt að hann tefli því í tvísýnu að hann geti neytt réttinda skírteinis síns með öruggum hætti

2) reynslu umsækjanda sem skiptir máli fyrir fyrirhugaða starfrækslu.

c) Starfrækslutakmarkanir

1) Lögbæra yfirvaldið skal í samstarfi við veitanda flugleiðsöguþjónustu ákvarða viðeigandi starfrækslutakmarkanir í því tiltekna starfræksluumhverfi sem um er að ræða.

2) Aðeins skírteinisyfirvald skal setja viðeigandi starfrækslutakmarkanir á heilbrigðisvottorðið.

d) Setja má aðrar takmarkanir á handhafa heilbrigðisvottorðs, ef farið er fram á það, til að tryggja að réttinda skírteinis sé neytt með öruggum hætti.

e) Allar takmarkanir, sem settar eru á handhafa heilbrigðisvottorðs, skulu tilgreindar í vottorðinu.

2. ÞÁTTUR

Læknisfræðilegar kröfur sem varða 3. flokks heilbrigðisvottorða

ATCO.MED.B.005 Almennt

Umsækjendur skulu lausir við eftirfarandi sem gæti valdið skerðingu á starfshæfni þeirra og komið í veg fyrir að þeir geti innt af hendi skyldur sínar með öruggum hætti eða valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti:

1) galla, meðfædda eða áunna,

2) virka, dulda, bráða eða langvinna sjúkdóma eða fötlun,

3) sár, meiðsli eða afleiðingar aðgerðar,

4) verkanir eða aukaverkanir lyfs hvort sem því hefur verið ávísað eða það er fengið án lyfseðils og hvort sem það er ætlað til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika.

ATCO.MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

a) Skoðun

1) Tekið skal staðlað 12-leiðara hjartalínurit í hvíld og skýrsla samin í kjölfar skoðunar í tengslum við fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs og síðan:

i. á fjögurra 4 ára fresti þar til 30 ára aldri er náð,

ii. við allar skoðanir í tengslum við framlengingu eða endurnýjun eftir það og

iii. þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

2) Framkvæma skal ítarlegt hjarta- og æðamat:

i. við fyrstu skoðun í tengslum við framlengingu eða endurnýjun eftir að 65 ára aldri er náð,

ii. á fjögurra ára fresti eftir það og

iii. þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

3) Áætla skal magn lípíða í sermi, þ.m.t. kólesteróls, við skoðun í tengslum við fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

b) Hjarta- og æðakerfi — almennt

1) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna, fyrir skurðaðgerð,

ii. marktæk starfræn frábrigði í einhverri af hjartalokunum eða einkenni þar að lútandi,

iii. hafa farið í hjartaígræðslu eða hjarta-/lungnaígræðslu.

2) Vísa skal umsækjendum með staðfesta sögu um eða greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi, til skírteinisyfirvalds áður en hægt er að meta þá hæfa:

i. útslagæðasjúkdóm, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna eftir skurðaðgerð,

iii. slagæðargúlp í kviðarholshluta ósæðar, neðan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

iv. afbrigðileika í hjartalokum sem hefur litla starfræna þýðingu,

v. afturbati eftir skurðaðgerð á hjartalokum,

vi. galla í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartaþeli,

vii. meðfæddan hjartagalla, fyrir eða eftir lagfæringu með skurðaðgerð,

viii. endurtekin æðavíkkunaraðsvif,

ix. segamyndun í slagæð eða bláæðum,

x. lungnablóðrek,

xi. hjarta- og æðasjúkdóm sem krefst kerfistengdrar meðferðar með segavarnarlyfi.

c) Blóðþrýstingur

1) Blóðþrýstingur skal mældur við hverja skoðun.

2) Blóðþrýstingur umsækjanda skal vera innan eðlilegra marka.

3) Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef:

i. þeir hafa lágþrýsting með einkennum eða

ii. blóðþrýstingur þeirra við skoðun er stöðugt yfir 160 mm Hg slagbilsþrýstingi og/eða 95 mm Hg þanbilsþrýstingi, með eða án meðferðar.

4) Við upphaf lyfjameðferðar við blóðþrýstingsstjórnun skal kveða á um tímabundið mat á vanhæfni til að ganga úr skugga um að ekki sé um að ræða neinar alvarlegar hliðarverkanir.

d) Kransæðasjúkdómur

1) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. kransæðasjúkdóm með einkennum,

ii. einkenni um kransæðasjúkdóm sem haldið er niðri með lyfjum.

2) Vísa skal umsækjendum með eitthvað af eftirtöldu til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir hjartarannsókn til að útiloka blóðþurrð í hjartavöðva áður en hægt er að meta þá hæfa:

i. grun um blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. einkennalausan, minni háttar kransæðasjúkdóm sem ekki þarfnast meðferðar.

3) Vísa skal umsækjendum með sögu eða greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi, til skírteinisyfirvalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn áður en hægt er að meta þá hæfa:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðastíflu,

iii. enduræðun og fóðrun vegna kransæðasjúkdóma.

e) Truflun á slætti eða leiðni

1) Vísa skal umsækjendum um 3. flokks heilbrigðisvottorð, sem hafa marktækar truflanir á hjartaleiðni eða hjartslætti, öðru hverju eða stöðugt, til skírteinisyfirvalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa. Þessar truflanir fela í sér eftirfarandi:

i. truflanir á ofanslegilstakti, þ.m.t. gúls- og gáttartruflanir, hvort sem þær koma fyrir öðru hverju eða stöðugt, gáttatif og/eða -flökt og einkennalaus gúlsstöðvun,

ii. algert vinstra greinrof,

iii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 2,

iv. hraðslátt með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd,

v. slegilforörvun,

vi. einkennalausa lengingu á QT-bilinu,

vii. Brugada-heilkenni (kemur í ljós á hjartariti).

2) Umsækjendur með einhver af sjúkdómseinkennunum, sem talin eru upp í i.-viii. lið, má meta hæfa ef ekki er um neinn annan galla að ræða, sbr. þó að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðum:

i. ófullkomið vinstra greinrof,

ii. fullkomið hægra greinrof,

iii. stöðugt vinstra öxulfrávik,

iv. einkennalausan skútahægslátt,

v. einkennalausan skútahraðtakt,

vi. einkennalaus, einangruð og einsleit aukaslög ofan slegils eða frá slegli (e. *supra-ventricular/ventricular ectopic complexes*),

vii. gáttasleglarof, fyrsta stig,

viii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 1.

3) Vísa skal umsækjendum með sögu um eitthvað af eftirtöldu til skírteinisyfirvalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa:

i. brottnámsmeðferð,

ii. ígræðslu á gangráði.

4) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. gúls- og gáttarsjúkdóm með einkennum,

ii. fullkomið gáttasleglarof,

iii. lengingu á QT-bilinu með einkennum,

iv. sjálfvirkt, ígræðanlegt hjartastuðtæki,

v. gangráð til að stöðva sleglahraðslátt.

ATCO.MED.B.015 Öndunarfæri

a) Umsækjendum með alvarlega skerðingu á lungnastarfsemi skal vísað til skírteinisyfirvalds vegna mats á flugheilbrigði. Viðkomandi verður metinn hæfur þegar lungnastarfsemi er aftur orðin eðlileg og telst fullnægjandi.

b) Skoðun

Krafa er gerð um próf á lungnastarfsemi við fyrstu skoðun og ef klínískar ábendingar gefa tilefni til þess.

c) Umsækjendur, sem hafa sögu um eða staðfesta greiningu á asma sem krefst lyfjameðferðar, skulu fara í öndunarfæraskoðun sem skilar fullnægjandi niðurstöðum. Meta má umsækjanda hæfan ef hann er einkennalaus og meðferð hefur ekki áhrif á öryggi.

d) Vísa skal umsækjendum með sögu um eða staðfesta greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirtöldu, til skírteinisyfirvalds og skulu þeir fara í öndunarfæraskoðun sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa:

1) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum,

2) virku sarklíki,

3) loftbrjósti,

4) kæfisvefnsheilkenni,

5) meiri háttar brjóstholsaðgerð,

6) langvinnum lungnasjúkdómi,

7) lungnaígræðslu.

ATCO.MED.B.020 Meltingarkerfið

a) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans, sem líklegt er að valdi vanhæfni til starfa, einkum allar hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar, skulu ekki metnir hæfir.

b) Umsækjendur skulu vera fullkomlega lausir við kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til vanhæfni til starfa.

c) Meta má umsækjendur hæfa sem hafa truflanir í meltingarkerfinu, þ.m.t. þær sem taldir eru upp í 1.–5. lið, sbr. þó fullnægjandi mat á meltingarfærum að lokinni árangursríkri meðferð eða fullum bata eftir skurðaðgerð:

1) ítrekaðar meltingartruflanir sem þarfnast lyfjameðferðar,

2) brisbólga,

3) gallsteinar með einkennum,

4) staðfest greining á eða saga um langvinna bólgusjúkdóma í þörmum,

5) eftir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans, þ.m.t. skurðaðgerð sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra.

ATCO.MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi

a) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlatruflanir má meta hæfa, með fyrirvara um að sýnt hafi verið fram á að ástandið sé stöðugt og mat á flugheilbrigði hafi farið fram sem skilaði fullnægjandi niðurstöðum.

b) Sykursýki

1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlíns skal ekki meta hæfa.

2) Vísa skal öllum umsækjendum með sykursýki, sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum, til skírteinisyfirvaldsins. Meta má umsækjanda hæfan ef hægt er að sýna fram á að búið sé að ná stjórn á blóðsykrinum og hann sé stöðugur.

ATCO.MED.B.030 Blóðsjúkdómar

a) Fluglæknir eða fluglæknasetur skal taka ákvörðun um blóðprófun, ef þörf er á henni, með tilliti til heilsufarssögu og í kjölfar læknisskoðunar.

b) Umsækjendum með blóðsjúkdóm, s.s.:

1) blóðstorknunar-, blæðinga- eða segamyndunarröskun,

2) langvinnt hvítblæði,

3) óeðlilegan blóðrauða, þ.m.t. en ekki einskorðað við blóðleysi, rauðkornafjölgun eða blóðrauðakvilla,

4) marktæka eitlastækkun,

5) miltisstækkun,

skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Meta má umsækjanda hæfan, sbr. þó fullnægjandi mat á flugheilbrigði.

c) Umsækjendur sem þjást af bráðahvítblæði skulu ekki metnir hæfir.

ATCO.MED.B.035 Þvag- og kynfæri

a) Þvagrannsókn skal vera hluti af öllum heilbrigðisskoðunum. Í þvaginu skulu ekki vera nein efni sem benda til sjúkdóma.

b) Umsækjendur með einhverjar eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra, sem eru líklegar til að valda vanhæfni til starfa, einkum hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.

c) Umsækjendur með röskun í þvag- og kynfærum, s.s.:

1) nýrnasjúkdóm,

2) einn eða fleiri þvagfærasteina,

má meta hæfa, sbr. þó að rannsókn á nýrum/þvagfærum skili fullnægjandi niðurstöðum.

d) Umsækjendur sem hafa gengist undir:

1) meiri háttar skurðaðgerð á þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu þessara líffæra eða

2) meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum,

skal vísað til skírteinisyfirvalds til að gangast undir mat á flugheilbrigði eftir að fullum bata er náð áður en hægt er að meta þá hæfa.

ATCO.MED.B.040 Smitsjúkdómar

a) Vísa skal umsækjendum, sem eru HIV-jákvæðir, til skírteinisyfirvaldsins og má meta þá hæfa, með fyrirvara um fullnægjandi mat sérfræðings og að því tilskildu að skírteinisyfirvaldið hafi fullnægjandi sannanir fyrir því að tilskilin meðferð komi ekki í veg fyrir að réttinda skírteinis sé neytt með öruggum hætti.

b) Umsækjendum sem sýna einkenni smitsjúkdóma eða hafa t.d. verið greindir með:

1) bráða sárasótt,

2) virka berkla,

3) smitandi lifrarbólgu,

4) hitabeltissjúkdóma,

skal vísað til skírteinisyfirvaldsins til að gangast undir mat á flugheilbrigði. Meta má umsækjendur hæfa þegar fullum bata hefur verið náð og að loknu sérfræðimati, að því tilskildu að skírteinisyfirvaldið hafi fullnægjandi sannanir fyrir því að tilskilin meðferð komi ekki í veg fyrir að réttinda skírteinis sé neytt með öruggum hætti.

ATCO.MED.B.045 Fæðinga- og kvenlækningar

a) Umsækjendur, sem farið hafa í meiri háttar kvensjúkdómaaðgerð, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir hafa náð fullum bata.

b) Meðganga

Þegar um er að ræða þungun, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn telur að skírteinishafi sé fær um að neyta réttinda sinna, skal gildistími heilbrigðisvottorðsins takmarkast við lok 34. viku meðgöngu. Skírteinishafi skal fara í flugheilbrigðiskoðun og -mat vegna framlengingar eftir að fullum bata hefur verið náð að lokinni meðgöngu.

ATCO.MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi

a) Umsækjendur skulu hafa fullnægjandi starfræn not af vöðva- og beinakerfi til að gera þeim kleift að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) Vísa skal umsækjendum með stöðug eða stigversnandi einkenni sjúkdóma, sem tengjast vöðva- og beinakerfi, eða gigtarsjúkdóma, sem líklegt er að hindri viðkomandi að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti, til skírteinisyfirvalds. Meta má umsækjanda hæfan að loknu fullnægjandi mati sérfræðings.

ATCO.MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur

a) Umsækjendur með geð- eða atferlisröskun sökum notkunar áfengis eða annarrar notkunar eða misnotkunar á geðvirkum efnum, þ.m.t. efni sem notuð eru í félagslegum tilgangi, hvort sem þeir eru háðir efnunum eða ekki, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir geta sýnt fram á að þeir hafi verið allsgáðir eða hafi hvorki notað né misnotað geðvirk efni um tíma, sbr. þó fullnægjandi geðmat að lokinni árangursríkri meðferð. Umsækjendum skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

b) Umsækjendur með geðræna kvilla, s.s.:

1) lyndisröskun,

2) hugsýki,

3) persónuleikaröskun,

4) geð- eða atferlisröskun,

skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa. Vísa skal umsækjendum til skírteinisyfirvaldsins til að gangast undir mat á heilbrigði þeirra.

c) Umsækjendur, sem hafa sögu um að hafa einu sinni eða ítrekað reynt að valda sjálfum sér skaða, skulu ekki metnir hæfir. Umsækjendum skal vísað til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.

d) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða hafa verið greindir á klíníska hátt með geðklofa, geðklofagerðaröskun, hugvilluröskun eða geðrof skulu ekki metnir hæfir.

ATCO.MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur

a) Vísa skal umsækjendum sem sýna streitueinkenni, sem líklegt er að hindri getu þeirra til að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti, til skírteinisyfirvaldsins. Aðeins má meta umsækjendur hæfa eftir að sýnt hefur verið fram á með sálfræði- og/eða geðmati að umsækjandinn hafi komist yfir streitutengdu einkennin.

b) Hægt er að krefjast sálfræðilegs mats sem hluta af, eða til viðbótar við, geðfræðilega eða taugafræðilega rannsókn sérfræðings.

ATCO.MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur

a) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða hafa verið greindir á klíníska hátt með eftirfarandi skulu ekki metnir hæfir:

1) flogaveiki, að undanskildum tilvikum skv. 1. og 2. lið b-liðar,

2) ítrekaðar truflanir á meðvitund án þekktrar orsakar,

3) sjúkdómsástand þar sem miklar líkur eru á truflun á heilastarfsemi.

b) Vísa skal umsækjendum með staðfesta sögu um eða sem hafa verið greindir á klíníska hátt með eitthvert af eftirfarandi sjúkdómsástandi til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir frekara mat áður en hægt er að meta þá hæfa:

1) flogaveiki, án þess að fá flog eftir fimm ára aldur,

2) flogaveiki, án þess að fá flog og án meðhöndlunar í meira en tíu ár,

3) flogaveikileg frábrigði á heilalínuriti og staðbundnar hægar bylgjur,

4) ágenga eða stöðuga sjúkdómi í taugakerfinu,

5) eitt atvik þar sem truflun verður á meðvitund eða viðkomandi missir meðvitund,

6) áverka á heila,

7) meiðsli á mænu eða úttaugum,

8) kvilla í taugakerfinu vegna æðaskemmda, þ.m.t. atvik þar sem um er að ræða blæðingar og blóðþurrð.

ATCO.MED.B.070 Sjónkerfi

a) Skoðun

1) Ítarleg augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðun sem skal framkvæmd með reglulegu millibili með hliðsjón af sjónlagi og starfshæfni augans.

2) Venjuleg augnskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum í tengslum við framlengingu og endurnýjun.

3) Umsækjendur skulu gangast undir þrýstingsmælingu við skoðun í tengslum við fyrstu framlengingu eftir 40 ára aldur, ef klíniskar vísbendingar og fjölskyldusaga gefa tilefni til.

4) Umsækjendur skulu láta fluglæknasetri eða fluglækni í té augnskoðunarskýrslu þegar:

i. marktækar breytingar eru á starfshæfni,

ii. aðeins er hægt að uppfylla kröfur um fjarlægðarsjón með sjónglerjum til leiðréttingar.

5) Umsækjendum með mikinn sjónlagsgalla skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

b) Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án hármarksleiðréttingu, skal vera 6/9 (0,7) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri.

c) Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti, sem hafa sjón á öðru auganu eða þar sem aðeins öðru auganu er beitt, þ.m.t. jafnvægisvandamál sem tengjast augnvöðva, skulu ekki metnir hæfir. Við framlengingu eða endurnýjun má meta umsækjandann hæfan, að því tilskildu að augnskoðun sé fullnægjandi. Vísa skal umsækjandanum til skírteinisyfirvaldsins.

d) Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti, sem hafa áunna sjónskerðingu á öðru auga, skulu ekki metnir hæfir. Við framlengingu eða endurnýjun skal vísa umsækjandanum til skírteinisyfirvaldsins og má meta hann hæfan, að því tilskildu að augnskoðun sé fullnægjandi.

e) Umsækjendur skulu geta lesið N5 spjald eða jafngilt í 30–50 cm fjarlægð og N14 spjald eða jafngilt í 60–100 cm fjarlægð, ef nauðsyn krefur, með leiðréttingu,

f) Umsækjendur skulu hafa eðlilegt sjónsvið og eðlilega virkni á báðum augum.

g) Umsækjendur, sem hafa farið í augnaðgerð, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir hafa náð fullri sjón á ný. Skírteinisyfirvaldið má meta umsækjanda hæfan, sbr. þó sjónpróf sem skilar fullnægjandi niðurstöðum.

h) Umsækjendum, sem hafa verið greindir á klíniskan hátt með keiluglæru, skal vísað til skírteinisyfirvalds og má meta þá hæfa, sbr. þó rannsókn augnlæknis sem skilar fullnægjandi niðurstöðum.

i. Umsækjendur með tvísýni skulu ekki metnir hæfir.

j) Gleraugu og snertilinsur

1) Ef fullnægjandi sjón, að því er varðar skyldur sem inna á af hendi, næst aðeins með notkun leiðréttingar, skulu gleraugu eða snertilinsur veita bestu mögulegu sjón, ekki valda óþægindum og vera hentugar til notkunar við flugumferðarstjórnun.

2) Ekki skal nota fleiri en ein gleraugu þegar þau eru notuð til að neyta réttinda skírteinis til að uppfylla sjónkröfur við allar fjarlægðir.

3) Varagleraugu með sams konar leiðréttingu skulu vera við hendina þegar réttinda skírteinis er neytt.

4) Snertilinsur, sem eru notaðar þegar réttinda skírteinis er neytt, skulu vera ólitaðar einskerpulinsur og þær mega ekki vera hornhimnumótandi. Ekki skal nota snertilinsur fyrir skiptisjón.

5) Umsækjendur með mikinn sjónlagsgalla skulu nota snertilinsur eða hágæðasjóngler.

ATCO.MED.B.075 Litsjón

Umsækjendur skulu hafa eðlilegt litaskyn.

ATCO.MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur

a) Skoðun

1) Venjuleg háls-, nef- og eyrnaskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum vegna fyrstu umsóknar og í tengslum við framlengingu og endurnýjun.

2) Heyrn skal prófuð í öllum skoðunum. Við prófun á hvoru eyra skal umsækjandinn skilja venjulegt talað mál í tveggja metra fjarlægð frá fluglækninum, þegar hann snýr baki í fluglækninn.

3) Heyrn skal prófuð með heyrnarmælingu með hreinum tónum við skoðun vegna fyrstu umsóknar og síðan í skoðunum í tengslum við framlengingu eða endurnýjun á fjögurra ára fresti til 40 ára aldurs og á tveggja ára fresti eftir það.

4) Heyrnarmæling með hreinum tónum:

i. Umsækjendur um 3. flokks heilbrigðisvottorð mega ekki vera með meira heyrnartap en 35 dB við einhverjar af tíðnunum 500, 1000 eða 2000 Hz eða meira en 50 dB við 3000 Hz á hvoru eyra fyrir sig.

ii. Vísa skal umsækjendum, sem uppfylla ekki viðmið um heyrn, til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir sérfræðimat áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti skulu fara í talpróf. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun 3. flokks heilbrigðisvottorðs skulu fara í heyrnarpróf í rekstrarumhverfi.

5) Heyrnartæki:

i. Fyrsta skoðun: viðkomandi telst ekki hæfur ef hann þarf að nota heyrnartæki til að uppfylla kröfur um heyrn.

ii. Skoðun í tengslum við framlengingu og endurnýjun: meta má viðkomandi hæfan ef notkun heyrnartækis eða viðeigandi hjálpartækja bætir heyrn þannig að viðkomandi uppfylli venjulegar kröfur sem metið er við starfrænar prófanir í starfræksluumhverfi.

iii. Ef þörf er á hjálpartækjum til að uppfylla venjulegar kröfur um heyrn skal varabúnaður og fylgihlutir, t.d. rafhlöður, vera fyrir hendi þegar réttinda skírteinis er neytt.

b) Umsækjendur með:

1) virkt langvinnt sjúkdómsferli í innra- eða miðeyra,

2) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu eða hljóðhimnum,

3) röskun á jafnvægisstarfsemi,

4) marktæka aflögun eða alvarlega, langvinna sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi,

5) marktæka truflun á tali eða rödd sem dregur úr talskilningi,

skal vísað til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir frekari háls-, nef- og eyrnaskoðun og -mat til að staðfesta að ástandið komi ekki í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

ATCO.MED.B.085Húðsjúkdómafræðilegar kröfur

Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan húðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir örugga nýtingu réttinda skírteinisins.

ATCO.MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur

a) Í kjölfar greiningar á fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdómi skal umsækjendum vísað til skírteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir mat hjá krabbameinslækni sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa.

b) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða sem hafa verið greindir á klínískan hátt með illkynja heilaæxli skulu ekki metnir hæfir.

C-KAFLI

FLUGLÆKNAR (AME)

ATCO.MED.C.001 Réttindi

a) Í samræmi við þennan hluta fela réttindi fluglæknis í sér að framlengja gildistíma og endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð og framkvæma viðeigandi flugheilbrigðiskoðanir og -mat.

b) Gildissvið réttinda fluglæknis og öll skilyrði í tengslum við það skulu tilgreind á vottorðinu.

c) Handhafi vottorðs sem fluglæknir skal ekki framkvæma flugheilbrigðisskoðanir og -mat í öðru aðildarríki en því þar sem vottorð hans sem fluglæknir var gefið út, nema hann hafi:

1) fengið heimild gistiaðildarríkisins til að sinna atvinnustarfsemi sinni sem sérmenntaður læknir,

2) upplýst lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins að hann hyggist framkvæma heilbrigðisskoðanir og -mat og gefa út heilbrigðisvottorð innan gildissviðs réttinda sinna sem fluglæknir og

3) fengið upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins.

ATCO.MED.C.005 Umsókn

a) Umsóknir um vottorð fluglæknis skulu lagðar fram í samræmi við verklagsreglur sem lögbæra yfirvaldið hefur komið á.

b) Umsækjendur um vottorð fluglæknis skulu leggja eftirfarandi fram til lögbærs yfirvalds:

1) persónuupplýsingar og heimilisfang starfseminnar,

2) gögn sem sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar sem settar eru í ATCO.MED.C.010, þ.m.t. vottorð um að þeir hafi lokið námskeiðum í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sótt er um,

3) skriflega yfirlýsingu um að fluglæknirinn muni gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli krafna í þessum hluta.

c) Ef fluglæknirinn framkvæmir flugheilbrigðisskoðanir á fleiri en einum stað skal hann veita lögbæru yfirvaldi viðeigandi upplýsingar um allar starfsstöðvarnar og -aðstöðu.

ATCO.MED.C.010 Kröfur um útgáfu vottorðs fluglæknis

Umsækjendur um vottorð fluglæknis með réttindi til að framlengja gildistíma og endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð skulu:

a) vera með full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf og hafa undir höndum vottorð eða staðfestingu þess efnis að þeir hafi lokið sérnámi í læknisfræði,

b) hafa lokið grunn- og framhaldsnámsskeiðum í fluglæknisfræði með fullnægjandi árangri, þ.m.t. sérstökum einingum um mat á flugheilbrigði flugumferðarstjóra og um sérstakt starfsumhverfi innan flugumferðarstjórnar,

c) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að þeir:

1) hafi viðunandi aðstöðu, verklag, skjalahald og starfshæfan búnað, sem er viðeigandi fyrir flugheilbrigðisskoðanir, og

2) hafi ákvarðað nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta.

ATCO.MED.C.015 Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði

a) Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði skulu samþykkt af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem sá aðili sem veitir námskeiðið hefur aðalstarfsstöð sína. Sá sem veitir námskeiðið skal sýna fram á að námsefni námskeiðsins innihaldi þau námsmarkmið sem þarf til að öðlast nauðsynlega hæfni og að einstaklingarnir, sem sjá um að veita þjálfunina, hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu.

b) Námskeiðunum skal lokið með skriflegu prófi um þau viðfangsefni sem falla undir innihald námskeiðsins, nema ef um er að ræða upprifjunarþjálfun.

c) Aðilinn sem veitir námskeiðið skal gefa út vottorð til handa umsækjendum um að þeir hafi lokið námskeiðinu þegar þeir hafa staðist viðkomandi próf.

ATCO.MED.C.020 Breytingar á vottorði fluglæknis

a) Fluglæknar skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um eftirfarandi aðstæður sem gætu haft áhrif á vottorð þeirra:

1) fluglæknirinn sætir viðurlögum vegna agabrota eða er til rannsóknar hjá eftirlitsstofnun heilbrigðismála,

2) breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem veiting vottorðsins byggðist á, þ.m.t. á innihaldi þeirra yfirlýsinga sem lagðar voru fram með umsókninni,

3) kröfurnar um útgáfu vottorðs fluglæknis eru ekki lengur uppfylltar,

4) starfsstöð eða starfsstöðvar fluglæknis eða heimilisfang hefur breyst.

b) Sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkt hefur það í för með sér tímabundna sviptingu eða afturköllun á réttindum vottorðs fluglæknis á grundvelli ákvörðunar þess lögbæra yfirvalds sem tímabundna sviptingin eða afturköllun vottorðsins fellur undir.

ATCO.MED.C.025 Gildistími vottorða fluglækna

Vottorð fluglæknis skal gefið út til þriggja ára hið lengsta. Gildistími þess skal framlengdur, að því tilskildu að handhafi:

a) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skráningu sem starfandi læknir,

b) hafi gengist undir upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði og í vinnuumhverfi flugumferðarstjóra innan síðustu þriggja ára,

c) hafi framkvæmt a.m.k. 10 flugheilbrigðisskoðanir á hverju ári; lögbæra yfirvaldið má einungis fækka þessum skoðunum í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum,

d) uppfylli enn skilyrðin í vottorði sínu sem fluglæknir og

e) neyti réttinda sinna sem fluglæknir í samræmi við þennan hluta.